












# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Helgarútgáfa
23. október 2010
249. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000




**Sigrar byggja á samstöðu**
*Þórhildur Þorleifsdóttir um réttindabaráttu kvenna.*
**jafnrétti 18**

**Svíar og Finnar sáttir**
*Umræða um að ganga úr ESB hefur hljóðnað.*
**evrópusambandið 20**

**Kostulegir karakterar**
*Pétur Jóhann og Þorsteinn Bachmann í Hlemmavídeói.*
**fólk 52**

**Ný krakkasíða**
*Viðtal við Sveppa, krakkarýni, þraut og teiknimyndasaga.*
**börn 44**



3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu
Matur | Allt | Allt atvinna






**KÁTUR ÞRÖSTUR Á GREIN** Óvenju mikið var af reyniberjum í ár og þrátt fyrir að flest lauf séu farin af trjánum og vetur gangi í garð í dag eru berin enn á trjánum. Við frystingu verða berin sætari en áður svo þessi þröstur nýtti sér næturfrostið og gæddi sér á berjum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**MÆÐGIN** Þórunn ásamt sonunum Heimi Lofti, Óla Jóhannesi og nýfæddum Gunnþórssonum.

Fæðir í farartækjum:

## Hefur fætt barn í bíl og flugvél

**FÓLK** „Við náðum ekki á spítalann, það er ekki flóknara en það,“ segir Þórunn Hrund Óladóttir, sem fæddi dreng fyrir utan sjúkrahúsið í Neskaupstað snemma á fimmtudagsmorgun.

Þórunn Hrund og Gunnþór Jónsson maður hennar búa á Seyðisfirði en fæðingardeild fyrir fjórðunginn er aðeins í Neskaupstað. Ferðalagið tekur um hálfa aðra klukkustund og fara þarf yfir þrjá fjallvegi.

Ljósmóðir frá Eskifirði var með í för og tók hún á móti drengnum, sem er þriðja barn Þórunnar og Gunnþórs.

Fyrsta barn hjónanna fæddist líka á Norðfirði og til stóð að annað barnið fæddist á Akureyri en kom í heiminn í flugvélinni á leiðinni þangað. - þeb

# Sést henda hnífnum í sjóinn

**Gunnar Rúnar Sigurþórsson náðist á myndband við Hafnarfjarðarhöfn þegar hann henti í sjóinn hnífnum sem hann notaði til að bana Hannesi Helgasyni örskömmu áður. Varðhald yfir honum var framlengt í gær.**

**DÓMSMÁL** Myndband sem sýnir Gunnar Rúnar Sigurþórsson henda hnífi í smábátahöfnina í Hafnarfirði er meðal rannsóknargagna vegna manndrápsins í Hafnarfirði í ágúst. Hann mun þá hafa verið að koma beint af heimili Hannesar Þórs Helgasonar eftir að hafa orðið honum að bana. Myndbandið er úr eftirlitsmyndavél við höfnina.

Gunnar Rúnar var úrskurðaður í áframhaldandi gæsluvarðhald í Héraðsdómi Reykjaness til 19. nóvember í gær.

Guðrún S. Arnardóttir, lögmaður Gunnars Rúnars sagði í gær að endanleg niðurstaða úr lífsýnum, sem send hefðu verið til Svíþjóðar, lægi enn ekki fyrir. Einnig segir hún beðið eftir niðurstöðu geðrannsóknar, svo og krufningaskýrslunnar. Hvort tveggja þyrfti að kynna fyrir Gunnari Þór. Fyrr sé ekki hægt að ljúka rannsókn.

Gunnar Þór hefur játað að hafa orðið Hannesi Þór að bana. Hann var yfirheyrður af lögreglu skömmu eftir að Hannes fannst látinn en var sleppt að lokinni yfirheyrslu. Hann gekk laus í tæplega tíu daga, en var handtekinn aftur og úrskurðaður í gæsluvarðhald 27. ágúst.

Lögreglan lagði hald á skó Gunnars Rúnars í fyrra skiptið sem hann var handtekinn. Í ljós kom að reynt hafði verið að þrífa blóð af þeim. Þá passaði skófarið við skófar sem fannst á heimili Hannesar eftir að honum hafði verið ráðinn bani.

jss@frettabladid.is.


**Hrekkjavaka nálgast!**
**Hræðilegt úrval af hryllilegum vörum**
Yfir 600 hrekkjavökuvörur í vefverslun okkar
www.partybudin.is




Faxafeni 11 • sími 534 0534

Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!




Skörun blaðalesturs að meðaltali á dag, mán.-lau., höfuðborgarsvæðið 18-49 ára. – Heimild: Blaðakannanir Capacent maí - júlí 2010.

FJÖLSKYLDUDAGUR SENU Í DAG



TÓNLEIKAR Í VETRARGARÐINUM OG OPIÐ HÚS Í SMÁRABÍÓI

SJÁ OPNU Í BLAÐINU

sena

## SPURNING DAGSINS



*Arnar, er þetta ekki bara enn ein bólan?*

„Jú, þetta er enn ein bólan sem kemur og fer.“

Veirusýking sem nefnist sláturbóla virðist hafa herjað í óvenju miklum mæli á starfsfólk í sláturhúsum í haust. Veiran er í vessum innan í sauðfé sem slátrað er. Arnar Þór Guðmundsson er yfirlæknir á heilsugæslunni á Selfossi.

Vinstri græn með málefnaþing um utanríkismál:

# Hópur vildi draga aftur ESB-umsókn

**STJÓRNMÁL** Málefnaþing Vinstri grænna um utanríkismál hófst í gær þar sem mál tengd umsókn Íslands í Evrópusambandið voru meðal þess sem brann á fólki.

Í fundinum kom hópur félagsmanna á framfæri áskorun á forystu flokksins um að draga umsóknina til baka, en annars voru utanríkismál rædd almennt.

Að sögn Árna Þórs Sigurðarsonar, þingmanns og formanns utanríkisnefndar, voru mjög góðar umræður á fundinum.

„Þetta þing er í sjálfu sér ekki stofnun innan flokksins og enginn ályktunarvettvangur, Við erum aðallega að reyna að tala saman með faglegum og málefnalegum hætti.“



**FUNDAÐ Í VG** Árni Þór Sigurðsson segir Vinstri græna hafa rætt saman á faglegan og málefnalegan hátt.

Þing þetta er hluti af röð þinga þar sem flokksmenn hittast og ræða ákveðin málefni. Umhverfismál voru á oddinum fyrir tveimur vikum, og í upphafi næsta árs verða velferðarmál og og jafnréttismál rædd.

„Við erum að taka þessar meginstoðir flokksins til umfjöllunar,“ sagði Árni, en á næsta ári verður landsfundur Vinstri grænna.

Þingið heldur áfram á morgun og lýkur með kynningu á niðurstöðum hópavinnu. - þj

29 ára karlmaður lést í slysi:

# Lét lífið í slysi í Ríga í Lettlandi

**LETTLAND** Íslenskur karlmaður, 29 ára að aldri, lést af slysförum í Ríga í Lettlandi í gær. Maðurinn, sem var í ferð með vinnufélögum sínum, var einn á ferð í miðborg Ríga þegar slysið varð, en samkvæmt upplýsingum fréttastofu Stöðvar 2 virðist hann hafa fengið raflost frá spennustöð.

Sendiherra Íslands í Finnlandi fer með málið og mun aðstoða lögregluna við rannsókn á tildrögum slyssins. Maðurinn lætur eftir sig unnustu. Ekki er hægt að greina frá nafni hans að svo stöddu. - shá



**LEIDDUR FYRIR DÓMARA** Mennirnir tveir voru í gær leiddir fyrir dómara.

Dóp- og fjársvikamál:

# Framlengt á fjársvikamenn

**DÓMSMÁL** Gæsluvarðhald var framlengt til 5. nóvember yfir tveimur karlmönnum í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Mennirnir sitja inni vegna rannsóknar lögreglu á umfangsmiklum svikum á virðisaukaskatti.

Upphaflega voru sex handteknir vegna málsins. Fimm af þeim eru nú lausir. Sá sem þarf að sitja lengur í gæsluvarðhaldi er starfsmaður ríkisskattstjóra. Hinn sem gæsluvarðhald var framlengt yfir er karlmaður á fertugsaldri, sem úrskurðaður var í gæsluvarðhald fyrr í mánuðinum. Sá hlaut fyrr á þessu ári sex mánaða fangelsisdóm fyrir hlutdeild sína í kannabisræktun. stjóra. - jss

Ísraelskir landtökumenn:

# Byggja fjórum sinnum hraðar

**ÍSRAEL, AP Ísraelskir landtökumenn byggja fjórum sinnum hraðar nú en þeir gerðu áður en tíu mánaða framkvæmdabann var lagt á þá.**

**Síðan bannið rann úr gildi í síðasta mánuði hafa landtökumenn hafið byggingu á 600 nýjum íbúðum. Framkvæmdirnar stefna friðarviðræðum í voða, því Palestínumenn hafa ítrekað sagt að þeir geti ekki tekið þátt í viðræðum nema framkvæmdir landtökumanna verði stöðvaðar á meðan. Þeir segja framkvæmdahraðann sýna að Ísraelum sé ekki alvara með friðarviðræðum.** - gb



**Í ÖRUGGRI HÖFN** Gunnar Tryggvason kyssir hér á kollinn á Daníel litla. Úlfhildur Leifsdóttir, eiginkona Gunnars, heldur á drengnum í fangi sínu. MYNDIR/HABEROKU.NET



**KVEÐJUSTUND** Hjúkrunarfræðingurinn Sevdu Köse gaf þeim stutta brjóst á sjúkrahúsinu. Hún segist ávallt hugsa til Daníels með hlýju.



**MÁLIÐ VEKUR ATHYGLI** Hér heldur ræðismaður Íslands, Esat Kardicali, á Daníel litla á fjölmennum blaðamannafundi. Sá stutti lætur sér fátt um finnast.

# Daníel litli kominn í faðm fjölskyldunnar

**Móðurbróðir Daníels Ernis segir vel hafa verið hugsað um drenginn eftir að hann missti foreldra sína í slysi á miðvikudag. Fjölskyldan hugar að heimferð.**

**TYRKLAND** Daníel Ernir Jóhannsson, rúmlega sex mánaða gamall sonur hjónanna sem létust í bílslysi í Tyrklandi, er kominn í faðm fjölskyldu sinnar. Gunnar Tryggvason, móðurbróðir Daníels litla, segir greinilegt að drengurinn hafi notið góðs atlætis eftir slysið á miðvikudag.

Foreldrar drengsins, þau Jóhann Árnason og Dagbjört Þóra Tryggvadóttir, létust bæði í slysinu. Bíll þeirra lenti framan á sendibíl sem kom akandi úr gagnstæðri átt. Daníel var fyrst um sinn á sjúkrahúsi í bænum Mugla en ræðismaður Íslands og eiginkona hans tóku við honum eftir það.

Í fyrrakvöld komu Gunnar, eiginkona hans, föðurafi og amma til Tyrklands og fengu hann í sínar hendur. Í samtali við fréttastofu Stöðvar 2 segir Gunnar það hafa verið ánægjulega stund. Hann vildi sérstaklega koma á framfæri þökkum til utanríkisráðuneytisins og ræðismannshjónanna sem hann sagði hafa hjálpað fjölskyldunni mikið.

Gunnar segir að fjölskyldan geti jafnvel komið heim strax á sunnudag. Hann segir að framtíð Daníels litla sé björt þrátt fyrir allt, enda eigi hann marga góða að. - bl, shá

Andstaða við frumvarpsdrög:

# Mannréttindi og öryggi skert

**FÓLK Persónuvernd leggst gegn áformum heilbrigðisráðuneytisins um að leggja að mestu af aðkomu stofnunarinnar að leyfisveitingum til aðgangs að sjúkraskrám.**

**Frumvarpsdrög frá ráðuneytinu gera ráð fyrir því að verulega verði dregið úr opinberu eftirliti með framkvæmd vísindarannsókna þar sem unnið sé með viðkvæmar persónuupplýsingar. „Reynslan af núverandi fyrirkomulagi við leyfisveitingar vegna vísindarannsókna á heilbrigðissviði er góð og ekkert liggur fyrir um hvers vegna þurfi að draga úr mannréttindum á þessu sviði. Verði drögin að lögum er hætta á að öryggi borgaranna skerðist og að einkalífsvernd verði fyrir borð borin,“ segir í umsögn Persónuverndar.** - gar

Formaður ASÍ endurkjörinn:

# Öruggur sigur Gylfa í kjörinu

**FÉLAGSMÁL** Gylfi Arnbjörnsson var endurkjörinn formaður Alþýðusambands Íslands á ársfundi sambandsins í gær, en hann bar sigurorð af Guðrúnu J. Ólafsdóttur sem bauð sig fram á móti honum.



**GYLFI ARNBJÖRNSSON**

Gylfi vann öruggan sigur þar sem hann hlaut tæp 73 prósent atkvæða gegn 27 prósentum Guðrúnar, en um 350 fulltrúar sátu fundinn. Í ávarpi sínu þakkaði Gylfi fyrir traustið sem fundarmenn sýndu honum. Signý Jóhannesdóttir var kjörin varaformaður sambandsins, en Guðrún J. Ólafsdóttir bauð sig einnig fram gegn henni. - þj




Borgarferð

Berlín á tilboðsverði!

5.–8. nóvember 2010

Fararstjóri: Eirik Sördal

Verð á mann í tvíbýli:

74.500 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting á Hotel Park Inn í þrjár nætur með morgunverði og íslensk fararstjórn.

Nánari upplýsingar á expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Express ferðir

Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express


Fjölbreytt afþreyingarefni í boði á einum öflugasta fréttavef landsins:

# Nýr og endurbættur Vísir.is í loftið

**TÆKNI** Nýr og endurbættur vefur Vísis.is fór í loftið í gær, en um er að ræða töluverða breytingu frá fyrri vef, þar sem nú er áhersla ekki aðeins á öfluga miðlun frétta heldur hefur afþreying þar veigameiri sess.

Á Vísi er nú aðgengilegt á einum stað mikið af því efni sem verður til á hverjum degi hjá öllum fjölmiðlum 365 miðla, meðal annars Fréttablaðinu, Stöð 2, Stöð 2 Sport, Bylgjunni, FM957 og X-inu.

Sérstök áhersla er á miðlun sjónvarpsefnis sem Freyr Einarsson, ritstjóri Vísis og Stöðvar 2 segir í meiri gæðum en áður, auk þess sem eigendur Apple-tölva geta einnig horft á sjónvarpsefnið.

Þá verður í boði á Vísi mikið af gömlu og nýju efni úr 24 ára sögu Stöðvar 2, þar á meðal nýjum þáttum eins og Steinda jr, Spaugstofunni og Hlemmavídeó.

„Við erum líka fyrsti íslenski fjölmiðillinn sem býður upp á fréttir, íþróttir og sjónvarpsefni fyrir farsíma og iPad,“ segir Freyr.

Aðspurður sagði hann að takmarkið væri að bæta þjónustu við lesendur. „Vísir er mjög öflugur miðill með um 280.000 notendur í viku hverri og við erum aðallega að einbeita okkur að því að bæta þjónustuna við þennan stóra hóp.“ - þj



**NÝR VEFUR** Ari Edwald forstjóri 365 miðla kynnti nýjan vísi.is við hátíðlega athöfn í gær. Fréttablaðið/Valli





DAGSKRÁIN
LAUGARDAG

**kl:12:00**
**Skoppa og Skrítla**
skemmta krökkunum

**kl:14:00**
**Ingó veðurguð**
spilar og syngur með krökkunum



# JÓLALANDIÐ

## OPNAR Í DAG Í BLÓMAVALI SKÚTUVOGI

*Blómaval um land allt*





HAUSTLAUKAR
**RÝMINGARSALA**
**40%**
**AFSLÁTTUR**

## KRAKKAFJÖR ALLA HELGINA!

í Skútuvogi



KL. 12:00-16:00
**ALLIR KRAKKAR FÁ ÓKEYPIS ÍS OG LATABÆJARVATN!**

**ALLIR KRAKKAR FÁ AÐ KLAPPA KANÍNUM HJÁ DÝRARÍKINU.**





BLÓMVÖNDUR
**990kr**





ÖLL
LEIKFÖNG
**20%**
**AFSLÁTTUR**

**blómaval**
*heillandi heimur*

Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær - Dalvík

## GENGIÐ XX.XX.XXX

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 112,04 | 112,58 |
| Sterlingspund | 175,78 | 176,64 |
| Evra | 155,84 | 156,72 |
| Dönsk króna | 20,896 | 21,018 |
| Norsk króna | 19,142 | 19,254 |
| Sænsk króna | 16,800 | 16,898 |
| Japanskt jen | 1,3802 | 1,3882 |
| SDR | 175,92 | 176,96 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
207,3695

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

KSÍ setti Víkingum í Ólafsvík úrslitakosti og bærinn verður að borga sjö milljónir:

# Byggi stúku eða spili leiki utanbæjar

**SNÆFELLSBÆR** Bæjarfulltrúar í Snæfellsbæ telja að Knattspyrnusamband Íslands hafi stillt bæjarfélaginu upp við vegg þannig að ekki sé umflúið að bærinn styrki byggingu 350 manna stúku í Ólafsvík um sjö milljónir króna.

„Í ljósi þess að KSÍ gerir kröfu um að stúku þessari verði komið upp og fullreynt er talið að þeirri ákvörðun verði ekki breytt af þeirra hálfu, sem í raun er óskiljanlegt miðað við það efnahagsástand sem nú ríkir í landinu, er um fátt annað að ræða en að bæjarsjóður komi að þessu máli með knattspyrnudeildinni. Að öðrum kosti fær Víkingur ekki að leika heimaleiki sína í Ólafsvík,“ segir í bókun minnihluta bæjarstjórnar, J-listans, á síðasta bæjarstjórnarfundi. „Það er okkar skoðun að þessum peningum væri betur varið í margvísleg málefni tengd íþrótta- og æskulýðsmálum í bæjarfélaginu,“ bókaði J-listinn áfram. Fulltrúar meirihluta Sjálfstæðisflokks sögðust taka „heilshugar“ undir bókun J-listans. Allir bæjarfulltrúarnir samþykktu að styðja stúkubygginguna sem samtals á að kosta 21 milljón króna. Byggingafyrirtækið Nesbyggð leggur fram sjö milljónir króna og KSÍ greiðir þær sjö milljónir sem eftir standa. - gar



**STUÐNINGSMENN VÍKINGS** Víkingur í Ólafsvík komst upp í 1. deild í sumar og náði í undanúrslit bikarkeppninnar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Vefsíðan Wikileaks:

# Boðar birtingu fleiri leyniskjala

**BRETLAND, AP Wikileaks hefur boðað birtingu fjölmargra leyniskjala í dag, sem talin eru tengjast hernaði Bandaríkjanna í Írak.**

**Ekkert hefur verið staðfest um það hvers konar skjöl verða birt. Á vegum Bandaríkjahers hafa sérfræðingar unnið að því hörðum höndum að fara í gegnum skjölin, sem talið er að verði birt, til að búa sig undir birtinguna og skipuleggja hvernig herinn bregðist við. Anders Fogh Rasmussen, framkvæmdastjóri NATO, sagðist í gær telja þetta óheppilegt. - gb**

Aðgerðir á Akureyri:

# Hætt að bjóða börnum í sund

**AKUREYRI Hætt verður að bjóða börnum að fara ókeypis í sund á Akureyri og gjaldskrá í Hlíðarfjalli verður hækkuð á næstunni.**

**Þetta verður gert til að mæta auknum kostnaði íþróttaráðs Akureyrar. Ráðið reiknar með því að fara rúmum fjórutíu milljónum fram úr fjárhagsáætlun næsta árs. Meiri hluti íþróttaráðs samþykkti því þessar hækkanir og segist velja þann kost frekar en að skerða þjónustustig í sundlauginni og í Hlíðarfjalli. - þeb**

## LEIÐRÉTTING



Röng mynd birtist með grein sem Haraldur L. Haraldsson hagfræðingur skrifaði fyrir hönd Hagsmunasamtaka heimilanna í blaðið í gær. Hún var af nafna hans, athafnamanni kenndum við Andra. Rétt mynd fylgir hér.

## ÁRÉTTING

Að gefnu tilefni skal áréttað að í aðsendri grein lögfræðings félagsþjónustu Kópavogs, Ingibjargar Gunnlaugsdóttur, í Fréttablaðinu í gær er ekki verið að lýsa skoðunum bæjaryfirvalda í Kópavogi heldur persónulegri skoðun greinarhöfundar, að því er segir í tilkynningu frá Guðrúnu Pálsdóttur, bæjarstjóra Kópavogs. Í greininni er gagnrýnd skipan formanns barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Bæjaryfirvöld í Kópavogi bera hins vegar fullt traust til borgaryfirvalda í þessum efnum. Samstarf um þennan mikilvæga málaflokk hefur ávallt verið gott og svo mun verða áfram.

# Skotárásir í Malmö vekja óhug meðal innflytjenda

**Allt að fimmtán manns af erlendum uppruna hafa orðið fyrir skotárás í Malmö. Lögreglan er gagnrýnd fyrir hægagang við rannsókn málsins. „Þetta vekur ótta og öryggisleysi,“ segir íslenskur prestur í Malmö.**

**SVÍÞJÓÐ** Undanfarið ár hefur óþekktur byssumaður skotið á allt að fimmtán manns í Malmö. Síðast í fyrrakvöld var skotið á tvær konur inn um glugga í heimahúsi.

Málið hefur að vonum vakið óhug meðal íbúa í Malmö. Ein kona hefur látið lífið, en margir særst alvarlega.

Ljóst þykir að útlendingahatur stjórnar árásarmanninum, en stór hluti íbúa borgarinnar er af erlendum uppruna. Maðurinn er talinn vera 20 til 40 ára og vel kunnugur borginni.

Líklegast þykir að maðurinn sé einn að verki.

Hann lætur oftast til skarar skríða þegar kvölda tekur og virðist vera búinn að skipuleggja sig þannig að hann eigi jafnan örugga flóttaleið. Hann velur sér oft fórnarlömb á strætisvagnabiðstöðvum, þar sem fáir eru á ferli. Árásunum hefur fjölgað síðustu daga og vikur.

Lögreglan í borginni hefur fengið til liðs við sig Eiler Augustsson, rannsóknarlögreglumann frá Stokkhólmi, sem átti stóran þátt í að upplýsa svipað mál fyrir nærri tveimur áratugum.

Lögreglan gekk lengi vel út frá því að þessar skotárásir, sem allar beindust að karlmönnum af erlendum uppruna, væru tengdar glæpagengjum.

Nýjasta árásin var frábrugðin hinum, því nú voru það tvær konur sem urðu fyrir skotum og þær voru þar að auki staddar í heimahúsi þegar skotið var á þær inn um glugga. Lögreglan segist þó ekki vera viss um að þar hafi sami maður verið að verki.

Nítján ára piltur, sem handtekinn var í vikunni fyrir skotárás í borginni, er heldur ekki grunaður um að tengjast hinum árásunum.

Ragnhildur Jónasdóttir, prestur í sænsku kirkjunni í Malmö, segir fólk aðeins á allra síðustu dögum hafa farið að átta sig á því að þarna væri líklega um einn og sama manninn að ræða.

„Við höfum ekkert orðið vör við þetta í daglegu lífi okkar og nánasta umhverfi,“ segir Ragnhildur. Hún er prestur í St. Pauli-kirkjunni sem er miðsvæðis í borginni.

Nokkrar skotárásanna voru gerðar í næsta nágrenni kirkjunnar, og sú síðasta átti sér stað í sama hverfi og húsvörður kirkjunnar býr í. „Að frétta það færir þetta allt saman nær okkur.“

Lögreglan hefur verið gagnrýnd nokkuð fyrir að upplýsa fólk ekki fyrr um þann grun sinn að þarna væri hugsanlega einn og sami maðurinn að verki.

„Satt að segja held ég að lögreglan hefði verið svolítið virkari í þessu ef þetta hefðu verið venjulegir Svíar. Þeir hafa haldið að þetta væru glæpagengi innflytjenda og þess vegna ekki sett rannsókn þessa máls í forgang,“ segir Ragnhildur. „Lögreglan er samt loksins farin að rannsaka þetta almennilega og upplýsa almenning, og það er gott því þetta veldur ótta og öryggisleysi, einkum meðal innflytjenda. Fólk þorir ekki orðið að ganga úti, sérstaklega ekki á kvöldin.“

gudsteinn@frettabladid.is




**LÖGREGLAN Á VETTVANGI Í FYRRAKVÖLD** Ekki þykir öruggt að skotárás á tvær konur inn um glugga í heimahúsi tengist hinum skotárásunum. NORDICPHOTOS/AFP

## Leysigeislamaðurinn í Stokkhólmi

Fyrir tæpum tveimur áratugum lék lausum hala í Stokkhólmi og Uppsölum maður að nafni John Ausonius, sem skaut á fólk úti á götu. Flest fórnarlömbin voru innflytjendur, og þykja skotárásirnar í Malmö nú líkjast mjög því sem þá gerðist. Ausonius hæfði ellefu manns á tímabilinu frá ágúst 1991 fram í janúar 1992. Einn lét lífið en hinir særðust alvarlega. Hann náðist loks í júní 1992 og var dæmdur í ævilangt fangelsi tveimur árum síðar. Hann var nefndur leysigeislamaðurinn vegna þess að hann notaði skotvopn með miðunarbúnaði, þannig að rauðum leysigeisla sást jafnan bregða fyrir rétt áður en hann hleypti af.




## VEÐURSPÁ



Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

**SVÖL HELGI** Í dag og á morgun verður svalt í veðri og bjart með köflum. Vindur verður skaplegur og búast má við éljagangi, einkum við strendur norðantil. Á mánudaginn dregur til tíðinda, þá kemur lægð upp að landinu með heldur hlýrra loft, vind og vætu.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 22° |
| Basel | 16° |
| Berlín | 10° |
| Billund | 10° |
| Frankfurt | 12° |
| Friedrichshafen | 14° |
| Gautaborg | 9° |
| Kaupmannahöfn | 9° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 12° |
| Mallorca | 22° |
| New York | 16° |
| Orlando | 30° |
| Ósló | 5° |
| París | 9° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | 4° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Sigmundur Halldórsson sigmundur@frettabladid.is ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Henný Árnadóttir henny@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Bjarni Þór Sigurðsson bthor@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir sigurlaug@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is


SKAPAÐU HLÝLEIKA HEIMA
20% kynningar afsláttur
Ljósaseríur
aldrei meira úrval
frábær verð!
3 erikur eða callunur
790kr
50% afsláttur
Haustlaukaútsala
Amerísku jólatrén
úrvalið er í Garðheimum
endast ár eftir ár!
7rósabúnt
895kr
Krúttleg kjúklingasúpa
með heimabökuðu brauði
850kr
Heitt súkkulaði
með rjóma eða ís
spíran.
um helgina
GARÐHEIMAR
heimur skemmtilegra hluta og hugmynda
Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is

## KJÖRKASSINN



*Ertu hlynnt(ur) einkarekinni heilbrigðisþjónustu?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 35,4% |
| NEI | 64,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Viltu að tekin verði upp kennsla í heimspeki í grunnskóla?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Róbert Wessman höfðar mál gegn Novator og krefst 4,6 milljarða króna:

# Wessman í mál við Björgólf

**VIÐSKIPTI** Athafnamaðurinn Róbert Wessman hefur höfðað mál gegn Novator, fyrirtæki Björgólfs Thors Björgólfssonar, og krefst 4,6 milljarða króna.

Róbert var forstjóri Actavis, áður Delta, frá árinu 1999 til ársins 2008. Róbert og Björgólfur Thor hafa deilt um ástæður þess að Róbert hætti en Björgólfur Thor hefur sagt að áætlanir hafi ekki staðist og því hafi Róbert verið vikið úr starfi. Róbert hefur haldið því fram að hann hafi sjálfur viljað hætta.

Róbert hefur nú höfðað mál gegn Novator Pharma Holding og Novator Pharma í Lúxemborg, dótturfélögum Novator, fjárfestingarfélags Björgólfs Thors, vegna vangreiddrar árangurstengdrar þóknunar, samkvæmt stefnu sem fréttastofa Stöðvar 2 hefur undir höndum.

Ragnhildur Sverrisdóttir, talsmaður Björgólfs Thors, segir að engar forsendur hafi verið til að greiða árangurstengdar greiðslur til Róberts þar sem þær byggðust á árangri sem ekki náðist. Hún segir hins vegar að Róbert sé skuldugur bæði Actavis og Björgólfi Thor. **- þþ**



**NÁNIR SAMSTARFSMENN** Deilur Róberts og Björgólfs Thors hafa staðið lengi en eru með stefnu Róberts komnar á nýtt og alvarlegra stig. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Toyota viðurkennir fleiri galla:

# Innkallar meira en milljón bíla

**JAPAN, AP** Japanski bílaframleiðandinn Toyota hefur ákveðið að innkalla 1,53 milljónir bifreiða vegna galla. 740 þúsund þessara bifreiða eru í Japan, 599 þúsund í Bandaríkjunum, en hinar í Evrópuríkjum og víðar um heim.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Toyota hefur þurft að innkalla seldar bifreiðar vegna galla, en undanfarið ár hefur fyrirtækið kallað inn meira en tíu milljónir bifreiða.

Gallarnir núna tengjast bremsuvökva og eldsneytisdælu. **- gb**

Salan á Sjóvá á lokastigi:

# Búið að semja um verðið

**VIÐSKIPTI Sala á stórum hlut í tryggingafélaginu Sjóvá er á lokastigi. Samið var um verð og framkvæmd á afhendingu hlutabréfa í sumar og er aðeins eftir að undirrita kaupsamning. Kaupendur funduðu með eigendum Sjóvár í Seðlabankanum í gær. Fundað verður aftur í næstu viku.**

**„Viðræður hafa gengið vel,“ segir Heiðar Már Guðjónsson, fjárfestir sem fer fyrir hópi fjárfesta í kaupunum. Á meðal þeirra eru Ársæll Valfells, lífeyrissjóðir, og Arion banki. Heiðar vildi ekki tjá sig um verðið sem samið hafi verið um né ástæðu þess að málið hafi dregist.** **- jab**

Fjöldi fólks hefur látist:

# Kólerufaraldur brýst út á Haítí

**HAÍTÍ** Mikill fjöldi fólks hefur látist vegna kóleru á Haítí undanfarna daga. Yfir 1500 manns hafa sýkst.

Heilbrigðisstarfsmenn og forseti landsins hafa staðfest kólerufaraldur norðan við höfuðborgina Port-au-Prince. Forsetinn René Préval segir að ríkisstjórn hans vinni að því að útbreiðsla sjúkdómsins verði heft. Óttast hefur verið að faraldur af þessu tagi brytist út allt frá því jarðskjálfti reið þar yfir í janúar. Þetta er í fyrsta sinn í heila öld sem kólerufaraldur brýst út í landi í eða við karabíska hafið. **- þeb**


## Sanngirnisbætur Innköllun

(Síðari birting)

Í samræmi við ákvæði laga nr. 47/2010 um sanngirnisbætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög nr. 26/2007 og tóku gildi hinn 28. maí 2010, hefur sýslumann-inum á Siglufirði verið falið að gefa út innköllun, fara yfir kröfur og gera þeim sem eiga rétt á bótum skriflegt sáttaboð. Skal sýslumaður eftir því sem kostur er fjalla samtímis um allar kröfur er lúta að sama heimilinu.

Á grundvelli þessa er nú kallað eftir kröfum frá þeim sem dvöldu á:

**Vistheimilinu Breiðavík**

Hér með er skorað á alla þá sem dvöldu á vistheimilinu Breiðavík einhvern tíma á árabilinu 1952-1979 og urðu þar fyrir illri meðferð eða ofbeldi sem olli varanlegum skaða, að lýsa kröfu um skaðabætur fyrir undirritaðri fyrir 27. janúar 2011. Kröfu má lýsa á eyðublaði sem er að finna á vefnum www.sanngirnisbætur.is og hjá tengiliði vegna vistheimila.

Allar kröfur skulu sendar sýslumanninum á Siglufirði, Gránugötu 4-6, 580 Siglufirði.

**Verði kröfu ekki lýst fyrir 27. janúar 2011 fellur hún niður.**

Bent er á að unnt er að leita aðstoðar tengiliðar vegna vistheimila við framsetningu og skil á bótakröfu. Aðstoð tengiliðar er að kostnaðarlausu. Skrifstofa tengiliðar er að Tryggvagötu 19, 101 Reykjavík. Sími tengiliðar er 545 9045.

Siglufirði 22. október 2010
Ásdís Ármannsdóttir sýslumaður



**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft…




**SEGIR EKKI MEIR** Baldur vildi ekki tjá sig meira um sakarefnin en svo að lýsa sig saklausan. Hann er sakaður um hafa nýtt sér innherjaupplýsingar til að forða rúmum 192 milljónum, bundnum í hlutabréfum, frá því að brenna upp í hruninu. FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

# Ég lýsi mig saklausan

**Ákæra á hendur Baldri Guðlaugssyni fyrir innherjasvik var þingfest í gær. Hann mætti í fyrsta sinn fyrir dóminn og kvaðst saklaus en vildi ekki tjá sig frekar.**

**DÓMSMÁL** „Ég lýsi mig saklausan,“ sagði Baldur Guðlaugsson, fyrrverandi ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, þegar ákæra á hendur honum fyrir innherjasvik var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gærmorgun.

Málið hefur nokkrum sinnum verið tekið fyrir en þetta var í fyrsta sinn sem Baldur mætir. Með honum í för var Karl Axelsson, verjandi hans. Björn Þorvaldsson frá embætti sérstaks saksóknara sækir málið. Þetta er annað málið sem fer fyrir dóm eftir rannsókn sérstaks saksóknara.

Baldur er ákærður fyrir að hafa búið yfir innherjaupplýsingum þegar hann seldi hlutabréf í Landsbankanum fyrir rúmar 192 milljónir rétt fyrir bankahrun. Baldri er gefið að sök að hafa öðlast þessar innherjaupplýsingar á sex fundum samráðshóps Seðlabankans um fjármálastöðugleika frá miðju ári 2008. Degi áður en hann seldi bréfin sat hann fund þar sem skýrt kom fram að það væri ekki ætlun stjórnvalda að bjarga hluthöfum banka og annarra fyrirtækja, að því er segir í ákæruskjali.

Guðjón St. Marteinsson héraðsdómari innti Baldur eftir afstöðu hans til ákærunnar og eftir að Baldur lýsti yfir sakleysi sínu spurði Guðjón hvort hann vildi svara frekar, lið fyrir lið, þeim ásökunum sem birtast í ákærunni. „Ég ætla ekki að fara að tjá mig að öðru leyti,“ svaraði Baldur.

Verjandinn Karl Axelsson óskaði eftir átta vikna fresti til að skila greinargerð um málið. Dómari taldi það allt of langan tíma og sæst var á sex vikna frest. Málið verður því næst tekið fyrir 10. desember. Þá verður greinargerð verjanda lögð fram og vitnalistar samþykktir.

Guðjón sagðist eiga eftir að taka afstöðu til þess hvort dómurinn yrði fjölskipaður eða hvort sérfræðingar yrðu fengnir til að setjast í dóminn. Aðeins einu sinni áður hefur verið dæmt í máli vegna innherjasvika. Þá var ákærði sýknaður.

stigur@frettabladid.is

**Vanur réttarsölum**

Þrátt fyrir að Baldur hafi ekki mætt fyrir dóminn í eigin máli fyrr en í gær er hann síður en svo óvanur því að sitja í réttarsal.

Baldur er lögfræðingur að mennt og starfaði sjálfstætt sem slíkur í 22 ár. Á þeim tíma rak hann fjölda mála fyrir dómi. Áður starfaði hann fyrir Vinnuveitendasambandið.

Hann var ráðinn ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu árið 2000.

Einn fjögurra í gæsluvarðhaldi hefur komið við sögu vegna fíkniefnamáls.

# Grunaðir um framleiðslu á marijúana og amfetamíni

**LÖGREGLUMÁL** Karlmennirnir fjórir, sem handteknir voru í fyrradag vegna rannsóknar lögreglu á framleiðslu fíkniefna, eru grunaðir um að hafa bæði framleitt amfetamín og marijúana.

Einn mannanna hefur áður komið við sögu hjá lögreglu hér vegna fíkniefnamáls.

Mennirnir voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald til 4. nóvember að kröfu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Þeir eru allir litháískir ríkisborgarar á þrítugs- og fertugsaldri. Þeir voru handteknir í Reykjavík og Grímsnesi í fyrradag. Rannsókn lögreglu snýr að ætlaðri framleiðslu fíkniefna, sölu þeirra og dreifingu. Við húsleitir var lagt hald á amfetamín og kókaín og mun magn hvorrar tegundar hafa verið undir kílói. Þá fundust um tvö kíló af marijúana, sem grunur leikur á að mennirnir hafi framleitt. Loks fann lögregla um sex milljónir króna í reiðufé sem er álitið að sé afrakstur fíkniefnasölu. Lögregla tók einnig í sína vörslu ýmis önnur verðmæti sem grunur leikur á að séu, minnsta kosti að hluta, þýfi, svo og tæki sem talin eru tengjast framleiðslu á amfetamíni og marijúana.



**MARIJÚANA** Mennirnir eru grunaðir um að hafa framleitt marijúana.

**- jss**




# NAUTAFILÉ MEÐ PESTÓI

*fyrir 4 að hætti Steingríms*

1 kg. nautafile/nautalund
Ítalía pestó

1 kg. nautafile/nautalund
Hitið ofn í 200 gráður. Skerið nautafile í fjórar um 250 gramma steikur. Hitið smjör á pönnu og steikið nautasteikurnar í 2 mínútur á hvorri hlið. Saltið og piprið. Setjið steikurnar inn í heitan ofninn í fimm mínútur. Takið út og leyfið kjötinu að jafna sig.

Setjið grænmetið fyrst á diskana. Þá nautasteikina og loks væna matskeið af Ítalíu pestói á hverja steik. Berið strax fram ásamt afganginum af pestóinu og grænmetinu.

KÚRBÍTS- OG RAUÐBEÐUJULIENNE
1 stór kúrbítur
2 rauðbeður
1 poki spínat
1 geiralaus hvítlaukur
1 msk gróft dijon-sinnep
1/2 dl cider edik (eða hvítvínsedik)
1 dl Ítalía ólífuolía

Maukið hvítlauk, edik, ólífuolíu og sinnep saman í matvinnsluvél eða með töfrasprota þannig að úr verði þykk "vinaigrette"-salatsósa. Saltið og piprið. Setjið í skál og geymið.
Skerið kúrbít og rauðbeður niður í "julienne"-stangir, um hálfs sentimetra breiðar og fimm sentimetra langar. Hitið vatn í potti og saltið. Þegar vatnið sýður eru kúrbítsstengurnar settar út í og síðan spínatið. Leyfið að vera í vatninu í rúmlega hálfa mínútu og hellið þá í sigti. Leyfið vatninu að renna af. Setjið volgt grænmetið í skálina með salatsósunni. Bætið rauðbeðustöngunum saman við. Hrærið öllu varlega saman.
















**Ítalía ólífuolía**
er 100% ítölsk sem þýðir að hún er eingöngu unnin úr ítölskum ólífum. Gæði þessarar olíu eru mjög góð og er hún á frábæru verði. Olíuna nota Ítalir mikið yfir allan mat eins og salöt og kjöt eða ofan á brauð í stað smjörs.




**Balsamik edik & olíur**
– hvítlauksolía, ólífuolía

**Pastasósur & tómatar**
– beint frá Ítalíu

**Pestó & tómatmauk**
– 3ja lita, rautt og grænt

**Grillað grænmeti**
– beint frá Ítalíu

**Pasta**
– þurrkað gæða pasta




**Hvítlauksosta baguette**
– nýbakað

**De Cecco pasta**
– ítalskt pasta

**Knorr tortellini**

**Pellegrino vatn**
– ítalskt

OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 24. október eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**VEISTU SVARIÐ?**



1. Eftir hvaða geimstöð nefndi Mugison nýja hljóðfærið sitt?
2. Hvaða sjúkdómur herjar á starfsfólk sláturhúsa?
3. Hver telur miðborg Reykjavíkur einn mikilvægasta stað landsins?

SVÖR

1. Mír - 2. sláturbóla - 3. Jakob Frímann Magnússon

Forstjóri Ölgerðarinnar andar léttar að lokinni fjárhagslegri endurskipulagningu:

# Nýir fjárfestar koma í Ölgerðina

**VIÐSKIPTI** „Það var mjög gott að klára þetta til að eyða allri óvissu og geta horft fram á við,“ segir Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar, en fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækisins, sem staðið hefur yfir frá í fyrra, er lokið.

Við þetta eignast fagfjárfestingasjóðurinn Auður 1, sem heyrir undir Auði Capital, 36 prósenta hlut ásamt meðfjárfestum og Arion banki fimmtungshlut ásamt því að taka yfir fasteignafélagið G7 sem hýsir starfsemi Ölgerðarinnar. Eignahlutur Andra Þórs, Októs Einarssonar, stjórnarformanns Ölgerðarinnar, og fjögurra framkvæmdastjóra fer úr hundrað prósentum í 44.



**ÖLGERÐIN** Nýir fjárfestar komu inn í hluthafahóp Ölgerðarinnar við fjárhagslega endurskipulagningu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ölgerðin og dótturfélög skulduðu rúma fimmtán milljarða króna á þarsíðasta rekstrarári, sem lauk í enda febrúar í fyrra. Þar inni í voru skuldir fasteignafélagsins G7 upp á 4,6 milljarða. Með nýju hlutafé og breytingu á erlendum lánum í krónur lækka skuldir um helming.

Andri bendir á að þrátt fyrir að gengishrunið hafi gert félaginu erfitt fyrir og eiginfjárstaðan orðið neikvæð hafi reksturinn skilað góðum tekjum og félagið aldrei lent í vanskilum. „Við vorum aldrei á gjörgæslu,“ segir hann. - jab

Héraðsdómur sýknar ríkið:

# Fær ekki bætur

**DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur hefur sýknað ríkið af einnar milljónar skaðabótakröfu manns sem handtekinn var í júlí 2007 í klúbbhúsi vélhjólasamtakanna Fáfnis og sætti síðan gæsluvarðhaldi.**

**Maðurinn var handtekinn eftir ábendingu sem lögregla fékk um að verið væri að ganga í skrokk á manni í húsinu, og sat í gæsluvarðhaldi í fjóra daga. Málið var látið falla niður tæpum tveimur árum eftir að meint árás var gerð.**

**Héraðsdómur taldi að næg efni hefðu verið til að handtaka manninn og úrskurða í varðhald.** - jss

Áfram sveiflur í kjötsölu:

# 15% aukning á sölu nautakjöts

**LANDBÚNAÐUR** Sala á nautakjöti jókst um 15,3 prósent í nýliðnum september samanborið við sama mánuð í fyrra, samkvæmt samantekt Bændasamtaka Íslands.

Á sama tíma var 5,9 prósenta samdráttur í sölu alifuglakjöts, en sýkingar hafa plagað framleiðendur fuglakjöts. Sjúkdómar hafa einnig gert framleiðendum hrossakjöts erfitt fyrir, og er samdráttur í sölu 20,2 prósent. Einnig mælist samdráttur í sölu kindakjöts, 16,8 prósent, og samdráttur í svínakjötssölu 8,9 prósent milli mánaða, þrátt fyrir að engir sjúkdómar hafi plagað þá framleiðslu. - bj



**Á ATHAFNASVÆÐI BORGAR** Bæjaryfirvöld vilja starfsemina burt.

Steypustöð á hrakhólum:

# Bærinn boðar lokun Borgar

**SVEITARSTJÓRNARMÁL Bæjaryfirvöld í Kópavogi ætla að loka Steypustöðinni Borg á Kársnesi með valdi næsta föstudag.**

**Reksturinn er sagður fara fram í óleyfi. Af honum stafi mengun auk þess sem hann fari að hluta fram á landi bæjarins. Ákalli Borgar um að starfsemi inni yrði þyrmt þar til hún verði flutt á nýja lóð í Hafnarfirði var ekki hlýtt. „Væru það undarleg örlög og í skjön við alla þjóðfélagsumræðu um þessar mundir ef þessari síðustu einkareknu steypustöð væri fórnað á síðustu metrum flutnings hennar í varanlega starfsstöð,“ sagði í bréfi Borgar til Kópavogsbæjar.** - gar



**STARAÐ Í TÓMIÐ** Á þessari mynd sést vetrarbrautin UDFy-38135539, fjarlægasta vetrarbraut sem sést hefur í alheiminum hingað til. Vetrarbrautin sást fyrst á innrauðri ljósmynd sem Hubble-geimsjónaukinn tók árið 2009. Hubble var beint á sama stað á himinhvolfinu í 48 klukkutíma til að taka myndina. Gríðarlega erfitt er að mæla fjarlægðina til svo daufrar ljósuppsprettu en það tókst evrópskum stjörnufræðingum engu síður með hjálp hins evrópska VLT ESO sem er fullkomnasti sjónauki heims. MYND/ESO

# Elsta vetrarbrautin mynduð

**Vísindamenn hafa mælt vegalengdina til fjarlægustu vetrarbrautar sem fundist hefur. Ljóstýran sem var greind með öflugustu mælitækjum heims lagði af stað átta milljörðum ára áður en jörðin varð til.**

**STJÖRNUFRÆÐI** „Þetta er fjarlægasta fyrirbæri sem sést hefur í alheiminum hingað til. Ljósið frá þessari vetrarbraut lagði af stað fyrir rúmlega þrettán milljörðum ára, nánar tiltekið aðeins um 600 milljón árum eftir Miklahvell. Það er um átta milljörðum ára áður en jörðin var til,“ segir Sævar Helgi Bragason, ritstjóri Stjörnufræðivefsins og tengiliður ESO á Íslandi, um nýjustu uppgötvun stjarnvísindanna.

Hópur evrópskra stjarnvísindamanna hefur með hjálp risavaxins stjörnusjónauka (VLT) mælt vegalengdina til fjarlægustu vetrarbrautar sem fundist hefur í alheimi. Þetta er í fyrsta sinn sem ljós frá vetrarbraut sést brjótast út úr þéttri vetnisþoku sem fyllti alheiminn í árdaga. Skýrt er frá þessum niðurstöðum í nýjasta hefti vísindatímaritsins Nature.

„Mæling á rauðviki fjarlægustu vetrarbrautar sem sést hefur hingað til er í sjálfu sér mjög spennandi en þær stjarneðlisfræðilegu ályktanir sem draga má af þessum mælingum eru enn mikilvægari,“ segir Nicole Nesvadba, einn höfunda greinarinnar. „Þetta er í fyrsta sinn sem við vitum fyrir víst að við erum að horfa á eina af þeim vetrarbrautum sem brutu upp þokuna sem fyllti alheiminn í árdaga.“

Sævar Helgi segir að uppgötvunin sýni að stjörnur og vetrarbrautir mynduðust tiltölulega stuttu eftir Miklahvell þegar alheimurinn var enn á barnsaldri. Eins segir Sævar að uppgötvunin sé tæknilegt afrek sem hefði aldrei verið mögulegt án stærstu stjörnusjónauka og öflugustu mælitækja heims.

Árið 2018 verður stjörnusjónaukinn E-ELT tekinn í notkun. „Þá verða svona uppgötvanir án efa gerðar reglulega en allar þessar rannsóknir eru liður í því að skilja hvernig alheimurinn ól okkur af sér,“ segir Sævar Helgi.

svavar@frettabladid.is




## Stjörnustöð Evrópulanda (ESO)

European Southern Observatory, stjörnustöð Evrópulanda á suðurhveli (ESO), er stærsta fjölþjóðlega stjörnustöð Evrópu og ein öflugasta stjörnustöð heims.



VERY LARGE TELESCOPE (VLF) Í CHILE

Höfuðstöðvar ESO eru í Garching nærri München í Þýskalandi. Einnig rekur ESO útibú í Santiago í Síle auk þriggja stjörnustöðva þar í landi. Í La Silla starfrækir ESO stjörnusjónauka sem skilað hefur mestum árangri í leit að reikistjörnum utan sólkerfisins. Í 2.600 metra hæð á Paranal-fjalli eru fjórir fullkomnustu stjörnusjónaukar heims, sem kallast Very Large Telescope (VLT).

VLT er röð fjögurra 8,2 metra breiðra sjónauka. Með einum þeirra hafa stjörnufræðingar náð myndum af fyrirbæri af birtustigi 30 með aðeins klukkustundar löngum lýsingartíma. Þetta fyrirbæri er fjórum milljörðum sinnum daufara en greina má með berum augum.

ESO hyggur einnig á smíði 42 metra risasjónauka, European Extremely Large Telescope eða E-ELT, sem verður „stærsta auga jarðar“.

Árlega leggja aðildarríki ESO um 135 milljónir evra til starfseminnar. Þar starfa um 700 manns.



SÆVAR HELGI BRAGASON

Kynntu þér notkun og kosti metaneldsneytis á **metan.is**.

# Metanlán

Landsbankinn býður nú hagstæð yfirdráttarlán til þeirra sem vilja breyta bílnum og skipta yfir í umhverfisvænna og ódýrara eldsneyti. Í boði er lán með hagstæðari vaxtakjörum en hefðbundið yfirdráttarlán og er lánstími til allt að 48 mánaða.

Metaneldsneyti hefur verið notað til að knýja bíla hér á landi í áratug og reynslan verið góð. Hægt er að uppfæra allar gerðir bensínbíla með beinni innspýtingu og margar gerðir dísilbíla. Ávinningurinn er margþættur:

- Umhverfisvænna eldsneyti
- 40-45% lægri eldsneytiskostnaður
- Minni hávaði frá vél
- Sömu þægindi í akstri
- Innlent eldsneyti
- Gjaldeyrissparnaður
- Græn atvinnustarfsemi
- Aukið orkuöryggi

Landsbankinn vill með þessu leggja sitt af mörkum til samfélagsins og komandi kynslóða.

**Nánari upplýsingar á landsbankinn.is eða í næsta útibúi.**




NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.

ENNEMM / SIA / NM44020



**KEPPT Í SVEFNI** Á Spáni fór nú í vikunni fram keppni í þeirri íþrótt að fá sér blund eftir hádegismatinn. Hver keppandi hafði tuttugu mínútur, og átti að ná sem lengstum dúr en fékk aukapunkta fyrir að hrjóta. NORDICPHOTOS/AFP

Samstaða var meðal þingmanna þriggja stærstu stjórnmálaflokkanna um að ljúka viðræðum við ESB:

# Við samningslok liggja kostirnir skýrt fyrir

**UTANRÍKISMÁL** Samstaða var um að ljúka aðildarviðræðum við Evrópusambandið (ESB) og að þingmenn kysu um niðurstöðuna, í pallborði og hjá frummælendum á nýafstaðinni morgunráðstefnu samtakanna Sterkara Ísland.

Pallborðið skipuðu Valgerður Bjarnadóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðisflokks og Katrín Jakobsdóttir, menntamálaráðherra og varaformaður Vinstri grænna. Guðlaugur og Katrín kváðust bæði á móti aðild, en Valgerður er henni fylgjandi.

Öll töldu þau mikilvægt að færa umræðu um aðild að ESB í málefnalegra horf og vinna að því að tryggja gagnsætt samningaferli. Guðlaugur Þór taldi málið líklegt til þess að skilja



**PALLBORÐIÐ** Samtökin Sterkara Ísland sem vinna að aðild Íslands að ESB stóðu fyrir fundi í Iðnó. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

eftir sig djúp sár hjá þjóðinni, sár sem gengju jafnvel þvert á flokka og fjölskyldur. Til að draga úr sárindum taldi hann skynsamlegt að setja samningaferlinu tímamörk og kvaðst vilja fá að sjá dagsetningu um hvenær kosið yrði um aðild. Þá sagðist hann óttast að forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar létu aðra hagsmuni víkja fyrir áhuga sínum á að ganga í ESB.

Í framsögu lýsti Sóley Tómasdóttir, borgarfulltrúi Vinstri grænna, efasemdum um inngöngu í ESB, en sagðist þó vilja klára ferlið sem hafið væri. „Mín skoðun er sú að betra sé að fyrir liggi samningur, enda liggi þá skýrt fyrir hverjir kostirnir eru," sagði hún.

Þá sagðist G. Valdimar Valdimarsson, formaður alþjóðanefndar Framsóknarflokksins, ekki trúa því að framsóknarmenn, sjálfstæðismenn og vinstri grænir væru tilbúnir að treysta Samfylkingu og embættismönnum fyrir ákvörðunum er vörðuðu samningsmarkmið og áherslur í íslenskum landbúnaði í komandi framtíð. **- óká**


KPMG
cutting through complexity™

Fjárhagsleg endurskipulagning fyrirtækja

Haustráðstefna KPMG
28. október / Grand Hótel

KPMG blæs til haustráðstefnu þar sem fjallað verður um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja og er leitað í þekkingar- og reynslubrunn nokkurra áhugaverðra fyrirlesara.

Ráðstefnan byrjar með hádegisverði klukkan tólf og dagskráin hefst formlega klukkan eitt. Ráðstefnugjald er 7.500 kr.

Skráning fer fram á www.kpmg.is

Dagskrá

Fjármálakreppan og aðlögun íslensks efnahagslífs
Már Guðmundsson, Seðlabankastjóri

Fjárhagsleg endurskipulagning – hvernig mætast sjónarmið fyrirtækja og kröfuhafa
Michael Dance, sérfræðingur í fjárhagslegri endurskipulagningu

Lífið eftir endurskipulagningu
Gylfi Sigfússon, forstjóri Eimskips

Reynslusaga af flóknu endurskipulagningarferli
H. Ágúst Jóhannesson, KPMG

Eru enn til staðar hindranir í endurskipulagningu og viðreisn fyrirtækja?
Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands

Pallborðsumræður
Stjórnandi: Halla Tómasdóttir, stjórnarformaður Auðar Capital

Ráðstefnustjóri
Auður Ósk Þórisdóttir, KPMG






**STELA Á NETINU** Þeir sem búa til spilliforrit í dag reyna flestir að græða á þeim peningum, til dæmis með því að stela kortanúmerum, komast inn í heimabanka eða senda ruslpóst, segir Friðrik Skúlason veirusérfræðingur. NORDICPHOTOS/AFP

# Óttast glæpi en ekki stóra tölvuárás

**Engar almannavarnir á sviði tölvumála eru til staðar á Íslandi. Sérfræðingar eru ekki á einu máli um nauðsyn þess að koma upp viðbragðshópi. Telja hættu á tölvuglæpum en litla hættu alvarlegri árás.**

**FJARSKIPTI** Íslenskum tölvunotendum stafar mun meiri hætta af skipulagðri glæpastarfsemi á netinu en skipulagðri árás sem hefði það að markmiði að setja íslensk fjarskipti á hliðina, að mati sérfræðinga í tölvuöryggismálum.

„Líkurnar á því að Ísland verði skotmark eru ekkert voðalega miklar," segir Friðrik Skúlason veirusérfræðingur.

Á undanförnum árum hefur orðið sú grundvallarbreyting að nær öll spilliforrit á borð við vírusa, orma og trójuhesta eru skrifuð af fólki sem vill nota þau til að græða peninga, segir Friðrik. Því sé afar ólíklegt að Ísland verði skotmark pólitískra tölvuþrjóta sem leggi alla áherslu á að valda hér skaða.

Kristinn Guðjónsson, hópstjóri upplýsingaöryggis hjá tölvufyrirtækinu Skyggni, tekur í sama streng, en bendir á að ákveði einhverjir aðilar að gera slíka árás á Íslandi gæti tjónið orðið verulegt.

„Glæpastarfsemin er stóra áhættan fyrir okkur," segir Kristinn. Hann segir afar erfitt fyrir íslensk fyrirtæki, sem séu lítil á heimsmælikvarða, að verja sig gegn árásum tölvuþrjóta. Vissulega séu til sérfræðingar í þessum málum hér á landi, en þeir séu hver í sínu horni.

Kristinn segir flesta sammála um nauðsyn þess að koma upp viðbragðshópi stjórnvalda hér á landi til að bregðast við tölvuárásum. Slíkum hópi mætti líkja við almannavarnir í tölvuheimum, og flest ríki séu nú þegar með slíka hópa starfandi, þar með talið hin Norðurlöndin.

Viðbragðsteymin geta aðstoðað fyrirtæki þegar þau verða fyrir tölvuárásum og samhæft aðgerðir með fjarskiptafyrirtækjum og öðrum til að hrinda árásum.

Friðrik segist ekki sannfærður um að þörf sé á slíkum viðbragðshópi. Sannarlega geti ekki skaðað að koma slíkum hópi á fót, en hvort það væri peninganna virði sé annað mál. Trúlega sé það svipað og með tryggingar, í sumum tilvikum reynist þær tímasóun en í öðrum nauðsynlegar.

Friðrik segir minni líkur á að þörf verði fyrir slíkan hóp hér en í nágrannalöndunum, og á meðan tölvuárásir þar séu ekki vandamál sé ólíklegt að svo verði hér.

**brjann@frettabladid.is**

## Kúgun á netinu

Glæpamenn í netheimum beita oft kunnuglegum aðferðum við að hafa fé af fólki, segir Friðrik Skúlason veirusérfræðingur. Sumir gera álagsárás á vef fyrirtækis í skamma stund, og bjóða svo fyrirtækinu vernd fyrir frekari árásum, gegn greiðslu. Það er svipað aðferðum glæpagengja sem hóta íkveikju ef verndargjald er ekki greitt.




**MALENE koja**
Góð koja sem hægt er að skipta í 2 sjálfstæð rúm. Fæst sem hvítlökkuð fura og lökkuð fura. Fæst í tveimur stærðum. Dýnustærð: B70 x L190 sm. B90 x L200 sm. Verð með botnum.

**BASIC F10 svampdýna**
Með slitsterku áklæði og góðum, stinnum svampkjarna. Stærð: 70 x 190 sm. 7 sm. þykk dýna.

**1 stk. MALENE koja, verð:..................... 29.950,-**
**2 stk. BASIC F10 svampdýna, verð:.... 13.980,-**
**Samtals:....................................................43.930,-**
**Tilboðsverð:.............................................. 29.930,-**
**Þú sparar:................................................ 14.000,-**



**KOJA + 2 stk. DÝNUR = 29.930,-**

# AÐEINS ÓDÝRARI!

**TILBOÐIN GILDA 23.10-24.10**




**GLORIA borðstofustóll**
Glæsilegur borðstofustóll með PU áklæði.
FULLT VERÐ: 7.995,-
**4.995,-**




ST. 90 x 200 SM. FULLT VERÐ: 49.950,-
**29.950,-**

**DREAM ZONE PLUS B20 boxdýna**
Afbragðsgóð, miðlungsstíf dýna. Í efra lagi eru 250 pokagormar pr. m$^2$ og í neðra lagi eru 150 BONELL gormar pr. m$^2$. Innifalið í verði er 4 sm. þykk og góð yfirdýna. Slitsterkt áklæði úr bómull/polyester. Grindin er úr sterkri, ofnþurrkaðri furu. Verð án fóta. Verð á fótum frá: **4.995,-**



**Lampi með stækkunargleri**
Frábært hjálpartæki!
Flott fyrir þá sem stunda fluguhnýtingar, útsaum eða fyrir safnarana.
Nýtist einnig vel fyrir eldri lesendur sem þurfa góða birtu og stækkunargler við lestur.

SPARIÐ
500

VERÐ ÁÐUR: 2.995,-
**2.495,-**




VERÐ ÁÐUR: 1.495,-
**995,-**

**DELUX koddi**
Góður koddi á frábæru verði!
Fylling: polyester kúlutrefjar.
Þyngd: 600g. Má þvo á 60°C.




VERÐ ÁÐUR: 1.295,-
**895,-**

**Vettlingar, húfur og lambhúshettur fyrir börnin**
Margar gerðir af vettlingum, skíðahönskum, húfum og lambhúshettur fyrir börnin. Margir litir og gerðir fáanlegar.




**Handklæði**
Frábær afsláttur af völdum handklæðum.
Stærðir 50x100 sm. og 70 x 140 sm.
Komið og gerið góð kaup! Fyrstir koma fyrstir fá!




**THILDE sængurverasett**
Flott sængurverasett á frábæru verði!
Stærð: 140 x 200 sm.
Koddaver: 50 x 70 sm.

VERÐ ÁÐUR: 1.995,-
**995,-**

**RÚMFATA LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
**www.rumfatalagerinn.is**




**Vasaljós/hleðslutæki**
Ótrúlega sniðugt vasaljós sem þú trekkir upp og hleður. Getur hlaðið símann þinn hvar sem er. Ótrúlega einfalt í notkun og góðar leiðbeiningar fylgja. Ómissandi í hanskahólfið í bílnum. Frábært verð!

FULLT VERÐ: 1.595,-
**995,-**

Birt með fyrirvara um prentvillur.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Til að halda í hæfustu sérfræðingana getur ríkið þurft að brjóta nýja launaþakið.

## Dýrari en forsætisráðherrann

Fréttablaðið hefur í vikunni sagt tvær fréttir af því að hætta sé á því að ekki verði hægt að manna lykilstöður opinberra starfsmanna með hæfu fólki vegna þess að betri kjör bjóðist annars staðar.

Geir Gunnlaugsson landlæknir hefur áhyggjur af að einkasjúkrahúsið, sem áform eru um að starfrækja á Ásbrú við Keflavíkurflugvöll, verði ógn við heilbrigðiskerfið vegna þess að það ráði til sín fólk úr eftirsóttum starfsstéttum, þ.e. skurðlækna, svæfingarlækna og vel menntaða hjúkrunarfræðinga. Í samtali við Fréttablaðið á fimmtudag sagði hann opinbera aðila hins vegar ekki geta stöðvað áformin, en talið er að 200-300 störf geti skapazt, verði þau að veruleika.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is



Í gær var sagt frá því að hundrað ný störf hefðu orðið til í réttarkerfinu vegna hruns bankanna. Saksóknurum, dómurum og rannsakendum hefur verið fjölgað og enn gæti þurft að bæta við. Ýmsir viðmælendur Fréttablaðsins telja að lág laun hjá ríkinu standi í vegi fyrir því að hæfustu sérfræðingarnir fáist til þessara starfa, enda eru uppgrip hjá lögfræðingum í einkageiranum. „Það er áhyggjuefni hvort opinbera launakerfið sem slíkt sé í stakk búið til að krækja í þá lögmenn sem hafa burði til að sinna þessum störfum,“ segir Róbert Spanó, forseti lagadeildar Háskóla Íslands.

Ástæða er til að hafa áhyggjur af hvoru tveggja; að hæfasta heilbrigðisstarfsfólkið fáist ekki til að manna skurðstofur og að beztu lögfræðingarnir fáist ekki til að rannsaka bankahrunið, flytja og dæma þau mál sem rata munu til dómstólanna.

Hitt er svo annað mál hvort einkarekið sjúkrahús sé fremur ógn við heilbrigðiskerfið en einkareknar lögmannsstofur við réttarkerfið. Heilbrigðiskerfið starfar einfaldlega í umhverfi, þar sem hörð samkeppni er um bezta fólkið, ekki sízt frá útlöndum. Það er eins hægt að líta svo á að einkarekið sjúkrahús á Íslandi stuðli að því að halda í landinu þekkingu, sem ella gæti flutzt til útlanda – eða laðað hingað heim lækna, sem ella störfuðu áfram erlendis.

Hins vegar þarf að gera eitthvað til að bregðast við þeim vanda að hæfasta fólkið fáist ekki í sérhæfð og erfið störf hjá ríkinu. Þar er stærsta hindrunin nú um stundir líklega hin fráleita launastefna núverandi ríkisstjórnar; að enginn opinber starfsmaður megi hafa hærri laun en forsætisráðherra.

Vissulega þarf að spara í launaútgjöldum ríkisins og ýmsar ríkisstofnanir neyðast til að fækka hjá sér starfsfólki. Sú stefna að halda launum þeirra niðri, sem geta gengið að hærri launum vísum hjá öðrum vinnuveitendum en ríkinu, hér á landi eða erlendis, endar hins vegar með því að lokum að þessir starfsmenn fara annað.

Það er kannski kominn tími til að ríkisstjórnin horfist í augu við að bæði læknar og lögfræðingar eru eftirsóttari á vinnumarkaði og þar með dýrari starfskraftar en stjórnmálamenn, jafnvel þótt þeir síðarnefndu séu með langa reynslu.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Náttúruleg vellíðan

ERTU MEÐ
VIÐKVÆMA HÚÐ?

Finnur þú fyrir þurrki í leggöngum, kláða, sveppasýkingu eða færðu sár við notkun dömubinda?
Prófaðu þá Natracare lífrænar hreinlætisvörur, án klórs, ilm- og plastefna.




natracare®
LÍFRÆNAR HREINLÆTISVÖRUR

www.natracare.is




### AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Á að þagga rökræðuna niður?

Þingmenn Heimssýnar hafa kynnt til sögunnar tvær þingsályktunartillögur sem ætlað er að hafa áhrif á aðildarumsóknina að ESB.

Fyrri tillagan gerir ráð fyrir skoðanakönnun í formi þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort afturkalla á umsóknina og þar með hætta allri umræðu. Röksemdir flutningsmanna eru þær að málið sé svo fjarstæðukennt að ástæðulaust sé að eyða í það tíma og fjármunum. Umræður séu af þeim sökum óþarfar.

Vitaskuld geta mál verið svo einföld að rök af þessu tagi eigi við.



ÞORSTEINN PÁLSSON

Hér er hins vegar um að ræða eitt viðamesta og flóknasta mál sem komið hefur á dagskrá þjóðmálanna. Því fer fjarri að allar hliðar þess hafi komið fram með þeim hætti að þjóðin geti metið rök og gagnrök í heild sinni.

Tillagan bendir til að andstæðingar Evrópusambandsaðildar telji að frekari upplýsingar, áframhaldandi umræða og samningsniðurstaða muni veikja málefnastöðu þeirra. Að öðrum kosti myndu þeir vilja halda ferlinu áfram allt til enda og rökræða málið í lokaðúningi.

Hitt er einnig áhugavert að flutningsmennirnir vilja ekki að Alþingi sjálft taki afstöðu í málinu. Þetta er eitt af mörgum dæmum um þá þróun að stjórnmálamenn kjósa fremur að þjóðin leiði þá en að þeir hafi forystu um stefnu sem þjóðin tekur síðan afstöðu til.

Ein skýringin á vantraustinu á Alþingi getur verið þessi tilhneiging þingmanna að hafa hlutverkaskipti við þjóðina um forystuskylduna.

## Bent á aðra kosti

Síðari tillagan felur í sér að teknar verði upp tvíhliða fríverslunarviðræður við Bandaríkin í stað aðildarviðræðna við ESB.

Merkilegast við þessa tillögu er að þingmenn Heimssýnar eru reiðubúnir til að opna viðræður um frjálsan innflutning á landbúnaðarvörum frá Bandaríkjunum. Þeir þurfa hins vegar að skýra út hvers vegna frjáls innflutningur á kjöti og mjólk er að þeirra mati hættulaus frá Bandaríkjunum en ógnar þjóðarhagsmunum ef hann kemur frá Evrópu.

Annað athyglisvert við þessa tillögu er að með henni fallast þingmenn Heimssýnar á að einmitt núna sé rétti tíminn til að fara í viðræður við aðrar þjóðir í þeim tilgangi að treysta pólitíska og viðskiptalega hagsmuni landsins. Fram til þessa hafa þeir hafnað Evrópuviðræðunum þar sem slíkar viðræður eigi að bíða seinni tíma með því að þjóðin eigi nú að fást við aðra mikilvægari hluti.

Með flutningi þessarar tillögu hafa andstæðingar ESB fallið frá helstu röksemd sinni gegn aðildarviðræðum nú. Það er málefnalegt og virðingarvert.

Heimssýn hefur frá öndverðu viðurkennt að aukið alþjóðlegt samstarf er Íslendingum lífsnauðsynlegt. Það má bara ekki vera við Evrópuþjóðirnar. Tvíhliða fríverslunarsamningur við Kína var um tíma mótleikurinn. Hann þykir þó ekki fýsilegur eins og á stendur. Frá pólitísku sjónarhorni hefur samningur við Bandaríkin mun jákvæðara yfirbragð.

Virða ber að þessi tilloguflutningur sýnir vilja til málefnalegrar umræðu. Á lausnum af þessu tagi eru þó veikleikar. Einn er sá að smáþjóðir hafa yfirleitt talið hagsmunum sínum betur borgið í fjölþjóðlegu samstarfi en með tvíhliða samningum við einstök ríki. Vandséð er að annað eigi við um Ísland. Annar er sá að hinn brýni gjaldmiðilsvandi verður aðeins leystur í fjölþjóðlegu myntsamstarfi sem tvíhliða fríverslunarsamningar bjóða ekki upp á.

Síðan þarf að hafa hugfast að stærð og styrkur ESB tryggir aðildarþjóðunum bestu kjör í viðskiptum bæði við Kína og Bandaríkin.

## Veikleikinn í aðildarviðræðunum

Frá upphafi hefur verið ljóst að andstaða VG við aðild að ESB myndi veikja samningsstöðu Íslands. Eftir því sem nær dregur efnislegum viðræðum verður þetta vandamál skýrara. Það kverkatak sem vinstri armur VG hefur náð á ríkisstjórnarsamstarfinu hefur síðan dýpkað þennan vanda til muna.

Viðræður af þessu tagi lúta sömu lögmálum og aðrir samningar. Ákvarðanir þarf að taka jafnt og þétt eftir því sem þeim vindur fram. Grípa þarf tækifæri til sóknar þegar þau gefast. Þá þarf að huga að ýmsum tæknilegum breytingum sem taka mörg ár til að mynda á tölvukerfum varðandi tolla, landbúnaðarstyrki og hagskýrslugerð.

Andstaða VG hefur í för með sér að öll stefnumörkun og ákvarðanataka af þessu tagi í samningaferlinu verður vafningasöm í meira lagi. Styrki til tæknilegra breytinga sem nýtast muni Íslandi hvort sem af aðild verður eða ekki má jafnvel ekki hagnýta.

Engum vafa er undirorpið að sá tvískinnungur sem fram kemur í þeirri afstöðu að samþykkja aðildarumsókn en leggja um leið stein í götu efnislegra umræðna er ein ástæðan fyrir þverrandi trausti á Alþingi.

Hér þarf annar hvor stjórnarflokkanna að gefa eftir eða báðir að standa á sínu og hætta samstarfinu. Hvort tveggja væri til marks um heiðarlega afstöðu. Fyrir ríkjandi skæklatogi getur enginn borið virðingu.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*




Tryggðu þér miða í síma 551 1200 eða smelltu þér á leikhusid.is

# LÆGRA FYRIR HEIMILIN




**1.995,-**

LÆGSTA LÁGA VERÐIÐ OKKAR!

**Innimálning**
**3 ltr.**
7119960




**Rafhlöðuborvél, Power Plus**
14,4V, 2 rafhlöður, taska
5245309

tvær rafhlöður

**3.980,-**

LÆGSTA LÁGA VERÐIÐ OKKAR!




10 ltr.

**7.495,-**

SVANURINN fyrir umhverfið og heilsuna

**Jotaproff**
Gæða veggmálning gljástig 7.
7119866 - 74




10 ltr.

**5.995,-**

SVANURINN fyrir umhverfið og heilsuna

**Jotaplast**
Gæða plastmálning á loft, gljástig 2.
7119808




0.45 ltr.

**1.695,-**

SVANURINN fyrir umhverfið og heilsuna

**Lady akrýllakk**
Níðsterkt akrýllakk á hurðir, glugga, innréttingar o.fl. Gulnar ekki.
7118108



**595,-**

**Málningarfata**
12 lítra
7006205



**795,-**

**Rúllur, pensill o.fl**
10 hlutir
7014810

**Verkfærataska**
**Caliber 15"**
5024497

**999,-**



LÆGSTA LÁGA VERÐIÐ OKKAR!

Verkfærataska



## JÓLALANDIÐ OPNAR Í SKÚTUVOGI

**ALLIR KRAKKAR FÁ ÓKEYPIS ÍS OG LATABÆJARVATN**

SKOPPA OG SKRÍTLA SKEMMTA KL: 12:00
INGÓ TEKUR LAGIÐ KL: 14:00

# VERÐ
# Í LANDINU!

## LÆGSTA LÁGA VERÐIÐ OKKAR!



**Dúnúlpa**
Herra/dömu.
5869816-34

9.900,-

LÆGSTA LÁGA VERÐIÐ

Dúnúlpa dömu
Andardúnn

**Softshell jakki**
Dömu,
5863611-15

6.999,-

6.999,-

**Softshell buxur**
Dömu,
5863623-9

84.900,-

LÆGSTA LÁGA VERÐIÐ OKKAR!



**Þvottavél**
1200SN. 6KG.
Stærð.
85 X 60 X 60 cm
Vnr.1805477

5 ára ábyrgð
Electrolux

57.800,-



**Kælir/frystir**
Orkunýting A
143x 58x 55 cm
1805498

Frigor
5 ára ábyrgð

LÆGSTA LÁGA VERÐIÐ

Kælirými 171 ltr.
Frystirými 41 ltr.

9.900,-
~~12.990,-~~

LÆGSTA LÁGA VERÐIÐ



**Kuldagalli**
M-4XL, m/öndun,
vatnsfráhrindandi,
sterkur og þjáll.
5868254-58

**Gönguskór**
m/Gartex öndun
5863197-5863206

10.990,-



Með Gartex öndun

**Perur Osram**
Glærar 40W/60W.
10 stk. í pakka.

OSRAM



10 stk.

590,-

LÆGSTA LÁGA VERÐIÐ OKKAR!

8.499,-



Laufsuga/blásari

**Laufsuga/blásari IKRA**
2500W 45 ltr. poki.
5083654



Skrúfjárnasett

2.499,-

**Skrúfjárnasett, Probuilder**
18 st
5010142



799,-

10 stk

LÆGSTA LÁGA VERÐIÐ OKKAR!

**Glös**
Há vatnsglös 10 stk
í pakka
2000919

## Okkar lægsta verð!

Húsasmiðjan lækkar verð á völdum vörum og lætur ávinning af nýjum og betri samningum við framleiðendur renna beint til neytenda til hagsbóta fyrir heimilin í landinu.
**“Lægsta lága verðið okkar” er okkar lægsta verð á viðkomandi vöru á hverjum tíma.**

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

HÚSASMIÐJAN

# Hvers vegna kvennafrí – konurnar fagna því

Jafnréttismál



Kristín Ástgeirsdóttir
framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu

Í fjórða sinn boða íslenskar kvennahreyfingar til kvennafrídags eða kvennaverkfalls eins og sumar vilja kalla þennan viðburð. Það var árið 1975 á kvennaári Sameinuðu þjóðanna sem konur voru hvattar í fyrsta sinn til að ganga út af heimilum sínum eða vinnustöðum til að sýna fram á mikilvægi vinnuframlags kvenna.

Á árunum í kringum 1970 reis mikil og kröftug umræða um stöðu kvenna, einkum á Vesturlöndum, og öflugar kvennahreyfingar urðu til. Umræðan náði smám saman inn fyrir veggi Sameinuðu þjóðanna, þar sem Helvi Sipilä frá Finnlandi var aðstoðarframkvæmdastjóri. Hún hvatti til umræðu um stöðu kvenna á þessum vettvangi þjóðanna og var samþykkt 1973 að gera árið 1975 að kvennaári og að halda þá stóra kvennaráðstefnu í Mexíkó. Líklega var kvennaárið hvergi nýtt eins vel og á Íslandi. Hver viðburðurinn rak annan, allt frá ráðstefnu láglaunakvenna sem Rauðsokkahreyfingin stóð fyrir til stórrar ráðstefnu á Hótel Loftleiðum þar sem samþykkt var að hvetja til kvennafrídags. Sá dagur var haldinn á degi Sameinuðu þjóðanna 24. október með pompi og prakt um land allt en náði hámarki með glæsilegum útifundi á Lækjartorgi í Reykjavík. Þar kyrjuðu þúsundir kvenna Áfram stelpur og kór söng ljóð Valborgar Bentsdóttur Hvers vegna kvennafrí? sem ort var í tilefni dagsins. Kvennafríið vakti heimsathygli en hér voru sumir orðnir leiðir og sungu: Kvöl er kvennaárið.

Mikið vatn hefur til sjávar runnið frá árinu 1975. Þá snerust kröfur kvenna um launajafnrétti, bættar aðstæður kvenna til að stunda vinnu utan heimilis, viðurkenningu á heimilisstörfum og ýmislegt fleira. Þegar þarna var komið sögu sátu aðeins þrjár konur á Alþingi og konur í sveitarstjórnum voru örfáar. Atvinnuþátttaka kvenna fór ört vaxandi en þær ráku sig á ótal veggi. Nú, 35 árum síðar, er Ísland í efsta sæti jafnréttislista World Economic Forum. Ástæðan er stóraukinn hlutur kvenna í opinberum valdastofnunum samfélagsins, mikil menntun og gott aðgengi að heilbrigðisþjónustu miðað við önnur lönd. Sá þáttur sem kemur verst út hjá okkur er vinnumarkaðurinn en viðvarandi launamisrétti og lágt hlutfall kvenna í stjórnum og við stjórnun fyrirtækja er himinhrópandi.

Árið 1975 var lítil umræða um ofbeldi karla gegn konum og fáir gerðu sér ljóst hve víðtækt, margþætt og útbreitt það væri. Nú, 35 árum síðar, er ofbeldi karla gegn konum eitt helsta viðfangsefni umræðunnar um stöðu kynjanna. Um það bil þriðja hver kona í heiminum verður fyrir einhvers konar kynbundnu ofbeldi á ævi sinni og fjórða hver kona upplifir ofbeldi í nánum samböndum. Ofbeldi er mest á átaka- og hamfarasvæðum, í flóttamannabúðum og þar sem fátækt og eymd ráða ríkjum. Rannsóknir á Íslandi sýna að um 1.800 konur hér á landi búa árlega við ofbeldi í nánum samböndum og ekki þarf að minna á þann skelfilega fjölda barna sem verður fyrir kynferðislegri misnotkun ár hvert.

Það er því sannarlega verk að vinna þegar boðað er til fjórða kvennafrídagsins. Það þarf að leita nýrra leiða til að útrýma kynbundnum launamun. Hann mælist á bilinu 7-17% eftir því hvaða breytur eru notar. Þá er ekki síður mikilvægt að bæta kjör umönnunarstéttanna sem eru einhverjar mikilvægustu stéttir nútímaþjóðfélags. Án þeirra snúast hjólin ekki. Það þarf að fá fyrirtækin til að skoða launamálin rækilega innan sinna veggja og grípa til aðgerða. Þær eru til og vilji er allt sem þarf. Ríkið á að ganga á undan með góðu fordæmi og taka sveitarfélögin sér til fyrirmyndar en sum þeirra hafa nánast útrýmt launamun kynjanna. Misrétti á ekki að líða.

Það er einnig ærið verkefni að kveða niður kynbundið ofbeldi. Þar þarf að stórauka umræður og fræðslu bæði meðal almennings og fagstétta. Það þarf að bæta aðstæður brotaþola en ekki síst að beina sjónum að gerendum, þeim sem bera ábyrgðina á ofbeldinu, byrgja brunninn og bjóða þeim eða skikka til meðferðar.

Um leið og ég hvet konur um allt land til þátttöku í kvennafrídeginum skora ég á íslenska karla að leggja jafnréttisbaráttu kynjanna lið, því hún snýst fyrst og fremst um gagnkvæma virðingu, betra samfélag og bætt lífsgæði.




# Áfram stelpur og strákar

Jafnréttismál



Guðbjartur Hannesson
félagsmálaráðherra

Íslenskar konur, til hamingju með kvennafrídaginn 2010.

Í fjórða sinn boða íslenskar kvennahreyfingar til fjöldasamstöðu kvenna til að minna á launamisréttið sem enn ríkir í landinu og brýna landsmenn til baráttu gegn kynbundnu ofbeldi. Þegar fyrst var efnt til útifundar kvenna á degi Sameinuðu þjóðanna kvennaárið 1975 vakti gríðarleg þátttaka og mikil stemning heimsathygli. Tilgangurinn var þá eins og nú að sýna fram á mikilvægi vinnuframlags kvenna til samfélagsins og krefjast þess að það yrði metið að verðleikum. Áhrifin urðu mikil og ekki fór milli mála hve margar atvinnugreinar voru háðar vinnu kvenna.

Staða íslenskra kvenna hefur batnað mikið frá árinu 1975 enda mælumst við nú í efsta sæti á jafnréttislista World Economic Forum. Árið 1975 var atvinnuþátttaka kvenna 60% en er nú 78%, sem er með því mesta sem þekkist innan OECD. Sífellt fleiri konur sinna fullu starfi. Launabilið hefur minnkað en er þó samt allt of breitt. Könnun sem Félagsvísindastofnun vann fyrir félags- og tryggingamálaráðuneytið vorið 2008 sýndi 16,3% kynbundinn launamun á landsvísu.

Hlutur kvenna hefur aukist hvað mest í áhrifa- og valdastöðum samfélagsins. Árið 1975 voru konur 5% þingmanna og 4% sveitarstjórnarmanna. Nú eru konur 43% þingmanna og 40% sveitarstjórnarmanna. Kona leiðir ríkisstjórnina og kynjahlutfall ráðherra er 40% en var raunar jafnt til skamms tíma. Það er enginn vafi að fjölgun kvenna meðal þeirra sem taka ákvarðanir og móta stefnu hefur leitt af sér hugarfarsbreytingu sem sést ekki síst á lagabreytingum sem beinast að baráttu gegn kynbundnu ofbeldi.

Árið 2006 var samþykkt aðgerðaáætlun gegn kynbundnu ofbeldi fyrir árin 2007-2011. Áætlunin fól í sér fjölda verkefna sem hrundið hefur verið í framkvæmd í áföngum. Eitt það stærsta er rannsókn á umfangi ofbeldis í nánum samböndum. Rannsókninni er að ljúka og munu niðurstöður hennar verða leiðarljós í þeirri vinnu sem þegar er hafin við að semja næstu áætlun. Þar verður sjónum einnig beint að réttarkerfinu og mið tekið af nýjum samningi Evrópuráðsins gegn kynbundnu ofbeldi. Alþingi hefur samþykkt lög um bann við vændiskaupum og súlustöðum og staðfest aðgerðaáætlun gegn vændi og mansali sem verulega hefur reynt á undanfarið ár. Ísland er þriðja ríkið í heiminum sem bannar kaup á vændi. Í lagasetningunni felast afdráttarlaus skilaboð til samfélagsins um að kaup á líkama annarrar manneskju til eigin afnota séu ósæmilegt athæfi sem ekki verði liðið. Með banni er sjónum beint að eftirspurninni og þeim sem bera raunverulega ábyrgð – kaupendunum.

> Jöfn áhrif og jöfn staða kynjanna er forsenda fyrir því framtíðarþjóðfélagi sem við ætlum okkur að skapa

Ríkisstjórnin leggur ríka áherslu á jafnrétti kynjanna og að kynjasjónarhorni sé beitt við alla ákvarðanatöku og stefnumótun. Framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum fyrir árin 2011-2014 verður fljótlega lögð fram á Alþingi. Þetta er metnaðarfull áætlun sem vonandi mun fleyta okkur áfram í átt til jafnari tækifæra og jafnari stöðu kynjanna. Enn verður leitað leiða til að útrýma kynbundnum launamun sem hefur reynst svo þrautseigur. Að þessu sinni er lögð mun meiri áhersla en áður á þátttöku karla í jafnréttisbaráttunni, enda varðar málefnið bæði kynin og þjóðfélagsið allt. Reynsla okkar af fæðingarorlofi feðra sýnir að aukið kynjajafnrétti færir ekki síst körlum aukin lífsgæði og það er margt sem þarf að vinna að til að karlar fái notið hæfileika sinna enn betur rétt eins og konur.

Það eru erfið ár fram undan vegna efnahagshrunsins. Engin ástæða er þó til vonleysis því við munum finna leið út úr vandanum eins og jafnan áður. Aðgerðir kvenna á kvennafrídeginum sýna hve mikill kraftur er í grasrótinni, ekki síst meðal þeirra sem berjast fyrir samfélagi jafnréttis og samfélagi án ofbeldis. Látum kraft kvennahreyfinganna verða okkur hvatningu til uppbyggingar og sóknar, segjum barlóminum stríð á hendur. Framtíðin verður björt ef við stöndum saman. Jöfn áhrif og jöfn staða kynjanna er forsenda fyrir því framtíðarþjóðfélagi sem við ætlum okkur að skapa.

# Stefnu- og ábyrgðarleysi menntamálaráðherra

Menntamál



Einar Steingrímsson
stærðfræðingur

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra skrifaði nýlega þrjár greinar undir fyrirsögninni „Háskólar í mótun" í Fréttablaðið. Þar talar hún um hlutverk háskóla og nauðsyn þess að huga að gæðum í starfi þeirra í yfirstandandi niðurskurði. Hún segir líka að ráðherra geti ekki hlutast til um málefni einstakra háskóla, og skal undir það tekið hér. Tilefni þess er hins vegar rangfærsla af hálfu ráðherra, þar sem hún veitist að tiltekinni háskólamanneskju á fölskum forsendum. Slíkt myndi ráðherra varla líðast í siðuðu landi, en hér gilda aðrar reglur um siðferði ráðamanna. Samtímis skýtur ráðherra sér undan allri ábyrgð á störfum sínum.

Þótt umræða um þessi mál hafi e.t.v. ekki náð eyrum almennings getur ráðherra ekki þóst vera óvitandi um harða gagnrýni á starf háskólanna frá mörgum bestu vísindamönnum landsins síðustu árin. Viðbrögð ráðherra nú eru af smjörklípugerðinni; hún útskýrir að ráðherra geti ekki beitt sér í málum einstakra háskóla en leiðir hjá sér umfangsmikla gagnrýni (m.a. frá tveim nefndum á vegum ráðuneytisins árið 2009, og meðlimum svokallaðs rýnihóps sem ráðherra skipaði sjálf í fyrra) um að íslenska háskóla- og vísindakerfið sé afar veikburða, þar skorti eftirlit með hvernig fjármunum sé varið, og lítið sem ekkert eftirlit sé með gæðum þess og skilvirkni. Afskipta- og meint ábyrgðarleysi ráðherra er sama viðhorf og stjórnvöld höfðu til bankanna fyrir hrun.

Ráðherra hefur talað um það nánast frá upphafi embættisferils síns að það þurfi að endurskipuleggja háskólastarf hér í kjölfar hrunsins, og hún talar nú um mikilvægi þess að standa vörð um gæði þessa starfs. Það eina sem hún nefnir að gert hafi verið fjallar um svokallað „samstarfsnet" ríkisháskólanna. Engin leið er að sjá hvernig þetta net muni auka gæði starfsins, hvað þá að það verði í takt við þau hundruð milljóna sem á að setja í þetta skrifræðisapparat. Einnig talar hún um fjölbreytnina í íslensku háskólastarfi (sem nær væri að kalla kraðak) eins og hún sé lykill að gæðum, sem lýsir litlum skilningi á gæðum háskólastarfs. Það er líka ámælisvert að ráðherra réð, sem sérstakan ráðgjafa sinn í endurskipulagningu háskólakerfisins, manneskju sem enga reynslu hefur af háskólastarfi (aðra en sem nemandi). Þetta helst í hendur við þá staðreynd að meðal æðstu stjórnenda íslensku háskólanna er nánast enginn sem hefur reynslu af starfi við erlenda háskóla, þótt HÍ og HR tali digurbarkalega um að hasla sér völl á alþjóðavettvangi.

> Ráðherra hefur algerlega brugðist hlutverki sínu sem æðsta vald í menntamálum þjóðarinnar. Hún virðist ákveðin í að skilja eftir sig sviðna jörð, þar sem klíkur undirmálsfólks drottna yfir rústunum.

Ráðherra segir einnig í greinum sínum „Á undanförnum misserum hefur mikið stefnumótunarstarf verið unnið í mennta- og menningarmálaráðuneytinu". Þetta er ekki rétt. Það hefur mikið verið talað, en engin stefna verið mótuð, heldur rekur ennþá allt á reiðanum. Auk þess hefur ráðherra framselt vald sitt til hagsmunaaðila, nefnilega rektora háskólanna, sem engum dettur í hug að muni gera umtalsverðar breytingar í eigin ranni. Eins og svo margt annað valdafólk á Íslandi þykist ráðherra enga ábyrgð bera á neinu sem undir hana heyrir. Hér verða ekki endurteknar þær tillögur sem fram hafa komið um hvernig efla megi gæði háskólastarfs á Íslandi, en bent er á greinaflokk sem birtist í FB þessa dagana eftir þá Eirík Steingrímsson og Magnús Karl Magnússon, og álit sem samið var af nokkrum meðlimum „rýnihóps" ráðherra í fyrra.

Íslenskir háskólar eru ekki sterkir í alþjóðlegum samanburði, og þeim mun hraka á næstunni, því dálítið af besta fólkinu er horfið úr landi og sá straumur mun þyngjast þegar niðurskurðarhnífnum er beitt á hvað sem fyrir verður, óháð gæðum. Afleiðing af því er að vonlaust verður að fá hingað öflugt fólk erlendis frá í talsverðan tíma. Þetta hefur ráðherra verið bent á ítrekað. Ráðherra hefur algerlega brugðist hlutverki sínu sem æðsta vald í menntamálum þjóðarinnar. Hún virðist ákveðin í að skilja eftir sig sviðna jörð, þar sem klíkur undirmálsfólks drottna yfir rústunum.

# 28 DAGAR
## ÁRANGUR & DEKUR
### fyrir jól



Innifalið í námskeiðinu:

## Þjálfun og mataræði tekið í gegn

- Þjálfun 3x í viku
  *STS (Shock Training System) æfingakerfið sem miðar að því að „ögra" líkamanum að komast út úr stöðnun og tryggja að þú komist í þitt allra besta form*
- *Ótakmarkaður aðgangur að tækjasal og opnum tímum*
- *Aðgangur að glæsilegri útiaðstöðu – jarðsjávarpotti og gufuböðum*
- *Dagleg hvatning á lokuðu vefsvæði með fróðleik og uppskriftum frá Ágústu Johnson*
- *Sérstakt mataræði sem er byggt upp á sama hátt og vinsælt er hjá Hollywood stjörnum sem þurfa að koma sér í toppform fyrir rauða dregilinn – við tryggjum að það er heilsusamlegt og skynsamlegt!*
- *Mælingar – vigtun og fitumælingar – fyrir og eftir*

## Glæsilegur dekurpakki í Blue Lagoon spa

**Handklæði við hverja komu**

**Kísil leirmeðferð** – Í þessari einstöku meðferð berðu hvítan kísil á húðina og slakar á í 20 mínútur í sérhönnuðum leirgufuklefa. Veitir húðinni heilbrigðan ljóma og fallegt yfirbragð.

**Húðgreining og vörukynning á BlueLagoon húðvörum**
–Snyrtifræðingur aðstoðar þig við að finna út hvað hentar húðinni þinni best til að vernda hana og ná fram því besta í henni.

Auk þess er 10% afsláttur af öllum meðferðum á meðan á námskeiðinu stendur.

Verð, þú velur:

Þjálfun og dekur - (fullt verð 31.500 kr.)
**Sérstakt tilboðsverð 23.900 kr.**
Þjálfun án dekurpakka 19.900 kr.

Námskeiðið hefst 1. nóvember.

Allar upplýsingar á www.hreyfing.is



## ÁRANGUR

Átaksnámskeið Hreyfingar hafa aldrei verið betri. Leiðbeinendur sem búa yfir áralangri reynslu hafa fengið sérþjálfun í að leiða hin nýju og árangursríku námskeið sem skila þér pottþéttum árangri.

Umsjónarmenn:
Ágústa Johnson og
Vaka Rögnvaldsdóttir.

Við erum stolt og ánægð yfir framúrskarandi dómum frá þátttakendum á námskeiðunum.

Sjáðu hvað þátttakendur segja um námskeiðin á www.hreyfing.is

*97,7% segja námskeiðið hafa uppfyllt eða farið fram úr væntingum þeirra.*

*99,5% segja að þær/þeir myndu mæla með námskeiðinu við aðra.*

HREYFING HEILSULIND

BLUE LAGOON ICELAND geothermal spa

Álfheimar 74
Sími: 414 4000
hreyfing@hreyfing.is
www.hreyfing.is

# Allir sigrar byggja á samstöðu

**Tvö eru þau svið samfélagsins þar sem Þórhildur Þorleifsdóttir hefur látið verulega að sér kveða. Annars vegar í leikhúsinu og hins vegar í baráttunni fyrir réttindum kvenna. *Steinunn Stefánsdóttir* hitti Þórhildi, sem nú er formaður Jafnréttisráðs, í vikunni og ræddi jafnréttismál í tilefni kvennafrídagsins á mánudag. Þórhildi finnst skorta umræðu um stöðu kvenna á eigin forsendum þótt jafnrétti sé náð í lögum.**



**ÞÓRHILDUR ÞORLEIFSDÓTTIR** Þótt skrifræðisjafnrétti sé náð metur Þórhildur það svo að bakslag hafi orðið í jafnréttisbaráttu kvenna undanfarin ár. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þórhildur var einn af stofnendum Kvennalistans og sat á þingi fyrir hann á árunum 1987 til 1991. Hún tók við formennsku í Jafnréttisráði fyrir réttu ári og það sem er helst á döfinni hjá Þórhildi nú er framboð til stjórnlagaþings.

Ísland var fyrir skömmu metið með minnsta kynjabil í heimi í skýrslu World Economic Forum og var Þórhildur í upphafi samtals beðin að leggja mat á stöðu íslenskra kvenna í ljósi þessa. Hún segist eiginlega klofin í herðar niður því sem formaður Jafnréttisráðs og þar með hluti af stjórnsýslunni nálgist hún jafnréttismál á þeim vettvangi sem hið opinbera hefur forgöngu um; breyta lögum og lagfæra ýmsar ytri aðstæður. „Ég hef kallað þetta skrifræðisjafnrétti,“ segir hún. „Með því er ekki verið að hugsa um að breyta samfélaginu heldur að auðvelda konum að vera fullgildir þátttakendur í því eins og það er. Mér finnst þurfa miklu dýpri og gagngerari breytingar á hugmyndafræði samfélagsins.“

## Konur á eigin forsendum

Þórhildi finnst það til dæmis ekki hafa breytt miklu þótt 43 prósent þingmanna séu nú konur og raunar mikið umhugsunarefni. „ Ég held að þær passi bara ekkert þarna inn,“ segir hún. „Umræðuhefðin, morfísstílllinn, hentar þeim ekki né að tala í fyrirsögnum. Ef þær spila með og haga sér eins og karlarnir, sem þær gera fæstar, þolir þær enginn og ef þær gera það ekki fá þær ekki athygli. Vítahringur, einn af mörgum sem konur festast í í karlamenningu.“

Þórhildur er líka hugsi yfir skilgreiningunni sem viðgengst í pólitík á hörðum málum og mjúkum þar sem litið er á hin svokölluðu hörðu mál sem alvöru pólitísk mál meðan mjúku málin svokölluðu séu ekki alvörustjórnmál. „Karlar hafa skilgreint pólitíkina. Segja hana snúast um efnahags- og atvinnumál. Mörgum konum finnst þetta þröngt sjónarhorn, finnst að manneskjan og líðan hennar ætti að vera aðalatriði og efnahags- og atvinnumál tæki til að ná markmiðum um velferð og vellíðan mannfólksins.“

„Mér fannst á þessum svokölluðu uppgangsárum okkar konur detta í karlamenningu. Þær fóru að mæla allt í afrekum og telja hausa, prósentur og peninga. Notuðu samkeppnismælikvarða karla til að mæla eigin árangur. En það var einstaklingsbundinn árangur. Það var engin breyting fyrir konur almennt. Og mér finnst knýjandi nauðsyn að vekja upp aftur umræðu um konur á eigin forsendum; kvennamenningu, kvennareynslu, kvennasýn og gildi. Fyrr breytum við ekki samfélaginu.“

> Það er mjög mikilvægt að hver einasta kona, ung og gömul, ekki síst ung, geri sér grein fyrir því að það mun ekkert breytast í hennar lífi eða annarra kvenna, nema hún geri það sjálf og með öðrum konum.

## Klámvæðing

Þórhildi finnst staða kvenna hafa að mörgu leyti versnað undanfarin ár. „Ekki lagalega en ímyndarlega, bæði þá sjálfsmynd kvenna og hugmyndir samfélagsins um konur sem mér finnst hafa stórversnað. Ég er viss um að þessi klám- og kynlífsvæðing hefur haft geigvænlegar afleiðingar en það er búið að breiða einhverja frjálslyndisblæju yfir það þannig að það er erfitt að tala um þetta án þess að hægt sé að skella því fram að maður sé fordómafullur eða þori ekki að vera kynvera eða vilji hafa vit fyrir fólki. En við getum þvert á móti sagt að klám- og kynlífsvæðingin sé einmitt að hafa vit fyrir fólki. Sætta það við ofbeldi því klám er ofbeldisfullt. Það birtist fyrst og fremst í ofbeldi gegn konum og reynt er að láta líta út eins og konur vilji og njóti ofbeldis. Við höfum öll heyrt frasann um að konur segi nei þegar þær meina já en nú er búið að taka þetta miklu lengra og látið að því liggja að konur vilji hreinlega láta pynta sig. Þær fái út úr því kynferðislega ánægju að lúta ofbeldi. Þetta er rosalega alvarlegt.“

Þórhildur er einnig hugsi yfir þætti fjölmiðla. Þeir haldi þessari útlitsdýrkun mjög á lofti og ýti undir staðalmyndir af konum. Hún nefnir í því samhengi myndir af fáklæddum konum, oft með afmynduð sílíkonbrjóst, í blöðum og á netinu. Einnig segist hún undrandi á útlitsdýrkuninni í sjónvarpi. Allar konur þurfa að vera ungar og sætar sem þar vinna.

## Ný gildi

***Hvernig búum við til annars konar samfélag?***

„Ef ég hefði nú uppskriftina myndi ég fá Nóbelsverðlaunin á morgun,“ segir Þórhildur og hlær. „En ég hef ekkert svar við því annað en að konur standi saman á eigin forsendum.“

Þórhildur segir að afstaða karla til kvennabaráttu minni sig stundum á afstöðu Vesturlanda þegar Austurblokkin féll fyrir rúmlega 20 árum en þá átti hún einmitt sæti í Evrópuráðinu. „Það hrundi öll Austur-Evrópa og umræðan var á þeim nótum að hjá okkur í Vestur-Evrópu væri paradís. Þetta var hrokafull og sjálfhverf nálgun. Nú býst ég ekki við að nokkur myndi halda því fram að hin kommúníska Austur-Evrópa hefði verið paradís en var ekkert þar sem var hægt að læra af? Mér finnst jafnréttisumræðan vera á þessu plani. Við erum flottu karlarnir; reynið þið að vera eins og við, þá megið þið vera með.

***Hverju myndu konur breyta í samfélaginu ef þær kæmu meira að borðinu á sínum forsendum?***

„Ég held að fljótlega yrðu allt önnur gildi í fyrirrúmi. Við búum öll að reynslu okkar. Íslendingar hika ekkert við að tala um bændamenningu eða sjómannamenningu en það fer ofsalega í taugarnar á þeim að tala um kvennamenningu. Það að ala önn fyrir öðrum og sýna öðrum umhyggju og í rauninni halda lífinu í öllum er stór hluti af menningarlegu hlutverki kvenna. Ég er ekki að segja að karlmenn hafi ekki sýnt fjölskyldu sinni umhyggju en það var meira fólgið í að draga í búið. Sérgrein kvenna er mannfólkið.“

## Önnur vinnubrögð

„Það sýnir sig alls staðar þar sem konur koma saman á eigin forsendum að þá skipuleggja þær sig öðruvísi. Þær hafa ekki sömu þörf fyrir valdastrúktúra og karlar. Ég veit svo sem ekki hvort karlar hafa þörf fyrir þá eða hvort þetta er bara menning. Þeir búa strax til tröppur og áfanga og svo þurfa þeir að merkja sig ýmist með búningum eða orðum til að sýna hvar þeir eru staddir í goggunarröðinni. Og það er bara pláss fyrir einn á toppnum og hann segir auðvitað að það sé rosalega kalt þar og einmanalegt,“ og nú kímir Þórhildur aðeins. „En það er til þess að halda hinum frá. Konur leita hins vegar í flatan strúktúr og þær taka sig ekki heldur eins hátíðlega. Það er svo margt í vinnubrögðum og gildum sem ég held að myndi breytast mikið.“

Þórhildur er líka sannfærð um að flestum karlmönnum myndi líða betur í samfélagi þar sem kvenleg gildi skipuðu meiri sess. „Þeir eru ekkert allir eðlaðir til að vera í þessu kapphlaupi. Það er ekki eins og þeir nái allir upp á toppinn en það er skylda þeirra að reyna að klóra sig þangað upp og ef þeir sýna ekki tilburði til þess þá eru þeir bara ekki nógu góðir karlmenn. Feðraveldið refsar karlmönnum sem skorast undan, þeir eru svikarar. Það er mjög virkt kerfi til að halda karlmönnum við efnið.“

Ekki er heldur hægt að líta fram hjá þeirri staðreynd að konur eru 70 prósent þeirra sem neyta menningar. Þangað sækja þær þekkingu og skilning á mannlífinu og andlega næringu. Þrátt fyrir þetta er menningunni að stærstum hluta stýrt af körlum líkt og fjölmiðlunum. Ósýnilegir múrar koma þar í veg fyrir raunveruleg völd kvenna. Karlar sækja stuðning og styrk til samkeppni og í íþróttir. Þar endurspeglast þeirra menning. Samkeppni, sigra – tapa, metorð og verðlaun.

## Orðanotkunin

Orðin femínismi og femínisti eru sumum konum framandi og þær hafa jafnvel átt í erfiðleikum með að finnast þessi orð eiga við um þær sjálfar og þeirra líf. Sumar konur segjast jafnvel vera hlynntar jafnrétti en gangast ekki við því að vera femínistar.

„Við höfum ekkert íslenskt orð sem er viðurkennt í umræðunni,“ segir Þórhildur þegar orðanotkun í jafnréttisbaráttu kvenna ber á góma. „Það er mjög áríðandi að hver einasta kona geti samsamað sig með umræðunni, að henni finnist ekki umræðan vera bara fyrir einhvern hóp sem er orðinn sérfræðingur í málefninu. Ég held að við ættum að fara að nota aftur orðið „kvenna-“ og vera ekki feimnar við það; kvenréttindi, kvennamenning, kvennasýn, kvennagildi. Það er um að gera að taka alla svona baráttu af tækniplaninu. Konur verða að geta samsamað hana eigin lífi.“

## Sigrar og áfangar í baráttunni

„Auðvitað hefur líf kvenna gjörbreyst. Við skulum bara byrja á kosningaréttinum. Það var gríðarlegur áfangi. Bara það að fá að fara í skóla, fá æðri menntun, fá að gegna embættum. Það eru lög í landinu um jafnrétti og það eru lög um sömu laun fyrir sömu vinnu þó að þau séu endalaust brotin. Mikið hefur áunnist í baráttunni gegn heimilis- og kynferðisofbeldi. Það eru gríðarlega margir ávinningar og ekki síst hafa konur öðlast miklu meira sjálfstæði með menntun og þátttöku í atvinnulífinu sem hefur veitt þeim fjárhagslegt sjálfstæði. Öll síðasta öld er mörkuð af alls konar sigrum en svo koma bakslög.“

Og nú er komið að meginskilaboðum Þórhildar Þorleifsdóttur, formanns Jafnréttisráðs, til íslenskra kvenna: „Það er mjög mikilvægt að hver einasta kona, ung og gömul, ekki síst ung, geri sér grein fyrir því að það mun ekkert breytast í hennar lífi eða annarra kvenna, nema hún geri það sjálf og með öðrum konum. Allir sigrar hafa unnist vegna samstöðu og baráttu kvenna. Þær hafa ekki fengið örðu á silfurfati, ekki eitt einasta skref sem horfir til meiri kvenréttinda, meiri mannréttinda. Karlar hafa stundum stutt þær og margir karlar eru hlynntir kvenfrelsi og jafnrétti en þær verða að vinna þessa vinnu sjálfar. Samstaða kvenna – það er grundvallaratriðið.“












PIPAR\TBWA • SÍA • 10259

# Við óskum Bústólpa til hamingju

## með nýrri og fullkomnari fóðurverksmiðju

### Orkuríkara fóður, meiri arðsemi og aukin afköst!

Mikil endurnýjun á framleiðslubúnaði fóðurverksmiðju Bústólpa á Akureyri hefur tvöfaldað afkastagetu verksmiðjunnar. Ný tækni til hitameðhöndlunar og vinnslu, ásamt nýjum vélbúnaði til kögglunar og kælingar gerir fyrirtækinu kleift að framleiða orkuríkara og efnameira fóður miðað við rúmmál og fóðurgildi þess eykst.

Tæknin byggist á því að fóðurblandan er háhituð í skamman tíma við mikinn þrýsting. Með þessu næst betri nýting sterkju og próteina og þannig aukið fóðurgildi. Meðhöndlunin tryggir einnig minnsta mögulega tap vítamína við vinnsluna og eykur öryggi gagnvart örverusmiti.

Allur stýribúnaður var jafnframt endurnýjaður. Auk þess að drífa verksmiðjuna áfram vaktar hann allar aðgerðir með skjámyndum svo að enn betur er fylgst með gæðum framleiðslunnar og virkni vélbúnaðar.

Starfsmenn Bústólpa vinna náið eftir nýrri fóður- og matvælalöggjöf, með öflugu gæðakerfi, og geta því stoltir haldið áfram að bæta þjónustu við bændur og auka gæði íslensks landbúnaðar með enn meiri „krafta í kögglum".

B.HREIDARSSON VERKTAKAR *Ekki vandamál!*

HAMAR

KAHL

LJÓSGJAFINN

GRAINTEC A/S

OPTech

**FRÉTTASKÝRING: Hver er reynsla Finna og Svía af fimmtán ára Evrópusambandsaðild?**

# Finnar og Svíar sáttir í ESB

**Reynsla Finna og Svía af fimmtán ára Evrópusambandsaðild er í heildina góð og umræða um að ganga út úr sambandinu hefur þagnað að mestu. Þetta kom fram í máli sérfræðinga um evrópsk málefni, sem heimsóttu Ísland á dögunum. Þar sagði einnig að smáríki þyrftu á slíku samstarfi að halda og að of mikið væri gert úr litlu vægi þeirra innan þess.**

Á ráðstefnu Alþjóðamálastofnunar Finnlands, Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands og Evrópufræðasetursins í Svíþjóð, sem haldin var fyrir rúmri viku í Þjóðminjasafninu, fóru fræðimenn frá þessum löndum yfir reynslu Finnlands og Svíþjóðar af fimmtán ára ESB-aðild landanna.

Þar kom fram að bæði löndin sóttu um aðild að ESB í djúpri efnahagslægð og þurftu að glíma við hluti sem Íslendingar kannast við, svo sem áhyggjur af sjálfsforræði. Þar kom og fram að EES-samningurinn hefði á sínum tíma verið álitinn illframkvæmanlegur og jafnvel sísti kostur Finna í Evrópusamstarfi.

Fyrsta lota ráðstefnunnar hét: Þjóðir Evrópusambandsins – Fullveldi, sjálfsmynd, stjórnmál og almenningsálit. Fréttablaðið greinir hér frá henni.

**Klemens Ólafur Þrastarson**
klemens@frettabladid.is



## Smáríki geta ekki staðið ein

Það er rangt sem fullyrt hefur verið að smáríki eins og Ísland geti staðið ein og fyrir utan fjölþjóðlegt samstarf svo sem Evrópusambandið. Þessi litlu ríki þurfa á efnahagslegum og pólitískum samherjum að halda þegar á reynir, svo sem í efnahagskreppum. Þetta segir Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði. Hann rifjaði í fyrirlestri sínum upp eldri kenningar smáríkjafræða, sem halda þessu fram, en hafa legið í láginni síðustu ár.

Baldur segir að það sé misskilningur að Íslandi hafi farnast best í meintri einangrun sinni. „Ísland hefur alltaf notið verndar voldugri ríkja," segir hann. Allt frá landnámi hafi Norðmenn veitt efnahagslegt skjól, þá hafi Danir tekið við og loks Bandaríkjamenn. Baldur segir að þau tækifæri sem felist í aðild að EES hafi hins vegar í för með sér áhættu. EES-samningurinn veiti hvorki efnahagslegt né pólitískt skjól. Því hafi farið svo að landið hafi staðið uppi varnarlaust í samanburði við ESB-ríki sem lentu illa í síðustu kreppu: Lettland, Rúmeníu, Ungverjaland og Grikkland.

„Þessi ríki fengu strax aðstoð frá Evrópusambandinu," segir Baldur: „Vandi Grikkja varð vandi ESB." Vandi Íslendinga var hins vegar vandi Íslendinga uns íslensk stjórnvöld gáfu eftir og gengu að skilyrðum Breta og Hollendinga í Icesave-deilunni til að samningar næðust við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

„Þessir atburðir vekja þá spurningu hvort íslensk stjórnvöld hafi brugðist við til að tryggja efnahagslegt og pólitískt skjól landsins," segir Baldur. Svar hans er já.



**BALDUR ÞÓRHALLSSON** Ísland hefur í gegnum söguna notið verndar stærri nágranna, segir prófessorinn. En þegar Bandaríkjamenn voru farnir frá Miðnesheiði dugði EES-samningurinn ekki til. Landið stóð eitt og einangrað þegar efnahagshrunið reið yfir. MYND/SIKSTRÖM-SIEPS

## EES-samningurinn var versti kostur Finna

Juhana Aunesluoma, sem stýrir Evrópufræðastofnun Háskólans í Helsinki, reifaði afstöðu Finna til Evrópusambandsins í gegnum árin. Finnar hefðu, ólíkt Svíum, verið hrifnir af yfirþjóðlegum þætti ESB og fljótir til að finna sinn sess í Brussel. Þetta skýrðist að hluta til vegna þess öryggis sem stofnanir og reglur í alþjóðasamstarfi veittu smáríki eins og Finnlandi.

„Versti kosturinn var að fara inn [í Evrópusamstarf] að hálfu leyti," segir Aunesluoma. Því hafi EES-samningurinn ekki dugað Finnum, þegar allt kom til alls. Þetta skýri einnig hvers vegna Finnar hafi kosið „öryggi evrunnar" og vilji fínstilla og jafnvel herða reglur innri markaðarins.

„Finnar sömdu um EES og rétt þegar blekið var þornað á pappírunum komu embættismennirnir og sögðu: „Þetta er ekki góður samningur, því stofnanauppbygging hans gerir það ómögulegt að framfylgja honum. Aðgangur [að innri markaði ESB] án áhrifa er hættulegur." Þetta var skoðun finnsku embættismannanna en þeir gátu ekki sagt það opinberlega. Svissneskir embættismenn voru hins vegar heiðarlegir og sögðu við svissneskan almenning að þetta væri ekki sniðugur samningur. Svisslendingar felldu líka EES-samninginn," segir Aunesluoma.

Hann telur að innganga Íslands myndi stuðla mjög að aukinni samvinnu Norðurlanda innan ESB. Bæði í Svíþjóð og Finnlandi hafi, fyrir inngöngu í ESB, verið uppi áhyggjur af örlögum norræna velferðarríkisins innan sambandsins. Þær hafi reynst ástæðulausar.

„ESB hefur ekki tekið velferðarríkið okkar úr sambandi. Finnland er með fullan sjálfsákvörðunarrétt í þeim efnum," segir hann. Reynsla Finna af aðild sé talin jákvæð í landinu. Hún hafi fært þeim hluti sem þeir kunni að meta og leyft þeim að halda því sem þeim þyki enn vænna um, svo sem velferðarkerfið.

„Finnar urðu Evrópumenn," segir Aunesluoma, nú líti Finnar frekar á sig sem Evrópumenn en norræna menn.

Orsakir þessa vilja til Evrópuvæðingar finnur hann í sjálfsmynd þjóðarinnar sem norræns smáríkis, sem aðhyllist lúterstrú og frjáls markaðsviðskipti. Nálægð við Rússland hafi ekki skipt minnstu máli, þegar ákveðið hafi verið að ganga í ESB.

„Nú eru landamæri okkar að Rússlandi orðin að landamærum Evrópusambandsins," segir hann. Þetta hafi aukið öryggi landsmanna.

Aunesluoma tók undir með sænskum kollega sínum, von Sydow, um aðildarviðræður. Þær hefðu ekki verið sérlega huggulegar fyrir Finna, heldur þvert á móti afar harkalegar.



## Svíar endurskilgreindu fullveldi sitt

Göran von Sydow, sem starfar við sænska Evrópufræðasetrið og kennir í Háskólanum í Stokkhólmi, segir sláandi líkindi með umræðunni hér á landi og í Svíþjóð og Finnlandi, þegar löndin gengu í ESB fyrir fimmtán árum.

Eitt af þremur helstu áhyggjuefnum Svía hafi til að mynda verið fullveldi þjóðarinnar, hvort það myndi skerðast við inngönguna. Svíar sóttu um aðild að ESB í kjölfar djúprar efnahagslægðar. Fram fór umræða innan sænsks samfélags um hvað „fullveldi" væri. Niðurstaðan var sú að raunverulegu fullveldi Svía væri ógnað af fjármálavandanum. Þjóðin þyrfti að gera upp við sig hvernig hún ætlaði að stjórna þeim hlutum sem hún vildi. Hugmyndin um eftirsóknarvert fullveldi Svíþjóðar breyttist því úr „fullu fullveldi" þjóðríkisins yfir í „raunverulegt fullveldi". Það að vera með lítið, sjálfstætt efnahagskerfi var ekki lengur álitið styrkleiki heldur veikleiki. „Kostirnir voru annað hvort að fylgja reglum annarra eða setjast að borðinu og taka þátt í að semja þær," segir hann. Þannig hafi umræðan verið.



**GÖRAN VON SYDOW**

Von Sydow fór yfir hvernig afstaða Svía til umdeildrar ESB-aðildar hefði breyst á þessum fimmtán árum. Almenningur hafi síðustu ár statt og stöðugt orðið jákvæðari í garð ESB og spurningin um að ganga úr samstarfinu sé ekki lengur áberandi í umræðunni. Þeir flokkar sem áður voru hlynntastir inngöngu eru nú gagnrýnni á ESB, en flokkar sem voru andsnúnir inngöngu séu nú Evrópusinnaðri en áður. Ríkisstjórnin vill hafa Svíþjóð í innsta hring Evrópusameiningar.

Afstaða til evrunnar hafi hins vegar verið neikvæðari meðal almennings, sérstaklega eftir að vandamál Grikklands komust í hámæli. Meirihluti almennings vill halda í sjálfstæða sænska krónu. Hann tók fram að aðildarviðræður Svíþjóðar og ESB hafi ekki beinlínis verið á jafnréttisgrundvelli. Slíkar viðræður snúist um að utanaðkomandi ríki lagi sig á einhvern hátt að reglum sambandsins.

Von Sydow kveður jafnræðið mun meira eftir að inn er komið og segir of mikið gert úr litlu atkvæðavægi smáþjóða innan ESB. Fjölþjóðlegt samstarf ESB snúist um að ná samkomulagi.

## Hætta á að Íslendingar samþykki slæman aðildarsamning

Að loknum fyrirlestrum þeirra von Sydow og Aunesluoma tóku til máls þrír Íslendingar sem Alþjóðamálastofnun Háskólans hafði fengið til að bregðast við orðum erlendu fræðimannanna. **Eygló Harðardóttir**, þingmaður Framsóknar, sagði að flokkur sinn væri einna mest klofinn íslenskra flokka í afstöðu sinni til Evrópusambandsaðildar. Sjálf væri hún mitt á milli, hvorki með eða á móti ESB. Hún útskýrði hvers vegna hún hefði kosið gegn aðildarumsókn Íslands á Alþingi.

„Ég sagði nei því það er mikilvægt fyrir smáríki eins og Ísland að halda forræði yfir auðlindum sínum, sér í lagi sjávarútveginum," segir hún. Hins vegar telur hún ekki að draga eigi umsóknina til baka. Mikilvægt sé að ljúka ferlinu og niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslu um Icesave-samninga hafi aukið traust hennar til þess að tekin verði rétt ákvörðun í slíkum málum.

Eygló hefur hins vegar áhyggjur af klofningi innan ríkisstjórnarinnar. Áhugaleysi eða andstaða ákveðinna ráðherra við aðild geti gert það að verkum að endanlegur samningur verði slæmur. Í væntanlegri þjóðaratkvæðagreiðslu verði atkvæðavægi allra landsmanna jafnt og því hafi minnihluti kjósenda sterk tengsl við sjávarútveg og landbúnað. Af þessum sökum geti farið svo að slæmur samningur verði samþykktur.

**Þórunn Sveinbjarnardóttir**, þingflokksformaður Samfylkingar, tók næst til máls. „Íslendingar þurfa að gera upp við sig hvar þeir vilja vera eftir fimmtán, tuttugu ár," segir hún. „Það er fáránlegt að tala um sjálfstæða þjóð, þegar hún glímir við hrun bankakerfis síns og gjaldmiðils, djúpa efnahagskrísu og hefur átt í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn í tvö ár," segir Þórunn: „Sjálfstæði þarf að vera efnahagslegt, en ekki einungis lúta að sjálfsmynd okkar."

Þórunn telur að Ísland þurfi á aukinni erlendri fjárfestingu að halda, meðal annars í sjávarútvegi. Hún hefur ef til vill haft ummæli Eyglóar í huga þegar hún tók fram að engar náttúruauðlindir Íslands væru sameiginlegar auðlindum ESB, nema flökkustofnar, fiskur sem færði sig milli lögsagna Íslands og Evrópusambandsins.



**GUÐMUNDUR OG ÞÓRUNN** Þingmaðurinn telur rangt að tala um að Ísland sé efnahagslega sjálfstætt ríki, í ljósi efnahagshrunsins og samstarfs við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Guðmundur óskar þess að íslenskir stjórnmálamenn verði „pragmatískari" og geri sér grein fyrir að innan fárra ára kunni Ísland að standa eftir án nokkurra valkosta annarra en að ganga inn. MYND/SIKSTRÖM-SIEPS

**Guðmundur Hálfdánarson**, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands, mælti síðastur íslenskra ræðumanna. Hann lýsti í stuttu máli hvers vegna Íslendingar legðu svo mikla áherslu á mikilvægi fullveldisins - hvers vegna afstaða íslenskra stjórnmálamanna til Evrópusamvinnu væri svo ólík afstöðu kollega þeirra á meginlandinu.

Guðmundur nefndi að öll stjórnmálaumræða hér á landi ætti sér stað innan þess sögulega ramma, eða ímyndunar, sem hefði orðið til í sjálfstæðisbaráttunni.

Lykilatriðið fælist í þeirri ímyndun að sjálfstæði þjóðarinnar væri forsenda hagsældar - að á tímum sjálfstæðis ríkti ávallt eins konar gullöld á Íslandi, en annars niðurlægingartímabil.

Ólíkt þjóðum á meginlandinu hefðu Íslendingar svo hagnast á seinni heimsstyrjöldinni og komið út úr henni án sektarkenndar. „Þá fékk landið auðlind sem var ekki síður dýrmæt en fiskurinn og það var landfræðileg lega," segir Guðmundur. Evrópusambandið var hins vegar stofnað til að bregðast við menningarlegu og efnahagslegu hruni í ófriðnum.

Þriðja atriðið sem Guðmundur nefnir er efnahagshrunið. Fyrir október 2008 hafi Íslendingar í skoðanakönnunum virst verða æ hlynntari Evrópusamvinnu. Eftir hrunið hafi margir íslenskir stjórnmálamenn hins vegar ekki reynt að leiða þjóðina áfram úr ógöngum, heldur virst frekar eltast við reiði landsmanna. Guðmundur tók undir með Eygló að það væri einkennilegt að hafa ráðherra í ríkisstjórn sem berðust gegn aðildinni. Hann telur að stjórnmálamenn eigi að líta raunsætt á stöðu landsins í heimsmálum, því nú fyrst séu afleiðingar kreppunnar að koma í ljós. Það stefni í að þegar viðræðum við ESB ljúki innan fárra ára verði ástandið orðið svo slæmt að Íslendingar standi eftir án nokkurra valkosta, þeir verði að ganga inn. Á sama tíma sé upplýst umræða um ESB „vart fyrir hendi".




# NÓATÚN

*Við gerum meira fyrir þig*

**LAMBA-SÚPUKJÖT AF NÝSLÁTRUÐU**

**698** KR./KG

# Gómsæt kjötsúpa í Nóatúni

# KJÖTSÚPUDAGURINN

Við höldum kjötsúpudaginn hátíðlegan og bjóðum viðskiptavinum upp á gómsæta kjötsúpu í öllum verslunum okkar.

Komdu og smakkaðu!

## Íslensk kjötsúpa

| | |
|---|---|
| 1 kg súpukjöt | 500 g gulrófur |
| 1.8 l vatn | 500 g kartöflur |
| 1 msk. salt | 250 g gulrætur |
| 1-2 msk. súpujurtir | 100 g hvítkál |
| 0.5 laukur, saxaður | Nýmalaður pipar |

**Leiðbeiningar**

Kjötið sett í pott og hitað að suðu. Froðunni er fleytt ofan af, saltað og súpujurtum og lauk hrært saman við. Soðið í um 40 mínútur.

Á meðan eru gulrófurnar, gulræturnar og kartöflurnar afhýddar og skornar í bita. Sett út í og soðið í 15 mínútur til viðbótar. Kálið skorið í mjóar ræmur og soðið í um 5 mínútur.

Bragðbætt með salti og pipar. Kjötið er ýmist borið fram í súpunni eða með henni á sérstöku fati.



*VERÐI YKKUR AÐ GÓÐU!*

*TILBÚIÐ TIL UPPHITUNAR*




**NÓATÚNS ÍSLENSK KJÖTSÚPA, 2 L**
**1698** KR./FATAN



*600 G*

**FLJÓTSHÓLA GULRÆTUR**
**199** KR./PK



**RÓFUR**
**189** KR./KG

*FLJÓTLEGT*



**NÁTTÚRA, 1,5 KG KJÖTSÚPUGRÆNMETI**
**499** KR./PK.

DAG Nótt noatun.is 24-7 NÓATÚN

Hamraborg – Nóatún 17 – Hringbraut – Austurver – Grafarholt

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl
EXPO • www.expo.is

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

EURO SHOPPER

**398** KR. 12 STK
ÍSPINNAR MEÐ SÚKKULAÐI 12 X 60 ml

**498** KR. 8 STK
ÍSTOPPAR MEÐ SÚKKULAÐI 8 X 120ml

**298** KR. 3 STK
LÚXUS-ÍSPINNAR 3 X 120 ml

# EUROSHOPPER ÍS Á FRÁBÆRU VERÐI

## BÓNUS MÖMMU-SÚKKULAÐIKAKAN

**798** KR. 700g
BÓNUS MÖMMUSÚKKULAÐIKAKAN 700g

3000 KASSAR Í BOÐI Á ÞESSU VERÐI

## NÓA KONFEKT 650g

*ALLIR BESTU MOLARNIR*

**1498** KR.650g

## *NÝBAKAÐ Í* BÓNUS

BÓNUS NÝBAKAÐIR KORNKUBBAR 4 stk poki

**198** KR. 4 stk

*20% MEIRA MAGN*

**459** KR. 90ml
SENSODYNE TANNKREM

**59** KR.33 cl

**159** KR.200g
EUROSHOPPER SNAKK 200g

**98** KR.500ml

**169** KR. 2 ltr.

**169** KR. 2 ltr.

**259** KR. 300g
GÓÐ KAUP: SUÐUSÚKKULAÐI 300g

**698** kr. 12 stk
NICKY WC PAPPÍR 12 RÚLLUR

## Sælgætisbarinn í Bónus

Enginn afsláttur bara lágt verð alla daga

***898 KR.KG. = 90 KR. 100G.***

***GERIÐ VERÐSAMANBURÐ***

GJAFAKORT

Rafræna Bónus gjafakortið er vinsælasta jólagjöfin í Bónus

Þú kaupir inneign að eigin vali á gjafakortið, kortið er áfyllingarkort.
Hafðu samband við **skrifstofu Bónus** og fáðu nánari upplýsingar.
Skrifstofa Bónus er opin frá kl. 9-16 alla virka daga.

**AFGREIÐSLUTÍMI**

| | |
|---|---|
| LAUGARD: | 10-18 |
| SUNNUD: | 12-18 |

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu vildarpunkta VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



998 KR. kg

ALI FERSKAR ÚRB.GRÍSAHNAKKASNEIÐAR



898 KR. kg

ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETUR

# GRÍSAKJÖT Á GÓÐU VERÐI




598 KR.pk

NAUTAVEISLU FERSKIR NAUTABORGARAR 4 STK M/BRAUÐI



628 KR. KG

**KS LAMBASÚPUKJÖT 1 FL.**

698 KR/KG. 10% AFSLÁTTUR

ALGJÖRT SÆLGÆTI




298 KR. 500g

AKURSEL LÍFRÆNAR GULRÆTUR 500g




898 KR.kg

NAUTAVEISLU FERSKT HAKK




Samlokuostur í sneiðum frá Osta og smjörsölunni

**Nú með *25%* afslætti**

**1157 kr./kg.**

Merkt verð 1542 kr./kg.

ALGJÖRT SÆLGÆTI




598 KR.600g

NÝ UPPSKERA FERSKAR DÖÐLUR 600G




1798 KR. KG

FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR



NÝJAR KARTÖFLUR Í LAUSU

98 KR.KG



998 KR.kg

KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA; FROSIÐ LAMBALÆRI 2010 SLÁTRUN



NÝJAR KARTÖFLUR Í LAUSU

98 KR.KG

## BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA

VISA Vildarklúbbur

**AFGREIÐSLUTÍMI**

LAUGARD: 10-18

SUNNUD: 12-18

# Kosningavaka dögum saman

**Margrét Erla Maack**, fjölmiðlakona og magadansmær, og **S. Björn Blöndal**, bassaleikari og aðstoðarmaður borgarstjóra, hafa bæði áhuga á matreiðsluþáttum og dálæti á vondum ævisögum. *Kjartan Guðmundsson* hitti rökstólapar vikunnar í Ráðhúsinu.

## Á RÖKSTÓLUM

Er aðstoðarmaður borgarstjóra með aðstoðarmann,“ spyr fjölmiðlakonan Margrét Erla Maack hissa þegar maður rekur inn nefið á skrifstofu S. Björns Blöndal með sódavatn og glös handa blaðamanni og rökstólapari vikunnar. Upp úr dúrnum kemur að Björn deilir skrifstofu með Jóni Gnarr og nýtur því sömu sódavatnsfríðinda og borgarstjórinn.

Bæði standa þau á vissum tímamótum. Margrét Erla fór úr útvarpi í sjónvarp í ágúst þegar hún hóf störf í Kastljósi RÚV, en Björn gerðist aðstoðarmaður borgarstjóra fyrir tveimur vikum eftir að hafa áður gegnt stöðu framkvæmdastjóra Besta flokksins.

„Við eigum það líklega sameiginlegt að hafa þekkt allt fólkið sem við vinnum með áður, þótt um nýtt starf sé að ræða,“ segir Margrét og Björn samsinnir því. „Nú þarf ég að skjalfesta allt sem ég geri, sem eru smá viðbrigði fyrir mann sem hefur lengst af unnið hjá sjálfum sér. Ég er spurður skrýtinna spurninga. „Ertu búinn að gera bókun á þetta? Er þetta komið inn í GoPro-kerfið?“ og svo framvegis.“

Bæði segja þau veturinn leggjast vel í sig.

### Ekki slæm meðmæli

*Byrjum á byrjuninni. Hvað vitið þið um hvort annað?*

**Margrét:** Ég veit að Björn er bassaleikarinn í Ham og að hann er aðstoðarmaður Jóns Gnarr. Ég veit hins vegar ekki fyrir hvað S-ið í Sbjörn Blöndal stendur fyrir. Við kynntumst í fyrra þegar Rás 2 stóð fyrir hljómsveitakeppni og Björn var tengiliður okkar við Stúdíó Sýrland.“

**Björn:** „Þá vissi ég að þú værir í Popplandi á Rás 2 og ég hafði heyrt að þú værir allt í lagi. Hann Óttar vinur minn talaði vel um þig.“

**Margrét:** „Óttar Proppé, já. Ekki eru það slæm meðmæli.“

**Björn:** „Og nú veit ég auðvitað allt um þig eftir þetta. Hef heyrt margt og misjafnt!“

**Margrét:** „Nei!“ (springur úr hlátri).

### Sesar ekki á stjórnlagaþing

*Fyrirhugað stjórnlagaþing hefur tröllriðið fréttum vikunnar. Ætlið þið að kjósa?*

**Björn:** „Ég veit um tvo sem ég ætla að kjósa, þá Jón Ólafsson, sem er bæði heimspekingur og frændi minn, og Ágúst Má Garðarsson Bestaflokksmann. Ég veit ekki um fleiri sem eru í framboði.“

**Margrét:** „Ég er búin að ákveða einn, hann Pavel Bartoszek, sem er einn gáfaðasti maður sem ég veit um. Ég man eftir honum úr MR og hann er fyndinn, útsjónarsamur og sér hlutina í stærra samhengi en flestir.“

**Björn:** „Ég heyrði um daginn, frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, að þessar kosningar verði þær flóknustu sem haldnar hafa verið í heiminum. Í öllum heiminum, sko. Úrvinnslan er víst svona margslungin.“

**Margrét:** „Varir kosningavakan í sjónvarpinu þá ekki dögum saman? Ég verð kannski að vinna við hana.“

**Björn:** „Já, það verður kallað á þig þegar menn eru orðnir fullir. Ef sá ólíklegi, nánast útilokaði, atburður myndi henda að stjórnmálamaður yrði skemmtilegur þá verður þú látin tala við hann.“

**Margrét:** „Einmitt. Rétt eins og núna um daginn þegar ég tók viðtal við Jón Gnarr í bleiku jakkafötunum sínum. Það var svona „hundur með sólgleraugu“-frétt.“

**Björn:** „Já, en þetta var nú ómerkilegt komment hjá mér því stjórnmálamenn geta alveg verið skemmtilegir. Ef ég mætti velja hvern sem er, lífs eða liðinn, á stjórnlagaþingið væri líklega best að fá einhvern í djobbið sem hefur gert þetta áður. Thomas Jefferson eða einhvern af því kaliberi.“

**Margrét:** „Já, eða einhvern góðan heimspeking. Eða Júlíus Sesar!“

**Björn:** „Myndi þá ekki stjórnlagaþingið komast að þeirri niðurstöðu að heppilegast væri að hér ríkti einræði?“

**Margrét:** „Jú, kannski. Það er erfitt að tilnefna einhvern einn úr heimssögunni.“



**VIÐ TJÖRNINA** Björn telur að Thomas Jefferson hefði getað orðið heppilegur kandídat á stjórnlagaþing. Margrét hefur áhyggjur af lengd kosningavökunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> **Björn:** Ef ég væri magadansmær í mínum eigin líkama myndi ég líklega dansa fyrir einhvern sem mér er ekkert sérstaklega vel við, án þess að nefna nokkur nöfn.

### Vondar ævisögur eru bestar

*Í vikunni bárust þær fréttir að Jakob Frímann Magnússon er hikandi við að birta æviminningar sínar því hann telur slíkt einungis vera fyrir háaldraða, en á sama tíma hikar hin sextán ára tónlistarbarnastjarna Justin Bieber ekki við að gefa út sína ævisögu vestanhafs. Hafið þið gaman af ævisögum?*

**Björn:** „Ég gæti alveg hugsað mér að lesa ævisögu Jakobs Frímanns, sérstaklega ef um væri að ræða hljóðbók sem hann les sjálfur inn á.“ (Hermir eftir Jakobi Frímanni).

**Margrét:** „Já, það yrði æðislegt.“

**Björn:** „Aftur á móti hef ég engan áhuga á að lesa bókina um Justin Bieber. Reyndar er hann stundum umræðuefni á mínu heimili, því tólf ára sonur minn hefur lítið álit á þessum unga manni. Í morgun gerði yngri sonur minn þau mistök að byrja að raula eitthvað lag með Bieber og það féll heldur betur í grýttan jarðveg hjá þeim eldri. En oftast hef ég mjög gaman af ævisögum. Bók Alberts Goldman um Elvis er snilld og í miklu uppáhaldi, en það er reyndar mjög vond bók.“

**Margrét:** „Bestu æviminningar sem ég hef lesið er ævisaga Tommy Lee, trommara Mötley Crüe og fyrrverandi eiginmanns Pamelu Anderson. Hún er alveg hræðileg. Af og til grípur ákveðinn líkamshluti inn í frásögnina og segir frá sínu sjónarhorni, með asnalegri skrift og slettum allt í kring. Svo fylgja með viskumolar frá Tommy. „Það er mun sniðugra að fara í foursome en threesome,“ og svo framvegis. Það er mjög fyndið.“

### Sigurganga Breiðabliks Birni að þakka

*Eiður Smári Guðjohnsen keypti gítar sem var áritaður af meðlimum Rolling Stones á tæpar átján milljónir króna á uppboði í vikunni, til styrktar krabbameinssjúkum börnum. Hafið þið verslað á uppboðum og dreymir ykkur um að eignast einhverja sérstaka minjagripi?*

**Margrét:** „Ég hef margoft keypt magadansbúninga á uppboðum á netinu og gæti alveg hugsað mér að fjárfesta í fleiri slíkum. Þá helst eftir fræga hönnuði á borð við Eman Zaki og Aida Nour.“

**Björn:** „Já, þessa hönnuði þekkja allir.“

**Margrét:** „Einmitt. Ég myndi alveg örugglega splæsa svona hundraðþúsundkalli í svoleiðis.“

**Björn:** „Ég keypti einu sinni íþróttatreyju fyrir hönd fyrirtækis sem ég vann hjá á uppboði til styrktar íþróttafélagi. Svo merkilega vildi til að þetta félag hafði aldrei getað neitt í fótbolta, en eftir að ég keypti treyjuna af þeim urðu þeir skyndilega svakalega góðir og hirtu meira að segja titilinn af mínum mönnum í FH. Þetta var Breiðablik, og þeirra sigurganga er öll því að þakka að ég keypti af þeim treyjuna. Kópavogur stendur því í þakkarskuld við mig í fleiri en einum skilningi.“

**Margrét:** „Nú, hvernig þá?“

**Björn:** „Fólk verður bara að lesa milli línanna með það. Svo langar mig mikið í dúkkurnar sem gerðar voru eftir meðlimum hljómsveitarinnar Kiss á áttunda áratugnum, en þær eru dýrar og maður er ekkert að spreða í svoleiðis í kreppunni.“

### Myndi dansa fyrir óvin

*Að lokum. Ef þið mynduð skipta um hlutverk, Margrét yrði tónlistarmaður og aðstoðarmaður borgarstjóra í einn dag og Björn yrði fjölmiðlamaður og magadansmær, mynduð þið gera eitthvað sérstakt?*

**Margrét:** „Ég gæti aldrei sinnt starfinu hans Björns, því ég á mjög erfitt með að tileinka mér bókunarkerfi og slíkt og svo kann ég ekki á hljóðfæri. En ef ég kynni á hljóðfæri myndi ég að sjálfsögðu skella í eina tónleika með Ham á einhverri sveittri sorabúllu með klístruðu gólfi. Það væri gaman að upplifa. Svo myndi ég fara í klippingu ef ég væri Björn.“

**Björn:** „Sem er góð hugmynd, og hefur raunar komið til tals. En myndirðu nokkuð klippa mikið?“

**Margrét:** „Nei, nei, bara rétt snyrta.“

**Björn:** „Ef ég væri magadansmær í mínum eigin líkama myndi ég líklega dansa fyrir einhvern sem mér er ekkert sérstaklega vel við, án þess að nefna nokkur nöfn. Sem dagskrárgerðarmaður myndi ég eflaust bara haga mér nákvæmlega eins og Margrét. Ég sá sjónvarpsþáttinn Hringekjuna um daginn, þar sem Vestmannaeyingar voru að tjá sig og það var heldur súrt. Ég velti því fyrir mér hvað fólk myndi segja ef Reykvíkingar myndu tala svona.“

**Margrét:** „Nákvæmlega það sem ég hugsaði.“

**Björn:** „Það yrði allt vitlaust. Þannig að ég myndi líklega ekki leggja mikla áherslu á að taka þátt í Hringekjunni. En mig hefur alltaf langað til að gera matreiðsluþætti, þar sem ég ferðast um landið. Kannski myndi ég gera það.“

**Margrét:** „Ég elska matreiðsluþætti. Það er besta sjónvarpsefni sem til er, svona alhliða skemmtun og mjög örvandi. Ég er til dæmis mjög hrifin af rokkstjörnukokknum Anthony Bourdain, sem segir frá hlutum eins og þegar hann sprautaði sig með heróíni rétt áður en hann eldaði dýrindis mat fyrir mikilmenni og fleira í þeim dúr. Kærastinn minn náði reyndar í mig með því að bjóða mér heim til sín að horfa á matreiðsluþætti.“






50% AFSLÁTTUR

**NAUTA-PIPARSTEIK**
FERSK
**1.775kr**
KR/KG



40% AFSLÁTTUR

**GRÍSA-MÍNÚTUSTEIK**
FERSK
**1.139kr**
KR/KG

**LAMBALÆRIS-SNEIÐAR**
FERSKAR 1 FL.
**1.599kr**
KR/KG

23% AFSLÁTTUR
**UNGNAUTAHAKK**
FERSKT
**999kr**
KR/KG

**ANDLITSKLÚTAR**
ATHENA, 3 FYRIR 2
**289kr**
KR/PK.

BER FROSIN

**BERJABL.**
453 G
**498kr**
KR/PK.

**BLÁBER**
340 G
**398kr**
KR/PK.

**HINDBER**
340 G
**598kr**
KR/PK.

**JARÐARBER**
454 G
**398kr**
KR/PK.

44% AFSLÁTTUR
**KJÚKLINGA-VÆNGIR**
TEX-MEX
**299kr**
KR/KG

34% AFSLÁTTUR
**FANTA ORANGE**
**FANTA FRUIT TWIST**
6 x 33CL
**398kr**
KR/PK.

50% AFSLÁTTUR
**MELÓNA**
CANTALOUP

30% AFSLÁTTUR
**HJÖRTU**
FERSK
**299kr**
KR/KG

**LAMBASÚPUKJÖT**
BLANDAÐ
**598kr**
KR/KG

30% AFSLÁTTUR
**KINDABJÚGU**
KJÖTSEL
**468kr**
KR/KG

20% AFSLÁTTUR
**NÚÐLUSÚPUR**
3 BRAGÐTEGUNDIR
**79kr**
KR/STK.

**JUBBLY ICE LOLLIES**
10 STK.
**299kr**
KR/PK.

**LAKKRÍS-KONFEKT**
X-TRA
**359kr**
KR/PK.

markhonnun.is

Gildir meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur.

**GILDIR 21. - 24. OKTÓBER**

**SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN Á WWW.NETTO.IS!**

MJÓDD
SALAVEGUR
HVERAFOLD
REYKJANESBÆR
GRINDAVÍK
AKUREYRI
HÖFN

nettó
*Ódýrt fyrir heimilið!*

# Hagtölur eru heillandi

Alþjóðadagur **hagtalna** var haldinn að tilstuðlan Sameinuðu þjóðanna í vikunni. Hagstofur og hagskýrslugerðarfólk um allan heim gladdist og Hagstofa Íslands var þar engin undantekning. Fæstir fá í hnén þegar minnst er á hagtölur en *Svavar Hávarðsson* og *Jónas Unnarsson* komust að því að tölfræðin tekur á stóru sem smáu í mannlegu fari og er þess vegna stórskemmtileg.




20
FRÁBÆRAR HUGMYNDIR
TIL AÐ LÝSA UPP HEIMILIÐ
ILVA
einfaldlega betri kostur
PLANO. Borðlampi.
Króm/silfur. Verð 6.995,-
GAUDY GLOBE. Kúluljós bleikt.
Ø40 cm. Verð 6.990,-/stk.
shop online
Verslaðu á ilva.is
Sendum um allt land
NÝTT
SPIDER. Gólflampi. Ant. silfraður.
165x83 cm. Verð 49.995-
NÝTT
GLORIA. Kertastjaki.
17 cm. Verð 1.495,-
CANDLE.
Kerti í glerkrús.
Verð 2.495,- /stk.
NÝTT
NATURAL. Ljós natur.
Ø80 cm. Verð 22.900,-/stk.
LAUREEN. Kertalugt málmur/gler.
H. 50 cm. Verð 9.995,-
CLEAR. Skermur svartur.
Ø50 cm. Verð 5.995,-/stk.
Einnig fáanlegur í brúnu og hvítu.
MOODY. Ljós m/tausnúru.
Ø50 cm. Verð 14.995,-
ILVA HOME
CANDLE. Sterín kerti. H. 20 cm.
30 stk. í poka. Verð 1.995,-
NÝTT
IMAGE. Skermur.
Ø45 cm. Verð 9.995,-/stk.
TEALIGHT. Teljós. 100% sterín.
100 stk. í poka. Verð 895.-
NÝTT
JOSEPHINE. Ljós. Akryl.
Ø30 cm. Verð 19.995,- /stk.
NEW RETRO. Borðlampi.
H. 43 cm. Verð 8.995,- /stk.
Einnig fáanlegt í svörtu.
ILVA
HAPPY BIRTHDAY
GJAFAKORT
ILVA
GJAFAKORT
ILVA
GJAFAKORT
LANTERNE. Kertalukt. Málmur.
Ýmsar stærðir. Verð frá 1.495,-
TEALIGHT. Kertaglas.
Ýmsir litir. Verð 295,- /stk.
FLORENCE. Ljósakróna.
Ø50 cm.. Verð 39.995.-
Einnig fáanleg í hvítu.
DARLING. Borðlampi m/skerm.
Málmur. H. 42 cm. Verð 24.995,-
© ILVA Ísland 2008
NÝTT
PORTHOLE.
Borðlampi.Króm.
58x22 cm.
Verð 34.995,-
Einnig fáanlegur sem gólflampi.
CRYSTAL. Borðlampi glær.
H. 45 cm. Verð 24.995.-
Ath. skermur seldur sér.
Gjafakort eru seld
á þjónustuborði ILVA.
Frábær gjöf fyrir upphæð
að eigin ósk.
DAISY. Silkiskermur. Ýmsir litir.
H. 27 cm. Verð 4.995,-
ILVA kaffi
Súpa og brauð.
Verð 690.-
ILVA Korputorgi Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík, sími 522 4500 www.ilva.is
mánudaga - föstudaga 11-18:30, laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18
ILVA
sendum um allt land



# Heillaðist af handritinu

**Hún skaust upp á stjörnuhimininn sem Helena fagra í Hollywood-myndinni Troy og lék tálkvendið í Inglourious Basterds. Fegurðardísin Diane Kruger fer með annað aðalhlutverkanna í Inhale, kvikmynd Baltasars Kormáks sem frumsýnd var hér á landi í gær. *Álfrún Pálsdóttir* talaði við leikkonuna um samvinnuna við Baltasar, fyrstu kynnin af Íslandi og draumaborgina Hollywood.**

ÁNÆGÐ MEÐ INHALE Þýska leikkonan Diane Kruger heillaðist strax af handriti myndarinnar og segir leikstjórann Baltasar Kormák fagmannlegan. NORDICPHOTOS/GETTY

Ég hef einu sinni komið til Íslands. Það var fyrir mörgum árum þegar ég var að stíga mín fyrstu skref í fyrirsætubransanum og var ég meðal annars uppi á jöklum að taka myndir. Svo gat ég aðeins skoðað landið og farið í Bláa lónið. Það væri gaman að fara þangað í frí og Baltasar var alltaf duglegur að segja okkur frá landi og þjóð meðan á tökum stóð í þeim tilgangi að fá okkur í heimsókn," segir þýska leikkonan Diane Kruger með afslappaðri röddu og fullkomnum enskum hreim.

Kruger er stödd í Vancouver þessa dagana í fríi hjá kærasta sínum, leikaranum Joshua Jackson, sem leikur í þarlendri sjónvarpsseríu. „Ég reyni að koma hingað þegar ég á lausa stund. Það getur tekið á að vera svona mikið í sundur og við erum meðvituð um að eyða tíma saman," segir Kruger en viðtalið er hennar þriðja yfir daginn, þó að klukkan sé bara 11 að morgni að hennar tíma.

> Baltasar var mjög fagmannlegur í sinni vinnu og lagði mikla áherslu á persónusköpunina. Þar liggur oft munurinn milli bandarískra og evrópskra leikstjóra.

**Heillandi saga**

Það vakti mikla athygli fjölmiðla þegar leikkonan Diane Kruger gekk til liðs við leikhóp Baltasars Kormáks fyrir myndina Inhale. Kruger er annáluð fegurðardís og þykir hörkuleikkona. Hún byrjaði sinn feril sem fyrirsæta í París en skaust upp á stjörnuhimininn þegar hún hampaði hlutverki Helenu fögru í stórmyndinni Troy, eftir mikla leit aðstandenda myndarinnar að konu sem gæti túlkað fegurstu konu heims á hvíta tjaldinu.

Inhale, sem átti fyrst að heita Run for Her Life, fjallar um heim ólöglegra líffæraflutninga og vekur upp margar siðferðislegar spurningar hjá áhorfandanum. Það var einmitt það sem laðaði Kruger að myndinni.

„Ég varð strax heilluð af handritinu og boðskapnum sem felst í sögunni. Öllum þessum siðferðislegu spurningum sem maður getur velt fyrir sér fram og til baka. Ég hafði aldrei spáð neitt sérstaklega í ólöglegum líffæraflutningum og vissi ekki að þetta væri algengt vandamál. Um leið og ég var búin að lesa handritið fór ég á netið og las mér til um málefnið. Þetta snerti mig djúpt," segir Kruger en í myndinni fer hún með hlutverk hinnar týpísku miðstéttarmömmu, Diane Stanton, sem berst fyrir lífi dóttur sinnar og er tilbúin til að gera hvað sem er til að bjarga henni.

„Diane Stanton kemur frá forréttindaveröld og er knúin áfram af ástinni til dóttur sinnar. Myndin sýnir muninn milli tveggja heima, þó landfræðilega séu þeir ekki langt frá hvor öðrum. Þó að ég sé ekki móðir sjálf, þá get ég vel sett mig í hennar spor enda held ég að það gildi það sama um hvaða ástvin sem er. Þú berst fyrir þá sem þú elskar, ekki satt?"

Kruger segist hafa verið á báðum áttum með endinn á myndinni meðan á tökum stóð og var Baltasar sjálfur undir þrýstingi með að ljúka myndinni á annan veg. „Ég get alveg viðurkennt það að ég var mjög tvístígandi um hvort hann væri að taka rétta ákvörðun í tökuferlinu. Það var ekki bara ég, heldur voru oft miklar rökræður um siðferðið í myndinni á milli manna á tökustað, " segir Kruger en bætir við að eftir að hafa séð myndina nokkrum sinnum sé hún mjög sátt með útkomuna. „Ég er mjög ánægð með myndina og held að hún eigi eftir að ná vel til ákveðins hóps. Þetta er ekki hin týpíska Hollywood-mynd sem áhorfandinn horfir á sér til afþreyingar. Takmarkið með myndinni er að vekja fólk til umhugsunar, svo ekki sé minnst á mikilvægi þess að varpa ljósi á þessa ólöglegu starfsemi," segir Kruger.

Hún ber Baltasar vel söguna og segir hann hafa verið einbeittan og kunnað vel til verka á tökustað. „Baltasar var mjög fagmannlegur í sinni vinnu og lagði mikla áherslu á persónusköpunina. Þar liggur oft munurinn milli bandarískra og evrópskra leikstjóra. Það er miklu meiri áhersla á hið persónulega, sem er mjög gott," segir Kruger og bætir við að það hafi verið góð stemning á tökustað og mikill hugur í fólki að gera þetta vel.

**Hollywood er draumaheimur**

Kruger á íbúð í París en þar hóf hún fyrirsætuferil sinn eftir að ballerínudraumurinn brást vegna meiðsla. Hún er altalandi á frönsku og hefur einnig haslað sér völl í franska kvikmyndageiranum. Hún á líka hús í Los Angeles og segist njóta þess að flakka á milli heimsálfa enda séu það ólíkir menningarheimar.

„Ég eyði miklum tíma í París og ég elska að komast til Evrópu. Hollywood er hálfgerð draumaborg. Alltaf gott veður og flott umhverfi. Þess konar fullkomnun er ekki alltaf holl og gott að komast til Parísar og hverfa inn í raunveruleikann þar," segir Kruger og viðurkennir að hún finni mikið fyrir æsku-og útlitsdýrkuninni sem tíðkast í kvikmyndaheiminum. „Ég er mjög heppin að geta tekið mér pásu frá þessum heimi inn á milli og unnið í Evrópu. Þar er ekki sama pressa og meiri áhersla lögð á að leika vel en að líta vel út. Þannig nýt ég þeirra forréttinda og fæ það besta frá báðum heimum."

Kruger er gjarna talin með tískufyrirmyndum í Hollywood og hefur hún meðal annars verið andlit Calvins Klein og snyrtivöruframleiðandans L'Oréal. Hún er einnig góð vinkona yfirhönnuðar Chanel-tískuhússins, Karls Lagerfeld, en vill sem minnst um þann vinskap tala. „Ég get ekki sagt að ég sé þræll tískunnar en mér finnst fatnaður vera góður tjáningarmáti. Það er gaman að klæðast flottum fötum en ég elti ekki alla tískustrauma," segir Kruger en hún hefur lagt fyrirsætuferilinn á hilluna og saknar þess ekkert „Það er samt svo skrýtið að leikkonustarfinu fylgja eiginlega fleiri myndatökur. Mér líður vel fyrir framan linsuna, það er nokkuð ljóst og ætla mér að vera þar eins lengi og ég get," segir Kruger áður en hún kveður.

## LEIKSTJÓRINN

**Hún er algjör proffi.**



Baltasar Kormákur, leikstjóri Inhale, ber Diane Kruger og þeirra samstarfi vel söguna. „Við náðum mjög vel saman á fyrsta fundi og mér leist strax vel á hana," segir Baltasar. „Hún sýndi myndinni áhuga um leið og við höfðum samband," segir Baltasar og segir Kruger vera mikinn vinnuhest og enga dívu, þrátt fyrir að hafa náð langt í Hollywood. „Nei, hún er engin díva en auðvitað gerir hún kröfur um að hlutirnir séu í lagi. Það eru engir stælar í henni og hún er líka skemmtilegur húmoristi," segir Baltasar og bætir við að hann hafi trú á því að Kruger eigi eftir að ná langt í bransanum og kallar hana þýskt kameljón. „Hún er mikill atvinnumaður og gerir hlutina af alvöru. Algjör proffi."




# Félagsfundur Skotvís

Félagsfundur Skotvís verður haldinn í Gerðubergi þriðjudaginn 26. október 2010 kl. 20:00.

**Dagskrá:**

- Sagt frá baráttu félagsins varðandi takmarkanir á veiðum og umferð í Vatnajökulsþjóðgarði. *Níels Árni Lund, varaformaður Skotvís.*
- Hvað segja veiðiskýrslurnar okkur um rjúpnaveiðar landsmanna. *Steinar Rafn Beck, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun.*
- Kynning á ýmsum varningi fyrir rjúpnaveiðimenn.

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

SKOTVEIÐIFÉLAG ÍSLANDS
www.skotvis.is


Hið eina sanna
jólabragð
Egils
Jólaöl
OG
APPELSÍN
Egils
MALT
APPELSÍN
Egils

# Rokkhundar og námshestar

**Skemmtanabransinn** er hverfull og næsta víst að það sem heitt er í dag verði kalt á morgun. *Kjartan Guðmundsson* valdi af handahófi nokkra tónlistarmenn og leikara sem höfðu haft vaðið fyrir neðan sig og lokið námi í einhverju allt öðru.

## ■ ART LEGGUR FYRIR SIG ART



Tony **Morello**, gítarleikari rokksveitarinnar Rage Against the Machine, varð fyrsti maðurinn frá Liberty Ville, úthverfi Chicago þar sem hann ólst upp, sem komst inn í Harvard-háskólann mikilsvirta, og þaðan útskrifaðist hann með BA-gráðu í stjórnmálafræði árið 1986. Eftir námið flutti hann til Hollywood og vann meðal annars fyrir sér sem fatafella áður en Rage Against the Machine sló í gegn með sínu róttæka og pólitíska rokki nokkrum árum síðar.





Hin kúbanska **Gloria Estefan**, söngkona hljómsveitarinnar Miami Sound Machine sem gerði allt vitlaust á níunda áratugnum með lögum eins og Dr. Beat og Rhythm Is Gonna Get You, útskrifaðist með BA-gráðu í sálfræði og frönsku sem aukagrein frá Miami-háskóla árið 1979. Þar sem hún talaði allt í senn ensku, spænsku og frönsku reiprennandi sóttist leyniþjónustan CIA eftir starfskröftum hennar, en poppið varð ofan á.

Einkar viðeigandi er að Art Garfunkel, annar hluti dúettsins Simon & Garfunkel, hafi útskrifast með BA-gráðu í Art history, listasögu, frá Columbia-háskóla og síðar lauk Art mastersnámi í stærðfræði frá sama skóla. Art hóf einnig doktorsnám í sama fagi en tónlistin og Paul Simon kölluðu.

**Fleiri lærðir tónlistarmenn:**



**Lionel Richie**, hagfræðingur frá Tuskegee.

Garth Brooks, blaðamaður frá Oklahoma State University.



**Sting**, kennari frá Northern Counties College of Education.

Rivers Cuomo úr Weezer, BA í ensku frá Harvard.

Dr. Alban, tannlæknir frá Karoline-læknaskólanum í Stokkhólmi.

## ■ HEFND BUSANNA





Ólíklegt er að nokkur grínistaflokkur, hvorki fyrr né síðar, hafi verið skipaður jafn sprenglærðum einstaklingum og hinn breski **Monty Python**. Stofnmeðlimurinn Graham Chapman, sem lést árið 1989, var útskrifaður læknir frá London School of Medicine and Dentistry og nam einnig við Cambridge-háskóla, en frá þeim háskóla útskrifuðust einnig félagar hans í gríninu, þeir John Cleese (sem lögfræðingur) og Eric Idle (sem bókmenntafræðingur). Sagnfræðingurinn Michael Palin og bókmenntafræðingurinn Terry Jones sóttu hins vegar báðir nám sitt til erkifjendanna í Oxford-háskóla. Ekki þarf að horfa lengi á gamanþætti og kvikmyndir Monty Python til að sjá alls kyns vísanir í menntun þeirra félaga.



Það er ekki að ástæðulausu sem tónlist hinnar gríðarvinsælu hljómsveitar **Coldplay** er stundum nefnd gáfumannapopp, en meðlimir hennar kynntust þegar þeir hófu allir nám í University College í London árið 1996. Þrátt fyrir að mestur tími þeirra næstu þrjú árin færi í að æfa og semja með sveitinni náðu þrír þeirra að útskrifast, söngvarinn Chris Martin, sem útskrifaðist með láði úr fornfræði og latínu, gítarleikarinn Jonny Buckland úr stjörnufræði og stærðfræði og trommarinn Will Champion úr mannfræði. Fjórði meðlimurinn, bassafanturinn Guy Berryman, valdi rokkið fram yfir menntunina.

Þá er ótalin gáfumannasveitin Hinir ástsælu Spaðar, sem hefur í gegnum tíðina verið skipuð fjölmörgum langskólagengnum mönnum, til að mynda stjórnmála-, bókmennta- og náttúrufræðingum svo fátt eitt sé nefnt.

**Aðrar sveitir sem haft hafa gnótt af menntamönnum innanborðs:**

Dikta

**Queen**

Genesis

Vampire Weekend

Mosi frændi

## ■ EFNAVERKFRÆÐINGURINN IVAN DRAGO



Sænski harðhausinn **Dolph Lundgren**, sem gert hefur garðinn frægan í myndum á borð við Rocky IV, Bondmyndinni A View to a Kill, Universal Soldier og nú síðast The Expendables, þótti snemma efnilegur námsmaður. Hann fetaði í fótspor föður síns og útskrifaðist með mastersgráðu í efnaverkfræði frá háskólanum í Sidney í Ástralíu árið 1982. Ári síðar var Dolph veittur skólastyrkur til að nema við hinn virta MIT-háskóla í Boston, en þar greip leiklistarbakterían hann heljartökum og því fór sem fór.

Friends-leikkonan **Lisa Kudrow** leitaði einnig innblásturs til líffræðingsins föður síns þegar hún ákvað að skrá sig til náms í Vassar-háskólanum í New York-fylki, þar sem hún sérhæfði sig í rannsóknum á höfuðverkjum og lauk BS-námi. Hún starfaði einnig á rannsóknarstofu föður síns í átta ár meðan hún reyndi að brjóta sér leið inn í skemmtanaiðnaðinn.





Leikkonan **Ashley Judd** lærði frönsku í háskólanum í Kentucky og í Frakklandi, en tók sér þó sautján ára hlé frá námi frá árinu 1990 og þar til hún útskrifaðist vorið 2007. Hún stundar nú mastersnám í opinberri stjórnsýslu við Harvard Kennedy-háskólann.

**Fleiri lærðir leikarar:**

Tommy Lee Jones, BA í ensku frá Harvard.

Mira Sorvino, BA í kínversku frá Harvard.

Will Ferrell, íþróttafræðingur frá háskólanum í Suður-Kaliforníu.

Natalie Portman, BA í sálfræði frá Harvard.

## ■ Á PUTTANUM UM HEIMINN Í HUGANUM

Ekki er á allra vitorði að hinn ástsæli tónlistarmaður, skemmtikraftur og fjölmiðlamaður **Þorgeir Ástvaldsson** er útlærður landfræðingur. Sú staðreynd ætti þó ekki að koma svo mjög á óvart þegar haft er í huga að lengri og skemmri ferðalög hafa verið Togga í Tempó, eins og hann er gjarnan kallaður, hugleikin í verkum sínum í gegnum tíðina, til dæmis í smellum á borð við Ég fer í fríið og Á puttanum.

Leikkonunni **Brynhildi Guðjónsdóttur** er fleira til lista lagt en leiklistin, enda lauk hún frönskunámi í Háskóla Íslands. Námið hefur vísast komið henni til góða þegar hún fór með hlutverk frönsku stórsöngkonunnar Edith Piaf í uppfærslu Þjóðleikhússins fyrir nokkrum árum.

Þá er hinn eitilharði rokkari Elís Pétursson, bassaleikari sveitarinnar Jeff Who?, menntaður sálfræðingur frá Háskóla Íslands.

**Fleiri:**

Valgeir Guðjónsson Stuðmaður, félagsráðgjafi frá Noregi.

**Einar Örn Benediktsson**, fjölmiðlafræðingur frá Englandi.

Anna Svava Knútsdóttir leikkona, bókmenntafræðingur frá Háskóla Íslands.

Þorsteinn Gunnarsson leikari, arkitekt frá Kaupmannahöfn.

**Bergur Ebbi Benediktsson**, fyrrverandi gítarleikari í Sprengihöllinni, lögfræðingur frá Háskóla Íslands.









DUX®

Húsgögn og rúm fyrir lífið

# LEYFÐU ÞÉR DUX Í HAUST

TILBOÐ DUX 7007 NORDIC 180x200.cm/Xupport
yfirdýna og fætur

**Kr.980.000**

(var kr 1.460.000)

**20%** afsláttur af öllum vörum og pöntunum
dagana 21. 22 og 23. okt



DUXIANA®

DUXIANA.COM

DUXIANA REYKJAVIK

Ármúla 10, sími 5 68 99 50

# Alið á fordómum í garð feitra

**Ónærgætin athugasemd um útlit og neitun frá tryggingarfélagi á einum og sama deginum urðu til þess að Marilyn Wann ákvað að láta í sér heyra. Hún sagði *Sigríði B. Tómasdóttur* frá baráttunni gegn fordómum í garð feitra og skoðun sinni á herferðum gegn offitu sem meðal annars geri feit börn að leyfilegu skotmarki fyrir stríðni og neikvæða umræðu.**

Mig hefði ekki órað fyrir þegar ég var þybbið barn að ég yrði baráttukona fyrir feita," segir Marilyn Wann sem stödd var á Íslandi í vikunni til að tala á málþingi um fitufordóma við Háskóla Íslands. Blaðamaður mælti sér mót við hana á Hótel Borg og hitti hana fyrir bleikklædda og tilbúna til að ræða upphafið að baráttunni gegn gegn fitufordómum.

Allt hófst örlagaríkan dag í upphafi tíunda áratugarins. „Ég var lausapenni í blaðamennsku og lifði skemmtilegu lífi. Kvöld eitt var ég úti að borða með strák og hann segir við mig yfir miðjum matnum að hann skammist sín of mikið fyrir mig til að kynna mig fyrir sumum vinum sínum. Af því að ég var feit. Þetta særði mig og sjokkeraði. Og ég fór heim, kannski vonaðist ég hreinlega til þess að gleyma þessu. Þegar ég kom heim þá beið mín bréf frá tryggingafélagi, þar sem mér var neitað um sjúkdómatryggingu á grundvelli þess að ég væri of feit. Mér var ekki boðið að borga meira, ég fékk bara hreina neitun."



**MARILYN WANN** Hún hefur helgað líf sitt baráttu gegn fordómum í garð feitra og talaði meðal annars á fjölmennu málþingi um fitufordóma sem haldið var í Háskóla Íslands í vikunni . FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Ákvað að þegja ekki lengur

Marilyn Wann segir að hún hafi vaknað til vitundar þennan dag um að hún yrði að grípa til sinna ráða. „Fram til þessa hafði ég reynt að vera þögul og forðast aðstæður þar sem athygli var dregin að líkama mínum. En þarna ákvað ég að segja eitthvað, ég vildi ekki að mér væri vera ýtt til hliðar vegna þyngdar minnar og fannst heldur ekki að neinn annar ætti að hljóta þessi örlög. Audre Lorde, bandarískur femínisti og ljóðskáld, sagði „Þögnin verndar þig ekki," og það er rétt."

Í framhaldinu ákvað Wann að gefa út fjölrit eins og var mjög vinsælt hjá ýmsum jaðarhópum í heimaborg hennar San Fransiskó á þessum tíma og nafnavalið var auðvelt. „Ég ákvað að taka eitt af nöfnunum sem ég hafði oft verið kölluð og gera það að einhverju góðu." Til varð ritið Fat!So? umskipun á orðinu fatso, uppnefni á feitum svipað og feitabolla. Viðbrögðin létu ekki á sér standa að sögn Wann.

„Ég fékk bréf frá alls konar fólki, man eftir einu frá konu sem var á fimmtugsaldri, ævagömul að því er mér fannst 25 ára gamalli, þar sem hún sagði að ritið mitt væri það fyrsta sem hún hefði lesið og léti sér líða eins og hún væri í lagi. Það gerði mig reiða og glaða á sama tíma."

Og Marilyn Wann sá að hún gat ekki hætt eftir eitt rit, það var löng barátta fram undan fyrir réttindum feitra og viðurkenningu í samfélagi sem er fullt fordóma og mismununar vegna holdafars á marga vegu.

Fordómarnir eru víðtækir og stöðugt er alið á þeim með því að hamra á því að fólk eigi að vera grannt bendir hún á.

> Þessi nálgun er vond af því hún elur á neikvæðri umræðu um feit börn og hefur það að markmiði að losa veröldina við feit börn. Það finnst mér óhugnanlegt takmark

### Megranir virka ekki

„Ég er mjög hlynnt því að fólk borði hollan mat og stundi líkamsrækt, að sjálfsögðu styð ég heilsusamlegt líferni. En fólk er mismunandi í laginu og það er staðreynd. Við vitum líka af reynslunni af milljón megrunum að flestir þyngjast aftur. Margir fara aftur og aftur í megrun og það að þyngjast og léttast er mjög óhollt fyrir líkamann. Ef fólk ákveður að breyta mataræðinu til hins betra á að njóta þess en ekki að líða eins og verið sé að refsa því með svelti. Sama á við um hreyfingu, við eigum að njóta hreyfingarinnar, en hún á ekki að vera hugsuð sem refsing fyrir það hvernig við lítum út."

Wann segir hræðilegt til þess að hugsa að stöðugt sé alið á fordómum vegna holdafars og nefnir baráttu gegn offitu sem dæmi. „Reyndar þoli ég ekki orðið offita [obesity] því það er svo gildishlaðið. Það er heill iðnaður til í kringum baráttu gegn offitu, vísindamenn þiggja fé frá fyrirtækjum sem búa til megrunarlyf og alls konar næringarefni og duft. Ótrúlega margar rannsóknir eru studdar af þessum iðnaði og þannig litaðar af honum. Fólk getur sem sagt átt sinn starfsframa í skjóli þessarar baráttu sem snýst um að útrýma feitu fólki úr samfélaginu. En það virkar ekki, og reyndar hentar það þeim sem selja megrunarleiðir ágætlega að þær skuli ekki virka því þá kemur fólk alltaf aftur til þeirra."

### Hræðileg barátta

Barátta á borð við þá sem Michelle Obama, forsetafrú Bandaríkjanna, hefur sett af stað gegn offitu hjá börnum fær falleinkun hjá Wann. „Mér finnst hún hræðileg. Hún hefur sagt að það verði engin feit börn eftir 25 ár og fólk klappar og brosir við



fullyrðingunni, sem við vitum að verður aldrei að veruleika en elur bara á fordómum gegn feitum og gerir feit börn að leyfilegu skotmarki fyrir stríðni og neikvæða umræðu. Ef Obama hefði tekið jákvæða nálgun um heilbrigðar lífsvenjur óháð holdafari hefði ég stutt hana. En þessi nálgun er vond af því hún elur á neikvæðri umræðu um feit börn og hefur það að markmiði að losa veröldina við feit börn. Það finnst mér óhugnanlegt takmark.“

Wann segir Bandaríkjamenn þó ekki hafa þyngst að meðaltali nema um nokkur kíló og enn sé margt á huldu um samband heilsu og þyngdar. Wann bendir og á að alltaf hafi verið til feitt fólk, líka áður en farið var að framleiða ýmis konar unninn mat sem oft er bent á sem orsakavald. „Það var til feitt fólk fyrir tíma McDonalds og ég held reyndar líka að ef að grannt fólk myndi hætta að versla á McDonalds þá færu þeir á hausinn. Punkturinn er sá að það er ekki hægt að dæma heilsufar fólks út frá holdafari. Ég er dæmi um það, ég er 135 kíló, hreyfi mig mikið og borða hollan mat. Og ég er alin upp við heilsusamlegt samband við mat, það voru þrjár máltíðir á dag á mínu heimili, ekki verið að narta á milli máltíða, ég fór ferða minna hjólandi og elskaði boltaleiki.“

**Mótmælti gríni á kostnað feitra**

Sú staðreynd að feitir geti lifað heilsusamlegu lífi og liðið vel vefjist hins vegar fyrir mörgum í samfélagi þar sem fitufordómar eru ríkjandi. „Rannsóknir hafa sýnt að feitum er mismunað margvíslega, þeir eru síður ráðnir til starfa, þeir fá lægri laun og þeir þurfa að þoli alls kyns óréttmæta gagnrýni og árásir.“

Það sem einhverjum finnst fyndið getur verið særandi og Wann rifjar upp atvik þegar hún fékk félaga sína til að mótmæla fyrir utan líkamsræktarstöð í San Fransiskó. „Þar var skilti með mynd af geimverum sem á stóð „Þegar þær koma þá éta þær feita fólkið fyrst fyrst.“ Ókei – þetta er fyndið en líka andstyggilegt og byggist á þeirri hugmynd að ef þú ert duglegur að mæta í ræktina þá verður þú ekki feitur. Svo við söfnuðumst saman þarna fyrir utan með skilti sem stóð á: „Éttu mig!“ [Eat me!], dönsuðum og hreyfðum okkur og skemmtum okkur mjög vel. Þetta vakti gríðarlega athygli fjölmiðla og var dæmi um vel heppnaðan aktivisma.“

Í framhaldinu var áhugi stjórnmálamanna vakinn og svo fór að í San Fransiskó var ákvæðum um bann við mismunun á grundvelli holdafars bætt við mannréttindalög og hafa nokkrar aðrar borgir í Bandaríkjunum fylgt í kjölfarið.

**Fjölbreytileika bera að virða**

Wann segir sannarlega ekki hafa haft áhuga á því að eyða peningunum sínum inni á líkamsræktarstöð sem gerði grín að feitum. „Flugfélög hafa gert út á mismunun í garð feitra, auglýst það sérstaklega að þau rukki fyrir tvö sæti ef fólk er mjög feitt, en að mínu mati eru þau á villigötum þarna. Þau ættu að gera feitu fólki kleift að kaupa breiðari sæti gegn gjaldi, þau myndu græða á því á endanum held ég, fjölbreytileiki selur.“

Barátta Wann gegn fitufordómum hefur vakið mikla athygli. Árið 1998 kom bókin hennar Fat!So? út og hún hefur selst vel. Wann segir að mikið líf hafi færst í mannréttindabaráttu feitra undanfarin ár, alls kyns vefsíður blómstri og feitt fólk sé farið að standa saman í stað þess að einangra sig og lifa í skömm.

Og jafnvel þó að fordómarnir séu enn mjög miklir er hún bjartsýn. „Ég held að þetta verði ekki alltaf svona, mannskepnan hefur tilhneigingu til þess að losa sig við það sem er rangt og veldur þjáningu. Ég held að í framtíðinni hætti hún að líta á fitu sem uppsprettu hins illa og sjái að fjölbreytileiki holdafars er staðreynd sem ber að virða eins og fjölbreytileika á öðrum sviðum,“ segir Marilynn Wann að lokum.

## ÓHUGNANLEGAR HERFERÐIR OG BLÓMSTRANDI SAMFÉLAG



### – Hræðilegar herferðir gegn feitum

Tvö trend eru í gangi núna sem snerta feita að mati Marilyn Wann. Annað eru stöðugar herferðir gegn offitu til dæmis herferð Michelle Obama gegn offitu hjá börnum. Fullyrðingar hennar að það verði engin feit börn í Bandaríkjunum eftir 25 ár sé óhugnanleg og ljót. „Það er tvennt sem þarf að athuga í sambandi við baráttu gegn offitu,“ segir Wann. „Í fyrsta lagi ætti fólk að velta fyrir sér: Hvernig myndi þér líða ef þú værir stöðugt að heyra frá ráðamönnum, heilbrigðisstarfsfólki og fjölmiðlum um hversu gott lífið myndi verða ef það væri ekki til neitt fólk eins og þú? Í öðru lagi er það hvernig barátta gegn offitu og draumurinn um þyngdartap vinnur gegn því að feitt fólk geti lifað uppbyggilegu lífi. Niðurstaðan er að ekkert breytist. Ég vil sjá feitt fólk rísa upp, bera höfuðið hátt og þykja vænt um líkama sinn. Þá breytist samfélagið.“



### + Samfélag feitra blómstrar

Hitt trendið að mati Marilyn Wann er það að samfélag þeirra sem að fagna fjölbreytileika í þyngd hefur vaxið og blómstrað. Þar hefur netið hjálpað mjög mikið til og blogg og tískusíður fyrir feita á borð við www.fatshionista.com notið mikillar hylli. Þetta er mjög jákvætt bendir Wann á því feitum konum finnst þær oft vera skildar útundan þegar kemur að tísku og fatakaupum.










vilborg@centrum.is

# Langar þig í nýtt eldhús?

## Kynnum innréttingar og tæki frá Þýskalandi laugardag frá kl. 11-15

Vandaðu valið, og þú gætir fengið það sem þig langar í.

LIEBHERR Häcker kitchen.germanMade. Miele bulthaup

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

# *Fjörug Air-waves-hátíð að baki*

Tónlistarhátíðin **Iceland Airwaves** var haldin í miðborg Reykjavíkur í tólfta sinn um síðustu helgi. Miðborgin var troðfull af erlendum gestum og þeir og íslenskir tónlistaráhugamenn gáfu miðborgarhagkerfinu væna innspýtingu. Hátíðin þótti ágætlega heppnuð og eru sumir þegar farnir að hlakka til að mæta til leiks að ári. *Ljósmyndarar Fréttablaðsins* fylgdust grannt með hátíðinni og hér gefur að líta nokkur eftirminnileg augnablik frá Iceland Airwaves 2010.



**ALLIR SYNGJA MEÐ** Gestir í Hafnarhúsinu á fimmtudagskvöld tóku vel undir.



**ENDURKOMA** Lítið hefur spurst til Orgelkvartettsins Apparats síðustu ár en endurkomunni var vel fagnað á Nasa.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**STUÐIÐ Í ALGJÖRU HÁMARKI** Flestir stærstu tónleikar Iceland Airwaves voru í Hafnarhúsinu. Þessi náungi var hressasti maðurinn á svæðinu og lagði áherslu á það með ananasinum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**ROKK OG RÓL** Rokksveitin Ten Steps Away tróð upp á miðvikudagskvöldinu.

# matur

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MAT ]

október 2010

## Lærði að elda á Ítalíu

Magnús R. Einarsson nýtur þess að elda og telur það fötlun að kunna það ekki.

SÍÐA 6





## Lambaborgari

Sauðaostur passar vel á lambakjötsborgara en er einnig góður með birki- og fíflasírópi.

SÍÐA 2





SHARP
Pioneer
OLYMPUS
Nintendo
SAMSUNG

ERUM FLUTT AFTUR Í LÁGMÚLA 8, 2.hæð

OPIÐ Á LAUGARDÖGUM FRÁ KL. 11-15

...Ég líka!

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800




# Tími lambakjötsins

Spennandi uppskriftir úr eðalhráefni


Hágæða þvottavélar

Kolalaus mótor

Hljóðlátar og byggðar til að endast

Panasonic
ideas for life

OKTÓBER TILBOÐ

Verð frá 119.990



EF

Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

# SVELTUR SAUÐLAUST BÚ

**Sólveig Gísladóttir skrifar**

Kindin hélt lífi í Íslendingum í gegnum aldirnar. Hún hlýjaði mönnum á köldum vetrarkvöldum og mettaði marga munna. Enda var allt nýtt af henni sem hægt var að nýta. Ullin, skinnið, kjötið, hjartað, lifrin og annar innmatur. Að síðustu var mergurinn soginn úr beinunum sem síðan nýttust börnum við leik og fullorðnum í ýmis tól.

Sauðkindin á sér því fastan sess í hjörtum landans. Það sést kannski einna best á því hve hún er rótgróin í málfari fólks. Til dæmis eru margir málshættir tengdir henni. Sauðfjársetrið á Ströndum hefur tekið saman nokkra þeirra sem eru til dæmis: Ekki á sauðurinn samrekstur við selinn, hver sauður er svartur í myrkri, man sauður hvar lamb gekk, margur er úlfur í sauðargæru, misjafn er sauður í mörgu fé, sér eignar smali fé þó engan eigi sauðinn, sveltur sauðlaust bú, þar gætir sauður sauða sem enginn hirðir er, það munar ekki um einn kepp í sláturtíð og að lokum: Öllum kindum er eitthvað til annmarka.

Sem borgarbarn uppalið í Reykjavík og Þýskalandi hef ég lítil samskipti átt við kindur nema sem áhorfandi úr bíl á ferðalagi um sveitir landsins, eða sem neytandi í kjörbúðinni. Þó finn ég, líkt og aðrir Íslendingar, fyrir einhvers konar tengslum og jafnvel þakklæti í garð sauðkindarinnar. Þó að þáttur hennar í lífi hins almenna Íslendings hafi minnkað til muna síðustu áratugi, sérstaklega með tilkomu svína- og kjúklingakjöts, eimir enn eftir af hinni ríku sögu sem við eigum sameiginlega. Engin eru jólin án hangikjötsins sem einnig er ómissandi í útilegurnar á flatkökurnar. Sunnudagssteikin er aldrei betri en þegar lambalæri eða hryggur er á borðum. Hvar væru páskarnir án páskalambsins? Þegar skórinn kreppti haustið 2008 leituðum við til fornvinkonu okkar kindarinnar. Sláturgerðin gekk í endurnýjun lífdaga og fjölskyldur náðu nýjum tengslum við vambasaum og mörskurð.

Skólinn á Íslandi tók lengi vel mið af atvinnuvegum í landinu. Börn sluppu við skóla þegar vertíðin stóð sem hæst og að sama skapi fengu börn frí úr skóla til að taka þátt í sauðburði og ekki hófst skóli að hausti fyrr en að lokinni smalamennsku og réttum. Kannski eigum við sauðkindinni að þakka það langa sumarfrí sem tíðkast hér á landi? Ef svo er – þá kærar þakkir fyrir góðar sumarminningar lambið mitt.

SKÝRINGAR Á UPPSKRIFTATÁKNUM:

Hvunndags/til hátíðabrigða | A Aðalréttur | Annað kjöt en fuglakjöt | Hvunndags




IÐA
viku tilboð
11.990.-
fullt verð
15.990,-
Lækjargata 2a 101 R. sími 511-5001 opið alla daga 9.00 - 22.00









Lambahakk er ljúffengt í hamborgara og kemur verulega á óvart. Hægt er að krydda það á mismunandi vegu og toppa með gráðaosti eða öðrum ostum og hvers konar sultum, sírópi eða chutney. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Ekkert lopabragð

Sauðkindin er til margra hluta nytsamleg og fullt búr gómsætra munnbita eins og upplifa má í þessum lambakjötsborgara þar sem punkturinn yfir i-ið er sauðaostur.

Nammi namm!

Sauðaostur passar ákaflega vel í matargerð, en þegar búið er að leggja jafn mikinn tíma og ástríðu í ost sem er handverk þarf að leyfa honum að njóta sín," segir Eirný Sigurðardóttir, ostasérfræðingur og sælkerakokkur í Búrinu í Nóatúni. „Því læt ég hann standa einan ofan á borgaranum, en hef líka prófað að para hann við hin ýmsu síróp, eins og íslenska fíflasírópið og birkisírópið. Þar nýtur hann sín dásamlega, enda saltur, rjómakenndur og sætur, og ekkert lopabragð."

Eirný hefur haft á boðstólum íslenska sauðaostinn Breða frá Akurnesi í Hornafirði og á von á þriðju lögun hans í ostaborðið í desember. - þlg



## LAMBAKJÖTS-BÚRBORGARI

*Fyrir 4*

**800 g gott lambahakk (fæst í Frú Laugu)**
**fínt rifinn börkur af hálfri sítrónu**
**1-2 hvítlauksrif, fínt söxuð**
**1 lítill rauðlaukur, smátt skorinn**
**2 msk. söxuð steinselja**
**1 tsk. kúmenduft eða steytt kúmenfræ**
**½ eggaldin (um 150 g)**
**salt, pipar og smá chiliduft**
**1 egg**
**1 msk hveiti**

*Byrjið á að skera eggaldin í þunnar sneiðar, setjið á ofnplötu, penslið með ólífuolíu og bakið við 180°C hita í 20 til 30 mínútur eða þar til gullið og bakað í gegn. Látið kólna, en saxið svo smátt og bætið saman við hakkið.*

*Blandið öllu góðgætinu vel saman við hakkið og látið standa við stofuhita í hálftíma áður en steiking hefst. Mótið fjóra góða borgara og steikið á meðalheitri pönnu í 6 mínútur á hvorri hlið eða þar til gullið og steikt í gegn.*

*Gott er að bera fram með sauðaosti, til dæmis Breða sem er dásamlegur íslenskur gráðaostur frá Akurnesi í Hornarfirði, og Rauðrófugló frá Vallanesi. Aðrir sauðaostar, eins og Manchego frá Spáni eða Pecorino frá Ítalíu, henta einnig vel, en þá verður borgarinn fyrir vikið orðinn „heimsborgari".*

VIÐBÓT Á HÚSAVÍK

# Lamb af lyngheiðum



Húsavík hefur að geyma eina af fáum sérverslunum með kjöt á landinu. Sú heitir Viðbót. Bræðurnir Örn Logi og Gunnar Óli Hákonarsynir frá Árbót í Aðaldal eiga hana og kjötvinnslu með sama nafni. Meðal þess sem þeir selja er lambakjöt úr heimabyggðinni, nýtt, saltað og reykt, ásamt rúllupylsu. „Þetta er afbragðs kjöt sem hefur flokkast vel," segir Örn Logi spurður hvort þingeyskt lambakjötið taki öðru fram. „Lambakjöt er svipað um allt land en sumarhaginn hefur samt áhrif á bragðið. Hér ganga lömbin á lyngheiðum og það skilar sér í kjötið." Bændur á Hellu í Mývatnssveit reykja jólahangikjötið fyrir Viðbót. „Bændurnir gera þetta með gamla laginu og taka tíma í reykinguna," lýsir Örn Logi. „Þá verður kjötið léttara en ljúffengara." - gun

**matur** kemur út mánaðarlega með laugardagsblaði Fréttablaðsins. **Ritstjórn:** Sólveig Gísladóttir **Hönnun:** Silja Ástþórsdóttir **Forsíðumynd:** Stefán Karlsson **Pennar:** Friðrika Beneónýsdóttir, Gunnþóra Gunnarsdóttir, Júlía Alexandersdóttir, Ragnheiður Tryggvadóttir og Þórdís Lilja Gunnarsdóttir **Ljósmyndir:** Fréttablaðið **Auglýsingar:** Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is



ego dekor
STÆKKANLEG BORÐ Í HNOTU
160(248)X100
Verð: 159.900,-
200(288)X110
Verð: 179.900,-
Vegghilla
100cm
Verð: 9.900,-
Veggklukka
60X60cm
Verð: 12.900,-
HNOTA VEGGHILLA M/LJÓSI
Verð: 39.500,-
TV SKENKUR
200cm
Verð: 98.000,-
BORÐSTOFUBORÐ
200x100
TILBOÐSVERÐ: 87.920,-
HNOTA ERIC SKENKUR
Br. 170cm
Verð: 139.900,-
FALLEG HÚSGÖGN Á GÓÐU VERÐI
AMBER TUNGUSÓFI
Stærð: 290x165cm
TILBOÐSVERÐ: 205.700,-
CANYON HORNTUNGUSÓFI
Stærð: 280X190cm
TILBOÐSVERÐ: 232.200,-
KINGSTON LEÐURSÓFASETT
3ja sæta 205cm
TILBOÐSVERÐ: 165.600,-
Stóll
TILBOÐSVERÐ: 86.400,-
BIG NEW ENGLAND TUNGUSÓFI
Stærð: 290x165cm
TILBOÐSVERÐ: 211.500,-
STYLETTO
LJÓSAKRÓNA
Verð: 29.900,-
GIOIELLO
LJÓSAKRÓNA
Verð: 39.900,-
PHANTOM
LJÓSAKRÓNA
Verð: 29.900,-
OPAL
stóll
Verð: 16.900,-
SIBELLA stóll
TILBOÐSVERÐ
13.515,-
LUCINDA
stóll
Verð: 23.900,-
DAVOS
stóll
Verð: 24.500,-
Opið mán-fös: 10.00-18.00
Opið um helgina: lau: 10.00-16.00 - sun: 13.00-16.00
Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 544 4420 - www.egodekor.is



Koftaslambakjötsbollurnar og kókoshrísgrjónin má bera sérstaklega fallega fram og skreyta með blómum.



Kókoshrísgrjónin passa vel með sterkum mat. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Möndlur og engifer eru meðal hráefnis.



Mango chutney á vel við réttinn.

# Lamb á fr



Íslendingar hafa undanfarin ár tileinkað sér notkun bragðsterkra kryddtegunda í matreiðslu og tekið erlendri matargerð opnum örmum. Yesmine Olsson og Tómas Boonchang elduðu rétti úr íslensku lambakjöti.

Yesmine Olsson er Íslendingum að góðu kunn fyrir bækur og námskeið um indverska og arabíska matreiðslu. Þegar hún fluttist hingað til lands var lambakjöt ekki hluti af hennar daglegu neysluvenjum og segist hún ekki hafa fengið gott lambakjöt fyrr en hún komst í kynni við það íslenska. „Ég borðaði ekki mikið af lambakjöti áður en ég kom til Íslands en íslenska lambið er allt, allt öðru vísi, fóðrað á blóðbergi og villtum jurtum. Ég kalla kjötið því gjarnan „lífræna“ fæðu. Mér þykir gaman að nota lambið í mína rétti og krydda það með framandi kryddum, enda er fátt betra en bragðmikil og sterk krydd í þessari



Yesmine Olsson hefur slegið í gegn með indverski og arabískri matreiðslu, bókum og námskeiðum.

## INDVERSKT OG TAÍLENSKT LAMB

### INDVERSKAR KOFTAS-LAMBAKJÖTSBOLLUR með kókoshrísgrjónum

*Fyrir fjóra*

**2 tsk. cuminduft**
**2 tsk. kóríanderduft**
**2 tsk. garam masala**
**1 tsk. chiliduft**
**½ tsk. túrmerik**
**½ tsk. nýmulinn svartur pipar**
**1 tsk. sjávarsalt (eða eftir smekk)**
**800 g lambahakk**
**2 msk. Isio-4 olía**
**2 meðalstórir laukar, fínt skornir**
**4 hvítlauksrif, fínt skorin**
**2½ cm ferskt engifer, rifið**
**25 g ferskt kóríander, fínt skorið**
**2 msk. möndlur, fínt skornar**
**½ dl besan-kjúklingabaunamjöl (í stað besan má nota hveiti eða 1-2 stk. rifnar heilhveitibrauðsneiðar)**
**2 msk. mango chutney**
**3 dl grísk jógúrt**
**2 dl vatn**

*Blandið þurrkryddunum saman í skál. Blandið saman í aðra skál hakki, hvítlauk, engifer, besan (eða hveiti eða brauði), kóríander, 1 msk. olíu og svo helmingnum af þurrkryddsblöndunni. Setjið örlítið af olíu á hendurnar og mótið svo bollur.*

*Hitið 1 msk. af olíu á pönnu og léttsteikið laukinn. Hellið afganginum af þurrkrydds-*

*blöndunni ú*
*Hrærið vel s*
*brenni ekki.*
*um af jógúr*
*ásamt mönd*
*chutney og*
*una upp en*
*látið krauma*
*vægan hita.*
*á pönnuna o*
*hliðum. Bæ*
*eftir er af jó*

### KÓKOSHR

**5 dl Basma**
**10 dl sjóða**
**½-1 tsk. sjá**
**50 g kókos**
**1 stk. lauku**
**1 stk. græn**
**fínt skorinn**


Snyrtivörur
GOSH COSMETICS MARBERT GERMANY
Kynning í dag, laugardaginn 23. október frá kl. 11:00-16:00.
20% afsláttur



Reykjavíkur Apótek
Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is
SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

# JÁ!

## – ég þori, get og vil

## KVENNAFRÍ
## 25. OKTÓBER 2010




Skottur




**Á kvennafrídaginn leggja konur niður störf meðal annars til að vekja athygli á ójafnri stöðu kynjanna.**

# Hvers vegna frí en ekki verkfall?

Fundur með fulltrúum kvennasamtaka var haldinn 11. september 1975 til að ræða aðgerðir 24. október.

Fundurinn stóð lengi kvölds og þarna kom meðal annars fram það sjónarmið að óheppilegt væri að kalla aðgerðina verkfall því samkvæmt vinnulöggjöfinni geta aðeins verkalýðsfélög boðað til verkfalls og þá undir ákveðnum skilyrðum. Fólki væri auðvitað frjálst að ganga út af sínum vinnustað, en yrði þá að vera viðbúið afleiðingunum, jafnvel hugsanlegum vinnumissi í kjölfarið. Tækju konur sér hins vegar frí frá störfum einn dag eða dagspart væri ekkert við því að segja. Sumir hræðast verkföll og líkar ekki slík aðgerð. Ef allar konur áttu að geta samsamað sig kvennaverkfalli yrði að fara hægt í sakirnar svo enginn fældist frá. Kvennafrí var því aðgerðin kölluð þaðan í frá, en lengi eimdi eftir af þessum umræðum og þær hafa skotið upp kollinum öðru hvoru síðan.

**● LJÓSMYNDASAMKEPPNI Á KVENNAFRÍDAGINN** Opinn samstarfsvettvangur kvenna, Skotturnar, blæs til ljósmyndasamkeppni á kvennafrídaginn 2010. Ljósmyndinni ber að fanga andrúmsloft fjöldasamstöðunnar í miðbæ Reykjavíkur eða á öðrum mótmælafundum um land allt hinn 25. október 2010. Veitt verða verðlaun fyrir þrjár bestu myndirnar sem sérstök dómnefnd mun velja úr aðsendum ljósmyndum. Skilafrestur er til þriðjudagsins 1. nóvember klukkan 17. Ljósmyndirnar skulu sendar rafrænt á skotturnar2010@gmail.com ásamt fullu nafni ljósmyndarans, heimilisfangi og símanúmeri. Fari stærð ljósmyndarinnar yfir 10 megabæt ber að skila henni á geisladiski eða tölvukubbi til Stígamóta, Hverfisgötu 115, 101 Reykjavík.






**● 1975** Um 20-25 þúsund manns söfnuðust saman á Lækjartorgi í Reykjavík rétt fyrir kl. 14 föstudaginn 24. október 1975. Manngrúinn var að uppistöðu til konur sem höfðu staðið upp frá pottum og pönnum eða gengið út af vinnustöðum sínum til þess skipa sér undir spjöld og borða með áletrunum á borð við: „Sömu laun fyrir sömu vinnu", „24. október er dagur baráttu en ekki hátíð", „Frjálsar fóstureyðingar" og „Konur, skríðið upp úr pottunum". Sömu sögu var að segja af ýmsum byggðum utan höfuðborgarsvæðisins. Talið var að um 90% íslenskra kvenna hafi tekið sér frí frá störfum eftir hádegi þennan dag.

**Útgefandi:** Skotturnar | **Heimilisfang:** Hverfisgata 115, 105 Reykjavík | **Vefsíða:** www.kvennafri.is | **Netfang:** skotturnar2010@gmail.com
**Ritstjóri:** Guðrún Jónsdóttir
**Ábyrgðarmaður:** Bryndís Bjarnason
**Auglýsingar:** Fréttablaðið/Bjarni Þór Sigurðsson. Sími 512 5471




**Hluti af félagskonum í Skottunum með Bryndísi í fararbroddi. Félagið hefur undanfarið ár staðið fyrir uppákomum af ýmsum toga til að vekja athygli á kvennafrídeginum, sem ber upp á sunnudag en verður haldinn á mánudag.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Stemning í Skottunum

**Skotturnar hafa unnið hörðum höndum að undirbúningi kvennafrídagsins sem verður haldinn á mánudag.**

Fyrir rúmu ári voru konur úr hinum ýmsu samtökum kvenna kallaðar saman til að undirbúa kvennafrídaginn og minnast ýmissa tímamóta í kvennabaráttunni. Samþykkt var að félagið fengi nafnið Skotturnar, sem vísar í að konur gengu með skotthúfur. Eins eru skottur kvendraugar úr þjóðsögum, sem voru baráttuglaðir og erfitt að kveða niður. Skotturnar hafa fundað stíft síðan og er stemning og einhugur innan samtakanna.

„Það er gaman að sjá hvernig þetta er allt saman að smella, en um leið er ótrúlegt að við séum komnar á endastöð," segir Bryndís Bjarnarson, verkefnastýra kvennafrídagsins, sem hefur unnið hörðum höndum að undirbúningi kvennafrídagsins sem verður haldinn á mánudag, 25. október.

„Strax í upphafi var ákveðið að beina sjónum að kynferðisofbeldi og fá konur og ráðamenn til að taka ábyrgð á þessum ljóta bletti sem er á íslensku samfélagi. Dagurinn er einnig tileinkaður launamun kynjanna því konur munu ganga út klukkan 14.25 og minna á að þær hafa eingöngu 65 prósent af heildaratvinnutekjum karla," segir Bryndís og getur þess að innan Skottanna sé enginn ágreiningur um mikilvægi þessara mála.

Að hennar sögn standa Skotturnar einnig fyrir landssöfnun og er nú verið að selja kynjagleraugu sem eiga að minna á að bæði kynin eiga að taka ábyrgð á kynferðisofbeldi. „Merkið var selt um síðustu helgi í helstu verslunum landsins. Við hvetjum sem flesta til að kaupa sér merki því markmið söfnunarinnar er að breyta Stígamótum í sólahringsmiðstöð. Auk bættrar ráðgjafarþjónustu verður opnað athvarf fyrir konur sem vilja brjótast úr vændi og mansali. Jafnframt verður verkefnið Stígamót á staðinn endurvakið utan höfuðborgarsvæðisins. Kynjagleraugun verða seld í göngunni á kvennafrídaginn."

Bryndís segir einnig verið að undirbúa alþjóðlega ráðstefnu um kynferðisofbeldi á kvennafrídaginn sjálfan 24. október sem ber upp á sunnudag. „Við fáum erlenda fyrirlesara í sérflokki í þeim málaflokki frá öllum heimsálfum. Aðgangseyrir er greiddur niður og kostar einungis 3.000 krónur á ráðstefnuna."

Hápunkt verkefnisins segir hún vera 25. október klukkan 14.25, en kvennafrídagurinn hafi verið fluttur yfir á þann dag til að konur geti lagt niður störf. „Reiknað var út að konur væru búnar að skila sínu vinnuframlagi á þeim tíma, því þær eru eingöngu með 65 prósent af launum karla."

### KRÖFUGANGAN VERÐUR EIN STÓR MENNINGARVEISLA

Konur munu safnast saman á Hallgrímskirkjutorgi þar sem listakonur byrja að hita upp og þær verða á hverju götuhorni og í göngunni með alls konar uppákomur. „Við höfum einnig verið að hita upp með listakonum í langan tíma, þær voru með okkur á Menningarnótt í tjaldi þar sem þær voru með uppákomu allan daginn. Núna standa yfir viðburðir á Kjarvalsstöðum í hádeginu fram að 25. október. Ég hvet allar konur til að taka þátt í þessum sögulega stórviðburði og sýna áfram samstöðu íslenskra kvenna," segir Bryndís að lokum.

KVENNAFRÍDAGURINN 25. OKTÓBER

# ÞORUM GETUM VILJUM

**Samtök launafólks hvetja konur til virkrar þátttöku í baráttudegi kvenna - Kvennafrídeginum!**

Samtök launafólks hafa frá upphafi barist fyrir jöfnum rétti kynjanna. Nú eru blikur á lofti og mikilvægum árangri af áratuga baráttu fyrir jafnrétti er alvarlega ógnað.

- Launamunur kynjanna er enn að aukast
- Vegið er að rétti foreldra í fæðingarorlofi
- Ráðist er gegn konum sem starfa við heilbrigðis- og velferðarþjónustu
- Niðurskurður í velferðarþjónustu veikir stöðu kvenna á vinnumarkaði með því að færa launuð störf yfir í ólaunuð störf inni á heimilum
- Samtök launafólks fordæma kynbundið ofbeldi og áreiti á vinnustöðum og í samfélaginu öllu

Alþýðusamband Íslands | BSRB | Bandalag háskólamanna | KENNARASAMBAND ÍSLANDS | SAMTÖK STARFSMANNA FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA

● **1985** Þúsundum saman streymdu konur á Lækjartorg rétt fyrir kl. 14 fimmtudaginn 24. október 1985 til þess að leggja áherslu á kröfuna um raunverulegt launajafnrétti. Þegar fundurinn stóð sem hæst munu um átján þúsund konur hafa staðið á torginu og hlýtt á ræður og tekið undir fjöldasöng. Eftir fundinn streymdu margir fundargestir yfir Kalkofnsveginn í nýja byggingu Seðlabankans sem þar stóð hálfköruð en hýsti þá sýninguna „Konan, vinnan, kjörin", sem ætlað var að vekja athygli á vinnuframlagi og launakjörum kvenna.



Hápunktur dagsins var þó beiðni forseta landsins, Vigdísar Finnbogadóttur, að fá að fresta því að undirrita gerðardómslög um verkfall flugfreyja sem þá hafði staðið í sólarhring. Starfandi forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, átti þá stuttan fund með forseta og að honum loknum skrifaði Vigdís undir lögin. Rætt var um að hrikt hefði í hinu pólitíska kerfi við þessa beiðni forsetans, en Vigdís uppskar aðdáun og þakklæti kvenna í landinu fyrir að sýna þessa samstöðu.

● **VIÐBURÐARÍKT ÁR**

Árið 1985 var lokaár kvennaáratugar Sameinuðu þjóðanna og voru margir viðburðir skipulagðir af hálfu kvennasamtaka. Má þar nefna gróðursetningu trjáa um land allt og hátíðarfund á Þingvöllum hinn 19. júní, en þá voru liðin sjötíu ár frá því konur fengu takmarkaðan kosningarétt og kjörgengi til Alþingis. Í samvinnu við Friðarhreyfingu íslenskra kvenna var staðið fyrir undirskriftasöfnun um friðarávarp sem afhent var á kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Naíróbí. Haldin var Listahátíð kvenna þar sem sýnd var myndlist, höggmyndalist, húsagerðarlist og ljósmyndir eftir konur, haldin var kvikmyndahátíð kvenna, konur léku á tónleikum eingöngu verk eftir konur, lesin voru ljóð, leikið og margt fleira. Listahátíðin var sú fyrsta sinnar tegundar á Íslandi. Gefin var út bókin Konur, hvað nú? og rituðu þekktar konur í hana um löggjöf, menntun, atvinnuþátttöku, laun, forystu, félagslega stöðu, heilbrigðismál og menningu.



# Heimsklassaráðstefna um kynferðislegt ofbeldi

**Skotturnar – samstarfsvettvangur Kvennahreyfingarinnar bjóða til alþjóðlegrar rástefnu um ofbeldi í Háskólabíói á morgun. Mikill metnaður var lagður í dagskrána og virtu og mikilvægu fólki boðið heim frá S-Afríku, Indlandi, Mexíkó, Norður-Ameríku og Evrópu.**



**Brýnast að uppræta fáfræði og fordóma gegn kynbundnu ofbeldi, segir Guðrún Jónsdóttir, stjórnarformaður Skottanna.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Það sem er brýnast í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi er að uppræta fáfræði og fordóma," segir Guðrún Jónsdóttir, stjórnarformaður Skottanna. „Og það gerum við best með því að miðla upplýsingum og fræðslu."

Guðrún segir þetta vera ráðstefnu á heimsmælikvarða og að hingað sé boðið því fólki í heiminum sem hafi mest fram að færa um þessi efni. „Á meðal þeirra er umboðskona Sameinuðu þjóðana í ofbeldismálum gegn konum Rashida Manjoo, hæst setta kona í heiminum í málaflokknum. Einnig mun Knut Storberget, dómsmálaráðherra Noregs, flytja erindi, en hann er félagi í karlleiðtogahópi Ban Ki moon sem hefur skuldbundið sig til þess að setja vinnuna gegn ofbeldi í forgang."

„En við fáum einnig aðra góða gesti. Til landsins koma stórmerkar fræði- og baráttukonur eins og Dr. Esohe Aghatise frá Nígeríu, sem hefur unnið með konum sem seldar hafa verið mansali til Ítalíu. Ruchira Gupta, forseti alþjóðasamtakanna Apne Aap, kemur en hún hefur unnið með vændiskonum í fátækrahverfum Indlands og hlotið borgaraverðlaun Clintons fyrir störf sín," segir Guðrún og heldur áfram upptalningu gestanna: „Taina Bin Aime er framkvæmdastýra virtra alþjóðasamtaka Equality Now! Ein af þeirra talskonum er Meryl Streep og þau samtök hafa tvisvar veitt Stígamótum viðurkenningu fyrir baráttu gegn mansali. Janice Raymond prófessor frá Coalition against Trafficking in Women er heimsþekkt fyrir baráttu og skrif gegn ofbeldi. John Crownover frá CARE International NWB talar um forvarnarstörf á meðal ungra karla og Margarita Gullie stofnandi kvennaathvarfahreyfingarinnar í Mexíkó mun segja frá alþjóðasamtökum kvennaathvarfahreyfingarinnar og starfinu í Rómönsku Ameríku. Þannig að þetta er þungavigtarfólk í þessum málaflokkis," segir Guðrún sem sjálf mun tala um baráttuna á Íslandi. Hægt er að skrá sig á vefsíðunni kvennafri.is, þátttökugjald er 3.000 krónur.

*- fsb*

## Dagskrá ráðstefnunnar

Skotturnar, regnhlífasamtök 20 íslenskra kvennasamtaka halda ráðstefnu um kynferðisofbeldi í Háskólabíói við Hagatorg í dag frá kl. 10–17.

Fundarstýra er Kolbrún Halldórsdóttir, fyrrum umhverfisráðherra. Ráðstefnan fer fram á ensku.

**Dagskrá:**

**10.00–10.15** Frú Vigdís Finnbogadóttir fyrrum forseti og verndari Skottanna setur ráðstefnuna

**10.15–10.45** Umboðskona Sameinuðu þjóðanna í ofbeldismálum, frú Rashida Manjoo

**10.45–11.15** Janice Raymond prófessor, Coalition against Trafficking in Women: „Resisting the Demand for Prostitution and Trafficking".

**11.15–11.30** Menningaratriði

**11.30–12.00** Frú Zvjezdana Batkovic frá CARE International NWB: „Young Men´s Initiative"

**12.00–13.30** Hádegisverður og menningaratriði

**13.30–14.00** Knut Storberget, dómsmálaráðherra Noregs og meðlimur í hópnum „We Must Unite", sem er hópur 14 heimsþekktra karlleiðtoga á vegum Ban Ki-moon´s aðalritara Sameinuðu þjóðanna. Leiðtogarnir hafa skuldbundið sig til þess að setja baráttuna gegn kynferðisofbeldi í forgang í störfum sínum.

**14.00–14.30** Dr. Esohe Aghatise frá Nígeríu: „Gender Violence in Africa: Prostitution and Trafficking in Select African Countries".

**14.30–15.00** Ms. Ruchira Gupta, forseti Apne Aap Women Worldwide, Indlandi

**15.00–15.30** Kaffi

**15.30–16.00** Taina Bien Aime, framkvæmdastýra samtakanna EQUALITY NOW!: „Grassroots Activism to End Women's Rights Violations".

**16.00–16.30** Margarita Guille frá Mexíkó, og í stjórn alþjóðasamtaka kvennaathvarfa: „Shelters and Women at Risk in Latin America, Why Do We Need to Network?"

**16.30–17.00** Guðrún Jónsdóttir, stjórnarformaður Skottanna „The Burning issues in the Fight Against Gender Based Violence in Iceland"

Þátttökugjald er 3.000 kr. Innifalið í þátttökugjaldi eru ráðstefnugögn, léttur hádegisverður og eftirmiðdagskaffi.

# Litróf íslenskra kvenna

Haldin var snyrtivörusöfnun í Kvennafrístjaldinu á Menningarnótt og fór hún fram úr björtustu vonum. Síðan þá hafa sjálfboðaliðar ferðast með stóra striga inn í verslunarmiðstöðvar, vinnustaði og skólastofnanir, þar sem gestum og gangandi hefur boðist að mála á þá með snyrtivörum.

Listaverkin verða svo afhjúpuð í glugga veitingastaðarins b5 í Bankastræti á kvennafrídaginn 25. október. Einnig hafa íslenskar listakonur tekið við áskorunum um að skapa listaverk með snyrtivörum.

Gjörningurinn heitir Litróf íslenskra kvenna. Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir verkefnisstýra hefur þetta um gjörninginn að segja: „Litrófið er eins og regnbogi, nema bara úr snyrtivörum. Börnin á Barónsborg gengu óheft til verks og máluðu. Krakkar og unglingar tögguðu og meikuðu það í Kringlunni. Kennarar settu kinnalit og gloss. Litrófið er ekki bara litríkt af litum sem það prýðir heldur líka af fólkinu sem tók þátt í verkefninu. Það er litróf samfélagsins."

Hægt er að skoða Litróf íslenskra kvenna á vefsíðunni litrof.wordpress.com.



**Gestum og gangandi hefur boðist að taka þátt í gjörningnum Litróf íslenskra kvenna, sem sjálfboðaliðar á vegum Skottanna hafa staðið fyrir.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Haustfagnaður Félags sauðfjárbænda í Dölum** hófst í gær og lýkur í kvöld. Dagskráin í dag hefst á lambhrútasýningu á Stóra-Vatnshorni í Haukadal og opnu hrútamóti á Laugum í Sælingsdal. Íslandsmeistaramót í rúningi fer fram í Reiðhöllinni í Búðardal klukkan 13 en grillveisla verður í Dalabúð um kvöldið. Fagnaðinum lýkur svo með dansleik með Hvanndalsbræðrum. www.dalir.is





**Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

**NÁMSAÐSTOÐ**
**Vantar þig aðstoð í einhverri námsgrein?**
íslenska – stærðfræði – enska – danska – efnafræði - lestur
eðlisfræði – þýska – franska – spænska – stafsetning o.fl
Öll skólastig - Réttindakennarar
**Nemendaþjónustan sf • www.namsadstod.is • s. 557 9233**

**Patti.is**
**Landsins mesta úrval af sófasettum**






Púðar í úrvali
**Verð frá 2.900 kr**
**Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is**
**Opið : Mánud. - Föstud. frá 9 til 18 og Laugard. frá 11 til 16**




Opið
mán - fös 10-18,
laugardaga 10-16
TOPPHÚSIÐ
Mörkinni 6 - Sími 588 5518

**Eygerður Margrétardóttir og Óðinn Bragi Valdemarsson gefast hvort öðru í Odda á Rangárvöllum í dag**

# Ást við fyrstu sýn



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ég hef alltaf verið viss í þeirri trú að ég vildi gifta mig og hjónabandið skiptir mig miklu máli; ekki síst þegar maður er búinn að finna þann eina rétta. Þá er eðlilegt framhald að bindast hvort öðru til æviloka,“ segir Eygerður, sem í dag gengur að eiga sinn heittelskaða Óðin í Oddakirkju á Rangárvöllum, en í kjölfarið verður slegið upp veislu í Básum í Þórsmörk þegar kvöldar. Oddi er með sögufrægustu stöðum Íslands, en þar bjó Sæmundur fróði með Oddaverjum og í Oddakirkju þjónaði meðal annars Matthías Jochumsson á 19. öld.

„Við völdum Odda því okkur fannst sagan svo áhugaverð, auk þess sem hann er í hæfilegri fjarlægð frá Þórsmörk. Þá er Óðinn Sunnlendingur, kirkjan ævintýri líkust og allt sem mælti með þessu staðarvali,“ segir Eygerður, sem jafnan er kölluð Eyja.

„Við Óðinn kynntumst eins og margir samlandar okkar á skemmtistað fyrir sextán árum, en okkar örlagareitur var Gjáin á Selfossi. Það var algjörlega ást við fyrstu sýn og við farin að búa eftir mánuð. Síðan hefur ástin bara dafnað og blómstrað, og við alltaf jafn ástfangin, en eins og í flestum löngum ástarsamböndum gengur tilveran alltaf upp og niður. Sambandið hefur þó alltaf verið ástríkt og enginn vafi hér á ferðinni; við játumst hvort öðru

;HELGIN | 2



Er von á barni?
Glaðleg íslensk hönnun fyrir barnið framleidd úr bestu fáanlegri bómull
Lín DESIGN
Kíktu á barnalínuna í vefverslun www.lindesign.is
Lín Design Laugavegi 176, gamla sjónvarpshúsið Sími 533 2220 www.lindesign.is

**Ó, land mitt land** er yfirskrift málþings í Listasafni Íslands sem hefst í dag klukkan 11, þar sem áhugafólk, myndlistar- og fræðimenn munu ræðu fagurfræðilegt gildi náttúrunnar, náttúruvernd, nýtingu náttúruauðlinda og pólitísk áhrif myndlistar í tengslum við sýningar á verkum Ólafs Elíassonar og Péturs Thomsen.













Ægir segir áhuga fólks á ljósmyndum hans hafa komið sér skemmtilega á óvart. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Eftir þessari ljósmynd hafa listakonurnar Anna Hallin og Ósk Vilhjálmsdóttir búið til krosssaumsmynd sem gestum á sýningunni SPOR er boðið að sauma spor sitt í. MYND/ÆGIR ÓLAFSSON

# Einstakt útsýni yfir Hörpu

**Sýningu á ljósmyndum kranastjórans og áhugaljósmyndarans Ægis Ólafssonar lýkur um helgina en þær eru teknar úr sjötíu metra hæð og sýna tónlistarhúsið Hörpu á ýmsum byggingarstigum í sjaldséðu ljósi.**

Ægir Ólafsson hefur útsýni í vinnunni sem er engu öðru líkt en hann starfar sem kranastjóri við bygginguna á tónlistarhúsinu Hörpu. Hann hefur áhuga á ljósmyndun og tekur myndir úr krananum í allt að 70 metra hæð. „Ég hef tekið myndir af tónlistarhúsinu á ýmsum byggingarstigum frá sjónarhorni sem fæstir hafa,“ segir Ægir.

Ein mynda hans varð að fréttaljósmynd og í kjölfarið höfðu listakonurnar Anna Hallin og Ósk Vilhjálmsdóttir samband við hann og fengu leyfi til að búa til krosssaumsmynd eftir myndinni. Þær opnuðu sýninguna SPOR í Listasafni ASÍ í byrjun mánaðarins þar sem þær bjóða fólki að sauma sitt spor í myndina. „Þær buðu mér að vera gestur á sýningunni og hvöttu mig til að sýna fleiri myndir,“ segir Ægir en áhuginn á myndunum hefur komið honum skemmtilega á óvart. Hann býst við því að hann muni halda áfram að mynda tónlistarhúsið þar til byggingu þess lýkur en veit ekki hvort sýningarnar verði fleiri. Sýningunni lýkur á sunnudag. *vera@frettabladid.is*








Eftir 16 sykursæt ár, 2 börn, 15 heimili og 7 gullfiska hafa þau Eyja og Óðinn ákveðið að ganga í það heilaga. Í brúðkaupsveislunni í Þórsmörk ætla þau að bjóða upp á grillað fjallalamb, dýrindis brúðkaupstertu, hnallþóru-rjómatertur og fleira gómsætt.

Framhald af forsíðu

til æviloka,“ segir Eyja af staðfestu og bætir við hlæjandi að öll sextán árin hafi þau Óðinn verið undir pressu um að gifta sig.

„Ástvinir okkar voru orðnir langeygir eftir brúðkaupi, og ég á yngri systur sem nú eru komnar á þrítugsaldur en ég lofaði þeim að verða brúðarmeyjar þegar þær voru tíu ára. Nú taka dætur okkar tvær að sér hlutverk brúðarmeyja, en pressan hefur líka verið mikil frá þeim og þær haft ósvikinn áhuga á að mamma og pabbi yrðu hjón,“ segir Eyja um dæturnar Valdísi Mist tólf ára og Heiðrúnu Jónu fimm ára. „Þær eru virkilega spenntar og halda því fram að við séum öll að fara að giftast,“ segir hún og hlær yfir einlægu sakleysi dætra sinna.

Eyja er umhverfisfræðingur og starfar að umhverfismálum hjá Reykjavíkurborg en Óðinn er flugvirki.

„Mér líður alveg svakalega vel og hlakka óskaplega til að verða gift kona,“ segir hún hláturmild og hamingjusöm á einum stærsta degi lífs síns. „Því er ekki minnsta hætta á að ég hlaupist á brott frá altarinu því við Óðinn erum búin að vera ákveðin í þessu árum saman,“ segir Eyja, sem klæðast mun undurfögrum kjól þegar hún innsiglar hjónabandið með kossi í dag.

„Ég mun ekki klæðast hefðbundnu brúðarskarti, en verð í látlausum brúðarkjól. Við Óðinn erum bæði miklir náttúruunnendur og ferðumst mikið á fjöll bæði sumur og vetur. Því fannst okkur mikilvægt að giftast í rómantískri umgjörð náttúrunnar. Okkur þótti það líka ákveðin leið til að komast úr hefðbundnum kröfum til brúðkaupa í dag, því þar er efnishyggjan orðin mikil. Ef maður setur þetta í svona stíl öðlast maður aðra sýn og setur allt í annað samhengi,“ segir Eyja, sem ásamt Óðni hefur stefnt áttatíu brúðkaupsgestum í Þórsmörkina í kvöld, en þar ætlar stærstur hlutinn að gista.

„Í Básum er engin brúðarsvíta svo við njótum ekki hefðbundinnar brúðkaupsnætur heldur ákváðum að vera bara á meðal fólksins. Við förum svo í sumarbústað eftir helgina og njótum þá hveitibrauðsdaga í friðsælli náttúrunni. Veislan verður því heilagt ullarpeysupartí sem lýkur með staðgóðum morgunverði.“

*thordis@frettabladid.is*

**ÍSPARTAR VÉLAVIT**



LandRover Freelander Árg.2000 ekin 106.000 km Verð kr.690.000 Skoðaður 11. Upplýsingar S:527-2600

**Íspartar - Vélavit**

**Lykilbílar ehf. bílasala**



Fiat Ducato Jonit 357 f.skr 5/04 ek 29 þ.km, bsk Góður og velbúinn bíll. Vill skipta á yngri láþekju.

**Lykilbílar ehf**
**Sími: 445 7700**
**www.lykilbilar.is**

567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN

**Lygilega lág sölulaun :)**

**Verðbil 0–1.000.000 = 28.900 m/öllu!**

567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN

Nyja.is • S. 567 2277

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

100bilar.is bílasala

Toyota Avensis EXE 2,0, árg. 3/2005, ek.89þús.km, sjálfsk, leður, lúga, loftkæling, sumar og vetrardekk, Flottur bíll og einn með öllu, Ásett verð 2390þús. kr, Tilboð 1950þús.kr, er á staðnum

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



**SÚPERTILBOÐ 1990 þús FÁRÁNLEGT VERÐ**

Tilboð 1.999 þús STAÐGREITT, möguleiki á allt að 70% láni Til sölu Toyota Previa 7 manna nýsk. 20.04.2005 nýsk. 2011 ek 178.000,filmur, ný tímakeðja og vatnsdæla. Flottur bíll í toppstandi Ásett verð er 2.890 þúsund en TILBOÐ 1.999 þús.STAÐGREITT. Möguleiki á allt að 70% láni,ath skipti. Upplýsingar í síma 693 5053. ATH STENDUR Á TOYOTA KLETTHÁLSI!!!!



Lincoln Navigator L Elite árg. ,08. Allur svartur. Ek. 44 þús. Innfl. nýr. Bein sala. Ólafur, S: 866 0927.



Nissan Almera 1.6, ssk, ek. 151þús. árg. ,98.V.250 þús. Uppl. í .s 616 2597.



BMW 330i árg.'02, Ek. 177þ. Bensín. Beinskiptur. Verð 2.050.000 S. 840 5332.



Til sölu Peugot Partner árg. ,03. ek. 86þús. Vetradekk, bensín, eyðir 5l á 100. V.450þús. Uppl. í s. 616 2597.



Toyota Avensis W/G 1.8 árg. ,99 sjálfskiptur ekinn 193þ km álfelgur CD krókur filmur skoðaður 2011 góður bíll verð 590.000- uppl. í síma 823-0815.



MMC L-200 árg. ,07 ek. 74 þús. Diesel. Svartur. S. 862 8551.



**Gerðu felgurnar eins og nýjar!**

Niðsterk duftlökkun. Héðinsgata 2 105 Reykjavík. WWW.duft.is Sími 512 4460.



M Bens C320 AMG Með öllu. Ek. 60þ TV, Nav, Xenon, Bose, 2 umg dekk. Uppl. í s. 860 9501.



Til sölu Nissan Interstar árg.'08., ek.37þús. Stöðvarleyfi á Nýju-sendibílastöðunni gæti komið til greina. V. 3,4 m m/vsk. Uppl. í s. 893 2217.



Til sölu GMC Sierra Duramax 2500 4x4 dísel. ,05 ek. 113 þús. Ásett v. 3890 þús. Leður, palllok, o.fl.. s.861-9101



Nissan Terrano árg. ,97 til sölu. Ek. 180þús. 33" breyttur, sk'11 V. 460þús. Uppl. í s. 895 9600.



Renault Scenic árg. ,99 til sölu. Ek. 210þús. Sk'11 V. 280þús. Uppl. í s. 895 9600.



Til sölu Renault Laguna árgerð 1999 ekinn 177 þús. km. Nýskoðaður, beinskiptur, rafmagn í rúðum, geislaspilari, 1600 vél Góður bíll. Ásett verð 350.000 Uppl. - Unnur s: 867 8803.



KIA Carnival 7 manna árg. 2000 ek.90þ. sk.11, ssk. su/ve dekk fylgja verð.550þús S.8970332



14.manna Ford Transet Disel árg'99. Ek.140þús. Sk'11.V. 1.450þús. Ford Ka ek.82þús.árg'98. V.450þús. Uppl í s. 896 3667



Subaru Forester Árg. 2004 ekinn 61 þús. Ásett verð 1.730 þús. Heilsársdekk, einn eigandi. Skipti ekki möguleg. Uppl. í síma 699 3799



BMW X5 árg'04. ek.100þ míl. 22" felgur og ýmis aukabúnaður. V.3.8m. eða staðgr, afsláttur. Er á Akureyri. Uppl í s. 865 9395



BMW 320D E90 árg'05. Ek.127þús. Tilboðsverð 2.690 þús. Ekkert áhvílandi og engin skipti. Uppl í s. 820 4358



Dodge Ram 1500 árg. ,96. Er með 35" breytinguna, 4x4, loftpúðar á aftan, ek. 163 þús., 8 cylendra, bensín, rafm. í rúðum, central, þjóf. kerfi, cd og fleira. Sk. ,11. Verð 590 þús. bein sala. Uppl. í síma 696 3535.



Til sölu Peugot Partner árg. ,03. ek. 86þús. Vetradekk, bensín, eyðir 5l á 100. V.499þús. Uppl. í s. 616 2597.



Mitsubitci Space Wagon 7 sæta. Árg. ,97, ek. 156þ. 2.0 ssk., dráttarkrókur, vetradekk. Ný smurður, tilbúinn í veturinn. Ásett v. 350 þús. eða tilboð óskast. S. 659 8277.



MIG- Rafsuðuvél til sölu, lítið notuð. Automig 180 MXE. 1-fasa, 16A, ( 20-180A) V. 150þús. Uppl í s. 857 1889 & 586 8655



MMC Pajero ,98 ek. 140þ. km, ssk. Bensín, V6 2973cc. Reyklaus, tjónalaus, skoðaður ,11. Mjög snyrtilegur og vel með farinn. V. 750þ. Uppl. í s. 660 5275.



Chrysler stradus árg'95, ek.200þús. V.240þús. Uppl í s. 771 3624



**Hilux, Tilboð 235þús.**

Toyota Hilux árg'94, 33"dekk, breyttur fyrir 35". Bensín. Uppl í s. 891 9847

365

MMC Lancer ,04, ek. 89.000. Verðtilboð 900þ. S. 772 3423.



Skoda Felicia ,99, 1300, ek. 100þ. Ný skoðaður án ath. í góðu standi. 240þ. kr. Uppl. í s. 859 1006.



Renault Kangoo 2 stk. árg. 2007. Annar er vsk. bíll en hin á bláum nr. Báðir eknir um 40 þús. Nýskoðaðir. Fallegir bílar. Ásett verð 1.270.000. S. 897 2034.



Til sölu Yaris T-sport, 2007, ek 30xxx, xenon, 17"álfelgur, 1800cc, ásett 2.690þús, fæst á 2.090.000. Viktor s. 898-3523.



Til sölu Dodge Charger 190 hö. árg.'07 ekinn 57þús.km. Uppl. í síma 8258139



**Nissan Patfinder árg. 2007**

Nissan Pathfinder SE Diesel, 05/2007. Ekinn 100 þús. Ssk., dráttarkrókur, upphækkaður 33" heilsársdekk. Topp viðhald. Ásett verð 4.480.000. Uppl. í s. 897 2034.

Til sölu Honda CRV árg. 98. sjálfsk. ek.230þ. skipt um tímareim í 200þ. Vetradekk, skoðaður'11. Verð 450þ. Uppl. í s.868 8565

Volvo S40 ,02 ek. 82 þús. Ný tímareim. Sk. ,11. V. 1.050 þús. S. 861 7642.

BMW 320iA Touring árg. ,00 ek. 151þ. km. Sk. ,11. Grænn, sumar- og vetrardekk. Mjög gott ástand. Uppl. í s. 895 7866.

Benz 230e 91 ek 220000þ ny sk verð 370þ,mazda 323 98 ek 143þ ny sk verð 390þ,polo 1200 03 ek 116þ isl lan 400þ verð 665 þ,nissan terrano 96 ek 220þ klar i skoðun verð 200þ simi 698 1586.

Skoda Felicia árg. ,98. Þarfnast lagf. á lakki. Annars í ágætu ástandi. 4 vetradekk fylgja. Fæst á 175 þús. S. 867 0839.

Til sölu Legacy Outback, ,99 ek. 178000. Með öllu sem hægt er að óska sér. Nýleg góð vetradekk, nýjar bremsur, óskaverð 850þ. Selst beint fyrir 650þ. ósk. haukuraf@gmail.com og 690 1275.

Toyota Landcruiser 120 árg 2004 aukadekk+álfelgur staðgreiðsla 8662387/6951191

## 0-250 þús.



**Sjálfskiptur sparigrís!**

Daihatsu Sirion 1,0 árg'98 ek.110 þús,sjalfskiptur,skoðaður 2011,cd,5 dyra ásett verð 380 þús er með smá útlits galla fæst á 250 þús stgr! s.841 8955

## 250-499 þús.



Plymouth Voyager árg. ,97 ek. 198þ. 7 manna, vel með farinn sk. ,11. Verð 490þ. S. 861 0610.



**100% LÁN !!!!! RENALT KANGOO 2001 GÓÐUR BÍLL**

Til sölu Renalt Kangoo nýskráður 28.08.2001 ek. 155 þús. km sk. 2011. (Ath var notadur i blomaflutning!!) Verd 470.000kr ath skipti. upplýsingar í síma 693-5053. ATH MÖGULEIKI Á 100% VÍSA EÐA EURO LÁNI í ALLT AÐ 36 MÁNUÐI

LADA SPORT Árg2001 ek.37þús Beinsk,4x4 Nýskoðaður 2011 verð 300þús, s.698-4307

Óska eftir tilboði í VW golf 99árg. Góður bíll,keyrður 128.000. Kom á götuna 00. uppl. í síma 665 8276.

kia Clarus, árg.'00, ekinn 149þús, sjálfskiptur flottur bíll. kostar 450þús, tilboð 270þús. 7724726

## 500-999 þús.



Renault Megane 03 ek. 149þ.Nýsk. V:750þ ákv. 550þ. s:697-4048

## 1-2 milljónir



Strumpastrætó! 7 manna fjölskyldubíll! Ford Galaxy Trend 2,0, árg. ,05, ek. 104 þús. km. Frábær fjölskyldubíll, með 2 innbyggðum barnasætum, auðvelt að taka út sæti og færa til í farþegarrými. Ásett verð 1.890 þús. Tilboð 1.550 þús. Uppl. í s. 893 1391.

## 2 milljónir +



BMW X5 4.4 árg.'04 ek. 61 þús, mílur. Einn með öllu og litur MJÖG VEL út. Verð 4,6 millj áhvílandi 3millj. Uppl. í s. 697 8060.

## Bílar óskast

Sendibíll háþekja eða hjólhýsi eldra en 2006 óskast. Má þarfnast viðgerðar. Uppl. í s. 892 0066.

Óska eftir tveggja öxla kerru, þarf að geta borið 2 tonn. Ekki verra ef hún er með sturtu. S. 866 8798.

Óska eftir að kaupa bíl á verðbilinu 25-250þús, má þarfnast lagfæringa. Uppl. s. 615 1810

**Corolla, Yaris eða Avensis óskast**

Árg. 1998-2002 fyrir 150-400 þúsund. Helst í góðu standi, en má þarfnast lagfæringa. Uppl. 821 2545.

**Vantar þig pening ?**

Óska eftir Hyundai Sonata árg.'03-04. Verður að vera í topplagi. Uppl. í s. 691 7190.

Vill kaupa bíl á ca. 30-150 þús. Má þarfnast viðgerðar. S. 896 6744.

## Jeppar



Til sölu 35" Nissan Patrol. Uppl í s. 845 6555

# Söluhönnuður fyrir kjötiðnaðarsvið

Söluhönnuð vantar á kjötiðnaðarsvið (Meat Industry Center) í söluhönnun á stórum verkefnum.

**Starfssvið:**

- Hönnun kerfislausna með verkefnasölumönnum, frá fyrstu hugmynd að seldri lausn
- Teiknivinna, verðlagning, rýni verkefna og eftirfylgni í hönnun
- Samskipti við verkefnastjóra og hönnuði

**Hæfniskröfur:**

- Menntun í verkfræði, tæknifræði eða öðru tækninámi.
- Reynsla af notkun teikniforrita (AutoCad og Solidworks)
- Vinnsluþekking er kostur
- Reynsla af samskiptum við viðskiptavini
- Skipulagshæfni og geta til að vinna undir álagi
- Gott vald á ensku og öðrum tungumálum er kostur

Viðkomandi þarf að geta ferðast vegna starfsins.

Umsóknarfrestur er til og með 2. nóvember nk. Einungis er tekið á móti umsóknum á heimasíðu Marel, **www.marel.com/jobs**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jóhann H.K. Líndal, johann.lindal@marel.com, í síma 563 8000.

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki í fararbroddi í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaiðnað. Hjá fyrirtækinu starfa um 3300 manns í fimm heimsálfum, þar af um 400 á Íslandi.

Við bjóðum upp á góða vinnuaðstöðu, skilvirka starfsþjálfun, sveigjanlegan vinnutíma, mötuneyti, barnaherbergi, framúrskarandi íþróttaaðstöðu og gott félagslíf.

www.marel.com




marel



# Erum við að leita að þér?

Actavis er alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu hágæðasamheitalyfja. Fyrirtækið er með starfsemi í 40 löndum. Hjá Actavis á Íslandi starfa yfir 700 starfsmenn á ýmsum sviðum.

## Sviðsstjóri samskiptasviðs Actavis á Íslandi

Samskiptasvið ber ábyrgð á innri og ytri upplýsingamiðlun fyrirtækisins, innri markaðssetningu, vefumsjón, samskiptum við fjölmiðla og samfélagsverkefnum. Samskiptasvið er hluti af samskiptaneti Actavis samstæðunnar.

**Helstu verkefni:**

- upplýsingagjöf til starfsmanna og innri markaðssetning
- ritstjórn á innri og ytri vefjum Actavis
- samskipti við fjölmiðla
- ábyrgð á ýmsum samfélagsverkefnum sem Actavis á Íslandi tekur þátt í
- þátttaka í samskiptaneti samstæðunnar
- stefnumótun og markmiðasetning sviðsins

**Við leitum að einstaklingi með:**

- háskólamenntun á sviði almannatengsla, viðskiptafræði eða sambærilega menntun, framhaldsmenntun á sviði markaðs- og kynningarmála og/eða almannatengsla æskileg
- reynslu af markaðs- og kynningarmálum
- reynslu af textagerð
- mjög góða íslensku- og enskukunnáttu
- mjög góða skipulags- og samskiptahæfni

Nánari upplýsingar veitir **Erla Hrönn Diðriksdóttir**, edidriksdottir@actavis.com.
Umsóknir óskast fylltar út á www.actavis.is, undir **Störf í boði** fyrir **31. október nk**.

Actavis Group Dalshrauni 1 220 Hafnarfirði s 535 2300 f 535 2301 @ actavis@actavis.com w www.actavis.com

actavis

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

## Velferðarsvið Reykjavíkurborgar auglýsir lausar til umsóknar stöður hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða og starfsmanna í umönnun í sameiginlegri þjónustu á vegum Heimaþjónustu Reykjavíkur og Þjónustumiðstöðvar Laugardals/Háaleitis.

### Helstu verkefni hjúkrunarfræðinga:
- Hjúkrunarþjónusta í heimahúsi
- Sinna einstaklingum sem þurfa sérhæfða hjúkrunarmeðferð
- Reglulegar vitjanir og samskipti við einstaklinga og/eða aðstandendur
- Þátttaka í teymisvinnu

### Hæfniskröfur hjúkrunarfræðinga:
- Viðurkennt hjúkrunarpróf
- Hjúkrunarleyfi
- 1-3 ára starfsreynsla er æskileg
- Sjálfstæð vinnubrögð og lipurð í mannlegum samskiptum
- Góð íslensku kunnátta

### Helstu verkefni sjúkraliða:
- Þjónusta við einstaklinga í heimahúsum
- Aðhlynning og þátttaka í hjúkrun í samráði við hjúkrunarfræðing
- Þátttaka í teymisvinnu

### Hæfniskröfur sjúkraliða:
- Sjúkraliðamenntun
- 3-5 ára starfsreynsla æskileg
- Sjálfstæð vinnubrögð og lipurð í mannlegum samskiptum
- Góð íslensku kunnátta

### Helstu verkefni starfsmanna í umönnun:
- Sinna umönnun einstaklinga í heimahúsum undir handleiðslu hjúkrunarfræðings
- Veita persónulega aðstoð og stuðning við athafnir daglegs lífs
- Þátttaka í teymisvinnu

### Hæfniskröfur starfsmanna í umönnun:
- Reynsla af störfum í umönnun æskileg
- Sjálfstæð vinnubrögð og lipurð í mannlegum samskiptum
- Góð íslensku kunnátta

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir Ragnheiður Tómasdóttir í síma 411-9600, netfang : ragnheidur.tomasdottir@reykjavik.is og Soffía F.R Hede í síma 665-5873 netfang: soffia.fransiska.hede@reykjavík.is

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf fyrir **7. nóvember nk.**

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.**

# Kennarar

Víkurskóli auglýsir lausa stöðu grunnskólakennara (æskilega kennslugreinar íþróttir og list- og verkgreinar) sem og stöðu leikskólakennara.
Ráðið verður í stöðurnar frá 1.janúar 2011.

**Umsóknarfrestur er til 19. nóvember 2010.**
Magnús Sæmundsson skólastjóri Víkurskóla (skolastjori@vik.is)

## STARFSMENN Í FRAMLEIÐSLUDEILD

ÖSSUR
Life Without Limitations

Við óskum eftir að ráða öfluga starfsmenn í framleiðsludeild Össurar.

Æskilegt er að umsækjendur séu áhugasamir um að takast á við nýja hluti, séu liprir í samskiptum og falli vel inn í hressan hóp starfsmanna í góðu starfsumhverfi.

Umsókn ásamt ferilskrá þarf að berast job@ossur.com fyrir 31.október næstkomandi.

Össur er leiðandi alþjóðlegt fyrirtæki á sviði stoð- og stuðningstækja. Hjá félaginu starfa um 1550 manns í 15 löndum. Gildi félagsins eru Heiðarleiki - Hagsýni - Hugrekki.





Össur hf. | Grjóthálsi 5 | 110 Reykjavík | 515 1300 | www.ossur.com

# www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144

Capacent Ráðningar

# ARKITEKT-VERKEFNASTJÓRI

fsr

Framkvæmdasýslan er stofnun sem heyrir undir fjármálaráðuneytið og hefur umsjón og eftirlit með hönnun og verklegum framkvæmdum á vegum ríkisins um land allt. Hlutverk FSR er m.a. að vera leiðandi afl á sviði opinberra framkvæmda með það að markmiði að bæta verklag og auka skilvirkni, hagkvæmni og gæði við framkvæmdir ríkisins.

**Leitað er að framsæknum einstaklingi með áhuga á skipulagsmálum, upplýsingatækni, verklegum framkvæmdum og umhverfismálum. Það fer að nokkru eftir áhugasviði og reynslu viðkomandi starfsmanns hverjar verða helstu áherslur í starfi hans, enda taka allir verkefnastjórar FSR þátt í að móta sitt starf.**

**Starfssvið**
- Ráðgjöf til ráðuneyta og stofnana um húsnæðismál
- Gerð þarfagreininga og húsrýmisáætlana
- Gerð frumathugana
- Umsjón með hönnunarsamkeppnum
- Gerð hönnunarsamninga og umsjón með þeim
- Rýni útboðsgagna og gerð umsagna um áætlunargerð
- Almenn verkefnastjórnun við undirbúning framkvæmda

Starfið hentar jafnt konum sem körlum. Laun eru samkvæmt stofnanasamningum sem byggja á kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi kjarafélaga.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólapróf í arkitektúr
- Reynsla og þekking á þeim atriðum sem talin eru upp í starfssviði
- Gott vald á íslenskri tungu og færni í ensku og Norðurlandamáli
- Reynsla í hönnun og notkun hönnunarhugbúnaðar
- Reynsla í ritun fundargerða og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Miklir samskiptahæfileikar
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð

**Kostir (en ekki skilyrði)**
- Reynsla og þekking á hugmyndafræði vistvænnar hönnunar
- Reynsla og þekking á BIM (Upplýsingalíkön mannvirkja)
- Þekking á lagaumhverfi stjórnsýslunnar

Markmið FSR er að vera í fararbroddi hvað varðar samræmingu gagna og þróun á sviði verklegra framkvæmda, til dæmis með því að sýna frumkvæði í notkun upplýsingatækni á þessu sviði. FSR vinnur eftir ISO 9001 gæðastjórnunarkerfinu og er auk þess með árangursstjórnunarsamning við fjármálaráðuneytið. Nánari upplýsingar um verkefni Framkvæmdasýslunnar er að finna á www.fsr.is.

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 7. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# ÞJÓNUSTUBORÐ OG KERFISREKSTUR

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Upplýsingatæknisvið Fjármálaeftirlitsins sér um þróun og rekstur tölvukerfa, ásamt því að þjónusta starfsfólk og eftirlitsskylda aðila við notkun kerfanna. Á upplýsingatæknisviði er framundan mikil uppbygging og er í boði krefjandi starf í lifandi og skemmtilegu umhverfi. Samstarf er haft við innlendar og erlendar eftirlitsstofnanir um ýmis verkefni. Nánari upplýsingar um FME er að finna á www.fme.is.

**Fjármálaeftirlitið leitar af einstaklingi með mikla þjónustulund og góða þekkingu á tölvum og tækniumhverfi til starfa á þjónustuborð og við kerfisrekstur. Í boði er fjölbreytt starf í krefjandi umhverfi þar sem þjónusta við starfsfólk FME og eftirlitsskyldra aðila er lykilatriði.**

**Helstu verkefni**
- Þjónusta við notendur tölvukerfa
- Rekstur tölvukerfa Fjármálaeftirlitsins
- Annað sem til getur fallið á upplýsingatæknisviði

**Hæfni sem m.a. er horft til**
- Viðeigandi menntun og/eða reynsla af sambærilegu starfi
- Góð þekking á tölvum og tækniumhverfi
- Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af rekstri tölvukerfa kostur
- Frumkvæði, kraftur og skipulögð vinnubrögð

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 7. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# STARFSMENN Í HÖRPU

HARPA
TÓNLISTAR- OG RÁÐSTEFNUHÚSIÐ Í REYKJAVÍK

Rekstrarfélagið Ago ehf. mun sjá um rekstur Hörpu: Tónlistar- og ráðstefnuhússins í Reykjavík. Ago er dótturfélag Portus sem sér um byggingu hússins. Eignarhaldsfélagið er Austurhöfn-TR ehf. sem er í eigu ríkis og Reykjavíkurborgar.

**Rekstrarfélagið Ago ehf. auglýsir laus til umsóknar störf miðasölustjóra og skipulagsritara í Hörpu: Tónlistar- og ráðstefnuhúsinu í Reykjavík. Leitað er að hugmyndaríkum, metnaðarfullum og drífandi einstaklingum sem hafa áhuga á að starfa í fjölbreyttu og krefjandi starfsumhverfi.**

## MIÐASÖLUSTJÓRI

Miðasölustjórinn er yfirmaður miðasölu Hörpu. Viðkomandi velur starfsmenn og skipuleggur vinnu þeirra sem vinna við miðasölu, við dyravörslu og í fatahengi í samráði við yfirmann, gerir upp miðasölu eftir hverja sýningu og skilar til gjaldkera. Viðkomandi hefur umsjón með miðasölukerfi Hörpu, sem er frá midi.is, og sér um innsetningu upplýsinga í það, skipulag og umsjón miðapantana og skipulagningu símsvörunar. Viðkomandi þyrfti að hefja störf sem allra fyrst í hlutastarfi við undirbúning. Eftir opnun hússins er miðasölustjóri í fullu starfi og getur vinnutími þá verið mjög óreglulegur. Miðasölustjóri heyrir undir markaðsstjóra félagsins.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**
- Yfirumsjón með miðasölu hússins
- Vinnuskipulag starfsmanna í miðasölu, dyravörslu og í fatahengi
- Daglegt uppgjör miðasölu
- Samstarf við fasta notendur í Hörpu; SÍ, ÍÓ og aðra tónleika- og ráðstefnuhaldara
- Samskipti við innlenda sem erlenda samstarfsaðila
- Áætlanagerð og undirbúningur í samráði við markaðsstjóra og verkefnastjóra
- Umsjón og eftirlit með miðasölukerfi

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Reynsla af stjórnun miðasölu er æskileg
- Mjög mikil reynsla af vinnu við tölvu- og upplýsingakerfi
- Mikil reynsla af mannahaldi, skipulagi og stjórnun
- Menntun sem nýtist í starfi
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Góðir samskiptahæfileikar og þjónustulund
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri

## SKIPULAGSRITARI

Skipulagsritari er til aðstoðar verkefnastjórum í Hörpu við eftirlit og framkvæmd samninga og nýtingu á mismunandi rýmum hússins. Viðkomandi vinnur með verkefnastjórum við að tryggja að rými hússins og þjónusta þess sé í samræmi við samninga og metur kostnað með þeim við ýmiss verkefni. Skipulagsritari er jafnframt ábyrgur fyrir að innanhússvefir séu rétt uppfærðir og upplýsingar um bókanir á rýmum séu aðgengilegar fyrir starfsmenn. Viðkomandi þyrfti að hefja störf sem allra fyrst í hlutastarfi við undirbúning opnunar Hörpu. Eftir opnun hússins er skipulagsritari í fullu starfi og getur vinnutími þá verið mjög óreglulegur. Skipulagsritari heyrir undir tónlistarstjóra.

**Starfssvið**
- Umsjón og uppfærsla bókunarstöðu á rýmum hússins og nýtingu þeirra
- Upplýsingamiðlun varðandi bókanir rýma í Hörpu
- Áætlanagerð og undirbúningur viðburða í samráði við verkefnastjóra og framkvæmdastjóra
- Eftirlit með framkvæmd samninga við rekstraraðila og fasta leigjendur í Hörpu
- Undirbúningur uppgjörs samninga
- Samskipti við fasta notendur í Hörpu; SÍ, ÍÓ og aðra tónleika- og ráðstefnuhaldara
- Umsjón og uppfærsla á innanhúsupplýsingum

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Umfangsmikil reynsla af tölvukerfum og upplýsingamiðlun
- Skipulagshæfileikar og nákvæmni
- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla og þekking á samningagerð
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Góðir samskiptahæfileikar og þjónustulund
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri

Umsjón með störfunum hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 8. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í störfin.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

ifs GREINING

IFS Greining er óháð og sjálfstætt þjónustufyrirtæki á sviði efnahagsgreininga og markaða. Greiningarþjónustan byggir á útsendu greiningarefni og almennum samskiptum í síma og á fundum. Þjónustan felur í sér stuðning við fjárfestingaákvarðanir og getur verið hvort tveggja stuðningur við núverandi greiningar og útvistun á greiningum. Viðskiptavinir eru m.a. eignastýringaraðilar, fjárfestar og fjármálafyrirtæki.

# HAGFRÆÐINGUR

Öflugur hagfræðingur óskast í greiningarteymi IFS til að leiða efnahagsgreiningar félagsins og þjónustu þeim tengdum. Frumkvæði, hugmyndaauðgi og skipulögð vinnubrögð eru mikilvægir kostir.

Verkefni eru margvísleg og spennandi þar sem metnaður og hæfileiki fær að njóta sín. Leitað er eftir einstaklingi sem hefur mikla og góða þekkingu á efnahagsmálum þjóðarinnar, skuldabréfamarkaði og almenna þekkingu á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Framhaldsmenntun í hagfræði er æskileg og nokkurra ára starfsreynsla á þessu sviði mikilvæg. Gott vald á ritun texta á íslensku og ensku er skilyrði.

Nánari upplýsingar veitir Ólafur Ásgeirsson í s. 533 4600 eða 860 4600.
**Umsóknarfrestur er til 1. nóvember nk.**
Vinsamlegast skilið inn umsóknum á netfangið ifs@ifs.is.

# VILTU VINNA ÞÉR INN GÓÐAN PENING?

**AUKAVINNA? AÐALSTARF?**

Við leitum að góðum sölumönnum í símaver, farandsölu og önnur verkefni. Starfsþjálfun í boði. Mjög góðir tekjumöguleikar. Hafið samband við Snorra Ingason sölustjóra:

**575 5600 / snorri@forlagid.is**

FORLAGIÐ
www.forlagid.is





sagafilm

sagaevents

## Viltu starfa í spennandi fyrirtæki þar sem sköpunargleðin fær að njóta sín?

## Yfirmaður viðburðastjórnunar hjá SagaEvents

Sagafilm, undir nafninu SagaEvents hefur haslað sér völl sem einn umsvifamesti framkvæmdaaðili viðburða hér í landi. SagaEvents þjónar á ári hverju fjölmörgum innlendum og erlendum aðilum. Stórir sem smáir viðburðir hjá fyrirtækjum, félagasamtökum og einstaklingum eru skipulagðir á fagmannlegan hátt og með þeirri fullvissu að hver og einn viðburður verði að sameiginlegri minningaperlu þátttakenda.

**SagaEvents leitar að drifandi einstakling til að leiða SagaEvents af fagmennsku, þekkingu og frumkvæði.**

**Helstu verkefni:**
- Að annast daglegan rekstur deildarinnar og framkvæmd kynningar og markaðsmála SagaEvents
- Halda utan um skipulagningu og framkvæmd viðburða og ferða á vegum SagaEvents
- Afla upplýsinga um markaðsaðstæður og kynna þjónustu SagaEvents á innlendum og erlendum vettvangi
- Stuðla að jákvæðum og árangursríkum samskiptum við viðskiptavini, samstarfsaðila og ferðaþjónustuaðila

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Brennandi áhugi, sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði
- Reynsla af viðburðastjórnun
- Mjög góð íslensku og enskukunnáta. Önnur tungumálakunnátta er kostur
- Reynsla af kynningarstarfi, markaðssetningu og sölu á erlendum mörkuðum æskileg
- Góð samskipta- og skipulagshæfni

Umsóknir berist til Sagafilm, Laugavegi 176, 105 Reykjavík, merktar Events 2010, **fyrir 06.11.2010**

## Starfsmaður í móttöku Sagafilm

**Sagafilm leitar að einstökum einstaklingi í móttöku og símsvörun . Lifandi og skemmtilegt starf sem býður upp á mikil samskipti.**

**Helstu verkefni:**
- Móttaka gesta og símsvörun
- Skjalavinnsla og almenn ritarastörf

**Hæfniskröfur:**
- Gott vald á ensku sem og íslensku
- Rík þjónustulund
- Gott viðmót og lipurð í samskiptum
- Stundvísi

Umsóknir berist til Sagafilm, Laugavegi 176, 105 Reykjavík, merktar Móttaka 2010, **fyrir 06.11.2010**



**Við höfum þekkinguna!**

PRESSA NÆTURVAKTIN Stelpurnar RÍKIÐ RÉTTUR DAGVAKTIN BJARNFREÐARSON Marteinn Ástríður Idol FANGAVAKTIN SVARTIR ENGLAR

## Óskum eftir Bókara (Fjármálastjóra)
í 70 - 100% starf.

Æskilegt er að viðkomandi hafi góða tölvukunnáttu og Internetþekkingu. Viðkomandi þarf einnig að vera góður í mannlegum samskiptum og hafa ríka þjónustulund.

Einungis er tekið við umsóknum í tölvupósti á netfangið: arnar@vikurverk.is

Víkurverk er leiðandi fyrirtæki í innflutningi og sölu á húsbílum, hjólhýsum og fellihýsum ásamt aukahlutum er tengjast ferðalögum.
Víkurverk er umboðsaðili á Íslandi fyrir hin þekktu vörumerki:
**HOBBY - LMC - KNAUS**
**BÜRSTNER - COACHMEN**

VÍKUR V·E·R·K
ALLT Í FERÐALAGIÐ

VÍKURHVARF 6 - 203 KÓPAVOGUR - VIKURVERK

**HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN**

## Hafrannsóknastofnunin óskar eftir að ráða til starfa sérfræðing á sviði upplýsingatækni

Hafrannsóknastofnunin leitar að öflugum og jákvæðum starfsmanni til starfa tímabundið við verkefni á sviði upplýsingatækni. Um er að ræða samvinnuverkefni Hafrannsóknastofnunarinnar, fiskvinnslustöðva og Marel sem felst í að koma á skráningu rafrænna gagna frá fiskflokkurum í miðlægan gagnagrunn. Gert er ráð fyrir að verkefnið taki 2 ár.
Æskilegt er að umsækjandi hafi menntun á sviði verkfræði, tæknifræði, tölvunarfræði eða skyldum raungreinum.
Leitað er eftir einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt, hefur góða samskipta- og skipulagshæfileika og áhuga á málefnum sjávarútvegs.
Laun samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags.

**Umsóknafrestur er til 8. nóvember 2010.**
**Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.**

Skriflegum umsóknum skal skila til Hafrannsóknastofnunarinnar, Skúlagötu 4, 101 Reykjavík, eða í tölvupósti (bjorn@hafro.is).

Nánari upplýsingar um starfið veitir
Björn Ævarr Steinarsson í síma 575-2097 / 691-8297

Hafrannsóknastofnunin er stærsta rannsóknastofnun landsins á sviði haf- og fiskirannsókna og gegnir auk þess ráðgjafarhlutverki varðandi skynsamlega nýtingu og verndun auðlinda hafsins. Mikill hluti starfseminnar tengist alþjóðlegu samstarfi við erlendar hafrannsóknastofnanir og háskóla. Stofnunin rekur 5 útibú, tilraunaeldisstöð í eldi sjávarlífvera, tvö rannsóknaskip og hefur um 150 starfmenn í þjónustu sinni.

Hafrannsóknastofnunin
Skúlagötu 4
101 Reykjavík
s: 575 2000



NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA

# Líffræðingur

Náttúrustofa Vestfjarða óskar eftir að ráða líffræðing í fjölbreytt starf með áherslu á sjávarrannsóknir. Starfið verður í starfsstöð Náttúrustofunnar í Vesturbyggð. Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsferil sendist til Náttúrustofu Vestfjarða, Aðalstræti 21, 415 Bolungarvík, eða á netfangið the@nave.is mánudaginn 1. nóvember 2010.
Nóg er að umsóknin berist í ofangreint netfang þann 1.11. 2010, fylgiskjöl mega berast seinna.

Nánari upplýsingar veitir Þorleifur Eiríksson, forstöðumaður, í síma 456 7005 eða 892 6005 eða the@nave.is



**VIÐ ÆTLUM AÐ STYÐJA VIÐ OG LEIÐA UMBREYTINGU Á ÍSLENSKRI UPPLÝSINGATÆKNI**

Svo hún verði mannlegri, meira skapandi og umfram allt árangursríkari.

**VILTU ÞÚ GERA ÞAÐ MEÐ OKKUR?**

Við erum að leita að Agile forritara.

Allar upplýsingar um okkur á **www.spretturmarimo.is**
Sendu okkur upplýsingar um þig fyrir **29. október á** info@spretturmarimo.is

SPRETTUR marimo

# Umboðsmaður skuldara

## Embætti umboðsmanns skuldara auglýsir stöðu lögfræðings hjá nýrri starfsstöð embættisins í Reykjanesbæ

**Meðal verkefna** eru lögfræðiráðgjöf til einstaklinga í skuldavanda, umsjón með greiðsluaðlögun, úrvinnsla erinda, samningagerð og eftirfylgni verkefna þeirra sem umboðsmaður skuldara ber ábyrgð á.

**Hæfniskröfur** eru BA próf í lögfræði, en embættispróf og/eða meistarapróf í lögfræði er kostur. Marktæk reynsla af sambærilegu er nauðsynleg. Áhersla er lögð á skipulögð og fagleg vinnubrögð, frumkvæði og sjálfstæði í starfi auk hæfni í mannlegum samskiptum.

**Umsóknarfrestur** er til og með 8. nóvember nk. Vinsamlega sendið umsóknir ásamt upplýsingum um menntun, prófgögn og fyrri störf til STRÁ MRI, netfangið: stra@stra.is. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Guðný Harðardóttir, hjá STRÁ MRI,** veitir nánari upplýsingar um starfið í síma 588 3031, sjá nánar **www.stra.is.**

**Í boði er spennandi starf hjá nýrri starfsstöð í Reykjanesbæ. Embætti umboðsmanns skuldara er ríkisstofnun sem tók til starfa 1. ágúst sl. Stofnunin heyrir undir félags- og tryggingamálaráðherra og skal gæta hagsmuna og réttinda skuldara sem kveðið er á um í lögum.**

www.stra.is

STRÁ MRI WORLDWIDE



Álver Alcoa Fjarðaáls við Reyðarfjörð er eitt af þeim fullkomnustu í heiminum og mikið hefur verið lagt upp úr því að búa til góðan og öruggan vinnustað. Starfsmenn vinna saman í teymum og hafa stöðugar umbætur að leiðarljósi. Vinnustaðurinn býður upp á margvísleg tækifæri til starfsþróunar.

# Verkfræðingur í álframleiðsluteymi

## Auglýst er til umsóknar starf verkfræðings í álframleiðsluteymi Alcoa Fjarðaáls.

Við leitum að verkfræðingi til að stýra framleiðsluferlum í kerskálum Alcoa Fjarðaáls. Kerálína álversins við Reyðarfjörð er meðal þeirra öflugustu í heiminum. Álið er framleitt í 336 tölvustýrðum rafgreiningarkerum. Framleiðslugetan er um 350.000 tonn á ári. Alcoa er alþjóðlegt fyrirtæki þar sem verkefnin eru krefjandi og miklir möguleikar eru á endurmenntun og þróun í starfi.

**Ábyrgðarsvið:**

- Stýra framleiðsluferlum kerskála
- Hámarka nýtni kera á sem umhverfisvænstan hátt
- Stilla kerstýringar
- Stýra umbótaverkefnum
- Greina hráefni og gæði afurða

**Hæfniskröfur:**

- Meistarapróf í véla-, iðnaðar-, rafmagns- eða efnaverkfræði
- Reynsla af stjórnun og framleiðslu
- Hæfni til að miðla og þjálfa
- Lipurð í samskiptum
- Góð íslensku- og enskukunnátta

**Umsóknum skal skila inn á alcoa.is**
**Upplýsingar um starfið veitir Sigurður Ágúst Einarsson, sigurdur.einarsson@alcoa.com**

**Umsóknarfrestur er til og með 6. nóvember.**

Hraun 1 · 730 Reyðarfirði · s. 470 7700

Alcoa Fjarðaál
www.alcoa.is

ALCOA

ÍSLENSKA/SIA.IS/ALC 52073 10/10

Laust starf hjá Lyfjastofnun

# Starfsmaður í þjónustudeild

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Lyfjatæknimenntun, læknaritaramenntun eða önnur menntun á sviði heilbrigðismála sem nýtist í starfi
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Góð tölvufærni, færni í ritvinnslu.
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð íslensku- og enskukunnátta nauðsynleg.

**Helstu verkefni eru m.a.:**
- Skráning verkefna í tölvukerfi stofnunarinnar.
- Aðstoð og utanumhald með fundum.
- Viðhald vinnuskjala.
- Móttaka gagna.
- Önnur tilfallandi verkefni í samráði við yfirmann

**Upplýsingar um starfið veitir Erna Jóna Gestsdóttir, deildarstjóri þjónustudeildar í síma 520 2100.
Um fullt starf er að ræða. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna.
Umsóknir um störfin óskast sendar, ásamt upplýsingum um fyrri störf og meðmælum,
til Lyfjastofnunar merkt: Starfsumsóknir. Umsóknarfrestur er til og með 8. nóvember nk.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.
Umsóknareyðublað ásamt nánari upplýsingum um Lyfjastofnun má finna á
vefsíðu stofnunarinnar www.lyfjastofnun.is**

Í RÍKI VATNAJÖKULS WOW!

Óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra til að annast markaðssetningu og daglegan rekstur

**Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:**
- *Markaðssetning, auglýsingar og kynningarmál*
- *Umsjón með daglegum rekstri*
- *Stefnumótunarvinna, áætlanagerð og öflun styrkja*
- *Stuðla að aukinni samvinnu aðila innan klasans*
- *Efla gæði og stuðla að vöruþróun*

**Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:**
- *Háskólamenntun*
- *Reynsla af markaðsstörfum og ferðaþjónustu*
- *Hæfni í mannlegum samskiptum*
- *Frumkvæði og fagmennska í starfi*
- *Góð íslensku- og ensku kunnátta skilyrði*

**Nauðsynlegt er að framkvæmdarstjóri verði búsettur á Suðausturlandi**

Ríki Vatnajökuls ehf. er klasasamstarf aðila í ferðaþjónustu, matvælaframleiðslu og menningarmála á Suðausturlandi. Klasinn hefur starfað frá árinu 2007 og hefur það markmið að á svæðinu sé rekin öflug og arðbær ferðaþjónusta allt árið sem byggir á aðdráttarafli stórbrotinnar náttúru, matvælum og menningu svæðisins. Umsóknarfrestur er til og með 10. nóvember 2010, fyrirspurnir og umsóknir berist Sigurlaugu Gissurardóttur, sigurlaug@brunnholl.is

Stefnt er að því að ganga frá ráðningu fyrir lok nóvember og æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.

# Cabin Crew.

Now recruiting the world's best.



**emiratesgroupcareers.com**

Take this exceptional opportunity to meet our recruiters seeking prospective candidates to join our multicultural and dynamic Inflight Services team based in Dubai.

**Venue** – Icelandair Hotel Loftleidir, Hlidarfotur 101, Reykjavik, Iceland.
**Date** – 6th November 2010
**Time** – 9:00am sharp

Please bring an updated CV along with passport size and full-length photographs.

For further information visit **emiratesgroupcareers.com**

**Join Emirates. Discover your future.**

Emirates

DFFU DEUTSCHE FISCHFANG-UNION

# Starfsmaður í tæknideild DFFU

Vegna ört vaxandi umsvifa óskar Deutsche Fishfang Union ( DFFU) eftir starfsmanni í tæknideild.
DFFU er dótturfélag Samherja hf í Þýskalandi og gerir út 7 skip frá Cuxhaven.

Starfið felst í umsjón og verkstjórn með viðhaldi, innkaupum og þjónustu við skip DFFU.
Búseta er möguleg á Íslandi en á álagstímum þarf viðkomandi að vera í Cuxhaven í Þýskalandi.

**Hæfni**
- Góð þekking á skipum
- Geta unnið sjálfstætt
- Reglusemi
- Góð tölvukunnátta
- Góð enskukunnátta
- Þýskukunnátta er mikill kostur

Umsóknir sendist á Önnu Maríu Kristinsdóttur starfsmannastjóra Samherja hf, anna@samherji.is

Fasteignafélag Íslands er félag sem annast umsýslu og rekstur fasteigna og útleigu á leigurýmum. Fasteignafélag Íslands er að fullu í eigu Regins ehf. Helsta eign Fasteignafélags Íslands er verslunarmiðstöðin Smáralind í Kópavogi. Leitað er að áhugasömum og kraftmiklum einstaklingi sem hefur töluverða reynslu af fjármálastjórnun.

# Fjármálastjóri Fasteignafélags Íslands ehf.

Fasteignafélag Íslands ehf. auglýsir laust til umsóknar starf fjármálastjóra hjá félaginu.

**Helstu verkefni:**
- Yfirumsjón með bókhaldi, kostnaðareftirliti og greiningu. VSK skil og skýrslugerðir. Undirbúningur fyrir endurskoðun og þátttaka í innra eftirliti.
- Umsjón með endurfjármögnun lána og lánamálum félagsins.
- Skipulag og eftirfylgni fjármálastjórnunar, samræming fjárhagsáætlana einstakra verkefna, samantekt áætlana og frávikagreining.
- Umsjón með fjárhagsupplýsingakerfum félagsins.
- Ábyrgð á greiðslum reikninga, innheimtu og útgáfu reikninga.
- Fjárhagsleg vöktun með einstaka verkefnum.
- Vinnsla og framsetning upplýsinga um fjármálastöðu og rekstraruppgjör.
- Þátttaka í áætlanagerð og hagkvæmnisútreikningum.
- Eftirlit með samningum skuldunauta og lánardrottna.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Viðskiptafræðimenntun á háskólastigi af endurskoðunar- eða fjármálasviði ásamt reynslu af reikningshaldi og stjórnun.
- Þekking og kunnátta á IFRS reikningsskilastöðlum.
- Góð þekking á verðbréfamarkaði.
- Góð tölvukunnátta og þekking á helstu fjárhagsupplýsingakerfum.
- Frumkvæði og fagmennska í starfi.
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð.
- Færni í samskiptum og þægilegt viðmót.

**Upplýsingar veitir:**
Þórir Þorvarðarson, thorir@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 31. október nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www. hagvangur.is**

Allar umsóknir eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
**www.hagvangur.is**

restaurant silfur

## VAKTSTJÓRI ÓSKAST

Veitingastaðurinn Silfur á Hótel Borg óskar eftir framreiðslumanni eða metnaðarfullum einstakling í vaktstjórastöðu.

Æskilegt er að viðkomandi sé íslenskumælandi, með góða þjónustulund og samviskusamur.

Umsóknir sendist á info@silfur.is

# Viðgerðamaður

**Þjónustufyrirtæki óskar eftir að ráða starfsmann í kælivélaviðgerðir.**

Starfið felst m.a. í umsjón og viðgerðum á kælivélum.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Vélstjóramenntun eða sambærilegt er kostur
- Reynsla af kælivélaviðgerðum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Heiðarleiki og nákvæmni
- Stundvísi og reglusemi

**Upplýsingar veitir:**
Rannveig J. Haraldsdóttir
rannveig@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 31. október nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
**www.hagvangur.is**

VALITOR

Valitor er eftirlitsskylt fjármálafyrirtæki á sviði greiðslumiðlunar og kortastarfsemi. Valitor kappkostar að veita söluaðilum, bönkum, sparisjóðum og korthöfum á ferð um heiminn örugga, skjóta og þægilega þjónustu. Nýtt skipulag skerpir á ábyrgð og verkaskiptingu innan fyrirtækisins, einfaldar boðleiðir og leggur grunn að snerpu í ákvarðanatöku og þjónustu.

Starfsemi Valitor er skipt í þrjú afkomusvið: Alþjóðalausnir, Fyrirtækjalausnir og Kortalausnir.

# Sérfræðingur í hugbúnaðarþróun

**Starfið felst í greiningu, hönnun og forritun nýrra kerfa eða kerfishluta sem og viðhaldi eldri kerfa.**

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf á sviði tölvunar- eða kerfisfræði, sambærilegt nám eða umtalsverð starfsreynsla.
- Þekking og reynsla af .NET, C# og SQL.
- Reynsla af Agile/SCRUM hugmyndafræðinni er kostur.
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð, metnaður og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Gott vald á töluðu og rituðu máli á íslensku og ensku.

**Upplýsingar veitir:**
Kristín Guðmundsdóttir,
kristin@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 7. nóvember nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www. hagvangur.is**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
**www.hagvangur.is**

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

# Framkvæmdastjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands

Embætti framkvæmdastjóra Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (ÞSSÍ) er laust til umsóknar. Utanríkisráðherra skipar framkvæmdastjóra ÞSSÍ frá 1. janúar 2011 til fimm ára í senn samkvæmt lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Samkvæmt lögum nr. 121/2008 um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands er ÞSSÍ sérstök stofnun sem lýtur yfirstjórn utanríkisráðuneytisins. Utanríkisráðuneytið sinnir fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu á vettvangi alþjóðastofnana, neyðar- og mannúðaraðstoð og framlagi til friðaruppbyggingar og friðargæslu. ÞSSÍ annast tvíhliða þróunarsamvinnu við samstarfsríki Íslands í Afríku og Mið-Ameríku. Á árinu 2010 nemur umfang starfsemi ÞSSÍ rúmlega 40% af heildarframlagi Íslands til þróunarmála.

Um framkvæmd þróunarsamvinnu Íslands gilda lög nr. 121/2008 og reglugerð nr. 894/2009. Helstu hlutverk ÞSSÍ eru tvíhliða samstarf í samræmi við áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands, þátttaka í starfi alþjóðlegra nefnda og stofnana sem utanríkisráðuneytið kann að fela stofnuninni, gerð sérfræðiálita til ráðuneytisins, kynning á þróunarsamvinnu og málefnum þróunarlanda í samráði við ráðuneytið, auk annarra verkefna sem stofnuninni kunna að vera falin samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða ákvörðun ráðherra hverju sinni.

**Meginverkefni framkvæmdastjóra Þróunarsamvinnustofnunar eru:**

- Ábyrgð á daglegri framkvæmd og rekstri ÞSSÍ og því að reksturinn sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli sem og þær kröfur er leiða má af alþjóðlegum skuldbindingum Íslands.
- Fagleg stjórnun og ábyrgð á áætlanagerð, undirbúningi og framkvæmd þróunarverkefna ÞSSÍ.
- Þátttaka í starfi utanríkisráðuneytisins um alþjóðlega þróunarsamvinnu eftir því sem ráðherra ákveður, þ.m.t. sitja í sérstökum stýrihóp um þróunarsamvinnu.
- Ábyrgð á að ÞSSÍ framfylgi stefnu Íslands skv. áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands hverju sinni.
- Að leiða og hvetja samstilltan hóp starfsmanna sem vinna að krefjandi verkefnum í fjarlægum löndum og á Íslandi.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf og fagþekking á verksviði Þróunarsamvinnustofnunar.
- Reynsla af störfum á sviði þróunarmála og alþjóðasamstarfs.
- Reynsla af mannaforráðum og almenn stjórnunar- og rekstrarreynsla.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku.
- Gott vald á ensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti. Kunnátta í einu Norðurlandatungumáli er æskileg.
- Frumkvæði í starfi. Leiðtoga- og samskiptahæfileikar.
- Reynsla og hæfileiki til að miðla upplýsingum.

**Nánari upplýsingar um starfið veita:**
Helga Hauksdóttir, mannauðsstjóri í utanríkisráðuneyti (helgahauks@mfa.is) og Sturla Jóhann Hreinsson hjá Hagvangi, (sturla@hagvangur.is).

**Umsóknarfrestur er til og með 8. nóvember nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is og fylgigögn send sem viðhengi.**

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um embættið.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun í embættið hefur verið tekin.

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
**www.hagvangur.is**



# REYNSLUBOLTAR ÓSKAST TIL STARFA

**Vélamiðstöðin óskar eftir að ráða kraftmikla starfsmenn til að breyta hefðbundnum bifreiðum í metanbifreiðar auk annarra bíla- og vélaviðgerða.**

## HÆFNISKRÖFUR:

- Menntun eða haldbær starfsreynsla á sviði bifvéla-, véla- eða rafeindavirkjunar, eða sambærilegt
- Góð þekking á tölvuumhverfi bíla
- Reynsla af rafmagnssviði er æskileg
- Reynsla af bílabreytingum er æskileg
- Útsjónarsemi, metnaður og góðir samskiptahæfileikar

Vélamiðstöðin er rekin af Íslenska Gámafélaginu sem leitast við að bjóða viðskiptavinum sínum upp á heildarlausnir á sviði umhverfisþjónustu.
Vélamiðstöðin sérhæfir sig í metanbreytingum og leigu sérútbúinna bifreiða.
Hjá Íslenska Gámafélaginu starfa 240 manns víða um land en á næstu þremur árum ætla stjórnendur Íslenska Gámafélagsins að skapa 150 ný störf hjá fyrirtækinu.
Nýju störfin felast m.a. í að breyta 1.000 bílum í tvíorku metanbifreiðar.

Nánari upplýsingar veitir Helga Fjóla Sæmundsdóttir, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs, netfang: helga@igf.is

Umsóknafrestur er til og með 27. okt.
Sendu umsóknina á netfangið helga@igf.is

VÉLAMIÐSTÖÐIN
1964

**metanbill.is**

Gufunes | 112 Reykjavík | Sími: 580 0400
www.velamidstodin.is

## STARFSMENN Í FRAMLEIÐSLUDEILD

ÖSSUR — Life Without Limitations

Við óskum eftir að ráða öfluga starfsmenn í framleiðsludeild Össurar.

Æskilegt er að umsækjendur séu áhugasamir um að takast á við nýja hluti, séu liprir í samskiptum og falli vel inn í hressan hóp starfsmanna í góðu starfsumhverfi.

Umsókn ásamt ferilskrá þarf að berast job@ossur.com fyrir 31.október næstkomandi.

Össur er leiðandi alþjóðlegt fyrirtæki á sviði stoð- og stuðningstækja. Hjá félaginu starfa um 1550 manns í 15 löndum. Gildi félagsins eru Heiðarleiki - Hagsýni - Hugrekki.



Össur hf. | Grjóthálsi 5 | 110 Reykjavík | 515 1300 | www.ossur.com

LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



## Læknaritarar sérgreina

**Skurðlækningasvið auglýsir eftir tveimur læknariturum sérgreina, annars vegar á æðaskurðlækningum og hins vegar á almennum skurðlækningum.**

**Starfshlutfall er 100% eða eftir samkomulagi og veitast störfin frá 1. desember 2010 eða eftir samkomulagi.**

### Helstu verkefni og ábyrgð

» Umsjón með rekstri skrifstofu sérgreinarinnar
» Umsjón og frágangur sjúkraskráa og læknabréfa
» Upplýsingagjöf og samskipti við t.a.m. sjúklinga og starfsmenn
» Ýmiss verkefni fyrir yfirlækni og sérfræðilækna sérgreinarinnar
» Aðstoð við skipulagningu kennslu og vísindastarfa á vegum sérgreinarinnar
» Þátttakandi í þróun upplýsingatækni við ritun í rafræna sjúkraskrá sviðsins
» Vinna að verkefnum tengdum klínískri skráningu

### Hæfnikröfur

» Löggilding í læknaritun og víðtæk starfsreynsla
» Öguð, sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
» Jákvætt viðmót og góðir samskiptahæfileikar
» Gott vald á íslensku og ensku
» Góð tölvuþekking og færni á helstu forrit

### Nánari upplýsingar um starfið

» Umsóknarfrestur er til og með 06.11.2010. Sótt er um rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is.
» Upplýsingar um starf læknaritara sérgreina æðaskurðlækninga veitir Lilja Þyri Björnsdóttir, liljabjo@landspitali.is, 543 1000.
» Upplýsingar um starf læknaritara sérgreina almennra skurðlækninga veitir Páll Helgi Möller, pallm@landspitali.is, 543 1000.
» Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast til skrifstofu skurðlækningasviðs 13A Hringbraut.
» Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið einnig á þeim og innsendum gögnum.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is. Einnig má nálgast umsóknareyðublöð í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut, á mannauðssviði, Eiríksgötu 5 og á heimasíðu Landspítala. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Landspítali er reyklaus vinnustaður**

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

Capacent Ráðningar

## VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

**Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.**
**Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is**

Starfsmenn Capacent starfa eftir ákveðnum verkferlum til að tryggja bæði gæði þjónustunnar og fagleg vinnubrögð.
Ráðgjafarnir búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

## Hársnyrtifólk athugið

Vegna mikilla anna vantar fólk í stólaleigu á Hársnyrtisfofuna **Pýrana** í Hafnarfirði. Sanngjörn leiga.

Upplýsingar í síma: 555 4292 eða 862 5006.

## KÓPAVOGSBÆR

### Kársnesskóli

- **Kennari óskast, 100% starfshlutfall.** Kennslugreinar samfélagsfræði og danska á unglingastigi.

Þarf að geta hafið störf eigi síðar en 10. nóvember.
Umsóknarfrestur er til og með 1. nóvember.

*Sótt er um á vef Kópavogsbæjar www. Kopavogur.is*

*www.kopavogur.is*

MENNTASKÓLI BORGARFJARÐAR

Menntaskóli Borgarfjarðar

## Spænskukennari

Laus er til umsóknar afleysingastaða spænskukennara við Menntaskóla Borgarfjarðar. Um er að ræða 85% starf á vorönn 2011.

Umsókn með upplýsingum um menntun og fyrri störf skal hafa borist Ársæli Guðmundssyni, skólameistara, Borgarbraut 54, 310 Borgarnesi eða á netfangið arsael@menntaborg.is fyrir laugardaginn 6. nóvember nk.

Laun skv. kjarasamningi KÍ og Menntaskóla Borgarfjarðar. **Nánari upplýsingar veitir Ársæll Guðmundsson, skólameistari í síma 895 2256 Skólameistari**


## FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...


## Fundir

**ATORKA** AÐALFUNDUR

Aðalfundur **Atorku Group hf.**, mánud. 1. nóv. 2010 kl. 11.00 í sal D á Hilton Reykjavík Nordica.

**DAGSKRÁ**

1. Skýrsla stjórnar um liðið starfsár
2. Framlagning ársreiknings félagsins
3. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna
4. Ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað/tap félagsins á liðnu reikningsári
5. Tillögur stjórnar um starfskjarastefnu Atorku Group hf.
6. Tillögur stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins.
7. Stjórnarkjör
8. Kjör endurskoðenda
9. Önnur mál

Dagskrá fundarins og endanlegar tillögur munu liggja frammi á skrifstofu félagsins að Hlíðasmára 1, 5. hæð, Kópavogi, viku fyrir fundinn.

Fundargögn verða afhent hluthöfum eða umboðsmönnum þeirra á fundarstað frá kl. 10.30 á fundardegi, mánudaginn 1. nóvember 2010.

**Stjórn Atorku Group hf.**

www.pwc.com/is

# *Við stækkum og styrkjum hópinn*



pwc

## *PwC leitar eftir sérfræðingum á skatta- og lögfræðisviði*

Vegna aukinna umsvifa viljum við á skatta- og lögfræðisviði PwC bæta við okkur sérfræðingum. Skatta- og lögfræðisvið PwC sinnir margvíslegri ráðgjöf, einkum á sviði félagaréttar og alþjóðlegs skattaréttar. Þetta er tækifæri til að starfa í krefjandi og spennandi umhverfi íslensks og alþjóðlegs viðskiptalífs, með þátttöku í fjölþjóðlegu samstarfi og möguleikum á hluta starfstímans ytra.

### *Hvaða kröfur gerum við?*

Við sækjumst eftir kraftmiklum einstaklingum, sem langar til að takast á við verðug og krefjandi verkefni. Viðkomandi sækist eftir því að læra enn meira, trúir því að framlag hans/hennar skipti máli og einblínir á lausnir fremur en vandamál.

### *Aðrar kröfur eru:*

- Háskólamenntun, helst á sviði lögfræði eða viðskiptafræði
- Þekking á skattamálum
- Geta sýnt frumkvæði í starfi
- Góð samstarfshæfni og vilji til að miðla öðrum
- Sjálfstæð vinnubrögð og skipulagshæfni

### *Hvað bjóðum við?*

Við bjóðum þér áhugavert starf hjá alþjóðlegu fyrirtæki. Þú vinnur í ögrandi og margbreytilegum verkefnum með góðu fólki.

- Góður starfsandi og tækifæri til að vaxa í starfi
- Fjölbreytt verkefni þar sem þitt frumkvæði nýtist
- Símenntun í alþjóðlegu og lærdómsríku umhverfi
- Sveigjanlegur vinnutími

### *Umsóknir*

Umsóknir óskast sendar Þórunni Auðunsdóttur, mannauðsstjóra, fyrir 8. nóvember nk. á netfangið storf@pwc.is

PricewaterhouseCoopers ehf. (PwC) á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki á sviði endurskoðunar, reikningsskila, fyrirtækja-, skatta- og lögfræðiráðgjafar. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegri keðju sem er sú stærsta á sínu sviði í heiminum. PwC hefur það að markmiði að tryggja óhæði og trúverðugleika í störfum sínum og veita ávallt bestu faglegu þjónustu sem völ er á. Aðgengi er tryggt að nýjungum og þróun í þjónustu með markvissu innra starfi, endurmenntun og þátttöku í alþjóðlegu samstarfi. Sterk staða fyrirtækisins byggist fyrst og fremst á afburða hæfileikum og reynslu starfsmanna. Mikið er lagt upp úr því að efla fólk í starfi og veita því brautargengi innan fyrirtækisins.

STRÁ MRI® WORLDWIDE

**Við finnum þann eina rétta**

www.stra.is

## Rafvirki

NORÐURORKA

**Norðurorka auglýsir laust til umsóknar starf rafvirkja hjá framkvæmdadeild fyrirtækisins. Um er að ræða vinnu við dreifikerfi raforku og önnur kerfi og mannvirki Norðurorku hf.**

Gert er ráð fyrir að viðkomandi sinni einnig bakvöktum rafveitu.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Vigfús Ingi Hauksson yfirverkstjóri í síma 460 1300 eða fyrirspurnir má senda á ingi@no.is
**Umsóknarfrestur er til og með 29. okt. nk.**
Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að nálgast umsóknareyðublöð í afgreiðslu Norðurorku hf. að Rangárvöllum. Einnig er hægt að prenta út umsóknareyðublað á heimasíðu Norðurorku (nordurorka.is) og senda í pósti merktur Norðurorka hf. Rafvirki Rangárvöllum 603 Akureyri.

::: scandinavia recruit

We are recruting **CABIN CREWS**
for the National Airline of The United Arab Emirates

Qualifications
- minimum age of 21
- educational attainment to High School Certificate level
- 1.62m tall
- 2 years minimum customer service experience
- fluency in English is a must

send your english application to job@scandinaviarecruit.com
**Interviews in Reykjavik 4th of November**
visit www.scandinaviarecruit.com for more information

## STARFATORG.IS

*Laus störf hjá ríkinu*

Starfatorg.is er upplýsingavefur um laus störf hjá ríkinu. Þar er einnig að finna ýmsar upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna. Nú eru laus til umsóknar eftirfarandi störf:

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| **Nýtt** | | | |
| Lögfræðingur | Umboðsmaður skuldara | Reykjavík | 201010/061 |
| Heilsugæslulæknir | Heilsugæslan | Reykjavík | 201010/060 |
| Skjalavörður og móttökuritari | Neytendastofa | Reykjavík | 201010/059 |
| Verkefnastjóri, arkitekt | Framkvæmdasýsla ríkisins | Reykjavík | 201010/058 |
| Starfsmaður í þjónustudeild | Lyfjastofnun | Reykjavík | 201010/057 |
| Aðstoðarskóarvörður | Skógrækt ríkisins | Skorradalur | 201010/056 |
| Framkvæmdastjóri | Þróunarsamvinnust. Íslands | Reykjavík | 201010/055 |
| Deildarsérfræðingur | Iðnaðarráðuneytið | Reykjavík | 201010/054 |
| Starfsmaður | Fjármálaeftirlitið | Reykjavík | 201010/053 |
| Deildarstjóri, yfirþroskaþjálfi | Sv.skrifst. mál. fatl. í Reykjavík | Reykjavík | 201010/052 |
| Læknaritari sérgreina | LSH, æðaskurðlækningar | Reykjavík | 201010/051 |
| Læknaritari sérgreina | LSH, almennar skurðlækningar | Reykjavík | 201010/050 |
| Staða heilsugæslulæknis | Heilsugæslan Mjódd | Reykjavík | 201010/049 |
| Sérfr. á sviði upplýsingatækni | Hafrannsóknastofnunin | Reykjavík | 201010/048 |
| Ræstingar, umsjón | Háskólinn á Akureyri | Akureyri | 201010/047 |
| Skrifstofustarf | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201010/046 |
| Sálfræðingur | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | Reykjanesbær | 201010/045 |

**Upplýsingar um áður auglýst störf er að finna á Starfatorg.is**

Á Starfatorg.is má finna ítarlegri umfjöllun um framangreind störf ásamt upplýsingum um tengiliði. Þeir sem ekki hafa vefaðgang geta snúið sér til viðkomandi stofnunar varðandi frekari upplýsingar.
~ Fjármálaráðuneytið hefur umsjón með Starfatorg.is ~

**Starfatorg.is**

### Til leigu

**Húsnæði undir veitingarekstur til leigu.**
**Tilbúinn veitingastaður til leigu á Laugavegi 55 (áður Vín & Skel).**

Um er að ræða 150fm rými og tekur staðurinn á milli 50 og 60 manns í sæti.
Tilvalið fyrir einstakling sem hefur kunnáttu og metnað til að vinna sjálfstætt.
Upplýsingar gefur Bragi í síma 695-7045 og +45 5131 6867

### Til sölu

**RAFVERKTAKAFYRIRTÆKI TIL SÖLU!**

Rótgróið rafverktakafyrirtæki í eigin húsnæði er til sölu, staðsett á Norðurlandi-Vestra.

Í húsnæðinu er verslunaraðstaða, verkstæði með öllum helstu tækjum og tólum, ásamt skrifstofu og starfsmannaaðstöðu.

Fyrirtækið hefur góð viskiptasambönd og gott orðspor í héraðinu.

Frekari upplýsingar í síma 892 2546.

### Námskeið

## Auglýsing um sveinspróf

**Sveinspróf í eftirtöldum iðngreinum verða haldin í desember, janúar og febrúar ef næg þátttaka fæst:**

Í matreiðslu, framreiðslu, bakaraiðn, og kjötiðn í desember. Umsóknarfrestur er til**1. nóvember.**

Í húsasmíði og pípulögnum í desember.
Í málaraiðn í janúar.
Umsóknarfrestur er til **1. nóvember.**

Í málmiðngreinum í janúar.
Umsóknarfrestur til **1. desember.**

Í snyrtigreinum í janúar.
Umsóknarfrestur er til **1. desember**

Í bílgreinum í janúar/febrúar.
Umsóknarfrestur er til **1. desember.**

Í klæðskurði í janúar.
Umsóknarfrestur er til **1. desember.**

Dagsetningar prófanna verða birtar á heimasíðu okkar um leið og þær liggja fyrir.

Með umsókn skal leggja fram afrit af námssamningi, lífeyrissjóðsyfirlit og burtfararskírteini með einkunnum eða staðfestingu skóla á því að nemi muni útskrifast í desember 2010.

Kostnaður próftaka s.s. efniskostnaður er mismunandi eftir **iðngreinum.**

Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu okkar, veffang: www.idan.is og á skrifstofunni.

Iðan fræðslusetur
Skúlatún 2
105 Reykjavík
Sími: 590 6400
Bréfsími: 590 6401
www.idan.is

IÐAN fræðslusetur

# www.vinna.is

## Styrkir

FÉLAGS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

### Styrkir til sveitarfélaga vegna aukinnar þjónustu við langveik börn og börn með ADHD

Auglýst er eftir umsóknum frá sveitarfélögum um styrki til verkefna sem ætlað er að efla stuðnings- og nærþjónustu við langveik börn og börn með ofvirkni og athyglisbrest. Styrkir verða veittir á grundvelli samstarfssamnings félags- og tryggingamálaráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Sveitarfélög geta sótt um styrki vegna verkefna á eigin vegum eða sem unnin eru í samstarfi við einstaklinga eða félagasamtök.

**Styrkhæf verkefni eru:**
I. Verkefni sem fela í sér félagslega stuðningsþjónustu, svo sem liðveislu og skammtímavistun til samræmis við það sem fötluð börn eiga kosta á samkvæmt lögum um málefni fatlaðra.

II. Verkefni sem hafa það markmið að gera langveikum börnum á leik- og grunnskólaaldri kleift að fá sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og/eða talþjálfun í skólum sínum þegar fagleg rök mæla með því.

III. Verkefni sem fela í sér faglega leiðsögn sérfræðinga fyrir langveik börn á leik- og grunnskólaaldri sem ekki geta sótt skóla heilsu sinnar vegna.

IV. Verkefni sem fela í sér fræðslu og/eða stuðning fyrir kennara og annað starfsfólk skóla vegna nemenda með ADHD.

V. Verkefni sem miða að bættri þjónustu leik- og grunnskóla við börn með ADHD.

VI. Önnur verkefni sem lögð er áhersla á í skýrslum tveggja starfshópa frá febrúar og apríl 2008 um þjónustu við langveik börn og börn með ofvirkni og athyglisbrest.

Gert er ráð fyrir að þeim verkefnum sem hljóta styrk að þessu sinni ljúki fyrir 31. desember 2011.

Frestur sveitarfélaga til að sækja um styrki rennur út 25. nóvember 2010.

Umsóknareyðublöð fást í afgreiðslu félags- og tryggingamálaráðuneytisins eða á heimasíðu þess: http://www.felagsmalaraduneyti.is

Nánari upplýsingar veitir Björn Sigurbjörnsson, sérfræðingur í félags- og tryggingamálaráðuneytinu. Sími: 545 8100, netfang: bjorn.sigurbjornsson@fel.stjr.is

Verkefnisstjórn

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

### Styrkir úr þróunarsjóði námsgagna

Mennta- og menningarmálaráðuneyti auglýsir eftir umsóknum um styrki úr þróunarsjóði námsgagna. Hlutverk þróunarsjóðs námsgagna er að stuðla að nýsköpun, þróun, gerð og útgáfu námsgagna fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla í því markmiði að tryggja framboð og fjölbreytileika námsgagna í samræmi við þarfir nemenda og skóla.
Þau verkefni njóta forgangs að öðru jöfnu sem flétta grunnþætti í nýjum námskrám fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla inn í námsgögnin. Þessir grunnþættir eru: læsi í víðum skilningi, lýðræði, jafnrétti, menntun til sjálfbærni og skapandi starf.

Vakin er sérstök athygli á að umsóknir um styrki skulu vera á rafrænu formi. Sækja þarf um aðgang að umsóknavef ráðuneytisins, http://umsoknir.stjr.is Aðgangur er gefinn á kennitölu og er lykilorð sent til viðkomandi á netfang sem gefið er upp við nýskráningu.
Umsóknarfrestur er til 19. nóvember 2010.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti,
21. október 2010.

## Tilkynningar

IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

### DEILDARSÉRFRÆÐINGUR

**Iðnaðarráðuneytið auglýsir eftir deildarsérfræðingi til starfa á skrifstofu orkumála.**
Skrifstofa orkumála hefur yfirumsjón með framkvæmd laga og reglna á sviði orkumála. Undir skrifstofuna falla m.a. grunnrannsóknir á orkulindum, nýting orku og starfsemi orkufyrirtækja. Þá fer skrifstofan með málefni varðandi rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum á landi og á hafsbotni. Málefni Orkustofnunar, Íslenskra orkurannsókna og Orkusjóðs falla undir skrifstofuna. Jafnframt annast skrifstofan erlend samskipti á sviði orkumála.

Helstu verkefni deildarsérfræðings á skrifstofu orkumála eru margvísleg stjórnsýsluverkefni á sviði orku- og auðlindamála auk þátttöku í stefnumótun og undirbúningi löggjafar og stjórnvaldsfyrirmæla á orku- og auðlindasviði. Í starfinu felst m.a. þátttaka í innlendu sem erlendu samstarfi á sviði orku og auðlindamála.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Umsækjendur skulu hafa lokið háskólaprófi í hagfræði eða verkfræði.
- Þekking eða starfsreynsla á sviði orku- og auðlindamála.
- Færni og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Góð íslensku- og enskukunnátta og færni í að tjá sig í ræðu og riti.
- Frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulagshæfni.

**Um er að ræða** fullt starf og eru launakjör samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins og fjármálaráðherra. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Karlar, jafnt sem konur, eru hvattir til að sækja um starfið.

Nánari upplýsingar veita Kristján Skarphéðinsson, ráðuneytisstjóri, og Guðjón Axel Guðjónsson, skrifstofustjóri, í síma 545 8500.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu berast iðnaðarráðuneytinu, Arnarhvoli, 150 Reykjavík, eða í tölvupósti á póstfangið postur@idn.stjr.is eigi síðar en **10. nóvember nk.**

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.


Auglýsingasími
512 50 50




Allt sem þú þarft...


## Tilkynningar

KÆLITÆKNIFÉLAG ÍSLANDS www.kti.is

# Aðalfundur

## Kælitæknifélags Íslands

Boðað er til aðalfundar Kælitæknifélags Íslands þriðjudaginn 26. október 2010 fyrir árið 2009. Fundurinn hefst kl. 20:00 og stendur til kl. 22:30.

Að aðalfundi loknum verður kynning.

Fundurinn verður í sal á 3 hæð hjá VM (félagi vélstjóra og málmtæknimanna) Stórhöfða 25 .

**Dagskrá aðalfundar er samkvæmt lögum Kælitæknifélags Íslands.**
1. **Stjórn félagsins gerir grein fyrir störfum undangengins starfsárs.**
2. **Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins.**
3. **Kosning stjórnar og tveggja endurskoðenda.**
4. **Félagsgjöld ákveðin.**
5. **Önnur mál.**

**Kynning:**
**Ný tækni í RSW sjókælikerfum.**
Guðmundur Hannesson
Sölu- og markaðsstjóri Kælismiðjunni Frost ehf.

Stjórn Kælitæknifélags Íslands.
www.kti.is

## Tilkynningar

NÝTT STARF



Viltu vera með í að styrkja samstarf á Norður-Atlantssvæðinu?

Norræna Atlantssamstarfið leitar eftir verkefnastjóra til starfa á aðalskrifstofunni í Þórshöfn í Færeyjum.

Umsóknarfrestur: 18. nóvember 2010.

Nánari upplýsingar um NORA og um stöðu verkefnastjóra er að finna á **www.nora.fo**

NORA
Nordic Atlantic Cooperation

SENDISTOVAN


Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 90 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft...


# Menntaskólinn við Hamrahlíð

## www.mh.is

## STÖÐUPRÓF DESEMBER 2010

**Stöðupróf, ætluð þeim sem búa yfir þekkingu og reynslu sem ekki hefur verið aflað með hefðbundnum hætti í skóla, verða haldin á vegum menntamálaráðuneytisins í Menntaskólanum við Hamrahlíð sem hér segir:**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Albanska (12 einingar*), | þri. 30. nóvember | kl. 16:00. | Mathematics,103, 203 og 263, | mið. 1. desember | kl. 16:00. |
| Danska (6 einingar*), | mán. 29. nóvember | kl. 16:00. | Norska (6 einingar*), | mán. 29. nóvember | kl. 16:00. |
| Enska (9 einingar*), | mán. 29. nóvember | kl. 18:00 | Spænska (12 einingar*), | þri. 30. nóvember | kl. 16:00. |
| Franska (12 einingar*), | þri. 30. nóvember | kl. 16:00. | Stærðfræði 103, 203 og 263, | mið. 1. desember | kl. 16:00. |
| Hollenska (12 einingar*), | þri. 30. nóvember | kl. 16:00. | Sænska (6 einingar*), | mán. 29. nóvember | kl. 16:00. |
| Ítalska (12 einingar*), | þri. 30. nóvember | kl. 16:00. | Þýska (12 einingar*), | þri. 30. nóvember | kl. 16:00. |

*hámarks einingafjöldi sem hægt er að ná, frá og með fyrsta áfanga á framhaldsskólastigi.

Rafræn skráning í stöðupróf fer fram á heimasíðu skólans http://www.mh.is. Frekari upplýsingar á skrifstofu skólans í síma 595-5200. Sýna þarf persónuskilríki með mynd í prófinu.

Prófgjald, kr. 4000 fyrir hvert próf, ber að greiða inn á reikning Menntaskólans við Hamrahlíð í banka 323 hb 26 nr 106, kt. 460269-3509. Greiðslufrestur er til hádegis á prófdegi, nauðsynlegt er að fram komi nafn og kennitala próftaka. Réttur til próftöku byggist á að prófgjald hafi verið greitt.

Rektor.



# Við leitum að góðu fólki

**vísir.is** og Fréttablaðið kynna nýjan og öflugan atvinnu- og raðauglýsingavef

Á vefnum getur þú með einföldum hætti flett í gegnum og skoðað atvinnuauglýsingar Fréttablaðsins. Þú kaupir atvinnuauglýsingu í **Fréttablaðinu** - öflugasta auglýsingamiðli landsins og hún birtist frítt í heila viku á einum stærsta vefmiðli landsins – **vísir.is**

**ALLT ATVINNA fylgir helgarblaði Fréttablaðsins... og birtist á vísir.is í viku**







FRÉTTABLAÐIÐ

vísir.is

...ég sá það á visir.is

## Fasteignir

**HÚSEIGN** Fasteignamiðlun


Baldvin Ómar Lögg. fasteignasali

# OPIÐ HÚS

**Húseign kynnir opið hús að Hrauntungu 19, Kópavogi sunnudaginn 24. okt. kl. 15-16.**




Um er að ræða glæsilegt einbýlishús sem er nú 2ja íbúða hús. Sjón er sögu ríkari. **Allar nánari upplýsingar veitir Baldvin Ómar í síma 898 1177.**

Suðurlandsbraut 48 • 108 Reykjavík • Sími: 585 0100 • Fax: 585 0109
huseign@huseign.is • www.huseign.is • Opið mán. - fim. 10-18 • fös. 10-17
*Baldvin Ómar Magnússon - Löggiltur fasteignasali*

MIKLABORG - *ÖRUGG SALA* - MIKLABORG - *ÖRUGG SALA*

F A S T E I G N A S A L A N

**MIKLABORG**

569-7000 | Síðumúli 13 | www.miklaborg.is

**Laugarnesvegur 68 – jarðhæð**




**Sunnudaginn 24.10.2010 milli.kl. 16 og 17 er opið hús að Laugarnesvegi 68 – jarðhæð.**
Um er að ræða glæsilega íbúð í nýlegu húsi – byggt 2004 – Íbúðin er með sérinngangi 3ja herbergja 110 fm., og eru öll rými hennar mjög rúmgóð. Sér verönd fylgir íbúðinni.
**Verð 32,5 millj.**

**EIGNAMIÐLUN** Reykjavík


Sverrir Kristinsson lögg. fasteignasali

Frá 1957 *Elsta starfandi fasteignasala landsins*

Sími: 588 9090 · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík · www.eignamidlun.is

**Fagrihjalli 66, endaraðhús. Laust strax**




Gott endaraðhús á þremur hæðum með rúmgóðum bílskúr og fjórum svefnherbergjum. Stór steypt verönd með heitum potti og útsýni út frá annarri hæð. Þriðja hæðin er óskráð hjá fasteignaskrá. Gott upphitað plan er fyrir framan húsið. Fyrsta hæð skiptist í forstofu, hol, svefnherbergi, baðherbergi, sjónvarps/bókahol, þvottahús og geymsla undir stiga. Önnur hæð skiptist í stofu, snyrtingu, svefnherbergi og eldhús. Þriðja hæð skiptist í tvö svefnherbergi.
**Opið hús í dag (laugardag) frá kl 13:00 til kl 14:00.**
**Hilmar Þór Hafsteinsson löggiltur fasteignasali s: 824-9098**



# Fögur er hlíðin...

Notalegt 39 fm. sumarhús á 5000 fm eignarlandi við Múlakot í Fljótshlíð staðsett við skjólsælt klettabelti og umvafinn miklum trjágróðri. Spölkorn frá bústað rennur foss sem setur mikinn svip á umhverfið. Eldhús og stofa liggja saman í opnu rými en skot er inn af eldhúsi með breiðri dýnu. Bústaðurinn er rafmagnskynntur og einnig er falleg kamína í honum. Rúmgott svefnherbergi og snyrting með sturtu.
**Frábær staðsetning á einum fegursta stað Suðurlands. Verð: 12 millj. Uppl veitir Jón Rafn hjá Valhöll S: 695-5520**

**VALHÖLL** FASTEIGNASALA

**Ingólfur Gissurarson lgf.**
**Valhöll fasteignasala • Síðumúla 27 • Sími:588-4477.**

# Álfaheiði 1c

200 Kópavogur
Falleg og björt íbúð í Kópavogi

**Stærð: 50,6 fm**
**Fjöldi herbergja: 2**
**Byggingarár: 1986**
**Brunabótamat: 11.050.000**

RE/MAX Senter






**Opið hús á sunnudag frá 17-17.30**

**Verð: 13.900.000**

Um er að ræða 2ja herbergja íbúð á annari hæð í litlu og fallegu fjölbýli með góðum sameiginlegum garði með leiktækjum og fallegri aðkomu. Komið er inn í hol og stofu með fallegu útsýni. Eldhús með hvítri innréttingu og ljósum dúk á gólfi. Svefnherbergi með stórum glugga og svölum til norðurs. Baðherbergi flísalagt með baðkari upphengdri sturtu og hvítri innréttingu. Ljóst parket er á gólfum. Allar frekari upplýsingar veitir Þóra í S.777-2882 eða thora@remax.is


Þóra Birgisdóttir
Sölufulltrúi
**7772882**
thora@remax.is


Kristján Ólafsson
Lögg. fasteignasali
**0**
kol@remax.is

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

## Búðavað 13-15
## Við Elliðavatn í Norðlingaholti

**OPIÐ HÚS**
**Frá kl. 15-16 í dag**




**GLÆSILEG OG FRÁBÆRLEGA STAÐSETT 250 FM PARHÚS Á EINSTÖKUM ÚTSÝNISSTAÐ VIÐ ELLIÐAVATN Í NORÐLINGAHOLTI.**

Húsin verða afhent fullbúin að utan og fokheld að innan með gróf jafnaðri lóð. Gert er ráð fyrir 4 svefnherbergjum. Möguleiki er að fá húsin lengra komin.

HÖFÐI s. 533 6050

Runólfur Gunnlaugsson lögg. fast. - Kristín Pétursdóttir, lögg. fast. Ásmundur Skeggjason lögg. fast.


# FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing




**Allt sem þú þarft...**

2 skemmtilegri

Í KVÖLD
# SPAUGSTOFAN



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# DAGSKRÁ KVENNAFRÍDAGSINS Í REYKJAVÍK 25. OKT. Á ARNARHÓLI

**DAGSKRÁ Á ARNARHÓLI:**

**ÁFRAM STELPUR!** – baráttusöngvar í nýrri útsetningu

**Rashida Manjoo** umboðskona SÞ í ofbeldismálum flytur ávarp

**Dr. Guðrún Jónsdóttir** stofnandi Stígamóta flytur ávarp

**Rauði þráðurinn** – gjörningur

**Þórunn Lárusdóttir** syngur

**Svanborg Hilmarsdóttir** frá Samtökum launafólks flytur ávarp





**Hannes og Smári** troða upp

**Sigrún Pálína Ingvarsdóttir** flytur ávarp

**Gerður Kristný** flytur ljóð

**Sigrún Hjálmtýsdóttir** syngur við undirleik Önnu Guðnýjar Guðmundsdóttur

**Þórdís Elva Þorvaldsdóttir** flytur ávarp

**Unnur Birna Jónsdóttir** flytur ávarp

**ÁFRAM STELPUR!** Aðalheiður Þorsteinsdóttir, Brynhildur Björnsdóttir, Esther Jökulsdóttir, Margrét Pétursdóttir, Sigríður Eyrún Friðriksdóttir, Kristín A. Ólafsdóttir, Guðrún Alfreðsdóttir, Sigrún Björnsdóttir, Steinunn Jóhannesdóttir og Anna Kristín Arngrímsdóttir

- Fundarstýra Guðrún Jónsdóttir stjórnarformaður Skottanna



**● WOMEN – STOP WORKING** Equality now!

Women are encouraged to stop working at 14.25 October 25th. Women will march the streets of Reykjavík under the slogan „Women Strike back" to protest also against gender violence. The march will start at 15.00 at Hallgrímskirkja and end at Arnarhóll.

The protest meeting will be held at Arnarhóll, starting at 16.00. Short speeches will be held and there will also be a culture programme.

**● KOBIETO - PRZESTAN PRACOWAC** Teraz rownosc!

Zachecamy Was do zakonczenia pracy 25-tego pazdziernika o godz 14.25.

25 pazdziernika odbedzie sie maszer ulicamy Reykjaviku pod sztandarem „Kobiety znowu strajkuja" oraz beda protestowac przeciwko przemocy w rodzinie.

Marsz rozpocznie sie o godz 15.00 przy Hallgrímskirkja a zakonczy przy Arnarhóll, gdzie o godz 16.00 krotkim przemowienie rozpocznie sie program kulturalny.

# Vonast eftir nýju upphafi

Rithöfundurinn og skáldið Gerður Kristný mun hefja upp raust sína og lesa upp úr nýju ljóðabókinni sinni Blóðhófni á Arnarhóli á mánudag. Þó umfjöllunarefni bókarinnar, sem fjallar um jötunmeyna Gerði Gymisdóttur, skírskoti til samtímans og stöðu sumra kvenna þá kom það Gerði skemmtilega á óvart þegar hún var beðin um að taka upplesturinn að sér. „Mér finnst þetta ofboðslegur heiður og það lá við að ég klökknaði."

Í Blóðhófni er sagt frá því þegar frjósemisgoðið Freyr fær skósvein sinn Skírni til að sækja Gerði í jötunheima. Hann fellst á það en Gerður neitar. Þá er henni hótað öllu illu sem leiðir til þess að hún lætur undan og fær Skírnir hest og sverð að launum. Söguþræðinum svipar til nútímans enda ganga konur ennþá kaupum og sölum víða um heim þó gjaldmiðillinn sé annar. Gerður segir söguna hafa vakið áhuga sinn strax í barnæsku. „Það sem mig langaði til að skoða var hvernig tilfinning það er að horfa á hest og vita að það hefur verið skipt á manni og slíkri skepnu. Það hlýtur að vera alveg glatað."

Gerður var fimm ára þegar kvennafrídagurinn var haldinn í fyrsta skipti. „Ég fór ekki í bæinn og veit ekkert hvar ég var þennan dag. Mamma mín er hjúkrunarfræðingur og einhver þurfti að sinna sjúklingunum." Gerður hlakkar mikið til að ganga með íslenskum konum niður í bæ enda rík ástæða til í ljósi uppsagna og kjaraskerðingar. „Ég vonast til að finna samstöðuna og hlakka til að vita hvað gerist innra með okkur. Það er aldrei að vita hver áhrifin verða. Það spratt ýmislegt gott upp úr kvennafrídeginum fyrir 35 árum eins og framboð Vigdísar Finnbogadóttur svo það verður fróðlegt að hlusta á ræðurnar og sjá hvað gerist."

*- ve*



**Gerður ætlar að vera klædd í takt við tilefnið.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## LEIKIR OG LIFANDI TÓNLIST Á KVENNAFRÍDAGINN 2010

**Hittumst á Hallgrímskirkjutorgi klukkan 15.** Þar verður tekið á móti konum með lifandi tónlist, háværu skrafi og skemmtilegum félagsskap. Þaðan gengið niður Skólavörðustíg og að Hallgerðarhóli (Arnarhóli).

Leikkonan Ólöf Sverrisdóttir opnar ástríkan kvennafaðm og býður gestum og gangandi faðmlag.



Elísabet Jökulsdóttir les ljóð eftir sjálfa sig.

Magnea Einarsdóttir kveður gamlar stemmur í góðum félagsskap á horni **Kvennafrívangs** (Skólavörðustígs) og **Frökenargötu** (Njarðargötu).

Raddir íslenskra skáldkvenna fyrr og nú munu heyrast á horni **Stúlkustígs** (Kárastígs) og **Kvennafrívangs** (Skólavörðustígs).

Pussy vs. Vagina við **Konugötu** (Týsgötu). Kelly Baumann og Gintare M.

Prinsessa sem er ekki upp á prinsinn komin á svölum á horni **Konugötu** (Óðinsgötu) og **Kvennafrívangs** (Skólavörðustígs). Andrea Katrín Guðmundsdóttir leikkona.

Innsetning á vegum V-dags samtakanna, þar sem áleitnum spurningum verður varpað fram á útbreiddri sæng. Á horni **Telpustrætis** (Bergstaðastrætis) og **Kvennafrívangs** (Skólavörðustígs).

Skáldið að störfum. Í glugga Hárhönnunar á **Kvennafrívangi** (Skólavörðustíg). Listakonan Dóra Hrund Gísladóttir ásamt aðstoðarmanni.



Konur gefa leyndarmál og loforð á gatnamótum **Kvennafrívangs** (Skólavörðustígs) og **Frúarvegs** (Laugavegs). Lísbet Harðar Ólafardóttir, Bára Jóhannesdóttir Guðrúnardóttir og leikkonan Ólöf Hugrún Valdimarsdóttir.

Dúndrandi stelpupartí. Á svölum Sólon í **Skottustræti** (Bankastræti) plötusnúður frá The Weird Girls Project undir stjórn Kitty von Sometime.



Litrík farandverk úr Litrófi íslenskra kvenna verða til sýnis í glugga B5 í **Skottustræti** (Bankastræti).



Ragnheiður Bjarnarson danslistakona og stelpur úr Ballettskóla Eddu Scheving standa fyrir slæðugjörningi á grasflötinni við Stjórnarráðið.

Prjónaverkefnið Rauði þráðurinn samanstendur af 225 metra prjónuðum trefli sem strengdur verður milli Hæstaréttar og Héraðsdóms Reykjavíkur, sem hvatning til réttarkerfisins til að setja ábyrgðina sem fylgir kynferðisbrotum á herðar ofbeldismannanna. Hugrún R. Hjaltadóttir.

**Slippurinn, Mýrargötu 2, Reykjavík:**



23. október - MAMMA, ÉG?!
Lilja Katrín Gunnarsdóttir leikkona frumsýnir einleik sinn MAMMA, ÉG?! klukkan 20. Hún og Svanur Már Snorrason skrifuðu verkið saman.
Frítt!

24.-25. október - ÁFRAM STELPUR
Söngdagskrá verður 24. október klukkan 18–19 og 20.30–21.30 og 25. október klukkan 18–19. Fram koma: Aðalheiður Þorsteinsdóttir, Brynhildur Björnsdóttir, Esther Jökulsdóttir, Margrét Pétursdóttir og Sigríður Eyrún Friðriksdóttir. Kostar 1.975 krónur inn.

25. október - SÖNGPERLUR
Þórunn Lárusdóttir mætir með hljómsveit og syngur eigin útsetningar á þekktum söngperlum um og eftir konur klukkan 20. Frítt!

Sjá nánar undir viðburðum á - www.nemaforum.com

**Guðríðarkirkja, Kirkjustétt 8, Grafarholti**
25. október. Einleikurinn Það mun enginn skuggi vera til sem fjallar um sifjaspell og afleiðingar þess sýndur klukkan 20.30. Hann er eftir Björgu G. Gísladóttur og Kolbrúnu Ernu Pétursdóttur leikkonu í leikstjórn Hlínar Agnarsdóttur. Umræður á eftir.

Hugmyndahús háskólanna, Grandagarði 2, Reykjavík
25. október. Ljósmyndasýning Önnu Maríu Sigurjónsdóttur: Herrar, menn og stjórar, verður opnuð í Hugmyndahúsi klukkan 17.

# Veistu að...

**... 24. október** er dagur Sameinuðu þjóðanna? Hér á landi er hann einn af



þremur baráttudögum kvenna. Hinir tveir eru 8. mars, sem er alþjóðlegur baráttudagur kvenna, og 19. júní, sem kallaður er kvenréttindadagurinn. Á þessu ári átti baráttudagurinn 8. mars 100 ára afmæli og í sumar voru 95 ár liðin síðan Danakonungur undirritaði lög sem veittu konum fjörutíu ára og eldri kosningarétt til Alþingis en það gerðist einmitt 19. júní 1915.

**... Hinn 24. október 1975** lögðu tugþúsundir íslenskra kvenna niður vinnu til að sýna fram á mikilvægi vinnuframlags kvenna? Samfélagið lamaðist. Konur í Reykjavík söfnuðust saman á Lækjartorgi til að syngja, hlusta á ræður og hvetja hver aðra til dáða. Þetta reyndist fjölmennasti útifundur sem haldinn hafði verið á Íslandi til þess tíma. Á sama tíma funduðu konur um allt land. Ort var sérstakt baráttukvæði fyrir fyrsta kvennafrídaginn. Valborg Bentsdóttir orti kvæði sem hófst á þessum orðum: Hvers vegna kvennafrí? Konurnar fagna því.



**... Á sínum tíma** var deilt um hvort kalla ætti aðgerð kvenna árið 1975 kvennafrí eða kvennaverkfall? Sumar konur óttuðust lögsókn vegna ólöglegs verkfalls og aðrar treystu sér ekki í verkfall upp á eigin spýtur. Niðurstaðan varð að nota orðið kvennafrí. Í hugum margra var þetta ekkert annað en verkfall.



**... Kvennafrídagurinn** var endurtekinn árið 1985 við lok kvennaáratugar Sameinuðu þjóðanna og svo aftur árið 2005? Þá var mikið afmælisár eins og nú.

**... Árið 1975** voru sextíu prósent kvenna á aldrinum 16-74 ára á vinnumarkaði? Árið 2009 voru 85 prósent kvenna á þessum aldri á vinnumarkaði.



**... Árið 1975** voru konur fimm prósent alþingismanna, karlar 95 prósent? Nú eru konur 43 prósent, karlar 57 prósent. Árið 1975 voru konur fjögur prósent sveitarstjórnarmanna, karlar 96 prósent. Árið 2010 eru konur fjörutíu prósent sveitarstjórnarmanna, karlar sextíu prósent.

**... Árið 1975** var engin kona ráðuneytisstjóri? Nú eru konur fimmtíu prósent ráðuneytisstjóra. Árið 1975 var engin kona dómari í Hæstarétti, nú er þar aðeins ein kona og átta karlar.

**... Árið 2009** voru einungis karlar í stjórnum 71 prósents allra fyrirtækja á Íslandi? Á sama tíma voru einungis konur í stjórnum fjórtán prósenta fyrirtækja. Í fimmtán prósentum fyrirtækja voru blandaðar stjórnir. Niðurstöður rannsókna benda til þess að fyrirtæki þar sem kynin vinna saman gangi betur en önnur fyrirtæki.

**... Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands** gerði stóra rannsókn árið 2008 á kynbundnum launamun? Hún leiddi í ljós að munurinn var 16,9 prósent á öllu landinu. Þegar landsbyggðin var skoðuð sérstaklega kom í ljós að kynbundinn launamunur þar var 38 prósent. Könnun Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands sýndi um sjö prósenta kynbundinn launamun. Í henni var stuðst við fleiri breytur, hún var að mestu bundin við höfuðborgarsvæðið og náði til mjög fjölmenns hóps launafólks.



**... Loksins er verið að** innleiða kynjaða hagstjórn á Íslandi? Það er aðferð sem margar þjóðir hafa beitt um árabil til að koma í veg fyrir kynjamisrétti. Hún felur í sér að spurt sé í hvað peningar ríkisins fari, hverjir fái hvað, hvenær og hvernig. Aðgerðir sem gripið er til, til dæmis niðurskurður, getur bitnað mjög misjafnlega á kynjunum. Kynjuð hagstjórn felur í sér aðgerðir til að leiðrétta þann mun.

**... Konur eru tæp sextíu prósent** ellilífeyrisþega á Íslandi, karlar rúm fjörutíu prósent? Konur eru tæp 72 prósent þeirra sem fá heimilisuppbót en hún er ætluð þeim sem hafa mjög lágar tekjur. Konur súpa seyðið af lágum launum í ellinni. Konur eru rúmlega 61 prósent öryrkja, karlar 39 prósent. Konur eru tæp 62 prósent þeirra öryrkja sem fá heimilisuppbót. Konur eru 72 prósent þeirra sem fá barnalífeyri vegna örorku foreldris og konur eru 87 prósent þeirra sem fá umönnunarbætur vegna langveikra barna.



# Skotturnar sameina krafta

**Skotturnar eru samstarfsvettvangur kvenna í jafnréttisbaráttu en sameinaðir kraftar skila meiri árangri.**



Helga Guðrún Jónasdóttir, varaformaður Kvenréttindasamtaka Íslands, segir Skotturnar sameina konur þvert á pólitískar skoðanir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Það er alveg sama við hvaða konu þú talar, þú færð hana aldrei til að samþykkja annað en að hún vilji fullt jafnrétti. Svo er bara spurning hvernig við skilgreinum jafnrétti og leiðirnar að því,“ segir Helga Guðrún Jónasdóttir, varaformaður Kvenréttindafélags Íslands og ein stofnenda samtakanna Skotturnar. Tilgangurinn með stofnun Skottanna segir Helga jafnframt vera að sameina konur úr ólíkum áttum til að vinna að jafnrétti kynjanna. Sameinaðir kraftar skili meiri árangri.

„Konur eru að vinna á mjög ólíkum forsendum saman í pólitík, frjálsum félagasamtökum o.s.frv. Þessar ólíku forsendur hafa hins vegar búið til vissa hólfaskiptingu á vettvangi kvennabaráttunnar, sem getur ýtt undir togstreitu milli hópa og það teljum við vera eina af ástæðum þess hve hægt gengur í baráttunni og jafnvel meginskýringuna. Grundvallarhugmyndafræði Skottanna er að barist sé fyrir jafnrétti kynjanna, þvert á hópa og stjórnmálaflokka,“ segir Helga Guðrún, sem vann að stofnun samtakanna ásamt Guðrúnu Jónsdóttur, talskonu Stígamóta, og fjölda annarra kvenna.

Kvennafrídagurinn í ár er tileinkaður baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi. Helga segir Skotturnar byggja á þeirri sameiginlegu sýn að kynbundið ofbeldi og launamisrétti sé í raun sín birtingarmyndin hvor af því kynjamisrétti sem því miður viðgangist.

„Í okkar huga felur það ekkert síður í sér ofbeldi að borga manneskju kerfisbundið lægri laun, eingöngu vegna kynferðis hennar. Kvennafrídagurinn er dagur launamisréttis, en með því að tileinka hann að þessu sinni baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi viljum við undirstrika hvað þessir málaflokkar standa í raun óhugnanlega nálægt hvor öðrum. Þeir spretta af sömu rót.“

Helga Guðrún bendir á að erfitt sé að fá hljómgrunn fyrir þessa málaflokka í þeim sviptingum sem íslenskt þjóðfélag gangi nú í gegnum. Því sé nauðsynlegt nú sem aldrei fyrr að konur sameinist í baráttunni. Eins þurfi að standa vörð um það sem þegar hafi áunnist.

„Þrátt fyrir að barist hafi verið fyrir jafnrétti á Íslandi áratugum saman miðar okkur allt of hægt áfram og lítið virðist þurfa til þess sá árangur glatist sem þó hefur náðst. Nú er til að mynda verið að rífa niður það sem tók áratugi að byggja upp varðandi neyðarmóttöku nauðgana, sem sýnir okkur glöggt hvernig forgangsröðunin er þegar á reynir og hvar gildismatið liggur þegar kemur að kynbundnu ofbeldi. Við þurfum því augljóslega að endurskoða hvernig við höfum verið að nálgast jafnréttisbaráttuna. Árangur og aðferðir haldast náið í hendur. Það er svo margt sem getur sameinað konur í sókn þeirra til raunverulegs jafnréttis. Í stað þess að mæta sundraðar til leiks þurfum við að taka höndum saman og ná varanlegum árangri í baráttunni fyrir jafnri stöðu og jöfnum rétti karla og kvenna.“

# Alþjóðleg ráðstefna í Gerðubergi

Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi standa þessa dagana fyrir þriggja daga alþjóðlegri ráðstefnu í Gerðubergi.

„Þarna eru samankomin samtök frá Portúgal en einnig fyrrverandi Júgóslavíu sem eru sérfræðingar í starfi með fórnarlömbum stríðsins, fulltrúar Rómasamtaka en mál þeirra eru mikið í brennidepli núna og ekki síst samtök frá Norðurlöndum,“ segir Sabine Leskopf, formaður Samtaka kvenna af erlendum uppruna á Íslandi. „Umræðan snýst um mál sem brennur nú á allri Evrópu um framtíð fjölmenningarsamfélagsins, um samhengi milli umburðarlyndis gagnvart öðrum menningarheimum, kven- og mannréttindi,“ segir Sabine.



Samtök kvenna af erlendum uppruna standa fyrir alþjóðlegri ráðstefnu í Gerðubergi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ráðstefnan hófst á fimmtudag og var framhaldið í gær og í dag.

**Eftirtaldir aðilar styrktu kvennafrídaginn:**

Ríkisstjórn Íslands

Reykjavíkurborg

Samtök atvinnulífsins

VR Virðing Réttlæti

Alþýðusamband Íslands

Landsbankinn

Hlaðvarpinn

Gyða Margrét Pétursdóttir

Rio Tinto Alcan

# Verða að vakna til vitundar

**Samtal þriggja kynslóða um hvernig kvennabaráttan hefur þróast síðustu 35 ár verður stór liður í dagskrá eyfirskra kvenna sem fram fer í menningarhúsinu Hofi á Akureyri.**



**„Ég vona að konur á öllum aldri finni að þetta er baráttudagur," segir séra Sólveig Lára.** MYND/DANÍEL STARRASON

„Við ætlum að ganga út úr vinnunni klukkan 14.25 eins og allar konur á Íslandi og safnast saman við styttu Þórunnar hyrnu, landnámskonu Eyjafjarðar. Valgerður Bjarndóttir mun bregða sér í líki hennar og verða í broddi fylkingar er við göngum niður í nýja menningarhúsið okkar, Hof." Þannig lýsir séra Sólveig Lára Guðmundsdóttir upphafi dagskrár kvennafrídagsins á Akureyri.

Þúsund konur komast fyrir í anddyri Hofs, Fljótinu svokallaða, og séra Sólveig Lára vonast til að fullt verði út úr dyrum. Þar mun Þórunn hyrna ávarpa hópinn og segja frá stöðu kvenna gegnum aldirnar. Helena Eyjólfsdóttir ætlar að taka lagið og síðan tekur samtal þriggja kynslóða við. „Ég er miðjukynslóðin, rúmlega fimmtug, og mun leiða samtalið," segir séra Sólveig Lára. „Sigríður Hafstað á Tjörn í Svarfaðardal, rúmlega áttræð, verður fulltrúi eldri kynslóðarinnar og Gréta Ómarsdóttir, tvítug, er fulltrúi ungu kynslóðarinnar. Þarna birtist okkar sýn á það hvernig kvennabaráttan hefur þróast frá því fyrsti kvennafrídagurinn var haldinn. Sigríður hélt þá ræðu á fundi í Sjallanum, ég var ung menntaskólastúlka í Reykjavík og Gréta náttúrlega ekki fædd."

Séra Sólveig Lára segir lagið Áfram stelpur að sjálfsögðu verða sungið og eyfirskar konur ætli sér að eiga skemmtilegan dag saman. „Þetta snýst ekki um að hafa einhverja stórmerkilega dagskrá heldur að konur af öllum kynslóðum finni samstöðu á þessum degi," segir hún.

Þótt kvennafrídagsins fyrir 35 árum verði minnst segir séra Sólveig Lára hann ekki mega verða aðalatriði frídagsins í ár. „Ég vona að konur á öllum aldri finni að þetta er baráttudagur," segir hún ákveðin og telur langt í land með að jafnrétti sé náð. „Karlaveldið tröllríður öllu enn í dag þrátt fyrir efnahagshrun," segir séra Sólveig Lára. „Konur verða að vakna til vitundar, taka höndum saman og skapa nýtt þjóðfélag."

Ágóðinn af sölu kynjagleraugnanna fyrir norðan rennur til Aflsins en það eru samsvarandi samtök og Stígamót. Séra Sólveig Lára segir þar starfa kraftmiklar konur sem gaman hafi verið að kynnast í gegnum undirbúning þessa dags. *- gun*

# Hittast á einum stað

Á kvennafrídaginn ætla austfirskar konur að safnast saman á einum stað, Egilsstöðum, en rútur munu ferja þær víðs vegar af Austfjörðum. Halla Eiríksdóttir er ein þeirra sem sjá um að skipuleggja dagskrána.

„Á kynningarfundi sem Skotturnar héldu á Egilsstöðum var ákveðið að standa fyrir dagskrá þar. Við sem mættum á fundinn tókum að okkur verkefni sem tengjast deginum," segir Halla. „Leitað var til Alcoa, sem var tilbúið að styrkja kvennafrídaginn með ferðum frá flestöllum stærri byggðarlögum á Austurlandi því ekki eiga allar bíla."

Klukkan fjögur verður gengið frá Íþróttahúsinu í Tjarnargarðinn, þar sem verður útifundur. Þær Auðbjörg H. Hrafnkelsdóttir, Elfa Hlín Pétursdóttir, Guðrún Frímannsdóttir, Ingibjörg Þórðardóttir og Rannveig Þórhallsdóttir verða með ávörp. Vigdís Diljá Óskarsdóttir syngur ásamt fleiri konum.

„Ég hvet allar konur á Austurlandi til að mæta. Þetta er einstakt tækifæri til að koma saman og sýna samstöðu í baráttu gegn kynbundnu ofbeldi." Þær sem vilja nýta sér ferðir með rútu geta haft samband við Hrönn Jakobsdóttur í síma 470 7911."



**Rútur halda frá stærstu byggðalögunum á Austurlandi á kvennafrísdaginn.**

# Konur jafnt sem karlar verða í rauðum sokkum

„Við ætlum að ganga út klukkan 14.25 og fjölmenna á Silfurtorg á Ísafirði. Þar ætlum við konur að kyrja áður en við göngum fylktu liði í Alþýðuhúsið," segir Matthildur Helgadóttir Jónudóttir um dagskrá Skottanna á norðanverðum Vestfjörðum. Þar verður gleði og baráttudagskrá og meðal þeirra sem koma fram eru Harpa Oddbjörnsdóttir frá Sólstöfum, Halla Signý Kristjánsdóttir, fjármálastjóri Bolungarvíkurkaupstaðar, með erindið Sótti enginn karlmaður um?, og Alda Hrönn Jóhannsdóttir, settur saksóknari, sem var stjórnandi rannsóknarinnar í hinu svokallaða mansalsmáli, og mun flytja erindi um mansal á Íslandi.



**Karlar á Vestfjörðum sýna stuðning með rauðum klæðnaði.** MYND/BALDUR PÁLL

„Við höfum hvatt allar konur til að sýna samstöðu og klæðast rauðum sokkum þennan dag hvort sem þær geta gengið út eða ekki, því auðvitað er það svo að sumar konur komast ekki frá vegna vinnu eða jafnvel veikinda. Konur á svæðinu hafa prjónað rauða sokka sem verða seldir til styrktar Sólstöfum og ungur „Ekki"-hönnuður, Marta Sif Ólafsdóttir, hannaði sérstaka eyrnalokka í tilefni Kvennafrídagsins. Karlar á Vestfjörðum og víðar ætla að sýna lit þennan dag og klæðast rauðu til að sýna stuðning við jafnréttisbaráttuna. Ég á von á því að vestfirskar konur fjölmenni á Silfurtorgið." *- sg*



**Rauðir sokkar verða seldir til styrktar Sólstöfum.** MYND/BALDUR PÁLL HÓLMGEIRSSON


Konur!

Frítt í jóga á kvennafrídaginn

JÓGA Stúdíó



Okkur langar að bjóða ykkur konum frítt í jóga á kvennafrídaginn 25. október.

Á meðan húsrúm leyfir.

Stundaskrá á jogastudio.is



Ágústa Kolbrún Jónsdóttir
772-1025



Drífa Atladóttir
695-8464

Seljavegur 2 - 101 Reykjavík
www.jogastudio.is - jogastudio@hotmail.com

**FRÁBÆRT AÐ FÁ HRÓS HJÁ VIGDÍSI** Nú stendur yfir átakið Öðlingurinn 2010 til styrktar Skottunum Stofnandi Öðlingsins er Þórdís Elva Þorvaldsdóttir, höfundur bókarinnar Á mannamáli. Ýmsir þjóðþekktir karlmenn lögðu átakinu lið þegar það hófst í ársbyrjun, svo sem Karl Sigurðsson og Sveppi. Síðan í febrúar hefur ágóði bókarinnar undir formerkjum átaksins runnið óskiptur í sjóð Skottanna, sem bæta munu úrræði gegn kynferðisofbeldi. Vigdís Finnbogadóttir, verndari Skottanna, lét hafa eftir sér að Á mannamáli væri „afar merk bók sem allt þenkjandi fólk ætti að lesa“. Um þetta segir Þórdís Elva: „Það er frábært að fá meðmæli frá Vigdísi Finnbogadóttur.“ Bókin fæst á www.odlingurinn.is, á Ísafirði, í versluninni Hrími í Hofi á Akureyri og í miðbæ Reykjavíkur á kvennafrídaginn.






**2005** Hinn 24. október 2005 lögðu íslenskar konur niður vinnu klukkan 14.08 en það var áætlaður sá tími er þær væru búnar að vinna fyrir launum sínum miðað við launamun kvenna og karla. Frá Skólavörðuholti var lagt af stað í kröfugöngu á Ingólfstorg klukkan 15 undir slagorðinu Konur höfum hátt. Svo mikil var mannþröngin orðin á holtinu og Skólavörðustíg, í Bankastræti og Austurstræti að gangan varð að brjóta sér leið niður á Ingólfstorg. Þar hófst fundur klukkan 16. Talið er að allt að 50.000 manns hafi verið í miðbænum meðan á fundinum stóð, að mestu konur. Það er þriðjungur allra kvenna á landinu. Þetta er stærsti fundur Íslandssögunnar. Fundir voru líka haldnir víða um land og heppnuðust þeir vel. Fjölmiðlar sýndu kvennafrídeginum mikla athygli. Dagblöð voru full af fréttum, sjónvarpið var með beina útsendingu nær allan fundartímann og erlendir fjölmiðlar fjölluðu um málið. Til fundarins var boðað til að minnast þrjátíu ára afmælis Kvennafrídagsins 24. október 1975 en eins til að leggja áherslu á óánægju íslenskra kvenna með stöðu sína, einkum vegna lægri launa en karlar fengu.




# Skemmtileg dagskrá í Skagafirði

Konur ganga út af sínum vinnustað klukkan 14.25 og taka stefnuna í Miðgarð á mánudaginn 25. október þegar kvennafrídagurinn verður haldinn hátíðlegur.

Frá klukkan 15 munu kvenfélögin selja kaffi og kleinur í Miðgarði. Klukkan 16-17 verður 35 ára afmælis Kvennafrídagsins minnst í tali og tónum: Ingunn Sigurðardóttir formaður Landssambands soroptimista býður gesti velkomna, Kristín Halla og strengjasveit leika, Dalla Þórðardóttir ávarpar samkomuna, nýstofnaður kvennakór tekur lagið, Sigríður Þorgrímsdóttir flytur ávarp, Ásdís Guðmundsdóttir og Rögnvaldur Valbergsson flytja brot úr Multi-Musica dagskránni og Sigríður Garðarsdóttir, formaður Sambands skagfirskra kvenna, slítur samkomunni.

SJÁUMST Í MIÐGARÐI!

Skotturnar




Vel verður tekið á móti konum sem mæta í Miðgarð á mánudag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Við hvetjum konur um allt land til þátttöku í kvennafrídeginum 25. október – Áfram stelpur!

Jafnréttisstofa JAFNRÉTTISRÁÐ RANNSÓKNASTOFA Í KVENNA- OG KYNJAFRÆÐUM





Lamb með svörtum pipar og þurrkuðum chili-belgjum er væntanlegur réttur á nýjum matseðli Ban Thai. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# amandi hátt





veðráttu," segir Yesmine, „fyrir utan það hve gott alvöru krydd gera okkur."

Yesmine hefur ekki aðeins vakið athygli hérlendis fyrir matreiðslu sína en í febrúar síðastliðnum fékk hún tilnefningu til hinna virtu Gourmand World Cookbook verðlauna í flokknum besta asíska matreiðslubókin og komst í úrslit með bókina Framandi og freistandi. Auk bókanna hefur hún kennt Íslendingum matreiðslubrögð sín síðastliðið ár í Veisluturninum og fylgir þeim námskeiðum eftir með kennslumyndbandi og bók sem kemur út í nóvember. Á myndbandinu eru nokkrar af vinsælustu uppskriftunum úr fyrri tveimur bókum Yesmine auk tuttugu nýrra uppskrifta sem hvergi hafa birst, í arabískum og indverskum stíl. „Það er í blóði mínu að leita í bragðmikinn mat og ég var mjög ung þegar ég fór að hugsa um alls kyns krydd. Rétturinn sem ég geri hér er uppskrift sem ég hef ekki enn deilt í bók en hann er afskaplega góður og hentar vel á köldum haust- og vetrarkvöldum."



Tómas Boonchang, eigandi Ban Thai, hefur rekið staðinn til fjölda ára.

Tómas Boonchang útbjó ekki síður girnilegan rétt úr lambakjöti, á taílenska vísu, en Tómas hefur rekið taílenska veitingastaðinn Ban Thai við góðan orðstír til fjölda ára á Laugavegi. Ban Thai á sér fasta aðdáendur en ákveðið hefur verið að poppa matseðilinn upp á næstunni og rétturinn sem Tómas gefur uppskrift að verður á nýja seðlinum. Svartur pipar og þurrkaðir rauðir og grænir chilibelgir gefa þeim rétti aðalbragðið.

- jma

*...it á pönnuna.*
*...svo kryddið*
*... Hellið helmingn-*
*...tinni á pönnuna*
*...dlum, mango*
*...vatni. Fáið suð-*
*... lækkið hitann og*
*...a í 5 mínútur við*
*... Setjið bollurnar*
*...og steikið á öllum*
*...tið svo því sem*
*...gúrtinni út í.*

**...RÍSGRJÓN**

**...ti-hrísgrjón**
**...ndi vatn**
**...varsalt**
**...mjöl**
**...ur, fínt skorinn**
**...n chili-pipar,**
**...n**

**1/3 tsk. brún sinnepsfræ (fást í heilsuverslunum)**
**1 stór grænn chili-belgur**
**2 msk. þurrkuð karrílauf (fást í sérverslunum með asískar matvörur)**
**2 msk. ólívuolía**

*Hitið kókosmjölið á heitri pönnu, án feiti, í 1-2 mínútur eða þar til mjölið er gullið. Bætið þá lauknum, chili-belgnum, karrílaufunum og sinnepsfræjunum við. Hrærið vel í eina mínútu. Bætið olíunni og hrísgrjónunum út á pönnuna og hrærið vel saman. Hellið þá sjóðandi heitu vatni saman við og eldið hrísgrjónin í 15-20 mínútur.*

## LAMB Á TAÍLENSKA VÍSU

*Fyrir tvo*

**200 g lambafilet, skorið í 2 cm þykkar sneiðar**
**1 msk. pressaður hvítlaukur**
**1 msk. rauðir og grænir chili-belgir, fínt skornir**
**2 msk. grænmetisolía**
**30-40 g rauð og græn paprika, skorin í bita**
**5-8 greinar af ferskum kóríander**
**1 ½ msk. pichaya-fiskisósa**
**4 msk. sojasósa**
**4 msk. sæt sojasósa**
**3 msk. ananas, smátt skorinn**
**½ bolli blaðlaukur, smátt skorinn**
**1-2 msk. safi úr límónu**
**1/4 bolli smátt skorinn laukur**
**4 stórir chili-belgir, rauðir og/eða grænir**
**½ msk. hvítur pipar**
**½ msk. svartur pipar, helst taílenskur**

*Steikið hvítlaukinn og chilibelgina í olíu við meðalhita í 2-3 mínútur. Setjið lambafiletið út á pönnuna, niðurskorið, og brúnið á öllum hliðum. Blandið öllu hráefninu út á pönnuna, en geymið kóríanderlaufin. Hrærið vel saman og látið malla í nokkrar mínútur. Stráið kóríanderinu yfir þegar rétturinn er borinn fram.*


# Algjörar samlokur



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

» Fyrstu ryðfríu pottarnir frá Rösle gjörbyltu öllu fyrir 70 árum. Í dag eru pottarnir með Multiply „samloku"-kerfi þannig að þeir eru fljótir að hitna og kólna og dreifa hitanum einnig jafnt um pottinn, alveg upp í topp. Rösle pottarnir henta á allar gerðir eldavéla, rafmagns-, gas- og spansuðuhellur .

kokka
laugavegi 47

laugavegi 47 opið mán.-fös. 10-18, lau. 10-16 | www.kokka.is kokka@kokka.is

**Hráfæðisskólinn**
**8. - 14. nóvember**

**Hráfæði, mataragerð og fræðsla**
**6 stundir daglega í 5 daga**

**Það hollasta í dag!**

Næring, ofurfæði, fæðusamsetning
og margt fleira tengt MAT og HEILSU
Solla súpergræna ásamt Lilju og Gitte frá
Heilsumeistaraskólanum sjá um kennsluna.

Upplýsingar og skráning:
hrafaediskolinn@gmail.com s. 861-3174



Kippa sér ekkert upp við hvítlauk og karrí. Magnús með börnum sínum, Ara, Ragnhildi Ingu og Helgu Sóleyju. FRÉTTABLAÐIÐ/STEF-

# Þroskandi að elda



Magnús R. Einarsson, útvarps- og tónlistarmaður, nýtur þess að elda og segir hverjum manni nauðsyn að kunna það.

Ég lærði að elda úti á Ítalíu," segir Magnús. „Fór þangað 1979 og var þar í þrjú ár. Á Ítalíu kemstu ekki hjá því að fá áhuga á eldamennsku. Ítalir tala um mat eins og norrænar þjóðir tala um veðrið. Maður fer að tala um mat við fólk sem maður þekkir ekki neitt. Það er hreinlega ekki hægt að búa á Ítalíu án þess að heillast af matargerðinni."

Spurður hvort neyðin hafi ýtt honum út í eldamennskuna segir Magnús að kannski megi segja það. „Þáverandi konan mín vann mikið, fór að heiman snemma á morgnana og kom ekki heim fyrr en seint á kvöldin, þannig að eiginlega neyddist ég til að taka það hlutverk að mér. Ég gat hreinlega ekki, þrátt fyrir alla karlrembu og fortíð, ætlast til þess að hún kæmi heim seint á kvöldin og færi að elda handa mér."

Magnús segist enn halda sig mest við ítalska matargerð en hann sé einnig hrifinn af asískri matargerð. „Ég ferðaðist töluvert um Asíu eftir að ég bjó á Ítalíu og hreifst af matargerð þar. Einkum í Taílandi og Malasíu." Hann segir börnin sín kunna vel að meta matargerð föðurins. „Dætur mínar eru aldar upp við þetta frá blautu barnsbeini og kippa sér ekkert upp við hvítlauk og karrí, finnst það bara gott."

Magnús segir það mikla fötlun að kunna ekki að elda. „Þetta er nokkuð sem hver maður ætti að leggja stund á. Það er bara skortur á menntun að kunna ekki að elda, því þetta er þroskandi iðja." - fsb

## POTTRÉTTUR PABBA



*Fyrir fjóra*

**½ kíló lambakjöt, súpukjöt eða hvaða hluti af lambinu sem vill.**
**1 laukur**
**½ hvítlaukur**
**½ eggaldin**
**Nokkrir sveppir**
**1 paprika, eða bara það grænmeti sem til er á heimilinu.**
**2 dósir maukaðir niðursoðnir ítalskir tómatar.**
**1 grænmetisteningur frá Yggdrasil**
**Skvetta af rjóma**
**Skvetta af rauð- eða hvítvíni**

*Kjötið fituhreinsað og steikt með beini í ólívuolíu á pönnu. Á meðan það steikist er grænmetið skorið gróft. Þegar kjötið er steikt er það tekið af pönnunni og grænmetið steikt í fitunni af kjötinu. Meðan það brasast er kjötið skorið af beini og sett út í á pönnuna. Tveim dósum af maukuðum niðursoðnum tómötum, verða að vera ítalskir, er hellt út á og látið malla. Kryddað með karríi, salti og pipar, rjóma og víni hellt út í, ef það er til, og látið malla í korter. Borið fram með hrísgrjónum eða kartöflum og hvítlauksbrauð haft með.*

VIKA 43
VÍMUVARNAVIKA 2010
24.- 30. OKTÓBER

Í **Viku 43** er minnt á nauðsyn samstöðu og samstarfs allra við að uppræta markaðssetningu vímuefna. Að þessu sinni er sérstök athygli vakin á áróðri fyrir neyslu kannabisefna.

- Formleg opnun **Viku 43** verður í Þjóðleikhúsinu þriðjudaginn 26. október þar sem fulltrúar aðildarsamtaka vikunnar undirrita áskorun sem send verður fjölmiðlum. Viðstödd verða skólabörn, forystufólk úr félagsamtökum sem standa að **Viku 43** og fulltrúar ýmissa stjórnmálasamtaka, stofnana og hagsmunasamtaka sem vinna að málefnum barna og ungmenna. Fulltrúum opnunarhátíðarinnar er jafnframt boðið að sjá frumsýningu á forvarnaleikritinu **HVAÐ EF**? sem ætlað er unglingum.

- Á **málþingi Viku 43** sem haldið verður í Þjóðleikhúskjallaranum fimmtudaginn 28. október er fjallað um áhrif og afleiðingar kannabisneyslu í fyrirlestrum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, læknum frá meðferðarstöð SÁÁ og foreldrum úr Foreldrahúsi.

Þátttökuskráning á www.iogt.is.

**Tökum þátt í fjöldagöngu gegn kynbundnu ofbeldi á Kvennafrídaginn 25. október. Ofbeldi er alltaf á ábyrgð þess sem það fremur. Neysla vímuefna eykur hættu á að ofbeldi sé beitt. Hittumst öll við Hallgrímskirkju kl. 15 (mánudaginn 25. okt.)**

- Í **Viku 43** stendur grunnskólum til boða að þiggja sér að kostnaðarlausu boð fyrir nemendur sína á nokkrar valdar sýningar á **Hvað Ef** leiksýninguna.

Sjá nánar um Viku 43 á www.vvv.is | www.hvadef.com

ÞÁTTTÖKUSAMTÖK 2010

Bandalag Íslenskra skáta | Brautin - bindindisfélag ökumanna | FÍÆT - félag Íslenskra æskulýðs- og tómstundafulltrúa | SAMFÉS
FRÆ - Fræðsla og forvarnir | Heimili og skóli | IOGT á Íslandi | ÍSÍ | 0% samtökin | KFUM-K | Krabbameinsfélag Reykjavíkur
Kvenfélagasamband Íslands | Samstarf um forvarnir SAMFO | Barnahreyfing IOGT | Samtök foreldra gegn áfengisauglýsingum
Samtök skólamanna um bindindisfræðslu SSB | UMFÍ-Ungmennafélag Íslands | Hvítabandið - líknarfélag | Ungmennahreyfing IOGT
SAMHJÁLP | VÍMULAUS ÆSKA - Foreldrahús | Vernd - fangahjálp

TAKE AWAY VEISLUÞJÓNUSTA HÓPAR FYRIRTÆKJATILBOÐ

# GRÆNI RISINN

# NÝIR RÉTTIR

## HOLLT OG GOTT



**Lambakjöt í karrý**
Lambakjöt, hvítkál, gulrætur, ananas, rauðlaukur, stökkt salat og villigrjón



**Kjúklingur í karrý**
Kjúklingur, hvítkál, gulrætur, ananas, rauðlaukur, stökkt salat og villigrjón

## RÉTTIR Á MATSEÐLI FRÁ KR. 890



**Grilluð kjúklingabringa á grjónabeði**
Kjúklingabringa, grænmeti, villigrjón og jógúrt salsasósa



**Ceasar salat**
Stökk salatblanda, teriyaki kjúklingalundir, rifinn Parmesan ostur, hvítlauks jógúrt dressing

## Barnamatseðill

**Frítt fyrir börn í fylgd foreldra**

Réttur af barnamatseðil fylgir frítt fyrir allt að 2 börn þegar foreldrar/forráðamenn kaupa rétti af matseðli. Tilboðið gildir til 15. nóvember og aðeins á staðunum.

Grensásvegi 10, 108 Reykjavík, Sími 533 6300, www.graenirisinn.is

Kristall
Það sést hverjir drekka Kristal

## VIÐ MÆLUM MEÐ...



**HÆGELDUÐUM MAT** Leirpottar henta vel til að elda ljúffenga lambakjötspottrétti. Best er að brytja niður kjöt og grænmeti ásamt ferskum kryddjurtum í pottinn og setja hann inn í kaldan ofninn. Láta pottréttinn malla klukkutímum saman á lágum hita.



**FERSKUM KRYDDJURTUM** á steikina. Timjan er auðvelt að rækta undir ljósi heima. Það á vel við lambakjöt og kartöflur og er einnig gott út í sósur.



**TARÍNU** til að bera kjötsúpuna fram í. Falleg postulínstarína er hið mesta borðstáss og á vel við matarmikla kjötsúpu.



**FISKISPAÐA** til að fleyta froðuna ofan af kjötsuðunni. Við suðu rennur safi úr kjötinu út í vatnið. Í honum er eggjahvítuefni sem myndar froðu ofan á og gerir kjötsoðið gruggugt. Ef kjötið er sett ofan í sjóðandi vatn rennur minna af kjötsafanum út í vatnið en ef kjötið fer ofan í kalt vatn. Best er að sjóða kjöt við lágan hita í lokuðum potti.

**LÚR EFTIR MATINN** Kjötmáltíðir eru þungar í maga og fátt er betra eftir vel útilátinn disk af sunnudagssteikinni en að liggja á meltunni.



**RÓTARGRÆNMETI** út í kjötsúpuna. Skerið niður gulrófur og sjóðið með kjötinu en rófur eru sneisafullar af C-vítamíni og góðar við haustkvefinu.









FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**HLUTI AF LEIKNUM** Röðin fyrir utan Hafnarhúsið á laugardagskvöldið náði langt út að Bæjarins bestu. Kannski eitthvað til að skoða í skipulagningunni á næsta ári?
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**OFF VENUE** Fjöldi tónleika var haldinn utan hefðbundinnar dagskrár. Retro Stefson og Benni Hemm Hemm tróðu upp í Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN





# Villibráðarhlaðborðið

*21. október – 17. nóvember*

Matreiðslumeistarar Perlunnar velja hráefni frá öllum heimshornum til að útbúa bestu villibráð sem hægt er að bjóða upp á. Nú getur þú notið þess besta í villibráðarhlaðborði Perlunnar.

*Verð 8.490 kr. — Tilboð mánudaga - miðvikudaga **7.490 kr.***

**Jólahlaðborð Perlunnar hefst 18. nóv.**
*Verð 8.290 kr — Tilboð mánudaga - miðvikudaga **7.290 kr.***

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Netfang* perlan@perlan.is - *Vefur* www.perlan.is



**1** Dagurinn byrjar á því að fylgja krakkastrollunni til mennta. Katla (8) og Jökull (6) fara í Vesturbæjarskólann en Embla (4) ver sínum vinnudegi á Drafnarborg í góðu yfirlæti. Mamma þeirra, hún Arna, er farin á fjölskyldubílnum á sinn vinnustað niðri við Sundahöfn.



**2** Ég seldi Land Roverinn þegar kreppan skall á enda ekki verjandi að aka stuttan spotta til vinnu á dísilhák. Hjólatúr fyllir lungun af fersku lofti og ekki er verra að veifa nágrönnum og vinum á leiðinni sem sitja fastir í Hringbrautarumferðinni.



**3** Í dag er Bændablaðsdagur, en við þurfum að klára blaðið fyrir dagslok og senda í prentsmiðjuna. Erla Hjördís blaðamaður spáir í spilin en uppi á palisanderklæddum veggnum eru margar hálfunnar síður og göt fyrir fréttaefni og myndir. Nóg að gera.

# Ávallt til vinnu á hjólhesti

**MYNDBROT ÚR DEGI | Miðvikudagurinn 20. október | Tekið á Canon EOS-5D**

**Tjörvi Bjarnason** býr í 101 Reykjavík ásamt fjölskyldu sinni. Á hverjum degi hjólar hann eða gengur á milli póstnúmera í Bændahöllina, þar sem hann vinnur meðal annars að útgáfu Bændablaðsins ásamt öðru góðu fólki.



**4** Rauk út til að taka forsíðumyndina klukkan 17.00 þegar bændur og fulltrúar ríkisvaldsins skrifuðu undir nýjan búnaðarlagasamning. Menn reyna að gera gott úr hlutunum þrátt fyrir mikinn niðurskurð. Fjármálaráðherra sagði að nú mættum við þrengja beltisólarnar! Jón Bjarnason hress að vanda.





**5** Klukkutíma eftir undirritunina í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu flæðir Bændablaðið úr prentvélum Landsprents við Rauðavatn. Fer þangað til að biðjast afsökunar á seinkuninni en líka til að baktryggja að blaðið sé í lagi.



**6** Um kvöldið eru allir búnir að borða þegar ég kem heim. Katla er í tölvunni og Jökull stautar sig í gegnum nýtt lestrarkver með mömmu sinni. Embla og tíkin Týra hafa minna fyrir stafni en sinna sínu.


# Kanarí

**27. nóvember - 14 nætur**

**Frá kr. 129.900 með „öllu inniföldu"**



*Turbo Club Apartments - Ótrúlegt sértilboð!*

Nú bjóðum við allra síðustu sætin í sólina á Kanaríeyjum 27. nóvember á frábæru tilboði. Í boði er m.a. frábært sértilboð með „öllu inniföldu" á Turbo Club Apartments. Þetta er góð íbúðagisting sem er vel staðsett á Maspalomas svæðinu. Stór og fallegur hótelgarður með tveimur sundlaugarsvæðum og góðri sólbaðsaðstöðu. Aðeins örfá sæti í boði.

Kr. **129.900** – með „öllu inniföldu"
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og eitt barn 2-11 ára í íbúð í 14 nætur með „öllu inniföldu". Netverð á mann.
Verð á mann í tvíbýli 139.900 með allt innifalið í 14 nætur.

*Ath. takmarkaður fjöldi sæta og gistingar í boði – verð getur hækkað án fyrirvara!*

**Heimsferðir**
**Skógarhlíð 18 • sími 595 1000**
**Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is**

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.


**Í ÞÁ TÍÐ...**



## Slysinu leynt í áratugi

**Nær 100 létust í Nedelin-eldflaugarslysi.**

Fyrir réttum fimmtíu árum, í lok október 1960, fóru að kvisast út sögusagnir um að stórt geimferðaverkefni hafi farið forgörðum hjá Sovétmönnum, en þær fengust ekki staðfestar frá yfirvöldum. Hins vegar birtist nokkrum dögum síðar tilkynning frá miðstjórn Kommúnistaflokksins þar sem sagt var að marskálkurinn Mitrofan Nedelin, yfirmaður eldflaugaáætlunar Sovétríkjanna, hafi látist í flugslysi.

Fram að lokum kalda stríðsins var þetta eina opinbera plaggið sem til var um mannskæðasta eldflaugarslys sem átt hefur sér stað. Sannleikur málsins var sá að um var að ræða frumútgáfu af langdrægri sprengjuflaug Sovétmanna, R-16, sem sprakk í loft upp á skotpalli í Síberíu.

Í asanum við að koma flauginni á loft á tilsettum tíma var litið framhjá nokkrum veigamiklum göllum á flauginni. Nedelin fór sjálfur upp að skotpallinum og rak sína menn áfram.

Galli í ræsibúnaði varð til þess að annar áfangi flaugarinnar, sem átti aðeins að kvikna þegar upp í loft var komið, kveikti í neðsta hlutanum og gríðarleg sprenging varð. Eldhnöttur um 120 metrar í þvermál blossaði upp með skelfilegum afleiðingum.

Alls biðu 76 bana við skotpallinn þennan dag vegna bruna eða eiturgufna, þar á meðal Nedelin sjálfur, og að minnsta kosti 16 létust síðar á sjúkrahúsi.

Það var ekki fyrr en 1989 sem frekari upplýsingar voru veittar um hvað átti sér stað, en nú er á skotstaðnum minnismerki með nöfnum þeirra sem létust á þessum sorgardegi. - þj

ÁR 1900 1950 **1960** 2000 2010

Við erum eins árs

3 smárar

# Full búð af nýjum vörum

ÓTRÚLEG VERÐ!

# Ný sending af Carolínu

LEGGINGS
KJÓLAR
BOLIR
PEYSUR

## Eins árs afmæli!

Nú höldum við uppá eins árs afmæli 3 Smára í Smáralind. Viðtökurnar á árinu hafa verið frábærar og viljum við þakka okkar viðskiptavinum kærlega fyrir.

Á árinu höfum þroskast, lært og komið með margar nýjungar, hafið framleiðslu á fötum undir merkinu Carolina, sem er okkar eigin lína.

En fyrst og fremst höfum við fylgt okkar stefnu, sem er að bjóða flotta, góða og klæðilega tískuvöru á ótrúlegu verði. Þeirri stefnu munum við fylgja fast eftir og alltaf leita leiða til að gera betur fyrir þig.




## Við stelpurnar í búðinni erum...

boðnar og búnar til að aðstoða og leiðbeina í fatavalinu.Við tökum lífinu létt en þegar kemur að fötum og tísku þá getur þú verið viss um að það er okkar ástríða og við hálgumst okkar starf af fagmennsku og alvöru.

Carolina
Kjóll 4.990,-

Víðir kjólar hafa sjaldan verið eins sexý.Þessi er ótrúlega töff við flottar leggings og hæla

Hinar vinsælu Nutshell leggings á 990 kr. afmælis-helgina

**OPIÐ**
MÁNUD.TIL MIÐVIKUD. 11-19
FIMMTUD. TIL KL. 21
LAUGARD. 11-18
OG SUNNUD. 13-18

3 SMÁRAR SMÁRALIND
SÍMI 578 0851

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**MÁLFRÍÐUR EINARSDÓTTIR** rithöfundur (1899-1983) fæddist þennan dag.

*„Það eru sífellt að gerast undur og stórmerki í þessari veraldarvél.“*

†



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi, sonur og tengdasonur,*

**Guðlaugur Kristinn Karlsson**

múrari, Ofanleiti 19, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans Kópavogi fimmtudaginn 21. október 2010.

**Elísabet Sigvaldadóttir**
**Bryndís Guðlaugsdóttir** **Andri Ægisson**
**Sigurdís Guðlaugsdóttir Camas** **Umit Camas**
**Sigurdís Halldóra Erlendsdóttir**
**Ingibjörg Halldórsdóttir**
**og barnabörn**

†



*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu*

**Huldu Snorradóttur**

frá Dagverðartungu.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Hlíðar fyrir góða umönnun, ljúft viðmót og hlýju.

**Gylfi Pálsson** **Rósa María Björnsdóttir**
**Ragna Pálsdóttir** **Ævar Ragnarsson**
**Gísli A. Pálsson** **Stefanía Þorsteinsdóttir**
**Snjólaug Pálsdóttir** **Þorsteinn Sigurðsson**
**Snorri Þ. Pálsson**
**ömmubörn og langömmubörn.**

†



*Elskuleg dóttir okkar, systir, mágkona og frænka*

**Margrét Hauksdóttir**

Barónsstíg 63,

sem lést laugardaginn 16. október, verður jarðsungin frá Hallgrímskirkju þriðjudaginn 26. október kl. 11.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Málfríður Steinsdóttir**
**Haukur Bergsteinsson** **Ragna Guðvarðardóttir**
**Agnes Hauksdóttir** **Þórir Borg**
**Bryndís Steinunn**
**Sara, Haukur og Jóhannes.**

†



*Hjartans þakkir eru færðar öllum þeim sem sýndu samúð og hlýhug við andlát og útför*

**Páls Stefánssonar**

framreiðslumanns,
Asparfelli 6, Reykjavík.

**Nataly Stefánsson**
**Tatiana Helgason** **Haukur Helgason**
**Amalía Stefánsdóttir** **Leif Bryde**
**Guðný Stefánsdóttir**
**Hafsteinn Stefánsson** **Sigrún Óla**
**og frændsystkini.**




**Útfararþjónusta**
**Davíðs Ósvaldssonar** ehf.
**Davíð Ósvaldsson**
*Útfararstjóri*
S. 896 6988 / 553 6699
**Óli Pétur Friðþjófsson**
*Útfararstjóri*
S. 892 8947 / 565 6511




**ÞETTA GERÐIST:** 23. OKTÓBER 2004

## *Íslendingar særðust í árás í Kabúl*

Tveir íslenskir friðargæsluliðar í miðborg Kabúl í Afganistan særðust í sprengjuárás þennan mánaðardag árið 2004. Sá þriðji slapp með skrámur. Fjórum handsprengum virtist vera hent til Íslendinganna þriggja af manni sem í leiðinni framdi sjálfsmorðsárás. Þar af sprungu þrjár af sprengjunum. Allt gerðist mjög hratt. Tveir mannanna fengu sprengjubrot í útlimi og voru fluttir á þýskt hersjúkrahús í úthverfi Kabúl. Þetta var fyrsta sjálfsmorðsárásin frá því í byrjun ársins 2004. Talið var að henni hafi ekki verið beint að Íslendingunum sjálfum heldur hafi hún verið gerð til að koma höggi á friðargæsluliðið NATO sem heild.






**GUÐFINNUR OG ÁSTRÍÐUR HEIMA HJÁ VIGDÍSI** „Þetta er mögnuð saga með mörgum sterkum augnablikum,“ segir Guðfinnur um myndina Vigdís, fífldjarfa framboðið. MYND/DAVÍÐ JÓN ÖGMUNDSSON RÚV

**SJÓNVARPIÐ:** SÝNIR HEIMILDARMYND Á MORGUN UM FORSETAKJÖR VIGDÍSAR

# Gjöf til íslenskra kvenna

Heimildarmynd um kosningabaráttu, kjör og embættistöku Vigdísar Finnbogadóttur forseta árið 1980 verður sýnd í sjónvarpinu annað kvöld, á frídegi íslenskra kvenna. Hún ber heitið Vigdís, fífldjarfa framboðið. Guðfinnur Sigurvinsson, fréttamaður á Sjónvarpinu, sá um gerð myndarinnar ásamt Ragnari Santos.

Guðfinnur lýsir vinnuferlinu svo: „Þetta byrjaði í sumar þegar 30 ár voru liðin frá kjöri Vigdísar. Ég var á síðdegisútvarpinu og vantaði hljóðbúta. Í safnadeildinni áttaði ég mig á að til var hellingur af gömlum myndskeiðum um það efni og sagði við Sigrúnu Stefánsdóttur dagskrárstjóra að mér fyndist alger synd að láta þessar perlur rykfalla inni á safnadeild. Hún tók strax vel í að taka þau saman í tilefni af þessum tímamótum. Við ákváðum að gera úr þeim mynd, fá Vigdísi sjálfa sem sögumann og frumsýna á kvennafrídaginn. Myndin er gjöf til íslenskra kvenna.“

Herrarnir þrír sem sóttust eftir forsetaembættinu um leið og Vigdís eru aukapersónur í myndinni að sögn Guðfinns en Vigdís er í forgrunni. „Myndin er ekki ítarleg sagnfræðiskýring heldur er bara snert á nokkrum flötum,“ útskýrir hann. „Hún snýst um þann sögulega atburð sem gerist hér 1980 þegar kona býður sig fram til forseta í fyrsta sinn og sigrar. Það var stórt skref í jafnréttisbaráttunni.“

Viðtölin við Vigdísi voru tekin heima hjá henni, að sögn Guðfinns, og Ástríður dóttir hennar segir þar líka frá upplifun sinni á því að mamma hennar var allt í einu komin orðin aðalstjarnan. Guðfinnur nefnir líka merkilegt efni frá norrænu sjónvarpsstöðvunum sem aldrei hefur komið fyrir augu almennings áður. „Þar er meðal annars flott viðtal við Kristján Eldjárn forseta. Þegar hann er spurður hvort Vigdís ætti að taka við af honum svarar hann á þá leið að hún ætti ekkert að gera það en hún gæti gert það. Þetta var í raun stór yfirlýsing því á þessum tíma var útbreidd skoðun að á Bessastöðum ættu að vera hjón. Menn sögðu umbúðalaust að það gengi ekki upp að þar væri einhleyp kona með barn. Ég held það sé hollt fyrir alla að sjá hversu langt við erum komin frá þessum tíma en vona samt að fólk fari ekki að dæma öll þau viðhorf sem þarna koma fram. Þau eru bara hluti af því samfélagi sem var og þurfa að skoðast í því ljósi.“ Spurður hvort hann hefði fengið að gera þessa mynd ef karlmaður hefði stýrt innlendri dagskrárgerð í sjónvarpinu svarar Guðfinnur íhugull: „Það er nú það. Jú, ég hugsa að þessi viðburður höfði jafnt til karla og kvenna – en maður veit aldrei.“

Guðfinnur segir mikla vinnu liggja að baki myndinni. „Efnið lá svo víða. Við Ragnar erum búnir að reyna á þolrif starfsfólks safnsins okkar en þetta var eins og að vera í fjársjóðsleit því oft fann maður dýrgripi sem enginn vissi af.“ Hann kveðst sáttur við afraksturinn og vonar að svo verði um fleiri. „Það kom mér á óvart að svona mynd skyldi ekki vera til,“ segir hann. „Þetta er mögnuð saga með mörgum sterkum augnablikum.“

**gun@frettabladid.is**

†



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**Hólmfríður Sigfúsdóttir**

andaðist aðfaranótt 16. október síðastliðinn. Jarðarförin fer fram frá Neskirkju í Aðaldal laugardaginn 30. október kl. 14.00.

**Bryndís Halldóra Bjartmarsdóttir**
**Hólmfríður Bjartmarsdóttir** **Sigurður Ólafsson**
**Guðmundur Bjartmarsson**
**Hlaðgerður Bjartmarsdóttir** **Egill Þórir Einarsson**
**Sigfús Bjartmarsson** **Lóa Pind Aldísardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**

†



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**Herborg Guðmundsdóttir**

Hátúni 4,

lést á Landspítalanum í Fossvogi þann 18. þ.m. Útförin verður frá Fossvogskirkju mánudaginn 25. október kl. 13.00.

**Jónína Herborg Jónsdóttir**
**Jón Herbert Jónsson** **Inger Jónsson**
**Ingibjörg Sigurðardóttir** **Guðjón Sigurðsson**
**Elínborg Sigurðardóttir** **Axel F. Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**


Strumpaknús!
Hrekkjastrumpur í heimsókn
Komdu og fáðu strumpaknús
og taktu þátt í skemmtilegum feluleik
STRUMPARNIR
Strumpafjör 1
4-6 ára
STRUMPARNIR
Strumpafjör 2
7-9 ára
Öðruvísi strumpu
Strympa
Þrautabækur
1.190 kr.
Sögubækur
2.290 kr.
Eymundsson **Smáralind** á laugardag kl. 15
Eymundsson **Skólavörðustíg** á laugardag kl. 17
Eymundsson **Kringlunni** á sunnudag kl. 15
eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872



†

*Elskulegur pabbi okkar, tengdapabbi og afi,*

**Gunnar Hilmar Ásgeirsson**

fæddur 20. júní 1942,

lést föstudaginn 1. október á heimili sínu í Danmörku. Bálför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Bjarkey, Helga, Ásgeir, tengdabörn og barnabörn.**

---



†

*Ástkær systir okkar,*

**Agnes Guðfinna Steinadóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu, Boðaþingi, sunnudaginn 17. október. Jarðarförin fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 27. október kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Samband íslenskra kristniboðsfélaga, Háaleitisbraut 68, Reykjavík, s. 533 4900. Sérstakar þakkir fær starfsfólkið á hjúkrunarheimili DAS, Boðaþingi, fyrir kærleiksríka umönnun.

**Petrína Steinadóttir, Helgi V. Guðmundsson**
**og aðrir aðstandendur.**

---



†

**Vilborg Ormsdóttir (Vina)**

frá Borgarnesi,

verður jarðsungin frá Háteigskirkju, þriðjudaginn 26. október kl. 11.00.

**Aðstandendur**

---



†

*Ástkær móðir okkar, amma og langamma,*

**Ása María Þórhallsdóttir Gunnlaugsson**

lést á heimili sínu í Pompano Beach, Florida, laugardaginn 18. september.

Minningarathöfn var í Pompano Beach 25. september. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni mánudaginn 25. október kl. 13.00.

**Ingrid Gunnlaugsson**
**Þór Gunnlaugsson** **Theresa Gunnlaugsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Hjartkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi*

**Kristófer Þorgeirsson**

verður jarðsunginn frá Borgarneskirkju mánudaginn 25. október kl. 14.00.

**Ólína Jóhanna Gísladóttir**
**Björg Hólmfríður Kristófersdóttir** **Þórður B. Bachmann**
**Gísli Kristófersson** **Þóra Ragnarsdóttir**
**Þorgeir Kristófersson** **Inga Pétursdóttir**
**Einar Kári Kristófersson** **Kolbrún Karlsdóttir**
**afa- og langafabörn.**

---



†

*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug í veikindum og við andlát og útför eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Jóhönnu Guðfinnu Jónsdóttur**

Brúnalandi 20, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki líknardeildar Landspítala í Kópavogi fyrir frábæra umönnun.

**Sverrir Helgason**
**Óskar Sverrisson** **Eiríksína Kr. Hafsteinsdóttir**
**Jón Sverrir Sverrisson** **Margrét Steindórsdóttir**
**Helgi Sverrisson** **Sigurborg K. Stefánsdóttir**
**Sigríður Ragna Sverrisdóttir** **Sigurbjörn Jón Gunnarsson**
**og barnabörn.**

---



†

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**Marta Pétursdóttir**

lést á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund, mánudaginn 18. október. Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 27. október kl. 15.00. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Barnaspítalasjóð Hringsins.

**Pétur Björnsson** **Guðrún Vilhjálmsdóttir**
**Svava Björnsdóttir**
**Signý Kolbeinsdóttir** **Heimir Snorrason**
**Marta Sigríður Pétursdóttir**
**Valgerður Pétursdóttir**
**Svava Pétursdóttir**
**Björn Magnússon**
**og barnabarnabörn**

---



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**Guðborg Siggeirsdóttir**

Kirkjulundi 8 (áður Álfhólsvegi 28a),

lést í Holtsbúð Garðabæ 20. október síðastliðinn. Útförin fer fram frá Vídalínskirkju mánudaginn 8. nóvember kl. 13.00.

**Rannver Stefán Sveinsson**
**Sigurjón Sveinn Rannversson** **Fjóla Finnsdóttir**
**Guðrún Magnea Rannversdóttir** **Snorri Snorrason**
**Katla Björk Rannversdóttir** **Kristján Albert Eiríksson**
**Birna Mjöll Rannversdóttir** **Arnfinnur Daníelsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Ástkær bróðir okkar og vinur,*

**Reynir Sverrisson**

lést á Landspítalanum Fossvogi miðvikudaginn 20. október. Útförin fer fram frá Lágafellskirkju miðvikudaginn 27. október kl. 13.00.

Fyrir hönd aðstandenda og vina,

**Grétar Sverrisson**
**Garðar Hreinsson**
**Sigurður R. Sverrisson.**

---



**LAUGARNESKIRKJA** 70 ár eru frá stofnun Laugarnessafnaðar.

# Laugarneskirkja síung eftir 70 ár

Haldið verður upp á 70 ára afmæli Laugarnessafnaðar á morgun en söfnuðurinn var stofnaður 20. október árið 1940.

Sérstök hátíðarmessa fer fram klukkan 11 á morgun, tileinkuð börnum, þar sem meðal annars koma fram Helga Steffensen með Brúðubílinn og Iðunn Steinsdóttir barnabókahöfundur. Frú Vivan Svavarsson, ekkja séra Garðars Svavarssonar sem fyrstur vígðist til Laugarneskirkju, verður við messuna en hún nær sínu hundraðasta aldursári á komandi jólum. Þá mun Vilborgu Runólfsdóttur verða þökkuð störf en hún lætur af starfi aðstoðarskólastjóra við Laugarnesskóla. Að messu lokinni verður hátíðarkaffi að íslenskum sið í safnaðarheimilinu. **- rat**

---

†



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur vináttu og hlýhug við andlát og útför hjartkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Geirs Austmanns Björnssonar**

rafvirkjameistara og kaupmanns.

**Arnheiður Lilja Guðmundsdóttir**
**Guðrún Erla, Steinunn Jóna, Geir Arnar**
**og Sigurjón Guðbjörn Geirsbörn.**
**Tengdabörn, afabörn og langafabarn.**

---



†

*Elskulegur eiginmaður minn og faðir okkar*

**Kristmundur Guðmundsson**

Kirkjubraut 12, áður Hjarðarholti 4,

lést á Sjúkrahúsi Akraness 19. okt. Jarðsungið verður frá Akraneskirkju föstudaginn 29. október kl. 14.00. Blóm og kransar afþakkað en þeim sem vilja minnast hans er bent á Parkinsonssamtökin, sími 552-4440 eða psi.is.

**Salvör Ragnarsdóttir, Rósa, Friðbjörg og Anna Kristmundsdætur.**

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Benedikt Bjarnason**

fv. kaupmaður og útgerðarmaður í Bolungarvík,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði sl. miðvikudag 20. október. Útförin fer fram frá Hólskirkju í Bolungarvík, laugardaginn 30. október kl. 14.00.

**Hildur Einarsdóttir**
**Einar Benediktsson** **María Guðmundsdóttir**
**Halldóra Benediktsdóttir** **Sören Pedersen**
**Bjarni Benediktsson**
**Ómar Benediktsson** **Guðrún Þorvaldsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**

# PHILIPS

UMHVERFISVÆNSTA SJÓNVARPIÐ

LÁGMARKS ORKUNOTKUN

EISA AWARD Best Product 2010-2011
GREEN TV
Philips 42PFL6805

LED · Pixel Precise HD · Clear Sound · DVB T/C TERRESTRIAL/CABLE · solar remote control · 60% RECYCLED ALUMINIUM · zero power switch · 60% energy savings

ÖRÞUNNT LED
ENDURUNNIÐ ÁL

FJARSTÝRING
MEÐ SÓLAR-
RAFHLÖÐU

**Philips 42PFL6805H**
42" Full HD LED sjónvarp með 1920x1080p upplausn, Pixel Precise HD, HD natural motion, 100Hz Clear LCD, 500.000:1 skerpu, 2ms svartíma, 20w RMS Invisible hljóði, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB - MP3, VGA, 2x Scart, 4x HDMI, JPEG og Video afspilun, CI/CI+ lesara ofl.

**TILBOÐ**
**299.995**
KYNNINGARTILBOÐ

---

## PHILIPS
PIXEL PLUS 100Hz
32 TOMMUR

**Philips 32PFL5405H**
32" Full HD LCD sjónvarp með 1920x1080p upplausn, Pixel Plus HD , 100Hz Clear LCD, HD natural motion, dýnamískri 100.000:1 skerpu, 40w RMS Virtual 2.1 hljóð, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB, VGA, Scart, 3x HDMI ofl.

**TILBOÐ**
**129.995**
FULLT VERÐ 169.995

## PHILIPS
100Hz CLEAR LCD
42 TOMMUR

Vandaður Philips HDMI Gold kapall fylgir!

**Philips 42PFL5405H**
42" Full HD 1080p LCD sjónvarp með 1920x1080 upplausn, Pixel Plus HD, Progressive Scan, HD natural motion, 100Hz Clear LCD, 100.000:1 skerpu, 2ms svartíma, 40w RMS Virtual 2.1 hljóði, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB, VGA, Scart, 3x HDMI ofl.

**TILBOÐ**
**169.995**
FULLT VERÐ 249.995

## PHILIPS
AMBILIGHT BAKLÝSING
32 TOMMUR

LED

**Philips 32PFL7605H**
32" Full HD LCD LED sjónvarp með 1920x1080p upplausn, Pixel Precise HD, 100Hz Clear LCD, AMBILIGHT SPECTRA 2 baklýsingu, HD natural motion, 500.000:1 skerpu, 2ms svartíma, 40w RMS Virtual 2.1 hljóð, stafrænum háskerpu DVB-T móttakara, USB, VGA, Scart, 4x HDMI, Net TV (YouTube o.fl) ofl.

ambi light

**TILBOÐ**
**199.995**
FULLT VERÐ 229.995

## PHILIPS
PIXEL PLUS 100Hz
40 TOMMUR

LED

**Philips 40PFL5605H**
40" Full HD LCD sjónvarp með LED, 1920x1080p upplausn, Pixel Plus HD, 100Hz Clear LCD, HD natural motion, dýnamískri 500.000:1 skerpu, 2ms svartíma, 40w RMS Virtual 2.1 hljóð, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB, VGA, Scart, 3x HDMI ofl.

**TILBOÐ**
**199.995**
FULLT VERÐ 299.995

## PHILIPS
HD NATURAL MOTION
47 TOMMUR

**Philips 47PFL3605H**
47" Full HD LCD sjónvarp með 1920x1080p upplausn, Digital Crystal Clear, HD natural motion, dýnamískri 500.000:1 skerpu, 5ms svartíma, 20w RMS Incredible Surround hljóði, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB, VGA, 2x Scart, 2x HDMI, CI rauf ofl.

**TILBOÐ**
**219.995**
FULLT VERÐ 249.995

## PHILIPS
PIXEL PRECISE HD
46 TOMMUR

LED

**Philips 46PFL7605H**
46" Full HD LCD LED sjónvarp með 1920x1080p upplausn, Pixel Precise HD, 100Hz Clear LCD, AMBILIGHT SPECTRA 2 baklýsingu, HD natural motion, 500.000:1 skerpu, 2ms svartíma, stafrænum háskerpu DVB-T móttakara, DLNA vafra (Ethernet tölvutenging), USB, VGA, Scart, 4x HDMI, CI/CI+ lesara, Net TV (YouTube o.fl) ofl.

ambi light

**TILBOÐ**
**399.995**
FULLT VERÐ 449.995

---

EISA AWARD Best Product 2010-2011
BEST EUROPEAN LCD-TV
Philips PFL9705

Philips er einn virtasti framleiðandi heims á sjónvörpum og hefur hlotið fleiri EISA verðlaun fyrir sjónvörp en nokkur annar.

Philips fékk EISA verðlaun fyrir besta sjónvarp Evrópu 2010.

**Heimilistæki** ht.is

*UMBOÐSMENN UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

# KRÓNAN
á verði fyrir þig

**698** kr. kg
Ísl. matvæli, heill kjúklingur

**1798** kr. kg
Ísl. matvæli, kjúklingabringur

**1998** kr. stk.
Dönsk herragarðsönd, 2,6 kg

# KOMDU Í KRÓNUNA
## OG GERÐU GÓÐ KAUP

43% afsláttur

**1998** kr. kg
Verð áður ~~3498~~ kr.
Ungnauta roast beef

**1368** kr. kg
Verð áður ~~2298~~ kr.
Grísalundir

40% afsláttur

**998** kr. kg
Lambalæri, frosið

## 50% afsláttur
### af heilsunammi í dag laugardag!

**150** kr. kg
Verð áður ~~299~~ kr.
Klementínur

**299** kr. kg
Verð áður ~~598~~ kr.
Rauð vínber

**85** kr. kg
Verð áður ~~168~~ kr.
Gul epli

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

EXPO • www.expo.is

KRÓNAN
Ný kynslóð lágvöruverðsverslana

**Opnunartímar í Krónunni:**

Krónan Akranesi
alla daga 10-19

Krónan Árbæ
virka daga 11-21
helgar 10-21

Krónan Breiðholti
virka daga 11-21
lau. 11-21 sun.12-21

Krónan Granda
alla daga 10-19

Krónan Hvaleyrarbraut
alla daga 11-21




Krónan Höfða
virka daga 11-19
lau. 10-19 sun. 11-19

Krónan Lindum
alla daga 10-20

Krónan Mosfellsbæ
alla daga 10-20

Krónan Reyðarfirði
mán.-fim. 11-18
fös. 11-19
lau. 11-17 sun.12-16

Krónan Reykjavíkurvegi
virka daga 11-21
helgar 10-21

Krónan Selfossi
virka daga 10-20
helgar 10-19

Krónan Vestmannaeyjum
virka daga 11-19
lau. 11-18 sun. 11-16

# krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is

**LITABOK.IS** er skemmtileg vefsíða. Þar er hægt að finna myndir af alls konar teiknimyndapersónum eins og Bubba byggi og kartöfluhaus sem hægt er að prenta út og lita.



## KONRÁÐ OG RÓBERT






## BRANDARAKISTAN

- **Í ávaxtakörfunni mátti heyra eftirfarandi samtal: Bananinn: Hey! Af hverju er svona dimmt hérna inni? Eplið: Peran fór.**
- **Mamma: Af hverju setur þú bangsann þinn inn í frysti? Halli: Af því mig langar í ísbjörn.**
- **Ég var að frétta að maðurinn þinn missti málið í sex vikur. Nú? Hann sagði mér ekkert frá því.**
- **Hvernig stendur á því að í dag kostar kötturinn 5.000 krónur? Hann kostaði ekki nema 3.000 í gær? Í millitíðinni gleypti hann páfagauk sem kostaði 2.000 krónur.**

*Þú getur sent brandara til* ***krakkar@frettabladid.is***


## Hlustaðu á Dísu ljósálf og Alfinn álfakóng á Vísi

Á Vísi er hægt að horfa á myndskreyttan upplestur úr þessum sígildu ævintýrum.




vísir.is


# EKKI HRÆDDUR VIÐ NEITT NEMA KRÓKÓDÍLA

**Hvað skyldi Sveppi ætla að verða þegar hann verður stór og hvert er helsta átrúnaðargoðið hans? Fréttablaðið hitti Sveppa og lagði fyrir hann nokkrar spurningar.**

***Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?*** Fiskibollur í bleikri sósu.

***Hver er uppáhaldsliturinn þinn?*** Það eru eiginlega allir regnbogans litir, gult og blátt og rautt.

***Hvað ertu eiginlega gamall?*** Ég er átta ára.

***Af hverju sést aldrei framan í mömmu þína?*** Hún er allt of stór.

***Hvað er mesta skammarstrikið sem þú hefur gert?*** Þau eru nú nokkur sem ég hef fengið skammir í hattinn fyrir. En það nýlegasta var þegar ég bað Villa um að klippa mig. Það var ekki vinsælt á mínu heimili.

***Hvert er átrúnaðargoðið þitt?*** Úff, þetta er erfitt. En ég hef voða gaman af teiknimyndahetjum eins og Batman.

***Hvor er betri, Batman eða Súperman?*** Súperman er svona aðeins betri.

***Eruð þið Villi í alvörunni vinir?*** Já, við erum nefnilega í alvörunni vinir.

***Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?*** Mig langar að vera eitthvað sem krefst þess að vera í búningi. Strætóbílstóri, flugmaður eða slökkviliðsgæi. Einkennisbúningar eru svo töff.

***Við hvað ertu hræddur?*** Ég er eiginlega ekki hræddur við neitt.

> Jólin eru skemmtilegri, það eru náttúrulega ekki til neinir páskasveinar.



***Ekki einu sinni köngulær?*** Nei alls ekki, ég safnaði þeim einu sinni. Ég er mikið fyrir smádýr. En kannski yrði ég hræddur við stór dýr sem eru ekki til á Íslandi, eins og krókódíla.

***Ferðu einhvern tímann að grenja?*** Já, stundum. Ef ég meiði mig mikið þá fer ég að grenja. Stundum líka ef mamma er mjög reið, þá er oft ágætis leið að fara að grenja. Þá róast hún líka oft niður.

***Hvenær ertu glaðastur?*** Þegar ég er að gera eitthvað mjög skemmtilegt. Eitthvað sem mig hefur dreymt um lengi eins og að búa til þriggja hæða samloku, eða þegar ég er með vinum mínum.

***Finnst þér gaman að vera fínt klæddur?*** Nei ekkert sérstaklega. Ég er búinn að vera í mörg ár í ullarvesti yfir skyrtunni á jólunum sem er mjög óþægilegt. En ég er búinn að komast að samkomulagi við mömmu um að sleppa því þessi jólin.

***Hvort er skemmtilegra jólin eða páskarnir?*** Jólin eru skemmtilegri, það eru náttúrulega ekki til neinir páskasveinar.



## KRAKKARÝNI

Einar Steinn Kristjánsson — LEIKHÚS

### Horn á höfði ★★★½



„Þetta var fyndið og spennandi leikrit um strák sem vaknar einn daginn með horn á höfðinu," segir Einar Steinn um barnasýningu ársins 2010, Horn á höfði.

„Ég gleymi mér í leikhúsum og pæli ekki hvort aðrir skemmti sér jafn vel og ég, en tók eftir að Villi vinur Sveppa var í salnum og Skrýtla. Þau voru með sína krakka og hlógu öll," segir Einar Steinn, sem heldur mest upp á Óliver Twist af leikritunum sem hann hefur séð.

„Ég var hrifnastur af Dýrunum í Hálsaskógi þegar ég var lítill og aldrei hræddur við Mikka ref. Pabbi saumaði á mig búning úr refaefni. Ég var líka hrifinn af Emil í Kattholti og pabbi tálgaði handa mér trébyssu eins og Emil á. Hann er alltaf góður við mig. Þess vegna er leiðinlegt að hann hafi aldrei tíma frá vinnunni til að fara með okkur mömmu í leikhús," segir Einar Steinn, sem mælir með Hornum á höfði fyrir krakka frá fjögurra upp í fjórtán ára.

***Niðurstaða:*** *Sprenghlægilegt og spennandi leikrit*

## HITT OG ÞETTA

**LEIKRITIÐ PRUMPUHÓLLINN verður sýnt í Gerðubergi í dag klukkan tvö. Leikritið er fyrir tveggja til tíu ára krakka.**



**MYNDIR EFTIR SIGRÚNU ELDJÁRN verða til sýnis á Torgi Þjóðminjasafns Íslands í dag klukkan þrjú. Hún og Þórarinn Eldjárn lesa svo upp úr bókum sínum.**

**SÓLA SÖGUKONA segir sögu sína í bókasafninu í Gerðubergi á morgun klukkan tvö.**

**NÝ ÍSLENSK ÓPERA verður sýnd í Iðnó í dag, á morgun og mánudag klukkan 20. Flytjendur eru nemendur í Tónlistarskólanum í Reykjavík.**






# Við viljum *sjá* þig

Staðreyndin er sú að ökumenn sjá vegfarendur með endurskinsmerki fimm sinnum fyrr. Flest eigum við endurskinsmerki ofan í skúffu, en þau koma aðeins að gagni séu þau notuð. Gætum að því að börnin okkar noti endurskinsmerki.

Arion banki ætlar í samstarfi við Umferðarstofu, Skátana og Ríkislögreglustjóra að gefa endurskinsmerki, sem nálgast má í öllum útibúum bankans eftir helgi. Þeir sem búa fjarri útibúum bankans, geta sent tölvupóst á fraedsla@us.is og fengið merkin send.

Ríkislögreglustjórinn · Skátarnir · UMFERÐARSTOFA

Nældu þér í endurskinsmerki í næsta útibúi bankans eftir helgi.

Arion banki

ÍSLENSKA SIA.IS ARI 51890 11/10

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** drykkur, **6.** tveir eins, **8.** fjór, **9.** tímabil, **11.** golf áhald, **12.** ull, **14.** sprikl, **16.** í röð, **17.** spil, **18.** kopar, **20.** frú, **21.** tröll.

**LÓÐRÉTT**
**1.** sparsöm, **3.** frá, **4.** nennuleysi, **5.** þrí, **7.** lágkúrulegur, **10.** inngangur, **13.** tálknblað, **15.** há bygging, **16.** skyggni, **19.** í röð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** malt, **6.** pp, **8.** fer, **9.** öld, **11.** tí, **12.** reyfi, **14.** brölt, **16.** de, **17.** níu, **18.** eir, **20.** fr, **21.** risa.

**LÓÐRÉTT: 1.** spör, **3.** af, **4.** letilíf, **5.** trí, **7.** plebeii, **10.** dyr, **13.** fön, **15.** turn, **16.** der, **19.** rs.






# Ísland, verst í heimi

**BAKÞANKAR**
**Atla Fannars Bjarkasonar**



Ísland, best í heimi-áróðurinn fór allt af í taugarnar á mér. Ég elska landið mitt og er viss um að hér býr hellingur af hæfileikaríku fólki, sem nýtir guðsgjafir sínar til góðs. Ég er jafnvel til í að taka svo djúpt í árinni að segja að hér séu alveg jafn stórkostlegir hæfileikar og annars staðar í heiminum, miðað við höfðatölu að sjálfsögðu. Ekki erum við Indland.

**EFTIR** að allt fór til andskotans er farið að bera á annars konar hugsunarhætti. Hugsunarhætti sem fer alveg jafn mikið í taugarnar á mér og yfirgengilegur þjóðrembingurinn. Efsta stig lýsingarorðsins „vont“ er allt í einu komið í staðinn fyrir „gott“. Þetta orð þekktist varla á árum áður, nema þá til að lýsa Eurovision-lögum og þriðjudagskvöldum á RÚV. En í dag er *Ísland* allt í einu orðið verst í heimi.

**Í** volæðisvælinu sem rignir yfir okkur á þessu guðsvolaða skeri talar fólk um hluti sem myndu ekki gerast annars staðar en á Íslandi; ráðningar sem *engin* önnur stjórnsýsla myndi koma í gegn og ákvarðanir sem yrðu *aldrei* teknar nema í versta landi í heimi. Það er eins og önnur lönd séu allt í einu orðin útópísk paradísarríki þar sem pólitísk spilling finnst ekki og allir eru góðir við hvern annan. Fólk horfir dreymið út í sjóndeildarhringinn og sér heim tálgaðan eftir draumsýn Johns Lennon.

**JARÐARBÚAR** hafa hingað til staðið saman í hálfvitaskapnum og rústað flestu sem fyrir þeim verður. Þess vegna væri gaman að vita hvort fólkið sem heldur að hér sé allt öðruvísi en í öðrum löndum búi á öðrum hnetti en við hin? Er það ekki umkringt sömu löndunum, með sömu stjórnmálamönnunum og sama fólkinu? Ísland er ekki eina skítalandið í heiminum, þau eru það öll. Meira að segja Sviss. Og af hverju? Jú, vegna þess að fólk er fífl úti um allan heim. Svart, hvítt, gult og bleikt. Fífl, fífl, fífl og fífl.

**VIÐ** lifum því miður á tímum þar sem hver höndin er uppi á móti annarri. Allir þurfa að rífast við einhvern og það sem verra er; allir hafa skoðun og geta auðveldlega komið henni á framfæri. Málfrelsi er frábært en mikið var gott þegar fólk lét sér nægja að iðka rétt sinn í heitum pottum og fermingarveislum.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# HELGARTILBOÐ




2.499,-
áður 2.999,-

DVD

**Steindinn okkar**
Gamanþættirnir sem slógu í gegn á Stöð 2. Steindi fer á kostum ásamt stórskotaliði leikara og landsþekktra einstaklinga.




2.499,-
áður 2.799,-

2 DVD

**Get him to the Greek**
Aaron Green, metnaðarfullur dugnaðarforkur sem er sendur til London til að fylgja rokkgoðinu Aldous Snow til LA.



2.399,-
áður 2.599,-

CD
**Diskóeyjan**
***Prófessorinn og Memfismafían***



2.399,-
áður 2.599,-

CD
**Jónas Sigurðsson**
***Allt er eitthvað***




2.399,-
áður 2.599,-

CD
**Ingó og félagar**
***Buddy Holly***



2.999,-
áður 3.299,-

CD
**Kings of Leon**
***Come Around Sundown***




3.199,-
áður 3.699,-

2CD
**Bob Dylan**
***Tha Witmark Demos***




2.999,-
áður 3.299,-

CD
**Neil Young**
***Le Noise***



2.999,-
áður 3.299,-

2CD
**Robbie Wiliams**
***Greatest Hits***




2.999,-
áður 3.299,-

CD
**Robert Plant**
***Band of Joy***

S·K·Í·F·A·N

KRINGLAN · 591 5300 · WWW.SKIFAN.IS

**!** **Lennon í Slippsalnum** Ingólfur Margeirsson og Valgeir Guðjónsson spjalla um uppreisnarmanninn Lennon í Slippsalnum við Mýrargötu klukkan 16 í dag, undir yfirskriftinni Lifandi útvarp. Tóndæmi og myndskeið styðja spjallið og gestir geta tekið virkan þátt með spurningum og framíköllum.

studio list | 899 1959 | 663 7760
www.studio-list.com

Skilaboð til kynslóðanna
Hin fullkomna gjöf stórfjölskyldunnar

Frábært tækifæri til að festa atburði ævi þinnar og annara á varanlegt geymsluform!

- Viðtal við ættingja
- Skírn
- Ferming
- Gifting
- Stór afmæli
- Ættarmót
- Steggja/gæsa partý
- Atburðir og fundir fyrirtækja
- Eða bara hvað sem er

Bjóðum uppá Tökur og frágang í High Definition gæðum..
Fagmennska í fyrirrúmi

Listaháskóli Íslands auglýsir eftir umsóknum um *starf deildarforseta leiklistar- og dansdeildar*

Listaháskóli Íslands auglýsir eftir umsóknum um starf deildarforseta leiklistar- og dansdeildar. Umsækjandi skal vera leiklistar- eða danslistamaður með mikilsverða reynslu af störfum í atvinnuumhverfi sviðslista.
Það skilyrði er sett að viðkomandi hafi meistaragráðu eða sambærilega háskólagráðu í greininni.

Rektor ræður deildarforseta að höfðu samráði við stjórn. Sérstök dómnefnd dæmir um hæfi umsækjenda, sbr. reglur skólans um veitingu akademískra starfa. Ráðningin gildir frá 1. ágúst 2011.

Nánari upplýsingar um kröfur til umsækjenda, umsóknargögn, meðferð umsókna, og eðli starfsins, er að finna á heimasíðu skólans **www.lhi.is**

Umsóknum og meðfylgjandi gögnum skal skila ekki síðar en miðvikudaginn 1. desember n.k. til Listaháskóla Íslands, skrifstofu, Skipholti 1, 105 Reykjavík.

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
· ICELAND ACADEMY OF THE ARTS ·

512 50 50 Auglýsingasími
Allt sem þú þarft...



**KJELL ESPMARK** Ég held að það sé talsvert erfiðara að þjappa merkingu saman í þéttan og knappan texta en að láta gamminn geisa. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Glitrandi opinberanir

**Í ljóðabálkinum Vetrarbraut ljær sænska ljóðskáldið Kjell Espmark gleymdum röddum fortíðarinnar nýtt líf. Hann ræðir hugleiðingar sínar um mennskuna og störf sín hjá Nóbelsnefndinni í bókmenntum.**

Ljóðabálkurinn Vetrarbrautin eftir sænska ljóðskáldið Kjell Espmark kom út hjá Uppheimum fyrir skemmstu, í íslenskri þýðingu Njarðar P. Njarðvík.

Þetta er glæsilegt safn ljóða þar sem skáldið bregður upp svipmyndum mannlegrar reynslu allt frá því í árdaga og til nútímans og skyggnist inn í huga fólks í þann mund sem það mætir örlögum sínum eða á augnabliki opinberunar. Eða eins og Espmark kemst að orði í inngangi bókarinnar:

„Ef maður ímyndar sér að sérhver mannsævi geymi eitt andartak þar sem öll reynsla og öll viðhorf þéttist í snöggan skilning, þá myndi alheimur tímans sem umlykur okkur, glitra eins og vetrarbraut slíkra opinberana. [...] Ef okkur tækist að fanga slíka vitnisburði, – hvernig myndu þeir hljóma?“

**Að ljá hinum gleymdu rödd**

„Mig langaði að ljá þeim rödd sem hafa orðið útundan í sögunni,“ segir Espmark, sem var hér á landi á dögunum til að kynna bókina. „Stundum er sagt að sigurvegararnir skrifi söguna. En það eru sigurvegarnir sem gleyma sögunni. Þetta er tilraun mín til ljá fórnarlömbum hennar nýtt líf.“

Ljóð Espmarks einkennast bæði af heimspeki tilvistarstefnunnar og pælingum um félagslegt hlutskipti. „Ég var undir miklum áhrifum frá Jean-Paul Sartre á mínum yngri árum, en mér fannst alltaf vanta þessa félagslegu vídd í skrif hans. Ég leitast við að sýna fólk í tvenns konar ljósi í samhengi við lífið sem það lifði og tómið sem bíður okkar. Úr verða hugleiðingar um tvær hliðar mannlegrar tilveru; félagslegt hlutskipti okkar og tilvistarlegar spurningar.“

**Eimaður texti og lagskiptur**

Espmark segist leggja mikla áherslu á knappan og einfaldan stíl. „Mér finnst mikilvægt að textinn sé eimaður, þannig að hann sé auðlesinn og skýr við fyrsta lestur en þegar hann er lesinn aftur kemur lesandinn auga á eitthvað nýtt, því



**ÚR VETRARBRAUTINNI**

Ég var einn þriggja í brennheitum ofninum.
Þeir sem réðu heiminum um stund
vildu brenna ruslið sem þeir töldu okkur vera.
En líkamir okkar risu af hitanum
og við gengum gegnumlýst út á meðal fólks.
Þeir sem handtóku okkur dreifðust
eins og aska í hvirfilbyl.
Við munum ennþá þögul kvalaóp þeirra
þar sem við staulumst gegnum aldirnar
og skiljum eftir okkur sjálflýsandi fótspor.

**KJELL ESPMARK**

Kjell Espmark (f. 1930) er skáld og prófessor emeritus í bókmenntafræði við Háskólann í Stokkhólmi. Hann var kjörinn í sænsku akademíuna 1981 og situr í Nóbelsnefndinni sem velur verðlaunahafann í bókmenntum ár hvert. Espmark er höfundur 38 bóka, jafnt skáldverka sem fræðirita. Hann hefur hlotið fjölda verðlauna fyrir skáldskap sinn, nú síðast Tomas Tranströmer-verðlaunin árið 2010.

það eru svo mörg undirliggjandi lög í honum. Ég held að það sé talsvert erfiðara að þjappa merkingu saman í þéttan og knappan texta en að láta gamminn geisa.“

**Formaður Nóbelsnefndarinnar**

Espmark var var kjörinn í sænsku akademíuna 1981 og situr í Nóbelsnefndinni sem velur verðlaunahafann í bókmenntum ár hvert og var formaður hennar um nokkurra ára skeið. „Ég lét af formennsku þegar ég varð 75 ára. Mér fannst það gefa röng skilaboð að maður sem væri að nálgast áttrætt væri enn formaður nefndarinnar.“

En hvaða skilyrði þurfa rithöfundar að uppfylla til að verðskulda Nóbelsverðlaunin að hans mati? „Skilyrðin hafa verið breytileg í gegnum árin og farið eftir straumum og stefnum. Í upphafi voru verðlaunin veitt höfundum sem stóðu vörð um hefðbundin gildi og íhaldssama hugmyndafræði. Á fjórða áratugnum varð stefnan popúlískari, þar sem vinsældir höfðu mikið að segja um hver hreppti hnossið. Eftir seinni heimsstyrjöld var hins vegar byrjað að verðlauna frumkvöðla og brautryðjendur á sviði skáldsagnagerðar; Herman Hesse, André Gide, T.S. Eliot og William Faulkner og fleiri.“

**Áherslur sem bitnuðu á konum**

Seint á á 8. áratugnum var hins vegar farið að verðlauna óþekkta höfunda í þeim tilgangi að vekja á þeim athygli. „Þetta var það sem kalla má praktísk nálgun á verðlaunaveitinguna og byrjaði þegar Isaac Bashevis Singer hlaut verðlaunin 1978. Hann var alls óþekktur á þeim tíma. Allir vissu að valið stóð um Graham Greene og Singer – höfund sem var frægur fyrir að hafa ekki hlotið verðlaunin og höfund sem enginn hafði heyrt um. Nú hefur Singer verið þýddur á 50 tungumál og er einn víðlesnasti höfundur heims.

Á tíunda áratugnum þurftum við í nefndinni hins vegar að spyrja okkur hvort fyrri áherslur á brautryðjendur og óþekkta höfunda hefðu sjálfkrafa útilokað kvenrithöfunda. Það markaði tímamót þegar Nadine Gordimer hlaut verðlaunin 1991. Hún var undir áhrifum höfunda á borð við Tolstoj og fleiri og skrifaði í þeirri hefð. Hún uppfyllti heldur ekki hitt skilyrðið, að vera óþekkt; þvert á móti var hún nokkuð fræg. Átti hún, þessi frábæri höfundur, ekki að koma til greina til verðlaunanna af þessum sökum?“

Á fyrsta áratug 21. aldarinnar hafi Nóbelsverðlaunin hins vegar einkennst af svonefndum vitnisburðarbókmenntum.

**Nóbelsverðlaunin og Ísland**

Einn íslenskur rithöfundur hefur hlotið Nóbelsverðlaunin. Spurður hvort það séu raunhæfar líkur á að Íslendingar eignist annað Nóbelsskáld í náinni framtíð, varar hann í véfréttastíl.

„Það getur verið hættulegt fyrir fulltrúa í Nóbelsnefndinni að tjá sig um núlifandi rithöfunda sem hann telur að verðskuldi Nóbelinn. En allir góðir rithöfundar eiga möguleika á að hljóta Nóbelsverðlaunin.“

Jafnvel þótt þeir skrifi aðeins fyrir 300 þúsund manna málsvæði? „Það skiptir ekki máli. Singer hafði líklega ekki 3.000 lesendur á sínum tíma.“

bergsteinn@frettabladid.is

Holdgervingur '68 kynslóðarinnar




# HEILLANDI, FYNDIN OG BITASTÆÐ



**Guðrún Ögmundsdóttir** á að baki dramatíska ævi en um leið er saga hennar saga kynslóðarinnar sem óx úr grasi eftir síðari heimsstyrjöld – og baráttusaga íslenskra kvenna á ofanverðri 20. öld. Á síðum bókarinnar lifna við eftirminnileg böll á Borginni, litrík ár í Kaupmannahöfn, sviptingar í kvennabaráttunni, sigrar og ósigrar í pólitík – og ljúfsár bernskan. Halla Gunnarsdóttir skrifar sögu Guðrúnar; heillandi ævisaga, fyndin, sorgleg og bitastæð.

VERÖLD
Bræðraborgarstíg 9

DYNAMO REYKJAVIK





# Tómas og dularfulla ljóðrænuhvarfið

Bókmenntir ★★★

**Leyndarmál annarra**
Þórdís Gísladóttir

**Útgefandi:** Bjartur



*Íslendingabók*

*Gagnagrunnurinn segir að eitt sinn*
*hafi verið uppi karlmaður*
*á Íslandi sem hét Ruth*
*og að Elís hafi framan af verið karlmannsnafn.*
*Er það nokkuð órökrétt?*

Er þetta ljóð? Og ef svo er, hvað gerir þetta að ljóði? Verður prósi ljóð ef honum er skipt upp í mislangar línur? Er það gamaldags og úrelt að ætlast til þess að ljóð hafi hrynjandi, myndmál, seið og galdur? Sennilega.

Menn hafa reyndar rifist um það hvað geri ljóð að ljóði síðastliðin níutíu ár, eða svo, án þess að komast að nokkurri niðurstöðu. Og á þessum póst-póstmódernísku tímum er þeirri kenningu haldið fram – í fullri alvöru að því er virðist – að ef höfundur safni saman textum í bók og kalli hana ljóðabók, þá sé innihaldið ljóð. Gott og vel. En það skýtur svolítið skökku við að verðlaun sem kennd eru við Tómas Guðmundsson, einn mesta lýríker íslenskrar tungu, skuli veitt fyrir texta sem ekki vottar fyrir ljóðrænu í.

Bók Þórdísar Gísladóttur, Leyndarmál annarra, sem verðlaunin hlaut í ár, er skemmtilega skrifuð, ekki vantar það. Kaldhæðnar og grátbroslegar stemningar úr Reykjavíkurlífi samtímans, sem oftar en ekki fá lesandann til að glotta meinlega, eða jafnvel skella upp úr. Og Reykjavíkurskáldið Tómas hefði eflaust kunnað að meta húmorinn, næmnina og samlíðanina með náunganum sem bera textann uppi. Sums staðar verður textinn þó full klisjukenndur, eins og í ljóðinu *Glamúrskortur*, sem lýkur á þessa leið:

*Stelpur mínar, verið ekki leiðar þótt*
*þið sitjið aleinar heima*
*í nýjum undirfötum með opna hvítvínsflösku og snakk í skál*
*á meðan maðurinn ykkar er einhvers*
*staðar á djamminu!*

*Takið því af skilningi og þolinmæði,*
*að öðrum kosti endið þið sem einstæðar mæður,*
*útgrátnar með aukakíló í pínulítilli*
*íbúð*
*eða heima hjá vinkonu ykkar sem*
*er lúser.*
*Og munið umfram allt að hamingjan*
*er lífrænt ræktuð*
*Og fæst í heilsubúðunum!*

Hér er náttúrlega deilt á útlitsupphafningu samtímans og þá kröfu sem haldið er að konum að þær eigi hið fullkomna heimili, mann og börn og rækti heilsuna umfram annað, en að mínu mati mistekst sú ádeila. Kafnar í klisjunum.

Flestir textarnir gefa þó ferskari sýn á hversdagslíf í Reykjavík og draga fram bæði það grátbroslega og sérstaka í borgarlífinu.

Þórdís hefur fullt vald á orðunum, þar er hvorki of né van, og næmt auga fyrir umhverfinu. Textinn *Sumt gott í lífinu er ókeypis*, sem lýsir gönguferð í gegnum miðbæinn að morgni dags, morar í skemmtilegum myndum og skondnum mannlýsingum, sem lesandinn upplifir bæði sem kunnuglegar og framandi. Húmorinn er vopn í baráttunni við gráma hversdagsins, en um leið gefur hann þessum alkunnu aðstæðum nýja vídd.

Þórdís hefur ekki sent frá sér bók áður, en hún hefur verið afkastamikill bloggari í mörg ár og þar hefur hún meðal annars lagt áherslu á skyndimyndir úr mannlífinu. Vonandi lætur hún ekki hér staðar numið en heldur áfram að varpa nýju ljósi á borgarlífið með skrifum sínum. Svo við höldum okkur við Tómasarviðmiðunina þá er hér kannski uppsprottið hið nýja Reykjavíkurskáld. Bloggið er jú hið nýja ljóðform, ekki satt?

**Friðrika Benónýsdóttir**

**Niðurstaða:** Vel skrifaðar, skemmtilegar smámyndir úr borgarlífinu, en ljóðrænan er af skornum skammti.

# Flytja Áfram stelpur í heild

„Ég hlustaði á þessa plötu í tætlur þegar ég var lítil, því þetta var uppáhaldsplatan mín,“ segir Brynhildur Björnsdóttir, ein fimm söng- og leikkvenna sem munu flytja hljómplötuna Áfram stelpur í heild sinni í Slippsalnum NemaForum á sunnudag og mánudag. Tilefnið er 35 ára afmæli kvennafrísins.

Hljómplatan Áfram stelpur kom út hinn 24. október árið 1975 í tilefni kvennafrídagsins, en á henni sungu íslenskar leik- og söngkonur á borð við Steinunni Jóhannesdóttur og Kristínu Á. Ólafsdóttur baráttusöngva kvenna. Brynhildur segir plötuna og boðskap hennar hafa ratað inn á mörg heimili og söngvana hafa síast inn í nokkrar kynslóðir, enda sé margt í þeim sem höfði til barna. „Þegar ég fór að rifja plötuna upp eftir að ég varð fullorðin uppgötvaði ég aftur hvað þessi lög eru skemmtileg, en líka hvað frábærir textarnir eiga sorglega vel við enn þann dag í dag. Unga stelpan sem á sér þann draum æðstan að vera barnsmóðir einhvers, lögfræðingurinn sem missir af lestinni þegar hún verður ólétt, það er ansi margt sem hefur lítið sem ekkert breyst.“



**ÁFRAM STELPUR 2010** Aðalheiður Þorsteinsdóttir, Esther Jökulsdóttir, Margrét Pétursdóttir, Brynhildur Björnsdóttir og Sigríður Eyrún Friðriksdóttir. MYND/HARI

Tónleikarnir fara fram á sunnudag klukkan 18 og 20.30 og mánudag klukkan 17.30 og 19.30 að Mýrargötu 2. Hægt er að kaupa miða í forsölu á nemaforum.web.is. **- kg**











Vinafélag
ÍSLENSKU ÓPERUNNAR



Vinafélag Íslensku óperunnar stendur fyrir

PÁSKAFERÐ
Í METROPOLITAN-ÓPERUNA
Í NEW YORK 21. - 26. APRÍL 2011

Farið verður á eftirfarandi óperusýningar:

***Il Trovatore* eftir Giuseppe Verdi**
Stjórnandi er James Levine og í aðalhlutverkum eru Sondra Radvanovsky, Dolora Zajick, Marcelo Álvarez, Dmitri Hvorostovsky og Stefan Kocán.

***Valkyrjan* eftir Richard Wagner**
Stjórnandi er James Levine og í aðalhlutverkum eru Deborah Voigt, Eva Maria Westbroek, Stephanie Blythe, Jonas Kaufmann, Bryn Terfel og Hans-Peter König.

Fararstjórar eru Tómas H. Heiðar, formaður Vinafélags Íslensku óperunnar, og Edda Jónasdóttir, starfsmaður Íslensku óperunnar og Vinafélagsins. Boðið verður upp á ýmsa aðra menningartengda viðburði í ferðinni.

**Skráning hefst mánudaginn 25. október.** Edda Jónasdóttir veitir nánari upplýsingar og annast skráningu. Vinsamlegast sendið tölvupóst á edda@opera.is. Upplýsingar um ferðina er einnig að finna á www.opera.is undir „Vinafélagið“.



Dermot MULRONEY
Diane KRUGER
Sam SHEPARD
Vincent PEREZ
Rosanna ARQUETTE
MYND Í LEIKSTJÓRN BALTASARS KORMÁKS
INHALE
HVERSU LANGT MYNDIR ÞÚ GANGA?
Hún er þrælspennandi og vönduð að allri gerð; frásögnin leifturhröð, svo áhorfandinn má hafa sig allan við.
-J.V.J., DV
Mjög vel heppnuð spennumynd sem spyr áleitinna siðferðisspurninga. Hugsanlega besta mynd Baltasars hingað til.
-B.S., FBL
Spennandi og vel gerð
- T.V., kvikmyndir.is
Baltasar Kormákur segir átakanlega og áleitna sögu með stæl og látlausum tilþrifum í eftirminnilegri mynd sem er enn ein rósin í hnappagat leikstjórans.
- Þ. Þ., Fréttatíminn
„Inhale“ er hvalreki á fjörur áhorfenda sem vilja vitrænar ræmur í vígahug, sem skora umhverfi sitt á hólm, skerpa hugsun og skipta máli. Baltasar er jafnframt slóttugur spennuskammtari.
- Ó.H.T., Rás 2
Nú í bíó
SMÁRABÍÓ
HÁSKÓLABÍÓ
sena

## > LOHAN AFTUR Í STEININN

**Lindsay Lohan** lauk meðferð í gær, en þangað fór hún eftir að hún féll á eiturlyfjaprófi í september. Lohan þurfti að mæta beint í réttarsal þar sem dómari tók á móti henni og gæti hún átt yfir höfði sér allt að mánaðarfangelsisdóm fyrir ýmis afbrot.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Sparkað vegna samkynhneigðar

Lesbíski plötusnúðurinn Samantha Ronson sást yfirgefa heimili söngkonunnar Christinu Aguilera undir morgun, skömmu eftir að sú síðarnefnda skildi við eiginmann sinn.

Ronson er þekktust fyrir að hafa átt í ástarsambandi við vandræðagemlinginn Lindsay Lohan, en Aguilera gaf þarna sögum um meinta samkynhneigð sína byr undir báða vængi.

Erlendir fjölmiðlar velta nú fyrir sér hvort fyrrverandi eiginmaður Aguilera, Jordan Bratman, hafi sótt um skilnað vegna óseiðandi hungurs hennar í samneyti við konur. Fjölmiðlar sögðu í vikunni sögu konu sem hafði neitað Aguilera um einnar nætur gaman eftir að þær hittust á skemmtistað. Þá hefur hún lýst því yfir í viðtölum að hún sé einnig gefin fyrir konur.

Samantha Ronson sást yfirgefa heimili Aguilera klukkan sjö um morgun og náðist af því mynd. Talsmaður Aguilera neitar að eitthvað sé á milli þeirra og segir þær einfaldlega vera góðar vinkonur – og hafa verið lengi. Aðrir tala um að það segi ýmislegt um Christinu Aguilera að hún hafi valið Samönthu Ronson til að hugga sig þessa örlagaríku nótt, eftir að veröld hennar hrundi.



**LESBÍA?** Christina Aguilera grét á öxl hinnar lesbísku Samönthu Ronson eftir að hún skildi við eiginmann sinn.



**AFTUR Í HRINGINN** Sylvester Stallone er á leiðinni aftur í hringinn.

# Smeygja sér í boxhanskana

Talið er að gömlu kempurnar Robert De Niro og Sylvester Stallone ætli að smeygja sér í boxhanskana á nýjan leik fyrir myndina Grudge Match sem er væntanleg í bíó árið 2012. Báðir eru þeir þekktir fyrir að leika hnefaleikakappa. De Niro hlaut Óskarinn fyrir hlutverk sitt sem Jake La Motta í Raging Bull sem kom út 1980 og Stallone er auðvitað frægastur fyrir Rocky-myndirnar. Grudge Match fjallar um tvo fyrrverandi boxara, Billy „The Kid“ McGuigan og Henry „Razor“ Sharp, sem ákveða að snúa aftur til að lumbra hvor á öðrum í síðasta sinn.



# Spólusafn Páls Óskars í Hlemmavídeói

**Ný íslensk leikin þáttaröð hefur göngu sína annað kvöld þegar fyrsti þáttur Hlemmavídeós verður sýndur á Stöð 2. Leikstjóri er Styrmir Sigurðsson sem gerði fyrstu Fóstbræðraþættina, sællar minninga.**

Hlemmavídeó skartar þeim Pétri Jóhanni Sigfússyni, Ágústu Evu Erlendsdóttur og Vigni Rafni Valþórssyni í aðalhlutverkum. Þættirnir fjalla um hinn fráskilda Sigurð Hermannsson, sem oftast er kallaður Siggi, sem erfði vídeóleigu eftir föður sinn. Hann rekur hana með hálfum huga enda á hann sér þann draum heitastan að verða alvöru einkaspæjari. Með önnur hlutverk í þáttunum fara þau Gunnar Hansson og Sólveig Arnarsdóttir.

Það var mikill erill þegar Fréttablaðið bar að garði á tökustað, enda verið að taka upp síðustu þættina á meðan fyrsti þátturinn er í eftirvinnslu og klippingu. Þorsteinn Bachmann og Pétur Jóhann komu sér makindalega fyrir í sófa, komu sér í „karakter“ eins og það heitir á leikaramálinu og tökuvélarnar byrjuðu að rúlla.

„Þorsteinn leikur Kalla Kennedy, verktaka sem rak strippbúllu en segist nú vera réttu megin í lífinu. Enda búið að banna stripp í Reykjavík,“ segir Styrmir Sigurðsson leikstjóri. Uppi um alla veggi má sjá gamlar og nýjar vídeó- og DVD-spólur sem Styrmir upplýsir að séu flestar í eigu Páls Óskars Hjálmtýssonar, poppstjörnu Íslands. „Palli hringdi eiginlega bara í okkur um leið og hann frétti af þessum þáttum og bauð okkur afnot af safninu. Þetta var algjörlega skilyrðislaust af hans hálfu, ekkert hlutverk eða neitt þannig, við skyldum bara fara vel með þær,“ segir Styrmir en bætir því við um leið að starfsfólk leikmunadeildarinnar hafi einnig haft í nægu að snúast við að finna hulstur og spólur.

Styrmir er enginn nýgræðingur á sviði gamanþáttaraða þótt hann hafi kannski ekki haft sig mikið í frammi undanfarin ár. Hann leikstýrði fyrstu Fóstbræðraþáttunum sem slógu eftirminnilega í gegn hjá áhorfendum Stöðvar 2. „Ég hef aðallega verið að leikstýra auglýsingum, hef örugglega gert yfir hundrað síðustu ár. Og svo hefur maður bara verið að sýsla við hitt og þetta. Ég, Jón Gnarr og Þorsteinn Guðmundsson erum með kvikmyndahandrit í smíðum þannig að þessi hópur hefur alltaf verið að brölta eitthvað saman.“ Styrmir varar hins vegar fólk við því að vera með hláturtaugarnar þandar fyrir þátt sunnudagsins, hann sé svolítið í dramatískari kantinum. „En svo byrjar ruglið fljótlega upp úr því.“

freyrgigja@frettabladid.is



**SIGGI OG KALLI KENNEDY** Pétur Jóhann og Þorsteinn Bachmann í hlutverkum sínum í Hlemmavídeói. Pétur Jóhann leikur fráskilinn mann sem erfir vídeóleigu, Þorsteinn er Kalli Kennedy, verktaki sem eitt sinn rak strippbúllu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**SVONA VERÐUR ÞETTA GERT** Styrmir, fyrir miðju, gefur Bergsteini Björgúlfssyni tökumanni leiðbeiningar. Pétur Jóhann og Þorsteinn Bachmann hlusta á fyrirmælin.




# Gibson óvelkominn í Timburmenn 2

Starfsfólk við tökur á framhaldi gamanmyndarinnar Hangover gerði uppreisn í vikunni þegar til stóð að taka upp atriði með Mel Gibson. Mikla athygli vakti þegar leikstjórinn Todd Phillips réð Gibson til að leika húðflúrara í myndinni, en ferill þess síðarnefnda er í mikilli hættu eftir að fyrrverandi kærasta hans lak upptökum í fjölmiðla þar sem hann heyrist hóta henni öllu illu.

Eftir að það fréttist að Gibson væri væntanlegur á tökustað gerðu nokkrir starfsmenn uppreisn og kröfðust þess að hann myndi ekki taka þátt í gerð myndarinnar. Leikstjórinn var afar óánægður með viðbrögð starfsmanna sinna. Samkvæmt fréttamiðlinum TMZ var hinn hrikalega fyndni Zach Galifianakis í forsvari fyrir hópnum sem vildi ekki sjá Gibson. Aðrir leikarar voru í hópnum, en ekki Bradley Cooper, einn af aðalleikurunum.

Phillips hætti við að fá Gibson í myndina degi áður en hann átti að mæta á tökustað. Heimildarmaður TMZ, sem er tengdur Gibson, segir mikla hræsni einkenna ákvörðunina, enda var dæmdi nauðgarinn Mike Tyson í litlu hlutverki í fyrri myndinni.



**ÓVELKOMINN** Gibson er ekki velkominn á tökustað The Hangover 2.


HAUSTÚTSALA
Aðeins í nokkra daga!
50-80%
afsl.
Regatta
GREAT OUTDOORS™
Dare 2b
CRAGHOPPERS
ÚTIVIST &SPORT
15 ÁRA
verslun
heildverslun
Faxafen 12 S. 533-1550.
OPIÐ
VIRKA DAGA 11 – 18. LAU. 11 – 16. SUN. 13 – 16

# FJÖLSKYLDUD

## Í VETRARGARÐINUM OG SMÁRA




Bækur

Tónlist

Kvikmyndir

## TÓNLEIKAR Í VETRARGARÐINUM

Kynnar eru Gunni og Felix

12:00 Solla Stirða

12:30 Buddy Holly

13:00 Skoppa og Lúsí

13:30 Cliff Clavin

14:00 Vala Guðna & Gissur Páll

14:30 Diskóeyjan
(Páll Óskar, Sigtryggur Baldursson, Óttarr Proppé og Magga Stína)

15:00 Bubbi Morthens

15:30 Friðrik Dór

16:00 Fjölskyldudeginum lýkur

## 2.000 BÍÓMIÐAR GEFNIR Á SLAGINU

Mynd af Sollu: Latibær ® & © 2010 Latibær ehf. Öll réttindi áskilin.

Coca-Cola NÓI SÍRÍUS SS Ölgerðin Tónlist.is

# DAGUR SENU

## BÍÓI MILLI KL. 12 - 16 Í DAG




## OPIÐ HÚS Í SMÁRABÍÓI

- Kíktu bak við tjöldin í tæknivæddasta kvikmyndahúsi landsins.
- Prófaðu PlayStation MOVE á risatjaldi með GameTíví bræðrum.
- Kepptu í FIFA 11 við Audda, Gilz og Hjörvar Hafliðason.
- Komdu í skoðunarferð um fullkomnasta sýningarklefa landsins.
- Ókeypis gos og sælgæti á meðan birgðir endast.

Opið hús frá kl. 12 - 15

## KL. 12 - FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ!

Smáralind SMÁRABÍÓ sena

# Leitin hafin á ný

Elite-módelskrifstofan á Íslandi hefur leit að næstu Elite-stúlku landsins á ný og mun starfsfólk á vegum skrifstofunnar taka á móti umsóknum í Kringlunni í dag.

„Við ákváðum að hafa góðan fyrirvara í þetta sinn. Síðast vorum við nýbúnar að opna skrifstofuna og höfðum aðeins fimm vikur til að skipuleggja alla keppnina,“ útskýrir Tinna Aðalbjörnsdóttir hjá Elite. Hún segist fyrst og fremst vera að leita að næstu Elite-stúlku landsins en einnig að strákum og stúlkum til að hafa á skrá hjá fyrirtækinu.

„Leitin hefst í dag en heldur svo eitthvað áfram. Einnig verður hægt að skrá sig í keppnina á netinu og niðri á skrifstofu hjá okkur. Um áramótin hefst svo undirbúningur með Elite-stúlkunum, sem stendur allt þar til í mars þegar íslenska keppnin fer fram,“ segir Tinna.

Tinna og starfsfólk á vegum skrifstofunnar verða fyrir framan verslunina Outfitters Nation á fyrstu hæð Kringlunnar á milli klukkan 14.00 og 18.00 í dag. - sm



**LEITA AÐ ELITE-STÚLKUNNI** Tinna Aðalbjörnsdóttir og Ingibjörg Finnbogadóttir leita að næstu Elite-stúlku landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Chinatown valin best

**Chinatown frá árinu 1974 hefur verið valin besta kvikmynd allra tíma af gagnrýnendum bresku blaðanna Guardian og Observer. Jack Nicholson festi sig í sessi sem einn besti leikarinn af sinni kynslóð í myndinni, sem var sú síðasta sem Roman Polanski leikstýrði áður en hann flúði frá Bandaríkjunum. Myndin var tilnefnd til ellefu Óskarsverðlauna og hlaut ein, fyrir besta handritið. Saman í öðru sæti í kosningunni lentu Psycho eftir Alfred Hitchcock og Andrei Rublev eftir Andrei Tarkovsky. Annie Hall eftir Woody Allen tók fjórða sætið og 2001: A Space Odyssey eftir Stanley Kubrick það fimmta.**



**JACK NICHOLSON** Nicholson fór með aðalhlutverkið í Chinatown sem kom út árið 1974.


NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu

| | | |
|---|---|---|
| INHALE | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| TAKERS | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| SOCIAL NETWORK | kl. 2.40* - 5.20 - 8 - 10.35 | 7 |
| SOCIAL NETWORK LÚXUS | kl. 2.40* - 5.20 - 8 - 10.35 | 7 |
| BRIM | kl. 2* - 4 - 6 - 8 | 12 |
| EAT PRAY LOVE | kl. 10 | L |
| AULINN ÉG 2D SUNNUDAGUR | kl. 1 (700 kr.) - 3.20 | L |
| AULINN ÉG 3D SUNNUDAGUR | kl. 1 (950 kr.) - 3.20 | L |
| *Sunnudagur | | |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| INHALE | kl. 3 - 6 - 8 - 10 | 16 |
| SOCIAL NETWORK | kl. 3 - 6 - 9 | 7 |
| BRIM | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 12 |
| EAT PRAY LOVE | kl. 3 - 5.15 - 8 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu

| | | |
|---|---|---|
| TAKERS | kl. 8 - 10 | 16 |
| SOCIAL NETWORK | kl. 8 - 10.15 | 7 |
| BRIM | kl. 4 - 6 | 12 |
| AULINN ÉG 3D | kl. 4 (900 kr.) | L |
| DESPICABLE ME 3D | kl. 6 | L |

facebook.com/smarabio AUKAKRÓNUR 5%

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




Tilboð í bíó. Gildir á allar merktar sýningar




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| TAKERS | 5.45, 8 og 10.15 | 16 |
| LEGEND OF THE GUARDIANS 3D | 8 og 10.15 - ENS TAL | L |
| KONUNGSRÍKI UGLANA 3D | 1.50(650 kr), 3.45 og 5.50 | L |
| SOCIAL NETWORK | 5, 7.30 og 10 | 7 |
| AULINN ÉG 3D | 2(950 kr) og 4 - ISL TAL | L |
| AULINN ÉG | 2(650 KR) - ISL TAL | L |

BESTA SKEMMTUNIN SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE SWITCH | kl. 6 - 8 - 8:20 - 10:20 | 10 |
| KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D ísl. | kl. 1:30 -3:40 - 5:50 | 7 |
| ÓRÓI | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 10 |
| THE TOWN | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| THE TOWN | kl. 3:30 - 6 - 9:15 | VIP |
| FURRY VENGEANCE | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| DINNER FOR SCHMUCKS | kl. 8 - 10:20 | 7 |
| SOLOMON KANE | kl. 10:30 | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI-3D | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 2 - 4 | L |
| HUNDAR OG KETTIR 2 M/ ísl. Tali | kl. 2 - 4 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D ísl. Tali | kl. 1:40 - 3:50 | 7 |
| LEGEND OF THE GUARDIANS-3D ótextuð Ensku | kl. 6 | 7 |
| THE SWITCH | kl. 8 - 10:10 | 10 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 2 - 4 | L |
| ÓRÓI | kl. 6 - 8 - 10:10 | 10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| BORIS GODUNOV Ópera í Beini útsendingu | kl. 4 | L |
| THE SWITCH | kl. 8:20 -10:30 (sýnd sunud. kl. 6 - 8:20 - 10:30) | 10 |
| KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D ísl. Tali | kl. 1:50 - 4 | 7 |
| LEGEND OF THE GUARDIANS-3D ótextuð Ensku | kl. 6:10 | 7 |
| ÓRÓI | kl. 10 (sýnd sunud. kl. 8:20 - 10:30) | 10 |
| THE TOWN | kl. 5:50 - 8:20 - 10:50 | 16 |
| FURRY VENGEANCE | kl. 1:50 - 3:50 | L |
| ALGJÖR SVEPPI | Sýnd á morgun sunud.kl. 2(3D) - 4(3D) | L |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| KONUNGSRÍKI UGLANNA M/ ísl. Tali | kl. 2 - 4 - 6 | 7 |
| SOCIAL NETWORK | kl. 8 - 10:20 | 7 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 2 - 4 | L |
| ÓRÓI | kl. 5:50 - 8 | 10 |
| DINNER FOR SCHMUCKS | kl. 10:20 | 7 |

SPARBÍÓ KR 650 Á SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU OG KR. 950 Á 3D MERKT GRÆNU

BÍÓ ★ PARADÍS LAU. - SUN.

| | |
|---|---|
| ÁFRAM STELPUR! (MADE IN DAGENHAM)(L) | 16:00, 18:00, 20:00, 22:00 |
| NORD VESTUR(L) | 18:30, 20:30, 22:30 |
| AMERÍKANINN (THE AMERICAN)(14) | 16:10, 18:10, 20:10, 22:10 |
| WALL STREET 2(L) | 17:40, 20:20, 23:00 |
| LILJUR VALLARINS(L) | 16:30 |

MUNIÐ AÐGANGSKORTIN!
Meðlimakort: 10% afsláttur
Áskriftarkort: Allt að 37% afsláttur.
CAFÉ BAR
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR / WWW.BIOPARADIS.IS / MIDI.IS




ÁFRAM STELPUR!
(MADE IN DAGENHAM)
Bretland 1968. Karlaheimur.
En ekki mikið lengur!




BÍÓ ★ PARADÍS

SPARBÍÓ




950 KR. 3D (MERKT GRÆNU)
650 2D
kl. 1:30 álf, 1:50, kringl, 1:40 ak, 2 self. og kefl.
kl. 2 álfabakka
kl. 1:50 í kringlunni

Sími: 553 2075 LAUGARÁSBÍÓ - bara lúxus
Ódýrt í bíó




LAUGARÁSBÍÓ TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

TILBOÐSVERÐ Í BÍÓ
SMÁRABÍÓ
HÁSKÓLABÍÓ
BORGARBÍÓ




3D 950 kr. Gleraugu ekki innif.
2D 700 kr.
KL.1 SMÁRABÍÓ 3D
ATH: ADEINS SUNNUDAG Í SMÁRABÍÓ
KL.1 SMÁRABÍÓ 2D
KL.4 BORGARBÍÓ

MUNIÐ FJÖLSKYLDUDAG SENU



LAUGARDAGINN 23. OKTÓBER Í SMÁRABÍÓ OG VETRARGARÐINUM


Fýkur yfir hæðir og frostkaldan mel,
í fjallinu dunar, en komið er él,
snjóskýin þjóta svo ótt og ótt;
auganu hverfur um heldimma nótt
vegur á klakanum kalda.
Jónas Hallgrímsson
Við hjá ZO·ON sendum öllum landsmönnum hlýjar vetrarkveðjur á fyrsta degi vetrar.
Í tilefni dagsins er 30% afsláttur af öllum húfum frá ZO•ON.
ZO•ON fatnaður fæst í verslunum okkar í Kringlunni og Bankastræti og öllum helstu verslunum með útivistarfatnað á Íslandi.
ZO•ON
ICELAND
www.zo-on.is

# sport

sport@frettabladid.is



**LOGI GUNNARSSON** skoraði 38 stig á 25 mínútum í 95-65 sigri Solna Vikings á liði 08 frá Stokkhólmi í sænsku úrvalsdeildinni í körfubolta í gærkvöldi. Logi hefur skorað meira en 20 stig í fyrstu þremur leikjum sínum með Solna en hann skoraði meðal annars sjö þrista í gær. Jakob Örn Sigurðsson skoraði 9 stig í 75-70 útisigri Sundsvall á Jamtland.

## LIÐ DAGS OG GUÐMUNDAR MÆTAST Í TOPPSLAG Á MORGUN



**HANDBOLTI** Dagur Sigurðsson, þjálfari Füchse Berlin, og Guðmundur Guðmundsson, þjálfari Rhein-Neckar-Löwen, mætast í toppslag þýsku deildarinnar á morgun. Guðmundur hefur ekki tapað síðan hann tók við liði Rhein-Neckar-Löwen og Dagur hefur byrjað frábærlega með lið Füchse í vetur. Leikurinn fer fram á heimavelli Füchse Berlin og verður í beinni á Stöð 2 Sport klukkan 15.30 á morgun.

- óój

# Skúrkurinn aftur að hetju

**Á augabragði snerist öll sagan um Wayne Rooney á hvolf. Í hádeginu í gær var skyndilega greint frá því að hann hefði skrifað undir nýjan fimm ára samning við félagið, aðeins fáeinum dögum eftir að hann sagðist vilja fara frá félaginu.**

**FÓTBOLTI** Wayne Rooney verður, þrátt fyrir allt, áfram í herbúðum Manchester United. Það varð ljóst eftir að félagið staðfesti að Rooney hefði skrifað undir nýjan fimm ára samning við félagið.

Vikan var ótrúleg fyrir Wayne Rooney, Alex Ferguson og stuðningsmenn Manchester United. Það virtist ekki stefna í neitt annað en að Rooney væri á leið frá félaginu, þar sem hann óttaðist um framtíðarstefnu þess og getu til að keppa áfram um stærstu titlana.

En allt það heyrir sögunni til í dag. Rooney er nú orðinn launahæsti leikmaður félagsins frá upphafi en talið er að hann muni fá allt að 180 þúsund pund í vikulaun, tæpar 32 milljónir króna. Fréttastofa Sky sagði samninginn jafnvel enn stærri og að vikulaun Rooney væru nærri 230 þúsund pundum.

Þessi ótrúlegi samningur vekur upp þá spurningu hvort Rooney hafi yfirleitt viljað fara frá United – sem hann sagði reyndar aldrei beinum orðum. Hvort allt fjölmiðlafárið hafi verið sniðið að því að landa honum og umboðsmanni hans, hinum umdeilda Paul Stretford, eins stórum launatékka og mögulegt væri.

Þeim spurningum verður þó seint svarað. Það sem eftir stendur er að orðspor Rooney hefur beðið töluverðan hnekki og hann þarf nú að endurvinna traust stuðningsmanna félagsins.

„Ég er viss um að stuðningsmennirnir hafa orðið fyrir vonbrigðum með það sem hefur gerst undanfarna viku," sagði Rooney í gær. „En mitt sjónarhorn réðst af áhyggjum mínum af framtíðinni. Stuðningsmennirnir hafa verið frábærir í minn garð síðan ég kom fyrst til félagsins og ég þarf nú að vinna þá aftur á mitt band með spilamennsku minni á vellinum."

Hann lýsti yfir ánægju sinni með nýja samninginn. „Ég hef rætt við eigendur félagsins og knattspyrnustjórann undanfarna daga og þeir sannfærðu mig um að þetta væri rétti staðurinn fyrir mig."

Alex Ferguson, stjóri United, fagnaði þessu og sagði Rooney hafa beðið sig og liðsfélaga sína afsökunar. Hann myndi gera slíkt hið sama við stuðningsmennina.

„Þetta hefur verið erfið vika en við því má búast þegar svona mál koma upp hjá félagi eins og Manchester United," sagði Ferguson. „Stundum er erfitt fyrir leikmenn að gera sér grein fyrir því hversu stórt félagið er. Það þarf stundum atburði eins og þá sem hafa átt sér stað í vikunni til að skilja það. Ég held að Wayne skilji nú hversu stór klúbbur Manchester United er."

Sem leikmaður hefur Rooney verið þekktur fyrir að dansa á línunni innan vallar. Það ætti því ekki að koma á óvart að hann hafi gert það einnig utan vallarins. Hann verður nú frá vegna meiðsla næstu þrjár vikurnar en staða hans mun að miklu leyti ráðast af móttökum stuðningsmanna þegar hann spilar fyrir United á ný – hvort skúrkurinn sé nú aftur orðinn að hetju.

Ferguson segir að nú þurfi Rooney á stuðningi að halda. „Ég er viss um að allir innan félagsins muni nú veita honum þann stuðning sem hann þarf til að spila aftur eins og allir vita að hann hefur hæfileika til."

eirikur@frettabladid.is



**WAYNE ROONEY** Verður áfram í rauðu treyjunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### Ótrúleg vika hjá Wayne Rooney

**Sunnudagur:**
Sunday Mirror birtir frétt þar sem er fullyrt að Wayne Rooney vilji fara frá Manchester United. Félagið svarar með stuttri yfirlýsingu: „Það er þvæla að gefa í skyn að Wayne Rooney verði seldur í janúar."

**Mánudagur:**
Flestir aðrir fjölmiðlar taka frétt Sunday Mirror upp og segja slíkt hið sama – Rooney vill fara frá United.

**Þriðjudagur:**
Sir Alex Ferguson, knattspyrnustjóri United, staðfestir á dramatískum blaðamannafundi að fréttirnar séu réttar – Rooney vill fara: „Ég var orðlaus. Ég skildi þetta ekki því fyrir nokkrum mánuðum sagði hann að hann vildi vera hér alla tíð."

**Miðvikudagur:**
Rooney sjálfur staðfestir fréttirnar og gefur út yfirslýsingu, tveimur tímum fyrir leik United gegn Bursaspor í Meistaradeild Evrópu: „Ég hitti David Gill og hann gat ekki gefið mér svör við þeim spurningum sem ég hafði um framtíð leikmannahóps félagsins."

**Fimmtudagur:**
Fjölmiðlar eru nú að velta fyrir sér hvert Rooney fer næst og hvað hann vill fá í laun. Félagið gefur út yfirlýsingu um að ekkert nýtt sé að frétta af málinu og síðar um kvöldið mótmæla um 40 stuðningsmenn félagsins fyrir utan heimili hans.

**Föstudagur:**
Öllum að óvörum er tilkynnt að Wayne Rooney hafi skrifað undir nýjan fimm ára samning við félagið. Rooney bað Ferguson og liðsfélaga sína afsökunar.

Heimir Hallgrímsson framlengdi við spútniklið síðasta sumars, ÍBV, um eitt ár:

# Ætlar að gera ÍBV að meisturum

**FÓTBOLTI** Eyjamenn glöddust í gær þegar Heimir Hallgrímsson framlengdi samning sinn við félagið út næsta sumar. Heimir er ákaflega metnaðarfullur þjálfari sem segir ekki hægt að hætta á meðan vel gangi. Hann ætlar líka að gera enn betur með liðið næsta sumar, en ÍBV var ótrúlega nálægt því að verða meistari síðastliðið sumar.

„Næsta skref sem við ætlum að taka er ansi stórt og það þurfa allir að vera samtaka í að taka það skref. Það er ekkert launungarmál að við stefnum á að gera betur en síðasta sumar. Þá vorum við 15 mínútum frá titlinum þannig að það segir sig sjálft hvert við stefnum núna. Ég er ekkert smeykur við að hafa háleit markmið," segir Heimir ákveðinn en hann segist hafa stjórnina á bak við sig í þeim efnum.



**MAGNAÐUR ÁRANGUR** Heimir gerði ótrúlega hluti með ÍBV síðasta sumar og ætlar að gera enn betur næsta sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Þetta snerist ekki neitt um peninga enda hef ég alltaf tapað peningum á því að vera þjálfari því ég get ekki sinnt starfi mínu sem tannlæknir á meðan. Það ætla allir að taka höndum saman og fara þá leið sem ég stend fyrir. Það er nauðsynlegt að samræma allar aðgerðir en ég ætla ekkert að fara nánar út í hvaða aðgerðir það eru."

Heimir segir það vera ljóst að félagið muni styrkja sig enn frekar fyrir næsta sumar, enda hafi hópurinn ekki verið nógu breiður síðasta sumar.

„Við réðum illa við að missa mikilvæga menn úr liðinu í fyrra og það þarf að laga. Við munum líklega missa 2-3 leikmenn núna og þurfum því að fá fleiri en það til okkar svo við getum breikkað hópinn. Ég mun fá peninga ef þarf fyrir nýjum leikmönnum en stundum kosta menn líka litla peninga," segir Heimir, sem hlakkar til næsta sumars.

„Þjálfun er ástríða hjá mér en ekki fullt starf og ég vil vera í boltanum á meðan ég hef gaman af honum."

- hbg







| ENSKI BOLTINN 23. OKTÓBER 2010 | | | 1 | X | 2 |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Sunderland - Aston Villa | ÚRV.D. | | | |
| 2. | Birmingham - Blackpool | | | | |
| 3. | Chelsea - Wolves | | | | |
| 4. | WBA - Fulham | | | | |
| 5. | Wigan - Bolton | | | | |
| 6. | Burnley - Reading | 1. D. | | | |
| 7. | Norwich - Middlesbrough | | | | |
| 8. | Swansea - Leicester | | | | |
| 9. | Hull - Portsmouth | | | | |
| 10. | Millwall - Derby | | | | |
| 11. | Nottingham - Ipswich | | | | |
| 12. | Preston - Crystal Palace | | | | |
| 13. | Watford - Scunthorpe | | | | |

42. LEIKVIKA — SÖLU LÝKUR 23. OKT. KL. 13.00

**Stærstu nöfnin** eru í Enska boltanum og nú er **potturinn** orðinn **ennþá stærri**. Vertu með og tippaðu fyrir kl. 13 í dag.

72.000.000 (13 R.)
27.000.000 (12 R.)
21.000.000 (11 R.)
45.000.000 (10 R.)

1X2

TIPPAÐU Á NÆSTA SÖLUSTAÐ EÐA Á 1X2.IS

# NÝJAR MYNDIR
## á DVD og BLU-RAY








OPIÐ
24 Hagkaup
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 28. október á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**Akureyri – Haukar 25-19 (12-10)**

**Mörk Akureyrar (skot):** Bjarni Fritzson 8/1 (11), Oddur Grétarsson 6/1 (11/2), Heimir Örn Árnason 5 (8), Geir Guðmundsson 4 (10), Halldór Logi Árnason 2 (3).

**Varin skot:** Sveinbjörn Pétursson 22/1 (41/4, 54%), Stefán U. Guðnason 0 (1/1, 0%).

**Mörk Hauka (skot):** Þórður Rafn Guðmundsson 5/3 (11/4), Freyr Brynjarsson 3 (6), Björgvin Hólmgeirsson 3 (9), Heimir Óli Heimisson 2 (2), Gísli Jón Þórisson 2 (8), Stefán Rafn Sigurmannsson 2 (9), Einar Örn Jónsson 1 (1), Tjörvi Þorgeirsson 1 (5).

**Varin skot:** Birkir Ívar Guðmundss. 10 (23/1, 43%), Aron R. Eðvarðss. 10 (22/1, 46%).

Akureyri vann fyrsta heimasigurinn á Haukum í sögunni:

# Haukar aldrei líklegir

**HANDBOLTI** Frábær vörn og mögnuð markvarsla Sveinbjarnar Péturssonar lagði grunninn að öruggum sex marka sigri Akureyrar á Haukum, 25-19, í N1-deild karla í gær. Þetta er fyrsti sigur Akureyrar á Haukum á heimavelli síðan félagið var stofnað árið 2006.

Halldór Ingólfsson sagði að það ætti að vera veisla þegar Björgvin Hólmgeirsson væri tekinn úr umferð, búið væri að æfa það vel. Björgvin var í strangri gæslu Odds allan leikinn og aðrir leikmenn Hauka virðast hafa gleymt öllu af æfingasvæðinu en sóknarleikur liðsins var afleitur. Liðið tapaði mörgum boltum og skot þess voru afleit. Mörg fóru langt fram hjá eða yfir markið en Sveinbjörn var frábær þess utan. Hann varði yfir helming skotanna, 54%.



„Það á enginn að vinna okkur þegar við spilum þessa vörn og með Bubba í stuði í markinu," sagði kampakátur Atli Hilmarsson sem var stoltur af sínum mönnum. „Við höfum spilað þrjá leiki á einni viku og unnið þá alla svo ég er stoltur. Björgvin er þeirra langbesti maður sóknarlega og við veðjuðum á réttan hest þar. Vörnin var frábær og Bubbi sá um rest. Hefðum við nýtt færin okkar betur hefðum við unnið með meiri mun,"sagði Atli.

„Helvítis morgunæfingarnar í allt sumar klukkan 6 hjá Dino (Dean Martin, innsk.) eru að skila sér," sagði Heimir Örn brosandi en hann stýrði sókn Akureyrar vel. „Ég fann það eftir fimm mínútur að við myndum vinna. Haukar voru aldrei líklegir til að komast í gegn. Sóknin okkar var léleg í seinni en vörnin þeirra var góð. Karakterinn og andinn sem við erum að sýna er glæsilegur," sagði Heimir en Haukamaðurinn Freyr Brynjarsson var ekki jafn sáttur.

„Þeir spiluðu mjög góða vörn og komu okkur á óvart með að spila 3-2-1. Við eigum að vera klárir í það þegar Bjöggi er tekinn úr umferð en við lentum í stökustu vandræðum og það er ekki hægt að bjóða upp á 19 mörk skoruð. Við völdum vitlaust í sókninni en við eigum helling inni. Við erum ekki enn komnir í gang," sagði Freyr. - hþh

# Versta byrjun Valsmanna

**Valsmenn eru í fyrsta sinn stigalausir eftir fyrstu fjóra leiki sína á Íslandsmóti og í sárum eftir stærsta tap sitt frá upphafi á móti Fram í fyrrakvöld.**

**HANDBOLTI** Valsmenn þekkja ekki margar langar taphrinur í handboltanum enda eru þeir eitt allra sigursælasta félag í sögu íslenska handboltans. Það kemur því kannski ekki á óvart að Valsliðið hafi aldrei byrjað Íslandsmót jafn illa og nú, en liðið situr á botni N1-deildar karla og er eina stigalausa liðið eftir fjórar umferðir.

Valsmenn töpuðu með 17 marka mun fyrir nágrönnum sínum út Safamýri í fyrrakvöld. Það er ekki nóg með að þetta hafi verið stærsta tap liðsins á Íslandsmóti heldur var þetta fjórða tap Vals í fjórum fyrstu leikjunum og það hefur aldrei gerst síðan handboltamenn fóru að leika í löglegum sal árið 1966.

Valsmenn töpuðu þremur fyrstu leikjum sínum síðast fyrir þremur árum en tókst þá að gera jafntefli á móti HK í Digranesi í fjórðu umferðinni. Valsmenn unnu síðan næstu þrjá leiki og enduðu að lokum í 3. sæti í deildinni.

Valsliðið hafði tvisvar byrjað jafn illa fyrir þessa slæmu byrjun fyrir þremur árum en liðið tapaði einnig þremur fyrstu leikjum sínum 1968-69 og 1974-75. Valsliðið endaði taphrinu sína 1968 með 17-12 sigri á KR í fjórða leik sínum, tapaði síðan aðeins 2 af síðustu 7 leikjum sínum og endaði í 4. sæti.

Sex árum síðar töpuðust einnig þrír fyrstu leikirnir þrátt fyrir að Valsliðinu hafi verið spáð mjög góðu gengi fyrir tímabilið. Valsmenn enduðu taphrinu sína með 17-15 sigri á Gróttu, unnu alls níu leiki í röð og enduðu að lokum í 2. sæti á eftir Víkingum, sem unnu þá sinn fyrsta Íslandsmeistaratitil.

Á þessari upptalningu má sjá að Valsliðinu hefur tekist að hrista af sér þessar þrjár verstu martraðarbyrjanir fram að þessari sem liðið glímir við í dag. Það er samt mikill munur á einu, Valsmenn töpuðu þessum níu leikjum 1968, 1974 og 2007 með samtals 25 mörkum en hafa tapað fyrstu fjórum leikjum sínum í ár með samtals 28 marka mun.

Júlíus Jónasson tók við Valsliðinu fyrir tímabilið en það bjóst enginn við því að þessi goðsögn af Hlíðarenda stæði í þessum sporum eftir fjóra leiki.

Það er ekki beint í karakter eins besta varnamanns íslensks handbolta en varnarleikur Valsmanna í byrjun þessa tímabils hefur verið hörmulegur. Liðið er búið að fá á sig yfir 30 mörk í hverjum leik, fékk á sig 20 mörk í báðum hálfleikjum á móti Fram og hefur fengið á sig yfir tíu fleiri mörk að meðaltali í leik en á síðasta tímabili.

Það er ekki eins og Valsmenn séu búnir að klára erfiðustu leikina því fram undan eru leikir á móti toppliðum Akureyrar og FH sem hafa hvorugt tapað leik.

ooj@frettabladid.is



**Flestir tapleikir Vals í röð í upphafi tímabils**

| | |
|---|---|
| **4 töp** | **2010-11** |
| Valur-Haukar 26-30 | tap |
| Selfoss-Valur 32-30 | tap |
| Valur-HK 28-33 | tap |
| Fram-Valur 40-23 | tap |
| (Næsti leikur við Akureyri) | |
| **3 töp** | **1968-69** |
| Valur-ÍR 23-28 | tap |
| Haukar-Valur 19-17 | tap |
| FH-Valur 18-16 | tap |
| (Valur-KR 17-12 sigur) | |
| **3 töp** | **1974-75** |
| Valur-Víkingur 17-19 | tap |
| Haukar-Valur 20-18 | tap |
| Fram-Valur 14-11 | tap |
| (Valur-Grótta 17-15 sigur) | |
| **3 töp** | **2007-08** |
| Valur-Haukar 20-23 | tap |
| Stjarnan-Valur 27-22 | tap |
| Valur-Afturelding 21-22 | tap |
| (HK-Valur 24-24 jafntefli) | |



BREIÐABLIK

TENGI

# BLIKADAGUR Í TENGI

## ÍSLANDSMEISTARAR BREIÐABLIKS Í KNATTSPYRNU 2010 ÁRITA LIÐSMYNDIR Í VERSLUN TENGIS Í DAG LAUGARDAG 23. OKTÓBER Á MILLI KL. 13.00 - 14.30



**Boðið verður upp á grillaðar SS pylsur, gos og ávaxtasafa.**
Efnt verður til léttrar getraunar þar sem einn heppinn þátttakandi getur unnið sér inn **gjafabréf frá Tengi að upphæð kr. 50.000.-**
Dregið verður í getrauninni mánudaginn 1. nóvember og úrslit birt á heimasíðu Tengis og Breiðabliks í kjölfarið.

**VIÐ HVETJUM IÐKENDUR SEM OG ALLA STUÐNINGSMENN BREIÐABLIKS TIL AÐ KÍKJA Á ÍSLANDSMEISTARANA OG FÁ ÁRITAÐAR LIÐSMYNDIR.**

## TENGI ER STOLTUR STUÐNINGSAÐILI BREIÐABLIKS

pepsi

MYLLAN ALLTAF NÝBAKAÐ

SMIÐJUVEGI 76 • KÓPAVOGI • SÍMI 414 1000 • BALDURSNESI 6 • AKUREYRI • SÍMI 414 1050

WWW. TENGI.IS

## > Eddie Murphy

„Þú veist, það að gera kvikmynd er samspil ólíkra þátta og ólíkra einstaklinga og stundum virkar þetta samspil ekki. Ég veit að ég á eftir að leika í kvikmynd þar sem eitthvað fer úrskeiðis.“

***Eddie Murphy fer með aðalhlutverk í gamanmyndinni Doctor Dolittle sem er á dagskrá Stöð 2 bíó í kvöld kl. 20.00.***



# dagskrá sunnudagur

## SUNNUDAGSKVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.35

### Hlemmavídeó

Frábærir gamanþættir með Pétri Jóhanni Sigfússyni sem leikur Sigga sem er fráskilinn og býr einn rétt hjá Hlemmi og rekur gamla vídeóleigu sem hann erfði eftir föður sinn. Þetta gerir hann þó allt af veikum mætti og takmörkuðum áhuga enda snúast dagdraumar hans um annað. Siggi hefur nefnilega alltaf átt sér þann draum æðstan að verða einkaspæjari.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags **06.40** Veðurfregnir **07.03** Morgunandakt **08.00** Morgunfréttir **08.05** Sumar raddir **09.03** Heimur hugmyndanna **10.05** Veðurfregnir **10.15** Tolstoj: Aldarminning **11.00** Guðsþjónusta í Hallgrímskirkju **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Víðsjá **14.00** Útvarpsleikhúsið: Svo ég geti verndað þig betur, stelpan mín **14.22** Grimmd á góðum degi, skyldur og frelsi Daciu Maraini **15.00** Forvitin öll **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Úr tónlistarlífinu: Fúsi í 90 ár **17.30** 2+2 eru 5 **18.00** Kvöldfréttir **18.17** Skorningar **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Óskastundin **19.40** Fólk og fræði **20.10** Tónleikur **21.10** Tilraunaglasið **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Að horfa á tónlist: Meistarasöngvararnir í Nürnberg **23.20** Sagnaslóð **00.05** Næturtónar

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar**
**10.30 Hringekjan** (e)
**11.25 Landinn** (e)
**11.55 Návígi** (e)
**12.30 Silfur Egils**
**13.55 Saga vísindanna – Hvað er þarna úti?** (1:6) (e)
**14.50 Krían - þrisvar til tunglsins og aftur til baka** (e)
**15.45 Tankograd** (Tankograd) (e)
**16.45 Hvað veistu? - Engisprettuplágan** (Viden om: Bibelske plage - Kampen mod græs) (e)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Önnumatur** (AnneMad) (e)
**18.00 Stundin okkar**
**18.28 Með afa í vasanum** (12:52)
**18.40 Skúli Skelfir** (4:52)
**19.00 Fréttir**
**19.35 Veðurfréttir**
**19.40 Landinn**
**20.10 Vigdís, fífldjarfa framboðið** Þáttur eftir Guðfinn Sigurvinsson og Ragnar Santos um forsetakjör Vigdísar Finnbogadóttur.
**21.10 Himinblámi** (Himmelblå III)
**22.00 Sunnudagsbíó - Buddenbrook-fjölskyldan** (Die Buddenbrooks) Þýsk bíómynd frá 2008 byggð á sögu eftir Thomas Mann.
**00.25 Silfur Egils** (e)
**01.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 First Wives Club**
**10.00 Bedtime Stories**
**12.00 Shrek 2**
**14.00 First Wives Club**
**16.00 Bedtime Stories**
**18.00 Shrek 2**
**20.00 Doctor Dolittle**
**22.00 Vantage Point**
**00.00 The Godfather 2**
**03.15 Angel-A**
**04.45 Vantage Point**

## STÖÐ 2

**08.00 Algjör Sveppi**
**08.50 Go Diego Go! 4**
**09.15 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**09.40 Ógurlegur kappakstur**
**10.05 Histeria!**
**10.30 Mee-Shee: The Water Giant**
**12.00 Spaugstofan**
**12.30 Nágrannar**
**13.50 Nágrannar**
**14.15 Smallville** (2:22)
**15.00 Modern Family** (13:24)
**15.30 The New Adventures of Old Christine** (2:22)
**15.55 The Big Bang Theory** (19:23)
**16.25 Eldsnöggt með Jóa Fel** (4:10)
**16.55 Oprah**
**17.40 60 mínútur**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.20 Mér er gamanmál** Frímann getur ekki beðið eftir því að komast til Englands og tala loksins við alvöru grínara.
**19.50 Sjálfstætt fólk** Jón Ársæll heldur áfram mannlífsrannsóknum sínum og tekur hús á áhugaverðu fólki.
**20.35 Hlemmavídeó** (1:12) Frábærir gamanþættir með Pétri Jóhanni Sigfússyni.
**21.15 The Mentalist** (3:22) Þriðja serían af frumlegri spennuþáttaröð.
**22.00 Numbers** (1:16) Sjötta þáttaröðin í vönduðum spennuflokki sem fjallar um tvo ólíka bræður sem sameina krafta sína við rannsókn flókinna sakamála.
**22.45 The Pacific** (6:10) Magnaðir verðlaunaþættir.
**23.40 60 mínútur**
**00.30 Spaugstofan**
**01.00 Daily Show: Global Edition**
**01.25 The Event** (4:13)
**02.10 V** (6:12)
**02.55 Dollhouse** (3:13)
**03.45 Shopgirl**
**05.25 The Mentalist** (3:22)

## SPORT *besta sætið*

**08.15 F1: Við endamarkið**
**08.45 Meistaradeild Evrópu. Meistaradeildin** Endursýndur leikur.
**10.30 Meistaradeild Evrópu. Meistaramörk**
**11.10 Inside the PGA Tour 2010**
**11.40 Celtic - Rangers** Bein útsending frá leik Celtic og Rangers í skosku úrvalsdeildinni.
**13.50 PGA Tour 2010**
**14.50 Kraftasport 2010**
**15.30 Fuchse Berlin - RN Löwen** Bein útsending frá leik Fuchse Berlin og RN Löwen í þýska handboltanum.



**17.05 Formúla 1 2010** Útsending frá Formúlu 1 kappakstrinum í Kóreu.
**19.35 F1: Við endamarkið** Keppni helgarinnar í Formúlu 1 kappakstrinum krufin til mergjar.
**20.05 Small Potatoes - Who Killed the US**
**21.00 PGA Tour 2010** Bein útsending frá Justin Timberlake Children Open-mótinu í golfi.
**00.00 Fuchse Berlin - RN Löwen**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**08.20 Football Legends - Maradona**
**08.50 Chelsea - Wolves**
**10.35 Sunderland - Aston Villa**
**12.20 Stoke - Man. Utd.**
**14.45 Man. City - Arsenal**
**17.00 Sunnudagsmessan** Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni.
**18.00 Liverpool - Blackburn**
**19.45 Sunnudagsmessan**
**20.45 Man. City - Arsenal**
**22.30 Sunnudagsmessan**
**23.30 Stoke - Man. Utd.**
**01.15 Sunnudagsmessan**

## EXTRA

**16.05 Bold and the Beautiful**
**16.25 Bold and the Beautiful**
**16.45 Bold and the Beautiful**
**17.10 Bold and the Beautiful**
**17.35 Bold and the Beautiful**
**18.00 Spaugstofan** Spéfuglarnir Karl Ágúst Úlfsson, Pálmi Gestsson, Siggi Sigurjónsson og Örn Árnason fara nú yfir atburði liðinnar viku og sýna okkur þá í spaugilegu ljósi.
**18.25 Logi í beinni** Laufléttur og skemmtilegur þáttur með spjallþáttakonungnum Loga Bergmann.
**19.15 Ísland í dag-helgarúrval** Hröð og skemmtileg samantekt með því helsta sem boðið var uppá í Íslandi í dag í vikunni sem er að líða.
**19.40 Auddi og Sveppi** Frábær skemmtiþáttur með Audda og Sveppa þar sem félagarnir eru með alls kyns skrautleg uppátæki og allt er leyfilegt.
**20.10 Ameríski draumurinn** (2:6) Hörkuspennandi og sprenghlægilegir þættir með Audda og Sveppa í æsilegu kapphlaupi yfir Bandaríkin þver og endilöng.
**20.55 Little Britain 1** (7:8) Stöð 2 rifjar nú upp þættina sem slógu svo rækilega í gegn með þeim félögunum Matt Lucas og David Williams og færðu þeim heimsfrægð.
**21.25 Little Britain 1** (8:8)
**21.55 Little Britain** (1:6)
**22.25 Little Britain** (2:6)
**22.55 Little Britain** (3:6)
**23.25 ET Weekend**
**00.10 Sjáðu**
**00.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## ÍNN

**19.00 Alkemistinn**
**19.30 Eru þeir að fá hann?**
**20.00 Hrafnaþing**
**21.00 Undir feldi**
**21.30 Eldum íslenskt**
**22.00 Hrafnaþing**
**23.00 Ævintýraboxið**
**23.30 Heilsuþáttur Jóhönnu**
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn**

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**09.30 Rachael Ray** (e)
**11.00 Rachael Ray** (e)
**11.45 Dr. Phil** (e)
**13.10 90210** (12:22) (e)
**13.50 90210** (13:22) (e)
**14.30 90210** (14:22) (e)
**15.10 90210** (15:22) (e)
**15.50 Judging Amy** (1:23) (e)
**16.35 Spjallið með Sölva** (5:13) (e)
**17.15 Nýtt útlit** (5:12) (e)
**18.05 Parenthood** (3:13) (e)
**18.55 The Office** (9:26) (e)
**19.20 Hæ Gosi** (4:6) (e)
**19.50 Fyndnar fjölskyldumyndir** (4:10)
**20.15 Psych** (1:16) Bandarísk þáttaröð um ungan mann með einstaka athyglisgáfu sem aðstoðar lögregluna við að leysa flókin sakamál.
**21.00 Law & Order: Special Victims Unit** (12:22) Bandarísk sakamálasería um sérdeild lögreglunnar í New York sem rannsakar kynferðisglæpi.
**21.50 Leverage** (6:15) Spennandi þáttaröð um þjófahóp sem rænir þá sem misnota vald sitt.
**22.40 House** (9:22) (e)
**23.30 Nurse Jackie** (3:12) (e)
**00.00 Last Comic Standing** (7:14) (e)
**00.45 Sordid Lives** (7:12) (e)
**01.10 CSI: Miami** (1:25) (e)
**01.55 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**07.30 Castello Masters** (1:2) (e)
**11.30 Castello Masters** (2:2) Castello Masters fer fram í Castellón á Spáni. Þetta er í þriðja sinn sem mótið er haldið.
**15.30 Ryder Cup Official Film 2002** (e)
**17.30 PGA Highlights** (3:10) (e)
**18.50 Castello Masters** (2:2) (e)
**22.50 PGA Tour Yearbooks** (3:10) (e)
**23.40 ESPN America**

## BBC entertainment

**10.00** Top Gear **10.50** My Family **11.20** My Family **11.50** Deal or No Deal **12.25** Deal or No Deal **13.00** Deal or No Deal **13.40** Top Gear **14.30** Deal or No Deal **15.05** Deal or No Deal **15.40** The Weakest Link **16.30** Dancing with the Stars **17.50** Dancing with the Stars **18.30** Primeval **19.15** My Family **19.45** Silent Witness **20.35** Ruddy Hell! It's Harry and Paul **21.05** Hustle **22.00** Top Gear **22.50** Dancing with the Stars

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Boxen **10.25** OBS **10.35** Lulu og Leon **11.20** Pigen med fletningen **12.00** Gudstjeneste i DR Kirken **12.50** Borgen **13.50** Fodbold **16.00** Hammerslag **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** OBS **17.05** Desperate hunner **18.00** Borgen **19.00** 21 Søndag **19.40** Fodboldmagasinet **20.05** Elskerinder **20.55** Kriminalkommissær Foyle **22.25** Kontakt til fortiden **23.20** Skibet skal sejle

## NRK 1

**10.50** V-cup alpint **11.50** Den store reisen **12.30** Åpen himmel **13.00** TV-aksjonen **17.00** Søndagsrevyen **17.45** Sportsrevyen **17.55** TV-aksjonen **21.00** Kveldsnytt **21.20** TV-aksjonen **22.15** Borgen **23.15** Sigrid søker kjæreste **23.45** Blues jukeboks

## SVT 1

**10.05** Rapport **10.10** Vem tror du att du är? **13.00** Tennis **15.00** Ridsport **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Landet runt **17.00** Sverige! **17.30** Rapport **17.55** Regionala nyheter **18.00** Starke man **18.30** Sportspegeln **19.15** The Event **20.00** Inferno **20.30** Skolfront **21.00** Life **22.00** Mördare okänd

## N4

**Sjónvarp Norðurlands er endurtekið allan sólarhringinn og um helgar.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.






skemmtilegri
vodafone
ÁGÚSTA EVA & VIGNIR RAFN
Hlemma Vídeó
NÝR GAMANÞÁTTUR
MEÐ PÉTRI JÓHANNI
VHS
HEFST Á SUNNUDAG KL 20:35
Ný alíslensk og hörkuspennandi gamanþáttaröð í 12 þáttum. Siggi Hlemm er fráskilinn ljúflingur á fertugsaldri sem erfir myndbandaleigu eftir föður sinn. En rekstur myndbandaleigu er honum síður en svo efst í huga því lengi hefur hann gælt við þá hugmynd að gerast alvöru einkaspæjari. Úr því rætist þegar hann flækist inn í stórhættulegt og eldfimt sakamál sem teygir anga sína mjög víða.
ÞAÐ ER AUÐVELT AÐ KAUPA ÁSKRIFT Á STOD2.IS
HVAÐ ERT ÞÚ AÐ FÁ FYRIR PENINGINN?
10 KLST.* AF SJÓNVARPSEFNI HJÁ RÚV
EÐA
12 KLST.* AF SJÓNVARPSEFNI HJÁ SKJÁ EINUM
EÐA
56 KLST.* AF FRÁBÆRRI SKEMMTUN FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA
*Sýningartími að meðaltali á sólarhring.
Stöð 2 , Stöð 2 Bíó og Stöð 2 Extra kosta aðeins 229 krónur á dag í Stöð 2 Vild. Tryggðu þér áskrift í dag!
VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## > Jim Carrey

„Örvænting er nauðsynleg í listinni að læra eða þegar við sköpum eitthvað. Það er bara þannig. Sá sem er ekki örvæntingarfullur á einhverjum tímapunkti er ekki áhugaverður.“ Grínfuglinn Jim Carrey leikur í gamanmyndinni Liar, Liar sem er á dagskrá Stöðvar 2 bíó kl. 20.00 í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ MAGNÚS TEITSSON VILL AÐ KALLARNIR FÆRI SIG ÚR MYND

# *Myndir af köllum – kallar í mynd*

Sjónvarp er fókus. Myndmiðill þar sem viðfangsefni er í brennidepli myndavélar, sem nemur myndina og skilar henni heim í stofu til neytandans – áhorfandans. Tökum náttúrulífsþætti sem dæmi. Vandað efni af þessu tagi er sívinsælt og getur teygt sig yfir í meistaralegar kvikmyndir í fullri lengd, eins og Ferðalag keisaramörgæsanna, þar sem myndavélin eltir linnulaust fulltrúa þessarar fuglategundar sem býr lengst niðri á Suðurskautslandinu. Sama gildir um ævintýralegt lífríki Amazon-fljótasvæðisins, freðmýrar Síberíu og sléttur Afríku; um allan heim er að finna dýr og plöntur sem heilla áhorfendur.

Þetta var draumsýnin; hér kemur veruleikinn. Á Fjölvarpinu eru heilu stöðvarnar sem eiga einmitt að hafa þennan fókus, til dæmis Animal Planet, sem gefur sig út fyrir að hafa villta náttúru í öndvegi. Þegar maður hoppar yfir á þá rás er hins vegar langoftast sá ljóður á ráði að engin dýr eru í mynd. Það eru kallar í mynd. Kallar að tala í myndavélina, kallar að keyra bíl (oftast pallbíl), kallar að leita, kallar með byssur. Hvað eru þessir kallar eiginlega að gera? Meira að segja hinn títtnefndi David Attenborough er alltaf að þvælast fyrir framan myndavélina eins og athyglisþurfandi unglingur á gangbraut.



Á skrunferð um Fjölvarpið nýverið rann það upp fyrir mér að þetta er nánast algild regla. Alls staðar eru myndir af köllum. Prófið bara sjálf og sannfærist. Hvarvetna eru talandi hausar, oftast kallar, og hið yfirlýsta viðfangsefni er í bakgrunni. Íslenskir sjónvarpsfréttamenn hafa til dæmis löngum verið frekar illa haldnir af þessum krankleika. Fyrr á árum hvæstu þeir ábúðarfullir „bak við þessar luktu dyr“ þar sem þeir stóðu beint fyrir framan dyrnar og hnykktu haus til hliðar og aftur á bak. Þetta hefur ekki lagast mikið síðan; enn í dag eru fréttamenn of viljugir til að njóta sín í mynd og virðast ekki vilja að umfjöllunarefnið dragi athyglina frá þeim.

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Gurra grís, Teitur, Sveitasæla , Otrabörnin, Konungsríki Benna og Sóleyjar, Mærin Mæja, Mókó, Einu sinni var... lífið, Hrúturinn Hreinn
**09.57 Latibær** (129:136)
**10.25 Að duga eða drepast** (3:20)
**11.10 Stelpulíf** (3:4)
**11.45 Viðtalið** (Klaus Naumann) (e)
**12.20 Kastljós** (e)
**12.50 Kiljan** (e)
**13.40 Chopin-tónleikar í Varsjá** (e)
**15.30 Íslandsmótið í handbolta** Bein útsending frá leik HK og FH í N1-deildinni í handbolta.
**17.35 Táknmálsfréttir**
**17.45 Útsvar** (e)
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Hringekjan** Skemmtiþáttur í umsjón Guðjóns Davíðs Karlssonar, Góa.
**20.35 Svo fann hún mig** (Then She Found Me) Bandarísk gamanmynd frá 2009 sem fjallar um kennslukonu í New York sem á ekki sjö dagana sæla.
**22.20 Myrkraöfl að austan** (Eastern Promises) Bresk bíómynd frá 2007. (e)
**00.05 Sápa** (En Soap) Dönsk verðlaunamynd frá 2006 um samskipti eiganda snyrtistofu og kynskiptings. (e)
**01.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Mermaids**
**10.00 Dumb and Dumber**
**12.00 Daddy Day Camp**
**14.00 Mermaids**
**16.00 Dumb and Dumber**
**18.00 Daddy Day Camp**
**20.00 Liar Liar**
**22.00 Kings of South Beach**
**00.00 Rob Roy**
**02.15 Fierce People**
**04.05 Kings of South Beach**
**06.00 Doctor Dolittle**

## STÖÐ 2

**08.00 Algjör Sveppi** Algjör Sveppi, Gulla og grænjaxlarnir
**08.15 Hello Kitty**
**08.25 Strumparnir**
**08.50 Algjör Sveppi** Dóra könnuður, Áfram Diego, áfram!, Svampur Sveinsson
**10.05 Maularinn**
**10.25 Ofuröndin**
**10.50 Leðurblökumaðurinn**
**11.10 Stuðboltastelpurnar**
**11.35 iCarly** (10:25)
**12.00 Bold and the Beautiful**
**12.20 Bold and the Beautiful**
**12.40 Bold and the Beautiful**
**13.00 Bold and the Beautiful**
**13.20 Bold and the Beautiful**
**13.45 Logi í beinni**
**14.35 Sjálfstætt fólk**
**15.15 Mér er gamanmál**
**15.45 Pretty Little Liars** (8:22)
**16.30 Auddi og Sveppi**
**17.10 ET Weekend**
**17.55 Sjáðu**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.49 Íþróttir**
**18.56 Lottó**
**19.04 Ísland í dag - helgarúrval**
**19.29 Veður**
**19.35 Spaugstofan** Spéfuglarnir Karl Ágúst Úlfsson, Pálmi Gestsson, Siggi Sigurjónsson og Örn Árnason fara nú yfir atburði liðinnar viku og sýna okkur þá í spaugilegu ljósi.
**20.05 Meet Dave** Bráðskemmtileg gamanmynd með Eddie Murphy.
**21.35 The Brave One** Spennumynd með Jodie Foster í hlutverki venjulegrar konu sem fyllist blóðugum hefndarhug eftir að hafa orðið fyrir hrottafenginni árás.
**23.40 American Gangster** Sannkölluð stórmynd með Denzel Washington og Russell Crowe í leikstjórn Ridley Scott.
**02.15 My Summer of Love**
**03.40 Don't Come Knocking**
**05.40 Fréttir** Fréttir Stöðvar 2 endursýndar frá því fyrr í kvöld.

## SPORT *besta sætið*

**06.20 PGA Tour 2010**
**07.20 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin** Endursýndur leikur.
**09.05 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**09.50 Napoli - Liverpool**
**11.30 F1 föstudagur**
**12.00 Formúla 1 2010**
**13.35 Á vellinum**
**14.05 Veiðiperlur**
**14.35 Meistaradeild Evrópu fréttaþáttur 10/11**
**14.55 Inside the PGA Tour 2010**
**15.20 La Liga Report**
**15.50 Spænski boltinn: Zaragoza - Barcelona**
**17.50 Spænski boltinn: Real Madrid - Racing**
**20.00 Box - Vitali Klitschko - Shannon Briggs**
**21.15 Justin Timberlake Children Open**
**00.15 UFC Unleashed** Bestu bardagar í sögu Ultimate Fighting Champion skoðaðir.
**01.05 UFC Unleashed** Bestu bardagar í sögu Ultimate Fighting Champion skoðaðir.
**05.30 Formúla 1 2010**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**10.05 Premier League World 2010/11** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegu hliðum.
**10.35 Football Legends - Maradona** Að þessu sinni verður fjallað um Diego Maradona sem er besti knattspyrnumaður allra tíma að margra mati.
**11.05 Premier League Preview 2010/11** Hitað upp fyrir ensku úrvalsdeildina í knattspyrnu.
**11.35 Tottenham - Everton**
**13.45 Chelsea - Wolves**
**16.15 West Ham - Newcastle**
**18.45 Sunderland - Aston Villa**
**20.30 Wigan - Bolton**
**22.15 WBA - Fulham**
**00.00 Birmingham - Blackpool**

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**09.45 Rachael Ray** (e)
**10.30 Rachael Ray** (e)
**11.15 Dr. Phil** (e)
**11.55 Dr. Phil** (e)
**12.40 Dr. Phil** (e)
**13.20 90210** (10-11:22) (e)
**14.40 Real Housewives of Orange County** (15:15) (e)
**15.25 America's Next Top Model** (3:13) (e)
**16.15 Kitchen Nightmares** (12:13) (e)
**17.10 Top Gear Best Of** (4:4) (e)
**18.05 Bachelor (11:11) (e)**
**18.50 Game Tíví** (6:14) (e)
**19.20 The Marriage Ref** (6:12) (e)
**20.05 Fyndnar fjölskyldumyndir** (3:10)
**20.30 Diminished Capacity** Kvikmynd frá árinu 2008.
**22.05 Crash** (e) Stranglega bönnuð börnum.
**00.05 Spjallið með Sölva** (5:13) (e)
**00.45 Olivia Lee: Dirty, Sexy, Funny** (6:8) (e)
**01.10 Friday Night Lights** (7:13) (e)
**02.00 Whose Line Is It Anyway** (10:20) (e)
**02.25 Premier League Poker II** (12:15)
**04.10 Jay Leno** (e)
**04.55 Jay Leno** (e)

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**08.30 PGA Grand Slam of Golf 2010** (2:2) (e)
**11.30 Castello Masters** (1:2) Castello Masters fer fram í Castellón á Spáni.
**15.30 Ryder Cup Official Film 1999** (e)
**17.00 Junior Ryder Cup 2010 (e)**
**17.50 European Tour - Highlights 2010** (3:10) (e)
**18.40 Castello Masters** (1:2) (e)
**22.40 LPGA Highlights** (3:10)
**00.00 ESPN America**

## EXTRA

**16.25 Nágrannar**
**16.45 Nágrannar**
**17.05 Nágrannar**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 Nágrannar**
**18.20 Wonder Years** (17:17)
**18.45 ER** (20:22)
**19.30 Auddi og Sveppi**
**20.00 Logi í beinni**
**20.45 Mér er gamanmál** Ný íslensk gamanþáttaröð með Frímanni Gunnarssyni.
**21.15 Curb Your Enthusiasm** (6:10)
**21.45 Steindinn okkar**
**22.10 The Power of One**
**22.40 Wonder Years** (17:17)
**23.05 ER** (20:22)
**23.50 Spaugstofan**
**00.20 Auddi og Sveppi**
**00.50 Logi í beinni**
**01.35 Mér er gamanmál**
**02.00 Curb Your Enthusiasm** (6:10)
**02.30 Steindinn okkar**
**02.55 The Power of One**
**03.25 Sjáðu**

## N4

**Sjónvarp Norðurlands er endurtekið allan sólarhringinn og um helgar.**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing**
**21.00 Græðlingur**
**21.30 Svartar tungur**
**22.00 Björn Bjarna**
**22.30 Mótoring**
**23.00 Alkemistinn**
**23.30 Eru þeir að fá hann?**
**00.00 Hrafnaþing**
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 91,9** Kaninn | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.05 Meet Dave

Bráðskemmtileg gamanmynd með Eddie Murphy í hlutverki geimskips sem lendir á jörðinni og er stjórnað af agnarsmáum geimverum. Geimverurnar komast í hann krappan þegar geimskipið þeirra (Murphy) verður ástfangið af mennskri konu með sprenghlægilegum afleiðingum.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **08.00** Morgunfréttir **08.05** Úrval úr Samfélaginu **09.03** Út um græna grundu **10.05** Veðurfregnir **10.15** Kvika **11.00** Vikulokin **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Flakk **14.00** Til allra átta **14.40** Lostafulli listræninginn **15.15** Vítt og breitt **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Útvarpsraddir: Sigrún Ögmundsdóttir **17.00** Matur er fyrir öllu **18.00** Kvöldfréttir **18.17** Bláar nótur í bland **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Styrjaldarleiðtogarnir: Stalín **21.00** Á tónsviðinu **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Stefnumót **23.00** Vikulokin **00.05** Næturtónar

### BBC entertainment

**10.05** The Weakest Link **10.50** Deal or No Deal **11.25** Deal or No Deal **12.00** Deal or No Deal **12.35** Deal or No Deal **13.10** Deal or No Deal **13.45** Absolutely Fabulous **14.15** Absolutely Fabulous **14.45** Absolutely Fabulous **15.15** Absolutely Fabulous **15.45** Absolutely Fabulous **16.15** Primeval **17.00** Deal or No Deal **17.35** Top Gear **18.30** Waking the Dead **19.20** Wrong Door **19.50** Spooks **20.40** Little Britain **21.10** New Tricks **22.00** Dancing with the Stars **23.20** Dancing with the Stars

### DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Troldspejlet **10.25** Fra flæsketorvet til Irland **10.50** Desperate hunner **11.40** Lady Gaga - verdens største popstjerne **12.10** Talent 2010 **13.10** Talent 2010 **13.35** Olsen-bandens sidste bedrifter **15.10** Før søndagen **15.20** Held og Lotto **15.30** Hulter til bulter - med Louise og Sebastian **16.00** Pingvinerne fra Madagascar **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** SportNyt **17.00** Min Sport **17.30** Så er der hund **18.00** Sikke'n Fest **19.30** Kriminalkommissær Barnaby **21.05** Driving Miss Daisy **22.40** Boogie Mix

### NRK 1

**10.20** Nasjonalgalleriet **10.50** Maestro **11.50** NM fotball jr **14.00** På tro og are **14.30** Ut i nærturen **14.45** 4-4-2 **17.00** Lørdagsrevyen **17.45** Lotto-trekning **17.55** Fleksnes **18.30** TV-aksjonen **19.25** Den store reisen **20.05** Sjukehuset i Aidensfield **20.50** Viggo på lørdag **21.15** Kveldsnytt **21.30** Saman er ein mindre aleine **23.05** Hansenhjørna **23.50** Dansefot jukeboks m/chat

### SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Doobidoo **11.05** Tennis **14.55** Rapport **15.00** Undercover Boss **15.50** Helgmålsringning **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.15** Från Lark Rise till Candleford **17.15** Svenska hemligheter **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Dansbandskampen **19.30** Robins **20.00** Rapport **20.05** Mördare okänd **21.45** Storstadsdjungel **23.30** Larry Sanders show **00.00** Elvis Costello med gäster





Auglýsingasími

512 50 50




Allt sem þú þarft...

## PERSÓNAN

*Gotti Bernhöft*



**Aldur:** Stendur á fertugu.
**Starf:** Hönnuður.
**Fjölskylda:** Einstæður þriggja barna faðir.
**Foreldrar:** Birgir Bernhöft, starfsmaður Sjóvár, og Sigríður Bernhöft sérkennari.
**Búseta:** Í Fossvoginum.
**Stjörnumerki:** Fiskur.

Gotti Bernhöft vill selja teikningar sínar að umslagi Ágætis byrjunar með Sigur Rós á tíu milljónir.

# Hannar jakka frægu karlanna

Hvað skyldu sjónvarpsmaðurinn Sigmar Guðmundsson, knattspyrnukempan Hermann Hreiðarsson, miðborgarstjórinn Jakob Frímann Magnússon, myndlistarmaðurinn Tolli og borgarstjórinn Jón Gnarr eiga sameiginlegt? Þeir klæðast alltaf jakka frá íslenska fatahönnunarmerkinu Private Label við opinberar athafnir eða beinar útsendingar. Jakob Frímann var síðast myndaður í þessum jakka fyrir föstudagsviðtal Fréttablaðsins en áður hefur verið fjallað um dálæti borgarstjórans á þessari hönnun. Hermann Hreiðarsson á hins vegar nokkra jakka af þessari gerð.

„Þeir eru búnir að vera feykilega vinsælir en það er gaman að segja frá því að helmingur þeirra hefur verið keyptur af útlendingum,“ segir Olgeir Líndal, hönnuður jakkanna og verslunarstjóri Kúltúr Menn í Kringlunni. Hann hyggst setja á markað buxur í stíl við jakkana og ef að líkum lætur verða þær einnig rifnar út en sumir hafa jafnvel gengið svo langt að líkja þessu æði við Dead-jakkana eftir Jón Sæmund Auðarson sem allir klæddust fyrir nokkrum árum.

Olgeir er búinn að vera lengi í fatahönnunarbransanum og þegar tækifærið gafst til að hanna línuna stökk hann til. „Við áttum efnin í hana og saumastofuna og með smá þrýstingi hafðist þetta,“ útskýrir Olgeir en jakkarnir eru sniðnir af Tómasi Sveinbjörnssyni. Að sögn Olgeirs er grunnefnið aldrei það sama og hann hefur nú hannað hátt í fjörutíu og fimm mismunandi tegundir.

- fgg



**ALLIR EINS, OG ÞÓ** Jakob Frímann er nýjasti aðdáandi þessarar flíkur eftir Olgeir Líndal. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


# ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is



**Finnski hesturinn** (Stóra sviðið)

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Fös 22.10. Kl. 20:00 aukas. | Ö | Lau 6.11. Kl. 20:00 7. sýn | Ö | Sun 21.11. Kl. 15:00 br. sýn.tími |
| Lau 23.10. Kl. 20:00 3. sýn | Ö | Fim 11.11. Kl. 20:00 8. sýn | Ö | Lau 27.11. Kl. 20:00 |
| Lau 30.10. Kl. 20:00 4. sýn | U | Fös 12.11. Kl. 20:00 | Ö | Sun 28.11. Kl. 20:00 |
| Sun 31.10. Kl. 20:00 5. sýn | Ö | Fös 19.11. Kl. 20:00 | Ö | |
| Fös 5.11. Kl. 20:00 6. sýn | U | Lau 20.11. Kl. 20:00 | Ö | |



**Fíasól** (Kúlan)

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Lau 23.10. Kl. 13:00 | Ö | Sun 31.10. Kl. 13:00 | Ö | Lau 13.11. Kl. 13:00 |
| Lau 23.10. Kl. 15:00 | Ö | Sun 31.10. Kl. 15:00 | Ö | Lau 13.11. Kl. 15:00 |
| Sun 24.10. Kl. 13:00 | U | Lau 6.11. Kl. 13:00 | Ö | Sun 14.11. Kl. 13:00 |
| Sun 24.10. Kl. 15:00 | U | Lau 6.11. Kl. 15:00 | Ö | Sun 14.11. Kl. 15:00 |
| Lau 30.10. Kl. 13:00 | Ö | Sun 7.11. Kl. 13:00 | | |
| Lau 30.10. Kl. 15:00 | Ö | Sun 7.11. Kl. 15:00 | | |



**Hænuungarnir** (Kassinn)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fös 22.10. Kl. 20:00 | U | Fim 4.11. Kl. 20:00 | U | Fös 19.11. Kl. 20:00 | Ö |
| Lau 23.10. Kl. 20:00 | U | Fös 5.11. Kl. 20:00 | U | Lau 20.11. Kl. 20:00 | |
| Fim 28.10. Kl. 20:00 | U | Lau 6.11. Kl. 20:00 | U | Fös 26.11. Kl. 20:00 | |
| Fös 29.10. Kl. 20:00 | Ö | Fim 11.11. Kl. 20:00 | U | Lau 27.11. Kl. 20:00 | Ö |
| Lau 30.10. Kl. 20:00 | Ö | Fös 12.11. Kl. 20:00 | Ö | | |
| Sun 31.10. Kl. 20:00 | U | Lau 13.11. Kl. 20:00 | Ö | | |



**Íslandsklukkan** (Stóra sviðið)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Sun 24.10. Kl. 19:00 | U | Mið 3.11. Kl. 19:00 aukas. | U | Mið 24.11. Kl. 19:00 aukas. | Ö |
| Þri 26.10. Kl. 19:00 | U | Sun 7.11. Kl. 19:00 | U | Fim 25.11. Kl. 19:00 aukas. | Ö |
| Mið 27.10. Kl. 19:00 | U | Mið 10.11. Kl. 19:00 | U | Lau 11.12. Kl. 19:00 aukas. | Ö |
| Fim 28.10. Kl. 19:00 | U | Sun 14.11. Kl. 19:00 | U | Sun 12.12. Kl. 19:00 aukas. | Ö |

GERPLA

**Gerpla** (Stóra sviðið)

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fös 29.10. Kl. 20:00 | Ö | Fim 18.11. Kl. 20:00 Aukas. | Ö |
| Fim 4.11. Kl. 20:00 | Ö | Fös 26.11. Kl. 20:00 | Ö |
| Lau 13.11. Kl. 20:00 | Ö | Fös 3.12. Kl. 20:00 | |

FINNSKI HESTURINN „Fimm stjörnu Ólafía Hrönn“ GB, Mbl




**LÁTA GOTT AF SÉR LEIÐA** Hilmir Hjálmarsson, til vinstri, og Stefán Gaukur Rafnsson mætast í Góðgerðabardaganum mikla á laugardaginn næsta. Þeir berjast til styrktar einhverfum og hjartveikum börnum. MYNDIR/ARNOLD BJÖRNSSON

HILMIR HJÁLMARSSON: LÆT EKKI EINHVERN SMÁSTRÁK LEMJA MIG

# Bakarar berjast til góðs

Hilmir Hjálmarsson, bakari hjá Sveinsbakaríi, mun slást við Stefán Gauk Rafnsson, vin sinn og samstarfsmann, í bardaga til styrktar einhverfum og hjartveikum börnum. Bardaginn fer fram í Valsheimilinu á laugardaginn næsta.

„Við félagarnir í vinnunni erum stanslaust í samkeppni og okkur langaði að fara að æfa einhverja íþrótt saman. Á sama tíma langaði mig að reyna að gera eitthvað til að styrkja einhverf börn en gera það á óhefðbundinn hátt,“ útskýrir Hilmir, sem á ungan frænda sem er einhverfur og því er málefnið honum hugleikið.

Hilmir og Stefán ákváðu í kjölfarið að hefja æfingar hjá Hnefaleikastöðinni og hafa þeir nú æft stíft í um sjö mánuði. Spurður hvort það sé nægur tími til að koma sér í form fyrir slíkan bardaga svarar Hilmir því játandi. „Sjö mánuðir eru nóg ef maður er að berjast við annan mann sem hefur æft jafn lengi, en ég tók einn æfingabardaga við Íslandsmeistarann og hann rúllaði mér upp.“

Hilmir og Stefán ætla sér báðir að vinna bardagann og verður því hart barist að Hlíðarenda á laugardaginn. „Ég er mjög sigurviss enda eldri, stærri, sterkari og sneggri. Ég ætla ekki að láta einhvern smástrák sem er sjö árum yngri lemja mig,“ segir Hilmir og hlær.

Hilmir óttast ekki að bardaginn muni hafa áhrif á vináttuna, þeir séu aðeins andstæðingar innan hringsins. Þegar hann er að lokum inntur eftir því hvort hann kvíði bardaganum svarar Hilmir því neitandi. „Ég hef ekki haft tíma til að vera kvíðinn eða hugsa mikið um hringinn, það er búið að vera svo mikið að gera. Við erum báðir í góðu formi og þetta verður bara þrusubardagi og ég ætla mér að taka þetta,“ segir hann að lokum. Miði á Góðgerðabardagann mikla kostar 1.000 krónur og er hægt að nálgast miðana í gegnum midi.is.

sara@frettabladid.is


# MEISTARAKRIMMI






JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

1. Sæti
13.–19.10.10 INNBUNDIN SKÁLDVERK & LJÓÐ
METSÖLULISTI EYMUNDSSON

★★★★

„… Morgunengill er glæsilega unnin, með sterkri samfélagslegri sýn og ríkri siðferðilegri boðun …“
PÁLL BALDVIN BALDVINSSON / FRÉTTATÍMINN

★★★★½

„Þetta er frábær bók, besti krimmi sem ég hef lesið í nokkurn tíma.“ STEINÞÓR GUÐBJARTSSON / MORGUNBLAÐIÐ



Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 90 stöðum um land allt.
Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft…


# 55 þúsund á íslenskar myndir

Um fimmtíu og fimm þúsund miðar hafa selst á íslensku kvikmyndirnar fjórar sem hafa verið sýndar hér á landi að undanförnu. Um 35 þúsund manns hafa séð Algjöran Sveppa og dularfulla hótelherbergið í leikstjórn Braga Þórs Hinrikssonar, sem er fyrsta íslenska þrívíddarmyndin. Hún var frumsýnd 10. september og er orðin þriðja vinsælasta mynd ársins hjá Sambíóunum á eftir Inception og Toy Story 3 3D.

Um átta þúsund áhorfendur hafa séð kvikmyndina Brim í leikstjórn Árna Ólafs Ásgeirssonar. Hún var frumsýnd 2. október og byggir á samnefndu leikriti Jóns Atla Jónassonar. Hún fjallar um sjö manneskjur um borð í skipi sem rekur vélarvana á meðan stormur nálgast.

Um sjö þúsund manns hafa borgað sig inn á Óróa, sem var frumsýnd tveimur vikum á eftir Brimi. Baldvin Z leikstýrði myndinni, sem hefur fengið sérlega góða dóma, og þykja hinir ungu aðalleikarar standa sig einkar vel í sínum hlutverkum.



**VINSÆLIR** 35 þúsund miðar hafa selst á barnamyndina Algjör Sveppi og dularfulla hótelherbergið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kvikmyndin Sumarlandið var frumsýnd 17. september og um 5.000 manns hafa séð hana. Rétt eins og Órói Baldvins er hún fyrsta mynd leikstjórans, Gríms Hákonarsonar, í fullri lengd og fjallar um fjölskyldu sem hefur lífsviðurværi sitt af álfatengdri ferðaþjónustu og miðilsfundum.

- fb

# DÖMUBOÐ Í HOLTAGÖRÐUM






# Þrennutilboð



+ Sæng + Koddi + Sængurver

= 9.900,-
Allur pakkinn - vattfylling

eða

= 19.900,-
Allur pakkinn - dúnfylling



## DORMA
– býður góða nótt

Holtagörðum 2. hæð • Sími 512 6800 • www.dorma.is • dorma@dorma.is

**OPIÐ**
Lau frá kl. 10-17
Sun frá kl. 13-17
Virka daga frá kl. 10-18




Gerum hús að heimili

**TEKK COMPANY**

Tekk Company – Holtagörðum og Kringlunni – Sími 564 4400 – www.tekk.is
Opið laugardögum 10 - 17 og sunnudögum 13 - 17

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

Pósthúsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060







## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Loksins á Svartur leik

Aðstandendur kvikmyndarinnar Svartur á leik, sem byggir á samnefndri sögu **Stefáns Mána,** hafa beðið í heilt ár eftir að fá styrk frá Kvikmyndamiðstöð Íslands. Og á fimmtudaginn kom loksins svarið sem allir í framleiðslufyrirtækjunum Filmus og ZikZak höfðu beðið eftir. Eins og Fréttablaðið hafði greint frá hafði þegar verið talað við Þorvald Davíð Kristjánsson og Jóhannes Hauk Jóhannesson um að leika í myndinni og binda framleiðendurnir vonir um að þeir muni taka hlutverkin að sér þrátt fyrir árs töf á verkefninu.



### Logi leikur sjálfan sig

Spaugstofan hefur farið ágætlega af stað og mælist með fínasta áhorf samkvæmt skoðanakönnun Capacent Gallup. Spaugstofumenn leita ekki langt yfir skammt þegar kemur að því að finna aukaleikara í þættina sína því þeir hafa fengið **Loga Bergmann Eiðsson** til að leika sjálfan sig. Afrek Loga á leiklistarsviðinu hafa ekki farið hátt en forvitnilegt verður að sjá hvernig honum tekst upp er hann túlkar sjálfan sig. **- fgg**



## Mest lesið vísir.is

1. Barnið sem lifði af kallað kraftaverkabarnið
2. Enginn fundist eftir að farþegaferju hvolfdi í morgun
3. Krókódíll olli mannskæðu flugslysi
4. Banvænn ástarþríhyrningur
5. Lífverðir sendir að heimili Rooneys
6. Banaslys í Tyrklandi: Drengurinn kominn til aðstandenda


Fréttablaðið er með **180%** meiri lestur en Morgunblaðið.




**Allt sem þú þarft...**

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í febrúar til apríl 2010.





**SMYCKA** gervigreni L2,5m **1.890,-**



**995,-/stk.**
**SNÖVITA** blómapottar B13×L35cm. Ýmis mynstur/hvítt



**SNÖVITA** skrautkransar Ø10cm
Marglitað **695,-/4 í pk.**

# Ylur, angan og notalegheit



**795,-/stk.**
**SNÖVITA** blómavasar
H15cm. Hvítt eða rautt



**SNÖVITA** skrautkrans Ø40cm
Rautt **2.990,-**
*Fæst einnig ólitað*



**SNÖVITA** sprittkertastjakar
H7cm. Svart **1.190-/3 í pk.**



**IKEA STOCKHOLM** skál Ø42cm
Hvítt **4.490,-**
*Fæst einnig í ryðfríu stáli*



**295,-**
**SNÖVITA** blómapottur H12cm
Ýmis mynstur/hvítt



**FEJKA** gerviblóm jólastjarna H28cm
**1.190,-** *Fæst einnig í hvítu*
**KARDEMUMMA** blómapottur H14cm
Rautt **595,-**



**795,-**
**ROTERA** lugt f/sprittkerti H21cm. Ýmsir litir



**DOFTA** ilmjurtapokar H17cm
Rautt eða grátt **595,-/stk.**



**SNÖVITA** ilmkerti H8cm
Ýmis mynstur/ýmsir litir
**795,-/stk.**



**SMYCKA** gerviblóm hjarðlilja H46cm. Rautt eða hvítt **895,-/stk.**

© Inter IKEA Systems B.V. 2010

**Ókeypis máltíð fyrir börnin!**



Þegar þú kaupir máltíð fá börnin, tíu ára og yngri að velja sér einn ókeypis rétt af barnamatseðli.

**Fögnum vetrinum**



**295,-**

Á milli klukkan 11:30 og 19:30 á laugardag og sunnudag fögnum við fyrsta vetrardegi og bjóðum upp á gómsæta kjötsúpu á 295 krónur. Fagnaðu með okkur og gæddu þér á heitri súpu með fjölskyldunni.

IKEA®

**Verslun opin 11-20 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-19:30

**www.IKEA.is**